Samvinnunefnd um

Svæðisskipulag Skagafjarðar

Greinargerð

Apríl 1998

Heildarsamantekt í janúar 1999

Lendis

Samvinnunefnd um

Svæðisskipulag Skagafjarðar

Greinargerð

Apríl 1998

Heildarsamantekt í janúar 1999

Ráðgjafar:

Lendis

Árni Ragnarsson

Páll Zóphóníasson

Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrókur, sími 453 5121, fax 453 6021, netfang arkar@isholf.is

[illegible]

[illegible]

[illegible]

[illegible]

Efnisyfirlit





Formáli

ráðgjafa að ljósritaðri útgáfu í janúar 1999.

Þessi gerð greinargerðar með Svæðisskipulagi Skagafjarðar er sett saman og ljósrituð í janúar 1999 að ósk Umhverfis- og tækninefndar Skagafjarðar. Svæðisskipulagið var áritað af fulltrúum sveitarfélaganna 12 í Skagafirði og sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og afgreiðslu til staðfestingar umhverfisráðherra eins og lög gera ráð fyrir. Í framhaldinu og í kjölfar almennra kosninga um sameiningu 11 sveitarfélaga af þessum 12 ákváðu þau að sameinast í eitt. Í fyrstu fundargerð samvinnunefndar kemur fram að Sauðárkróksbær hafði átt frumkvæði að því að sveitarfélögin gerðu svæðisskipulag og sá rökstuðningur þáverandi forseta bæjarstjórnar Sauðárkróks, Jónasar Snæbjörnssonar, að sú vinna gæti orðið hjálpleg umræðunni um sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði.
Skipulagsstofnun afgreiddi ekki Svæðisskipulag Skagafjarðar til ráðherra en í bréfi stofnunarinnar til sveitarfélaganna lagði hún til í ljósi sameiningarinnar og nýrra skipulags- og byggingarlaga að svæðisskipulagið yrði endurgert. Þetta hafa sveitarfélögin í Skagafirði, sem nú eru tvö, ekki enn ákveðið að gera en Umhverfis- og tækninefnd Skagafjarðar hefur óskað eftir sameiginlegum fundi með byggingarnefnd Akrahrepps og sveitarstjórnum Akrahrepps og Skagafjarðar til þess að ræða og álykta um málið.
Umhverfis- og tækninefnd Skagafjarðar vill með þessari útgáfu greinargerðar með Svæðisskipulagi Skagafjarðar gera hana aðgengilega fyrir sveitarstjórnarmenn í Skagafirði. Hún inniheldur alla kafla greinargerðar en ekki þemakort né skipulagsuppdrátt. Þessir uppdrættir eru allir aðgengilegir hjá byggingarfulltrúa.

Í janúar 1999.
Árni Ragnarsson / Páll Zóphóníasson.

1.0 Inngangur

1.1 Samvinnunefnd um svæðisskipulag Skagafjarðar

Héraðsnefnd Skagfirðinga ákvað á árinu 1994 að ráðast í gerð svæðisskipulags fyrir Skagafjörð og falast eftir liðsinni Skipulagsstjórnar ríkisins og Umhverfisráðuneytisins eins og lög og reglugerð segja fyrir um. Að fengnu samþykki skipulagsstjórnar ríkisins gaf umhverfisráðherra, samkvæmt skipulagsreglugerð, út **Reglur um samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði** 23. febrúar 1995. Samkvæmt vinnureglunum kusu sveitarfélögin 12 í Skagafirði sér hvert tvo fulltrúa í samvinnunefnd til þess að móta svæðisskipulagið. Í samvinnunefndinni hafa setið:
Hermann Guðjónsson, formaður, skipaður af umhverfisráðherra,
Hermann Jónsson og Þorsteinn Jónsson, Fljótahreppi,
Árni Egilsson, sem kom í stað Jóns Guðmundssonar og Stefán Gunnarsson, Hofshreppi,
Einar Svavarsson og Davíð Jónsson, Hólahreppi
Haraldur Þór Jóhannsson og Halldór Steingrímsson, Viðvíkurhreppi,
Símon Traustason og Sævar Einarsson, Rípurhreppi,
Broddi Björnsson og Þórarinn Magnússon, Akrahreppi,
Elín Sigurðardóttir og Björn Ófeigsson, Lýtingsstaðahreppi.
Sigurður Haraldsson og Anna S Hróðmarsdóttir, Seyluhreppi,
Sigurður Sigfússon og Þorsteinn Ásgrímsson, Staðarhreppi,
Björn Björnsson og Bragi Haraldsson, Sauðárkróksbæ,
Andrés Helgason og Sigurður Guðjónsson, Skarðshreppi,
Bjarni Egilsson og Jón Stefánsson, Skefilsstaðahreppi.
Samvinnunefndin kaus úr sínum hópi eftirtalda í framkvæmdanefnd til þess að fjalla um framkvæmd skipulagsvinnunar og verklag: Hermann Guðjónsson, formaður, Símon Traustason, Hermann Jónsson, Björn Björnsson og Sigurð Haraldsson.
Guðrún Halla Gunnarsdóttir, umsjónarmaður með skipulagsvinnunni af hálfu skipulagsstjóra ríkisins, var kosin ritari nefndanna og hefur setið fundi þeirra beggja.
Árni Bjarnason, formaður Héraðsnefndar hefur að auki setið fundi nefndanna eftir að Jón Guðmundsson hvarf frá formennsku í Héraðsnefnd og setu í samvinnunefnd.
Magnús Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Skagfirðinga hefur setið fundi beggja nefndanna. Þá hafa byggingarfulltrúarnir Ingvar Gýgjar Jónsson í Skagafirði og Guðmundur Ragnarsson á Sauðárkróki setið fundi samvinnunefndarinnar.

1.2 Ráðgjafar og starfsmenn

Samvinnunefndin réði Lendisskipulag ehf., þá Árna Ragnarsson og Pál Zóphóníasson, sem ráðgjafa við svæðisskipulagið og hafa þeir haft umsjón með vinnslu þess. Margir hafa komið að verki auk þeirra, bæði veitt upplýsingar, safnað þeim og sett fram í greinargerð. Upplýsingaöflun og greinargerðarskrif í forsendukafla, 2. og 3. kafla, hafa eftirtalin haft með höndum:
Freysteinn Sigurðsson, kafla um ár vötn og vatnasvæði.
Bjarni Jónsson, líf- og sagnfræðingur, kafla um dýralíf að fuglum undanskildum, minjar og vernd.
Haraldur Sigurðsson, landfræðingur, kafla um minjar og vernd ásamt Bjarna Jónssyni.
Jón Pálmason, rafvirki og fuglaáhugamaður, sem vann kafla um fuglalíf.
Jóhanna Lára Pálsdóttir, landfræðingur, kafla um atvinnuvegi og íbúaþróun.
Páll Brynjarsson, stjórnmálafræðingur, kaflana um þjónustu og stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaganna og félagsmál.
Jóhann Svavarsson, rafveitustjóri, sem vann kafla um sögulega virkjunarkosti.
Ásdís S. Hermannsdóttir, kennari og framkvæmdastjóri, tölfræðigrunn fyrir ýmsa forsendukafla, lestur prófarkar og bréfaskriftir.
Hjalti Þórðarson, landfræðingur, kaflana um landslag og jarðfræði, veðurfar, gróðurfar, jarðhita og orkulindir, aðrar auðlindir, lögsögumörk og eignarhald, byggðir, samgöngur og veitur og hefur að auki fengist við alla forsendukaflana, viðbætur og leiðréttingar, og samantektarkaflana.
Egill Bjarnason, ráðunautur, hefur verið sérstaklega mikilvægur upplýsingaveitandi varðandi landbúnað og náttúrufar, einkum gróðurfar og Hjalti Pálsson, héraðsskjalavörður, las kaflana um minjar og vernd og byggðir, leiðrétti og gaf góðar ábendingar.
Upplýsingar sem safnað hefur verið eru settar fram í forsenduköflum greinargerðarinnar, 2. og 3. kafla, og á 20 þemakortum, þar af 19 lituðum. Þemakortin voru unnin á tölvu á Teiknistofu Páls Zóphóníassonar af honum og Evu Andersen, tækniteiknara. Þannig hafa þau líka unnið tillöguuppdráttinn.

1.3 Verkáætlun

Samvinnunefndin samþykkti verkáætlun fyrir skipulagsvinnu og umfjöllun á fundi í apríl 1995 á grundvelli þeirra reglna sem umhverfisráðherra hafði sett í febrúar og hefur henni verið fylgt í megindráttum. Samkvæmt verkáætlun er gert ráð fyrir að gerðar verði þrjár tillögur að svæðisskipulagi áður en það verður mótað endanlega og lagt inn til staðfestingar umhverfisráðherra og að samvinnunefndin ljúki störfum vorið 1998.

1.4 Tillögur að svæðisskipulagi Skagafjarðar

Fyrsta tillaga að svæðisskipulagi Skagafjarðar var send sveitarstjórnum í Skagafirði í tveim áföngum. Tillögumarkmið voru send í byrjun september 1996 með ósk um svör áður en hinir 4 umræðuhópar sem samvinnunefndin skipti sér í tækju til við að móta tillögu 2. Fyrsta tillaga var síðan send í heild í lok október, milli funda hjá hópunum, ásamt yfirliti yfir athugasemdir sem fram höfðu komið á kynningarfundum um tillögurna og viðhorf ráðgjafa til þeirra. Óskað var eftir því við sveitarstjórnir að fulltrúar þeirra í samvinnunefnd yrðu nestaðir með viðhorfum á fundi nefndarinnar.
Samvinnunefndin fjallaði um tillögu 1 og mótaði forsögn fyrir tillögu 2 í fjórum umræðuhópum og fundaði hver hópur tvisvar ásamt ráðgjöfum, fyrst um miðjan október og aftur um miðjan nóvember 1996.
Önnur tillaga að svæðisskipulagi Skagafjarðar var lögð fyrir á samvinnunefndarfundi 9. desember 1996. Í framhaldinu var hún til umræðu í sveitarstjórnum í Skagafirði og þá einkum óskað eftir viðbrögðum þeirra við framkvæmdaáætlun sem tillögur komu þá fyrst um og þurftu athygli og samþykkt sveitarstjórna á þessu stigi svæðisskipulagsins samkvæmt upphaflegri verkáætlun. Texti 2. tillögu var sendur til um 50 stofnana og fyrirtækja auk sveitarfélaganna í Skagafirði og óskað eftir athugasemdum og ábendingum. Við mótun 3. tillögu var að auki höfð hliðsjón af tillögum samvinnunefndar um svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands.
Þriðja tillaga var lögð fram á fundi samvinnunefndar 11. september 1997. Nefndin ákvað þá að senda tillögurna út til umsagnar sveitarstjórna í Skagafirði í október og nóvember 1997 og óskaði heimildar til þess að auglýsa tillögurna. Allar 12 sveitarstjórnir í Skagafirði höfðu veitt skriflega heimild til að auglýsa tillögurna fyrir fund samvinnunefndar þ. 5. desember 1997 en þó voru athugasemdir og fyrirvarar við tillögur um atvinnusvæði og samgöngur.
Tillaga til auglýsingar var samþykkt á fundi samvinnunefndar 5. desember 1997 með breytingum á tillögukafla 5.7 Samgöngur í 3. tillögu og viðbót við tillögu 22 í tillögukafla 5.5, Önnur atvinnusvæði. Ekki voru gerðar breytingar á tillöguuppdrættinum sem fylgdi 3. tillögu og ákveðið að óska heimildar Skipulagsstjórnar ríkisins til þess að auglýsa tillögurna samkvæmt skipulagslögum. Að fenginni heimild Skipulagsstjórnar var auglýst eftir athugasemdum við tillögurna og hún hengd til sýnis í sveitarfélögunum 12 og á skrifstofu Héraðsnefndar Skagfirðinga á Sauðárkróki frá 7. janúar til 18. febrúar 1998. Alls bárust 12 athugasemdir.
Lokatillaga var samþykkt á fundi samvinnunefndar 9. mars 1998 að lokinni umfjöllun um og afgreiðslu á þeim athugasemdum sem borist höfðu og samþykkt að óska eftir staðfestingu umhverfisráðherra.
Greinargerðin sem fylgir tillögu að svæðisskipulagi fyrir Skagafjörð skiptist í grófum dráttum í forsendur, markmið, tillögur, samantekt og viðauka. Forsendukaflarnir, kaflar 2 og 3, eru skrár, lýsing á ástandi á ýmsum sviðum í Skagafirði. Í 2. kafla eru skrár yfir náttúrufar eða stuttar lýsingar á því, í 3. kafla skrár yfir byggð, byggt umhverfi, félags- og atvinnulíf. 1., 2. og 3. kafli ásamt heimildaskrá og töflu- og myndaskrám er að finna í þessu bindi í A4-broti. Í 4. kafla er markmiðum með svæðisskipulaginu lýst og tillögur eru í þeim 5. Í 6. kafla eru dregin saman markmið, forsendur, stefnumörkun, tillögur, umhverfismat og framkvæmdaáætlun. Í viðaukum, 7. kafla, er lýst athugasemdum sem gerðar voru við svæðisskipulagstillögurna og afgreiðslum samvinnunefndar.
Á þemakort eru upplýsingar settar fram á 20 kortum af Skagafirði, þar af 19 lituðum. Þemakortin ganga með forsenduköflum, 2. og 3. kafla og þar er þess getið í upphafi hvers kafla ef þemakort fylgir honum.
Í sérstöku bindi í A3-stærð er 1. kafli greinargerðarinnar, sá 4., Markmið, sá 5., Tillögur og samantektarkaflinn, 6. kafli, með stuttri lýsingu á svæðisskipulaginu ásamt 7. kafla, þemakortum og tillöguuppdrætti í A3-stærð. Tillöguuppdrátturinn fylgir síðan A-3 heftinu í fullri A1-stærð, í mælikvarða 1:200.000.

1.5 Svæðisskipulag

Í 3. gr. skipulagslaga segir:
"Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.
Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.
Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.
Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.
Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar."
Í 4. gr. skipulagslaga segir m.a.:
"Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem hafa áhrif á útlit umhverfisins, aðrar byggingar en á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins."
Í gr. 2.1 í skipulagsreglugerð segir m.a um svæðisskipulag:
"Svæðisskipulag nær yfir tvö sveitarfélög hið minnsta og landsvæði (landshluta) hið mesta.
Svæðisskipulag skal gert fyrir þau svæði sem ráðherra ákveður, sbr. 3. gr. skipulagslaga.
Svæðisskipulagið er stefnulýsing hlutaðeigandi sveitarfélaga í þeim málaflokkum sem skipulagið nær til.
Svæðisskipulagi fylgir kort þar sem sýnd er núverandi og fyrirhuguð landnotkun og umferðarkerfi.
Svæðisskipulagi skal jafnframt fylgja greinargerð þar sem lýst er m.a. forsendum og markmiðum og hinum ýmsu þáttum gerð nánari skil".
Í gr. 2.2 í reglugerðinni er kveðið á um gildistíma svæðisskipulags:
"Svæðisskipulag skal að jafnaði miðað við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum á svæðinu eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins hverju sinni.
Gildistími svæðisskipulagsins skal að jafnaði vera 20 ár."
Í gr. 2.3 í reglugerðinni segir um gerð svæðisskipulagsins:
"Við gerð svæðisskipulags skal jafnan gætt umhverfissjónarmiða og leitast við að verndа náttúru landsins eftir föngum. Tryggja skal skynsamlega notkun lands, vatns og annarra náttúruauðlinda og forðast hvers konar mengun eftir því sem unnt er."
Í 17. og 18. gr. skipulagslaganna er kveðið á um hvernig skuli leggja svæðisskipulagstillögur til samþykktar og staðfestingar. Í 17. gr. stendur:
"Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillaga nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillögurna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillögurna.
Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr."
Í 18. gr. stendur:
"Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borist hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.
Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillögurna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.
Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.
Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.
Í gr. 2.4 í reglugerðinni segir m.a. um kynningu á svæðisskipulagstillögu:
"Eftir því sem vinnu við gerð svæðisskipulags miðar áfram skal stefnt að því að kynna það íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Þegar samvinnunefnd hefur gengið frá tillögu að svæðisskipulagi ásamt rökstuddri greinargerð og fylgikortum skal tillagan send sveitarstjórnum á svæðinu til umfjöllunar."
Ennfremur segir í sömu grein:
"Heimilt er að staðfesta svæðisskipulag og fer þá um málsmeðferð skv. 17.-18. gr. skipulagslaga.
Einnig er heimilt að staðfesta ákveðna þætti svæðisskipulags, s.s. verndunarsvæði vatnsbóla,

vegakerfi, landnotkun, útivistarsvæði, sumarbústaðasvæði, friðuð svæði o.s.frv., þótt öðrum þáttum sé slegið á frest."

Í nýjum lögum sem tóku gildi um áramótin 1997/98 segir í 13. gr. um staðfestingu svæðisskipulags:

"..Samvinnunefnd tekur að fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Einnig skulu athugsemdirnar kynntar sveitarstjórn aðliggjandi sveitarfélaga. Samvinnunefnd skal auglýsa niðurstöður sínar og jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögu samvinnunefndarinnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.
Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.
Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Unnt er að staðfesta tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun."

Heimildaskrá

Skipulag ríkisins, 1992: Lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. 160 bls.
Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997: Skipulags- og byggingarlög.

2.0 Náttúrufar

2.1 Landslag og jarðfræði

2.1.1 Landslag

2.1.1.1 Landslagslýsing

Skagafjörður er yfir 40 km langur og litlu mjórri í mynni fjarðarins. Þrengist fjörðurinn mikið er kemur inn fyrir Fljótavík en úr því mjókkar hann lítillega. Að firðinum liggja tveir miklir skagar sem eru um margt ólíkir.
Vestari landálman, Skagi, er yfir 40 km á lengd. Nes þetta er ólíkt flestum öðrum nesjum á norðanverðu landinu. Syðri hlutinn er hálendur en er út kemur um miðju verður nesið hæðótt láglendi og flatt sumsstaðar með ógrynni af tjörnum og vötnum. Strandlengjan er hvergi há í sjó fram nema á einum stað, við Tindastól.
Álman austan fjarðarins, Tröllaskagi, er langhálendast allra nesja á Íslandi og gengur hömrum og hjarni allt í sjó fram. Margir smájöklar eru á Tröllaskaga sem er hrikalegur og sundur skorinn af djúpum dölum og gljúfrum. Eftir miðjum skaganum kvíslast margir stærri og smærri jökulflákar um hæstu hryggi og bungur og bera flestir nöfn eftir dölum þeim og byggðum sem að þeim liggja. Sumsstaðar ná dalbotnarnir nær því alveg saman og eru þar fornar leiðir milli byggðarlaga misjafnlega fjölfarnar og greiðfærar. Þegar norðarlega kemur á skagann lækka fjöllin og eru þar 700-800 m. Hálendi þetta er gróðurlítið hið efra, fjöllin flatar urðarbungur að ofan en annars staðar þunnir hamrahryggir, hvassar nípur eða hjarni hulin skörð. Víðast með sjó fram er láglendi nokkuð en misbreitt og um og yfir 20 m háir bakkar eru svotil óslitið frá botni fjarðarins og út undir Hofsós.
Tröllaskaginn er áfastur hálendi er til suðurs gengur og inn að Hofsjökli. Meginhluti þess svæðis er tiltölulega flatt hálendi, norðantil um 600-700 m en hækkar jafnt og þétt til suðurs inn að Hofsjökli þar sem flatlendi er í um 800 m hæð en stöku móbergsfell og hryggir rísa 100-200 m yfir umhverfið. Þegar kemur norður að byggðafjöllum missir landið sléttusvipinn en skerst sundur á ýmsa vegu af fjölmörgum daladrögum er veita vötnum til margra byggðarlaga í Skagafirði og Eyjafirði.
Fyrir botni fjarðarins eru flatir sandar nema þar sem hraunásar Hegranesins teygjast út í sjó. Innan hrikalegrar fjallaumgjarðar og upp frá fjarðarbotninum er einn breiðasti og tvímælalaust sléttasti stórdalur Íslands og einhver sá grösugasti. Sjálft héraðið er upp undir 50 km á lengd en klofnar svo í dali sem ná óraleiðir inn á hálendið. Að norðanverðu er breidd undirlendisins milli 5 og 10 km en út frá meginhéraðinu einkum að austanverðu ganga margir dalir, sumir stórir og grösugir en aðrir litlir og hrjóstrugir. Um þá falla ár stærri og smærri skolgráar jökulelfur og tærar bergvatnsár, allar með fremur víðáttumikil aðrennslissvæði. Flestar hverfa þær að lokum ofan í Héraðsvötnin.
Nokkrar eyjar eru á Skagafirði og eru tvær þær mestu Drangey og Málmey háar, brúnhvassar og svipmiklar. Aðrar eyjar eru öllu minni, Lundey 2-3 km undan landi fyrir botni fjarðarins, Elínarhólmi smáeyja fyrir mynni Kolku og Ingveldarstaðarhólmi lítil eyjaþúst norðaustur frá Ingveldarstöðum á Reykjaströnd.

2.1.1.2 Landslag af mannavöldum

Hvarvetna sem land hefur verið byggt um aldir hefur mannleg hugsun og starfsemi myndað, mótað og skilið eftir sig margvíslegar minjar. Þessar minjar má kalla sögulegar minjar og eru þær misjafnlega áberandi. Skipta má þessum minjum í tvo flokka:

- Mannvistarminjar svo sem gömul hús og leifar þeirra og hvers kyns aðrar framkvæmdir eða framkvæmdaleifar, vegir, brýr, garðlög, samkomustaðir, vörður ofl.
- Sögustaðir og þjóðsögustaðir sem við eru tengdar eða einkennd eru með sérstökum örnefnum en bera annars engin sýnileg merki.

Í tímans rás hefur náttúra landsins verið umsköpuð hvar sem maðurinn hefur komið nálægt henni með tækni sinni og framkvæmdum. Hægt er að tala um tvenns konar landslag af mannavöldum:

- Strjálbýlislandslag. Hefðbundin landbúnaðarframleiðsla helst í hendur við dreifða búsetu, vegna þess að landið, yfirborð jarðar, er sjálfur framleiðslugrundvöllurinn. Helstu einkenni þess eru stakar byggingar eða nokkrar saman í hverfi, ræktaðir túnfletir, oft afmarkaðir með skurðum og girðingum, vegir og raflínur sem liggja heim á hverja bæi.
- Þéttbýlislandslag. Þéttbýli einkennist af þéttri búsetu, sérhæfðri atvinnu og tiltölulega stórum vinnustöðum. Í þéttbýli er hið náttúrulega landslag meira eða minna umbreytt, þó finna megi leifar þess á opnum eða óbyggðum svæðum innan þéttbýlismarkanna. Þeir þættir sem mest eru áberandi eru hafnir, byggingar, og göturnar á milli þeirra.

2.1.2 Jarðfræði

Þessum kafla fylgir 1. þemakort, Jarðfræði og jarðhiti.

Berggrunnur í Skagafjarðarsýslu er basaltlagastafli er hlóðst upp í eldgosum fyrir 8-10 milljónum ára. Þykkt basaltstaflans frá Kolbeinsdal suður í inndali er liðlega 3 km. Basaltið er af ýmsum bergtegundum en mest ber á þóleiíti og dílabasalti. Í inndölum eru þykkar bergsyrpur úr megineldstöðvaþóleiíti. Meðalþykkt hraunlaga er 12-14 m og dregur megineldstöðvaþóleiítið meðalþykktina niður. Mikið er um rauð millilög í staflanum og einnig hafa súr öskulög myndast þar í einstökum hraunum og eru þau um 7% af þykkt staflans. Jarðlagahallinn er vestlægur (3-5 gráður neðst í fjöllum) um meginhluta Skagafjarðar en í inndölum vex hallinn (6-15 gráður) og snýst til suðurs við megineldstöð sem þar er. Jarðfræði Skagafjarðar sést á þemakorti 1.

Jarðlögum er til hægðarauka hægt að skipta í þrjá flokka eftir aldri og gerð:

- Elst og mest áberandi eru jarðlög af tertíerum aldri og eru dalimir rofnir niður í það lag. Jarðlagastaflinn er yfirleitt mjög reglulegur austan Skagafjarðar en meiri óregla að vestan. Austan fjarðarins eru nær eingöngu basalthraunlög með þunnum rauðum lögum á milli. Fáein þykkari millilög er þó þar að finna einkum súr túfflög. Allstór megineldstöð er í fjallgarðinum vestur af Sæmundarhlíð. Í henni er askja sem nú er full af móbergi og súrum túfflögum. Mikið er af súru bergi og mjög ummynduðum jarðlögum í og við eldstöðina. Í Austur- og Vesturdal er allmikið af súru bergi en þó hefur ekki fundist neitt sem bendir til þess að þar sé megineldstöð. Jarðlögum hallar öllu jöfnu til SV eða S og er halli breytilegur 2-3 gráður að austan en að vestan 6-10 gráður. Í næsta nágrenni við megineldstöðvar eru halli og stefna jarðlaga vitaskuld mjög óregluleg.
- Næst að aldri eru jarðlög frá ísöld og eru á nokkrum stöðum. Í Gönguskörðum, á Skaga, við Hofsós og inn í Skagafjarðardölum. Þar eru þau í Austurdal vestur í Svartárdal og út Hellisás. Þetta eru mest basísk kubbabergslög sem runnið hafa á hlýskeiðum ísaldar. Móberg finnst einnig auk setlaga einkum jökul- og völubergslög. Myndanir eru misgamlar. Í Skagafjarðardölum munu þær vera 1-2 milljónir ára, við Hofsós yngri en 0.7 milljónir ára en í Gönguskörðum munu elstu lögin vera a.m.k. 2.5 milljónir ára en þau yngstu e.t.v. frá síðasta jökulskeiði en því lauk fyrir um 10.000 árum. Á hálendinu inn af Skagafjarðardölum eru jarðlög yngri en 0.7 milljónir ára. Nyrst á hálendinu eru basísk eða ísúr hraunlög en móberg, bólstraberg og setlög næst Hofsjökli. Málmey og Þórðarhöfði eru 1-2 milljónir ára en Drangey er yngri en 0.7 milljónir ára.
- Yngstu jarðlögin eru frá lokum ísaldar og því yngri en 10.000 ára. Mest eru áberandi setfyllingar í megindal Skagafjarðar sem vafalítið er margir tugir metra á þykkt. Neðanverðar hliðar og láglendið niður að setfyllingunni er meira og minna hulið jökulruðningi.

Stefna misgengja og/eða sprungna er misjöfn. Hægt er skipta þeim í fjóra flokka eftir stefnum:

- Mest ber á misgengjum sem stefna lítið eitt austan við norður. Þau mynda um 20 km breitt belti sem nær norðan úr Fljótum og inn í Skagafjörð innanverðan. Þar klofnar beltið að því er virðist í tvennt. Vestari álman heldur fyrri stefnu og liggur í áttina að Langjökli en eystri álman sveigir til austurs og fær stefnu lítið eitt vestan við norður og nær því er virðist inn að Hofsjökli.
- Önnur nokkuð áberandi misgengi hafa stefnu nálægt NV - SA. Þau eru mest áberandi í Hegranesi en einnig nokkuð algeng innan til í Skagafirði.
- Innst í Skagafirði eru allmörg misgengi sem liggja NA - SV en þeirra verður alls ekki vart utar.
- Í fjórða lagi eru misgengi sem stefna lítið eitt vestan við norður. Þau eru einkum að finna vestan til í Skagafirði og fjöllunum þar vestur af. Misgengi þessi sjást illa. Þau eru tengd myndun tertíer jarðalagastaflans og munu vera hluti af sprunguþyrpingum sem fylgja að öllu jöfnu megineldstöðvum.

Jarðhiti finnst víða í héraðinu eins og sést á þemakorti 1. Tengsl hafa fundist milli jarðhita og brotalama á nokkrum stöðum. Víða háttar þannig til að ekki sér í berggrunn við jarðhitastaði og því ekki augljóst samband við sprungur eða misgengi. Tengslin sjást einna helst við sprungur og misgengi með N - S stefnu svo og bergganga með A - V stefnu.

Berggrunnur Skagafjarðar er víðast hvar forn og að jafnaði þéttur og illa vatnsgengur. Grunnvatnsmyndun er því lítil og er því nánast útilokað að vinna megi vatn úr bergi á hagkvæman hátt. Nánar er fjallað um vatn og vatnsöflun í kafla 2.2.

2.1.3 Jarðskjálftasvæði

Jarðskjálftar eru flokkaðar eftir uppruna í þrjá flokka:

- Brotaskjálftar eiga upptök sín á mörkum jarðskorpuplatna vegna hægrar og sífelldrar gliðnunar á plötuskilum eða niðurstreymis úthafsplatna undir meginlandsplötur á plötumótum. Ísland er á plötuskilum og allir meiriháttar jarðskjálftar á Íslandi eru brotaskjálftar.
- Eldsumbrotaskjálftar verða þegar kvika er að brjóta sér leið í jarðskorpunni.
- Hrunskjálftar verða t.d. þegar stórar bergskriður falla. Þeir eru sjaldgæfir og jafnan vægir.

Þegar rætt er um jarðskjálfta og jarðskjálftahættu á Norðurlandi er nauðsynlegt að fjalla um landshlutann í heild. Upptök skjálfta á Norðurlandi eru dreifð innan svæðis sem nær milli Melrakkasléttu og Skaga og er um 80 km breitt frá norðri til suðurs. Svæðið ber ótvírætt þvergengiseinkenni en breidd þess gefur þó til kynna að um fleiri en eitt meginmisgengi sé að ræða. Síðustu árin hafa flestir skjálftar átt upptök á þrengra svæði sem nær úr Axarfirði norðvestur fyrir Grímsey. Staðsetning upptakanna benda til þess að skjálftarnir séu tengdir meginmisgengi með strikstefnu VNV sem ætti að liggja yfir Tröllaskaga um Fljót og út í mynni Skagafjarðar. Skjálftinn mikli í mynni Skagafjarðar 27. mars 1963, sem er stærsti skjálfti á Íslandi síðan mælingar hófust 1926 (7 á Richter), gæti hafa átt upptök sín í þessu belti. Upptök skjálfta á síðustu áratugum hafa í nokkur skipti verið milli Dalvíkur og Fljóta en virknin er ekki mikil þó skjálftinn mikli 1963 sýni að þetta skjálftabelti verður að taka alvarlega. Hættan á að sterkir skjálftar valdi tjóni er því mest í Fljótum en minnkar er innar dregur í héraðið.

Heimildaskrá

2.1.1 Landslag

Guðmundur Davíðsson: Fljót í Skagafjarðarsýslu. Skagfirðingabók nr. 1. Sögufélag Skagfirðinga 1966. Bls. 109-163.

Guðmundur P. Ólafsson (ritstjóri), 1990: Perlur í náttúru Íslands. Drangey. Reykjavík. Bls. 224-227.

Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.

Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.

Trausti Einarsson, 1958: Landslag úr Skagafjallgarði, myndun þess og aldur. Náttúrufræðingurinn 28. árg. Bls. 1-25.

2.1.2 Jarðfræði

Evert, P., 1975: Die Geologie von Skagi und der Ost-Küste des Skagafjörds (Nord-Island). Sond Geol. Inst. der Universitat Köln. Wilhelm Stoflfuss Verlag, Bonn.

Haukur Jóhannesson, 1991: Yfirlit um jarðfræði Tröllaskaga. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 39-56.

Helgi Björnsson, 1991: Jöklar á Tröllaskaga. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 21-37.

Helgi Hallgrímsson, Jóhann Pálsson, Hálfdán Björnsson, Hjörleifur Kristinsson og Þórir Haraldsson, 1982: Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Orkustofnun, Reykjavík 1982. OS-82047/VOD-08. Bls 9-48.

Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannsson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, Reykjavík. OS-84050/JHD-09. 111 bls

Landmælingar Íslands: Jarðfræðikort af Íslandi.

Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson, Þóróifur Hafstað: Skagafjörður. Jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, Reykjavík 1991: OS-91047. 96 bls.

Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5. útg. 1985. Mál og Menning. 233 bls.

Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Reykjavík 1992. OS-92017/VOD-03. Bls 16-21.

2.1.3 Jarðskjálftasvæði

Páll Halldórsson, 1984: Skagafjarðarskjálftinn 1963, (27. mars kl. 23:26 að íslenskum staðaltíma). Veðurstofa Íslands, Reykjavík. 152 bls.

Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson,: Jarðskjálftar. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981 Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 121-155. Aðallega bls. 121-123 og 144-145.

Sveinbjörn Björnsson, 1975: Jarðskjálftar á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 45. árg. Bls. 110-133.

Sigurður Thoroddsen og Sigurður Þórarinsson, 1958: Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahættu á Íslandi. Tímarit Verkfr. Ísl. 43. árg. Bls. 81-97.

Trausti Einarsson, 1959: Jarðeldasvæðið um norðanverðan Skagafjörð. Aldursákvörðun á landslagi á Mið-Norðurlandi. Náttúrufræðingurinn. 29. árg. Bls.113-133.

2.2 Ár, vötn og vatnasvæði

2.2.1 Landshættir og yfirlit um vatnafar

Skagafjörður liggur milli tveggja meginfjallabálka. Er Tröllaskagi að austan, víða upp í 1.000-1.200 m hæð yfir sjó, en lægri fjöll og slitróttari að vestan, mörg 800-1.000 m há yfir sjó, nema Mælifellshnjúkur, sem er yfir 1.100 m á hæð. Vesturfjöllin enda á lágum heiðalöndum úti á Skaga, en í háum heiðalöndum inn til jökla, í 600-800 m hæð yfir sjó. Renna þau þar saman við flatt hálendið inn af Tröllaskaga. Skagafjörður, héraðið inn af honum og þverdalimir eru grafnir ofan í þetta hálendi, sem er fornt að aldri bergs. Dalir eru margir djúpir og dalahliðar yfirleitt brattar, en hásléttur með hnjúkum og kollum, þegar upp á fjöllin kemur. Situr snjór lengi á hálendum þessum, enda eru jökulskæklar víða um miðjan hrygginn á Tröllaskaga. Mikilli úrkomu hleður á fjöllin og veldur þetta tvennt því, að vötn af Tröllaskaga eru mörg óðaflóðvötn. Ekki eru vötn af vestari fjallabálkinum heldur laus við flóð, þó minni séu. Innan af heiðum (framan að) falla svo jökulvötn þau, sem dragast saman í Héraðsvötn. Eru þau mest vatna í héraðinu.
Meðaltalsúrkoma er lítil á landsvísu í byggð, einkum inn um Skagafjarðardali, en til muna meiri á fjöllunum, einkum þó á Tröllaskaga. Úrkomuskuggi virðist vera norður af Hofsjökli, en úrkoma á jökulinn sjálfan er gríðarmikil.
Berggrunnur er víðast allþéttur og eru því flestar ár í Skagafirði dragár og flóðavötn. Jökulvatn er mikið á sumrin í Héraðsvötnum, en þess gætir einnig oft í sumum ám af Tröllaskaga. Lindavatn er verulegt í Jökulsánum báðum, austari og vestari, sem mynda Héraðsvötn, en einnig er snar lindavatnsþáttur í Svartá í Tungusveit. Lindavatn þetta á allt upptök sín í óbyggðum. Litlar lindir eru í byggð og þær margar stopular. Héraðsvötn flæða víða um undirlendið, en dragárnar eru margar óróar í farvegum sínum. Stöðuvötn eru nokkur í byggð í Skagafirði en all mörg á Skagaheiði.
Helstu fallvötnin eru Jökulsá austari, Jökulsá vestari með Hofsá og hún með Fossá, Svartá í Tungusveit, Mælifellsá, Sæmundará (Staðará) og Skarðsá vestan að, Laxá í Laxárdal úti undir Skaga, þverár margar á Austurdal og af Nýjabæjarfjalli, sem falla til Jökulsár austari, Norðurá, Dalsá og Þverá austan að í Blönduhlíð, en Hjaltadalsá, Kolbeinsdalsá (Kolka), Grafará og Hofsá austan í fjörðinn af Tröllaskaga, en Flókadalsá og Fljótaá úti í Fljótum.
Berggrunnur í byggð virðist vera yfirleitt þéttur og tregur á vatn. Þó má líklega all víða kreista nóg vatn fyrir bæ eða bústað úr viðeigandi borholum. Gagnleg undantekning eru lindavötn þau, sem spretta undan Heiðarhnúki í Gönguskörðum, eða öllu heldur utan í Tindastóli, en þau eru uppistaðan í Vatnsveitu Sauðárkróks.
Lindagangur er á sumum brattari áreyrum, a.m.k. að sumarlagi, en víða eru vætlur undan fjöllum, skriðum eða framhlaupum, sem duga mega bæ eða bústað.
Sums staðar, t.d. úti á Reykjaströnd, eru þó allvænar lindir, a.m.k. að sumarlagi. Einnig koma sæmilegar lindir úr jökulsetum efst í Sæmundarhlíð, uppi undir Vatnsskarði. Lindavötn mikil spretta upp á afréttarlöndum og ofan byggðar í Skagafirði, sennilega svo að samanlagt nemur tugum rúmmetra á sekúndu.
Vatnsöflun er misvel auðveld í Skagafirði. Vatnsveitur eru til þéttbýlanna á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð. Tekist hefur hingað til að fullnægja vatnsþörf þeirra, en það hefur þó ekki alltaf verið fyrirhafnarlaust.
Ekki liggur fyrir aðgengileg samantekt um vatnsöflun á einstökum bæjum, en hún mun vera misgóð. Veruleg vandræði hafa t.d. verið víða í Hegranesi, þó að þar hafi tekist að bæta úr með brunnum og borholum, a.m.k. sums staðar.

2.2.2 Úrkoma og yfirborðsvötn

Úrkomumælistöðvar eru, eða hafa verið, á allnokkrum stöðum í Skagafirði. Veðurstöðvar eru inn vestanverðan Skagafjörð á Hrauni á Skaga, Bergsstöðum í Borgarsveit og Nautabúi í Neðribyggð, en fyrir stuttu var tekin upp úrkomumælistöð í Litlu-Hlíð í Vesturdal. Austan fjarðar hafa verið veðurstöðvar á Siglunesi/Sauðanesvita og Hólum/Dalsmynni í Hjaltadal, en úrkomustöðvar á Siglufirði og við Skeiðsfossvirkjun. Hin síðari ár hefur ársmeðaltal úrkomu verið 450-500 mm/ári um vestanverðan og innanverðan Skagafjörð, á láglendi. Úti á Siglufirði og í Fljótum hefur meðaltalið verið 800-1.400 mm/ári. Á fjöllunum utanvert á Tröllaskaga er úrkoman til muna meiri, líklega allt að 2.000-3.000 mm/ári. Úr henni dregur inn til landsins, en er þó líklega enn veruleg á Nýjabæjarfjalli.
Á Hofsafrétt og á Eyvindarstaðaheiði er úrkoman nokkuð óruggleg lítil, miðað við hæð, e.t.v. ekki nema 500-600 mm/ári. Meðaltalsvatnsmegin Jökulsár vestari svarar til nærri 800 mm/ári, miðað við yfirborðsvatnasvið. Talsverður hluti vatnsins er kominn ofan úr Hofsjökli, en úrkoma á hann virðist nema þúsundum mm/ári, samkvæmt ákomumælingum Orkustofnunar hin síðari ár. Því er ástæða til að ætla, að úrkoman á hálendinu norðan jökuls sé til einhverra muna minna en nemur fyrr nefndu meðaltali. Til hins sama bendir meðaltalsvatnsmegin Svartár í Tungusveit, en það samsvarar einnig um 800 mm/ári. Grunnvatnssvið árinnar er nokkuð óruggleg eitthvað stærra en yfirborðsvatnasviðið, en ánni bætist

eitthvað vatn frá umhverfi Mælifellshnjúks og vesturfjöllum héraðsins, þar sem búast má við að úrkoman fari vel upp fyrir 1.000 mm/ári. Því má vænta þess, að úrkoman á heiðalöndin á vatnasviði Svartár sé einnig til einhverra muna minni en samsvarar meðaltalinu. Í sömu átt bendir enn, hversu snjólétt og útibeitargott þótti í Austurdal og á Þorljótsstöðum í Vesturdal, miðað við byggð neðar í héraði.
Mikill hluti úrkomunnar fellur sem snjór og þó mun meiri uppi til fjalla. Liggur hann þar mislangt fram á sumar, eftir stöðum, hæð og veðurlagi. Alræmt er, að snjór liggur oft í byggð úti í Fljótum fram á sumar, en þar er líka til þess að gera mikil úrkoma og mikið vetrarríki. Hins vegar er talið snjólétt og oft vorgott inni í Skagafjarðardölum og víðar um innanvert hérað. Í köldum sumrum liggur við, að ekki taki upp snjó á Nýjabæjarfjalli, eða þá mjög seint á sumri. Fannir liggja þá líka víða út um fjöll á Tröllaskaga, þó ekki þeki þær þar jafnstórar breiður og inn frá. Snjóalögin valda tvennu: Þau leggja til flóðvatn í vorleysingum og þau mjatla snjóbráð í fjallalæki fram eftir öllu sumri. Vatnavextir geta orðið gífurlegir víða í Skagafirði, þegar vorleysingar skella skyndilega á. Annars verða flóð þar einnig mikil í fallvötnum þeim, sem koma af fjöllunum, einkum af Tröllaskaga, þegar stórrigningar gerir. Eru t.d. Kotá og Valagilsá í Norðurárdal alræmd skyndiflóðavötn. Snjóbráðarvötn eru einnig mest af Tröllaskaga, því að þar liggur land hæst og snjór lengst. Sveiflast vatnsmagn þeirra mikið eftir hitafari, þó að yfirleitt sé alltaf eitthvað vatn að seytla fram úr fönnunum.
Á sumrin gufar hluti úrkomunnar upp á og úr yfirborði jarðar, jarðvegi, melum og af klöppum. Dregur það úr vatnagangi, þegar lítið rignir, en megnar minnu í stórrigningum. Lítið rennur fram, þegar úrkoman er felld í frost og fannir á veturna. Berggrunnur er víðast frekar þéttur og sig vatns frá yfirborði niður til jarðvatns lítið. Þess hefur verið getið til að ísig til grunnvatns á austanverðri Hofsafrétt sé um 100 mm/ári en talsvert meira á vesturhluta afréttarinnar. Eru þó þarna lekustu berglög í héraði og á heiðunum. Lindavötn eru því ekki ríkjandi í Skagafirði, mikið ber á jökulvatni um sumartímann í Héraðsvötnum og stundum ýmsum ám af Tröllaskaga, en þó eru dragáreinkennin algengust og óflugust í flestum ám.

2.2.3 Héraðsvötn

Héraðsvötn eru mestu fallvötn í Skagafirði. Þau verða til við samruna Jökulsánna austari og vestari, sem báðar koma undan Hofsjökli. Austari áin er vatnsmeiri. Er meðaltalsvatnsmegin (rennsli) hennar nærri 40 rúmmetrar á sekúndu (við Skatastaði í Austurdal), en sumarrennsli er yfirleitt talsvert meira, oft upp undir 100 rúmmetrar á sekúndu. Vetrarrennslið er hins vegar minna, oft 20-30 rúmmetrar á sekúndu. Gætir þá verulega lindavatnsins í þveránum undan Nýjabæjarfjalli. Jökulsá vestari er að meðaltalsvatnsmegini um helmingi minni, nærri 20 rúmmetrar á sekúndu. Hún er sömuleiðis mun meiri á sumrin (oft upp í 40 rúmmetrar á sekúndu) en á veturna (oft 10-15 rúmmetrar á sekúndu) og er þó lindavatn verulegt í henni, einkum af Hofsafrétt. Árnar falla saman í gljúfrum en neðan þeirra falla þær út á flatlendið og er farvegur Vatnanna flatur þaðan af. Þar bætist Norðurá við þau og fleiri vötn, minni, af Tröllaskaga. Renna Vötnin þar á eyrum og hrekjast um víða.
Enn neðar rýmkast um farveg þeirra, þegar þau koma niður fyrir Tungusveit. Þar verður farvegur þeirra enn hallaminni, meðfram Vallhólmi og Eylendinu, uns þau lóna uppi við Hegranesið, áður en þau falla um ósa í sjó. Á öldum áður er haldið, að Vötnin hafi legið undir vesturlandinu, nærri því sem Húseyjarkvísl er nú. Þó má vera, að þau hafi þá kvíslast um flatlendið, eins og þau virðast löngum hafa gert, þegar þau hafa ekki verið hindruð í rennsli sínu. Ferðasaga Vatnanna um flatlendið mun enn ekki hafa verið rakin til hlítar, en hitt munu flestir sammála um, að þau hafi skapað flatlendið og fyllt upp í fjörð, þar sem það er nú. Þó er sá fjörður ekki enn kjaftfylltur, því að leifar hans eru lónin við Hegranes og Miklavatn í Borgarsveit.
Eðli sínu samkvæmt flæmast Vötnin um þetta sköpunarverk sitt, þegar þeim er sjálfrátt, og hlaða á það auri og sandi. Upphleðslan er mest og efnið grófast ofan til. Neðar verða setefnin finni og hallinn minni. Við þetta eykst brattinn heldur á flatlendinu, en á móti mun lengi hafa komið, að það teygðist æ lengra út í leifarnar af fjarðarlónunum. Af því mun tvennt hafa leitt:
Kvíslar munu hafa rásað æ meira efst á flatlendinu og flætt mun hafa yfir æ stærri svæði á neðanverðu flatlendinu. Óvíst er, hversu mikið hefur munað um þessar breytingar á sögulegum tíma. Vötn öll munu almennt hafa orðið æstari, þegar á leið og jöklar stækkuðu, veður kólnuðu en gróður og jarðvegur rýmuðu á síðustu öldum. Eru áhrif þess svipuð. Hitt er víst, að vel spratt undan flóðunum og ægæf engjalöndin um neðanverðan Vallhólma og Eylendið voru ein helsta ástæða þess, að allmargar jarðir í Staðarsveit og Blönduhlíð voru 60-100 hundraða að fornu mati, þ.e. höfuðbólshæfar. Nú hefur verið hlaðið fyrir kvísl þá úr Vötnunum, sem féll neðan við Vindheima og í Húseyjarkvísl.
Víðar hafa verið gerðir garðar að Vötnunum, þó minni þyki en þessi, og skurðir hafa víða verið grafnir um flatlendið. Dregur þetta eitthvað úr því, að vatn flæmist eins víða og standi eins hátt í flóðum og fyrrum var. Flóð Héraðsvatna um flatlendið munu ekki hafa verið kortlögð nákvæmlega frá ári til árs.

2.2.4 Önnur fallvötn

Svartá í Tungusveit rennur nú um Húseyjarkvísl. Hún er lindá að stofni til, um 10 rúmmetrar á sekúndu að meðaltalsvatnsmegini. Algengt sumar- og vetrarrennsli fer yfirleitt ekki niður fyrir 6-7 rúmmetrar á sekúndu og var því snemma litið til þeirrar hugmyndar að virkja ána við Reykjafoss. Af því hefur þó ekki orðið, en í vorleysingum og stórrigningum yfirgnæfa dragáreinkennin og getur þá vatnsmegin Svartár orðið yfir 100 rúmmetrar á sekúndu.
Dragár eru flestar ár út Skagafjörð vestanverðan, þó að smávegis lindaþáttur muni vera í flestum þeirra. Vatnsmeginsmælingar eru af mjög skomum skammti frá þeim ám, en meðaltöl segja raunar lítið um rennslishegðun þeirra. Þær eru flestallar flóðavötn í vatnavöxtum en oft sytrur á þurrum sumrum og frostavetrum. Líklegt er þó, að hinar stærri þeirra, eins og Sæmundará/Staðará, Gönguskarðsá og Laxá í Laxárdal fari sjaldan niður fyrir ½-1 rúmmetra á sekúndu að vatnsmegini. Ekki er óliklegt, að þessar ár séu oft á bilinu 2-5 rúmmetrar á sekúndu, en trúlega allt að tífalt vatnsmeiri í stærstu flóðum.
Norðurá í Norðurárdal er eitt alræmdasta flóðavatn á landinu, enda blasir áin og farvegur hennar við af þjóðvegi. Gróðurlausar, grófar malareyrar hennar þekja breiðan dalbotninn og bera í senn vitni rennslissveiflum árinnar og rásgimi hennar. Úrkoma er mikil og stórkostleg á hálendinu að dalnum, eins og þverár Norðurár, Kotá og Valagilsá, sýna glöggt. Meðaltalsvatnsmegin Norðurár gæti verið á bilinu 10-20 rúmmetrar á sekúndu (liklega nær hærra gildinu), en það segir fátt. Í mestu þurrkum og vatnsleysum má vel vera, að mikill hluti árinnar sé horfinn ofan í malarbreiðumar og renni fram sem grunnvatn. Hins vegar má liklegt telja, að vatnsmegin hennar í stærstu flóðum nemi hundruðum rúmmetra á sekúndu. Snjóbráð leggur talsvert vatn til árinnar í hitum á sumrum og veldur grænleitum eða bláleitum blæ á árvatninu, þegar áin er ekki gruggug af annarri leysingu.
Dalsá af Djúpadal er ekki mikið vatn að jafnaði, en hins vegar mikið flóðavatn, enda vatnasvið hennar hálent og bratt. Miklar eyrar eru að henni, þar sem hún kemur niður á láglendið. Hefur áin runnið þar sitt á hvað, en nú er henni beint undir brú á þjóðveginum. Undan aurbreiðu árinnar er Grundarstokkur í Héraðsvötnum og má vel vera, að Dalsá hafi átt sinn þátt í tilvist hans með því að þrengja að Vötnunum með aur sínum. Lindir spretta upp á aurbreiðunni, a.m.k. þegar nóg vatn er í ánni. Við suðurjaðar aurvængsins að ánni var Haugsnesbardagi 1246, mannskæðasta orrusta á Íslandi, fyrr og síðar. Féllu þar yfir 100 manns, eða voru vegnir á eftir. Orrustustaðurinn var m.a. valinn vegna þess að þar var gnótt grjóts til að henda í hina.
Árnar af utanverðum Tröllaskaga, frá Hjaltadal og út úr, eru fyrst og fremst dragár, þó að jökullit setji á sumar í viðvarandi sumarhitum og snjóbráð sé yfirleitt veruleg í þeim á sumrin.
Hjaltadalsá er nærri 10 rúmmetrar á sekúndu að meðaltalsvatnsmegini, en fer iðulega niður í 3 rúmmetra á sekúndu að vetrarlagi, eða enn minna. Algengt sumarvatn fer upp í 40 rúmmetra á sekúndu, en stærstu flóð eru yfir 100 rúmmetrar á sekúndu. Eyrar miklar eru að ánni og þverám hennar, sem koma fram úr minni dölum en djúpum þó, því að fjöll eru þarna um og yfir 1.000 m á hæð. Koma lindir sums staðar upp úr eyrum þessum, en enn meira grunnvatn mun vera á ferð niðri í mölinni. Fiskeldið á Hólum notar bæði lindavatn og grunnvatn úr eyrunum. Sennilega eru vatnsgæfustu svæðin við aursvuntu Hofsár.
Kolka (Kolbeinsdalsá) er að meðaltali um 7 rúmmetrar á sekúndu hjá Sleitustöðum, en að vetrarlagi fer hún stundum niður í 1 rúmmetra á sekúndu. Algengt sumarvatn er 5-20 rúmmetrar á sekúndu, en mestu flóð fara upp fyrir 100 rúmmetra á sekúndu. Þverár eru minni að henni í byggð en að Hjaltadalsá og því ekki eins mikið af vatnsgæfum eyrum við hana.
Grafará og Hofsá eru nokkru minni ár en þær tvær siðastnefndu, að meðaltali e.t.v. 3-5 rúmmetrar á sekúndu að vatnsmegini, en **Hrolleifsá** í Sléttuhlíð liklega enn minna vatnsfall. Mælingar skortir úr ám þessum, en líklegt er, að þær sveiflist svipað í vatnsmegini og Hjaltadalsá og Kolka, aðeins minni.
Flókadalsá er e.t.v. svipuð að vatnsmegini og Grafará og Hofsá. Vera má, að meiri lindaþáttur sé í henni, þar eð miklar urðir eru inn um allan Flókadal, sem gætu miðlað vatni. Þetta hefur þó ekki verið kannað.
Fljótaá hefur verið mæld hjá Skeiðfossvirkjun, en áin er miðluð í vatni því, sem Stíflu var drekkt í, á sínum tíma. Að meðaltali er vatnsmegin hennar um 5 rúmmetrar á sekúndu, en að vetrarlagi getur hún farið niður í 1 rúmmetra á sekúndu, eða jafnvel minna. Vetrarríkið í Fljótum veldur því, að snjóbráð og leysingarvatn er oft talsvert í ám þar, a.m.k. fram eftir sumri. Undirlendi er minna í Fljótum en inni í héraði og eru því farvegir ánna yfirleitt þrengri og ekki eins miklar eyrar að þeim þar ytra.
Stöðuvötn og tjarnir eru mörg í Skagafirði. Stærst vötn í byggð eru Miklavatn í Borgarsveit (um 6 ferkílómetrar), Miklavatn í Fljótum (um 10 ferkílómetrar), sem er raunar strandlón, og Stífluvatn í Fljótum (um 8 ferkílómetrar). Höfðavatn á Höfðaströnd (um 10 ferkílómetrar) er strandlón og rif að beggja vegna.
Fjöldinn allur er af vötnum og tjörnum úti á Skagaheiði og eru fáein þeirra yfir 1 ferkílómetri að stærð. Fæst eru þau djúp, iðulega nokkrir metrar á dýpt. Silungur hefur veiðst í mörgum þeirra, en - að sögnum - einnig öfuguggi og loðsilungur. Miklavatn í Borgarsveit er líka grunnt, en vötnin úti í Fljótum eru liklega eitthvað dýpri. Fjöldi vatna eru uppi á fjöllum og heiðum, og er veiði í sumum (Reyðarvatn, Ásbjarnarvötn o.fl.). Stærst eru Urðarvötn (samtals yfir 3 ferkílómetrar) en í þeim mun vera eitthvert þynnsta (efnasnauðasta) vatn í stóru stöðuvatni á landinu. Þau eru á Nýjabæjarfjalli, en þar eru mörk óljós milli héraða.

2.2.5 Grunnvatn og lindavötn

Grunnvatnið á uppruna sinn í úrkomunni, eins og yfirborðsvatnið. Munurinn er sá, að grunnvatnið verður til úr þeim hluta úrkomunnar, sem hripar niður í jarðlögin. Fer það eftir lekt (permeabilitet) hinni dýpri jarðlaga, hversu miklu vatni þau geta tekið við, og lekt yfirborðslaganna, hversu hratt og mikið úrkoman sígur niður. Í jarðlögunum rennur vatnið því greiðar, sem göt og glufur í þeim eru stærri og fleiri. Bergstáliið í gömlu (tertíeru til árkvarteru) basalthraunlögunum er yfirleitt mjög tregt á vatn, en yngra grágrýti (síðkvartert) sýnu lekara. Opnar sprungur leiða vatn greiðlega, en einnig er gjarnan nokkurt los á bergi við eldri sprungur, sem eykur þá líka nokkuð á lektina. Laus jarðlög á yfirborði eru mörg hver sæmilega lek á vatn, svo sem skriður, framhlaup og aðrar urðir, malareyrar o.fl. Þau hafa að vísu sjaldan mikla útbreiðslu og því takmarkað vatnsmegin þess grunnvatns, sem um þau rennur. Þó bætist víða við grunnvatn á áreyrum vegna leka úr ánum sjálfum. Það vatn er nánast síað árvatn, þegar það kemur aftur til yfirborðs, oft eftir skammt rennsli í tíma og vegalengd.
Sem fyrr segir, eru berglög í Skagafirði flest forn á íslenskan mælikvarða jarðsögunnar, eða frá tertíertíma (nærri 10-3 milljónir ára). Eru það mest basalthraun, en megineldstöðvar með ljósgrýti gætir þó í vesturfjöllunum yfir Borgarsveit, Staðarsveit og Sæmundarhlíð. Árkvartert berg (3-0,8 milljón ára) liggur ofan á inn á hæðum og nær niður í hæðimar í Tungusveit. Ekki verður vart við, að verulegar lindir fylgi því. Enn ofar og innar liggja síðkvarterar myndanir í þunnri þekju ofan á, grágrýti og jökulberg. Þær eru nokkuð lekar, en fjarlægð frá byggð dregur mjög úr notagildi linda þar. Öðru máli gegnir með leifar af síðkvarteru bergi í Heiðarhnúki utan í Tindastóli (Eilífsfjalli til forna), sem er lekt og veitir vatni til vatnsbóls Vatnsveitu Sauðárkróks. Er það mikil staðargæfa, að bergleif þessi skuli vera á þessu svæði og miðla vatni, þar sem þess er mest þörf.
Á Nýjabæjarfjalli eru berglög að vísu ekki ung og gegnum skotin af ljósgrýti frá megineldstöðvum að auki. Efri hluti bergstaflans þar, ofan á megineldstöðvunum, er þó víða lítt holufylltur og sæmilega lekur, auk þess sem svo virðist, að sprungur gangi þar út eftir fjallinu. Þar eru því veruleg lindavötn, sem falla einkum til Geldingsár, Fossár og Hvítár, en þær ár liggja innstar og ofan byggðar. Vatnsmegin lindavatns í þeim nær líklega nokkrum rúmmetrum á sekúndu, en ekki liggja enn fyrir nákvæmar mælingar á þeim þætti. Lindaseytl er nokkuð víða í ofanverðum vesturfjöllunum, en ekki hefur það verið kannað að neinu ráði.
Ungir og opnir sprunguskarar leiða vatn vel. Þeir liggja í Skagafirði einkum upp til fjalla. Gengur sprungurein mikil ofan frá Hofsjökli um Miðhlut á Hofsafrétt, yfir Jökulsá vestari, um Svartárpolla, og í framhaldi þaðan til N - NV yfir sýslumörk um Bugalæki og niður í efsta hlut Svartárdals í Húnaþingi. Lindir vella upp á þessum sprunguskara, mestar þó innan til. Næst byggð mun meiri háttar lindasvæði vera í Svartárpollum.
Brot og brestir finnast í Skagafjöllunum utar og er ekki óliklegt, að einhverjar lindir fylgi þeim, en það hefur ekki verið kannað. Lindir eru í Kiðaskarði, en þó fremur smáar. Kaldavermsl eru all víða undan austurfjöllunum í innanverðri Blönduhlíð, sem e.t.v. tengjast sprungum og jafnvel jarðyl.
Laus jarðlög eru víða vatnsgæf í Skagafirði, þó að sjaldan sé í miklum mæli. Þess hefur þegar verið getið, að lindir spretta víða upp á aursvuntum við ár og læki. Vatnsmegin þeirra er líklega mest, þegar mest vatn er á ferð í ánum og því háð árstíðum og veðurfari. Uppruni lindavatnsins er í ánum og það rennur yfirleitt stuttan spöl í möl framburðar þeirra. Síun þess og hreinsun getur því verið takmörkuð. Mest er um svona lindir í Blönduhlíð og í dölunum austan Skagafjarðar, en þær eru helst, þar sem ár falla úr bratta niður á flatlendi. Svipað gildir um lindir, sem spretta upp úr eða undan skriðum, hvað sveiflur og síun varðar, nema hvað þar er það yfirleitt úrkoman ein, sem leggur til vatnið. Sveiflur á vatnsmegini í slíkum skriðulindum geta því verið mjög miklar og iðulega ærið snöggar. Þær eru líklega hvað stöðugastar, þar sem seytl úr berggrunni eða sprungum lekur niður í skriðumar. Því mun þeirra gæta hvað helst í fjöllunum vestan Skagafjarðar. Lindir koma iðulega upp úr eða undan framhlaupum. Deilt er um, hvort framhlaup séu frekar haugar eftir hrun úr fjöllum, einkum þegar stuðnings ísaldarjöklanna missti við í miðjum hlíðum, eða hvort þau séu framburður skálarjökla eða grjótjökla í fjallabrúnum. Sennilega er hvoru tveggja til og framhlaupin jafnvel beggja blands. Á þeim ber mest, eftir að kemur út með firði, frá og með Reykjaströnd og Viðvíkursveit. Virðast upptök þeirra í fjöllunum fara almennt lækkandi út eftir, en einna mest ber á framhlaupunum úti í Fljótum. Í hinum stærri þeirra er síun líklega betri og sveiflur minni en í mörgum áreyralindunum.
Ekki liggur fyrir nein sérstök eða nákvæm útekt á lindum úr lausum jarðlögum í Skagafirði.
Jarðvegur er víða ofan á þessum lausu og leku jarðlögum og gróður víða töluverður á þeim. Jarðvegurinn bætir síunina, hvað varðar grugg og ýmis önnur óhreinindi, sem geta borist í vatn í jarðlögum þessum með úrkomu eða árennsli vatns. Dregur hann einnig nokkuð úr skammtímasveiflum, ef hann er nógu þykkur. Þar á móti kemur, að jarðvegsbakteríur geta skolast úr honum í vatnið, en um það ferli er þó lítið vitað. Mun gleggri er mýrarauði sá og jármbrá, sem berast í grunnvatn úr blautum mýrum. Getur vatn orðið óhæft til neyslu af þeim sökum og hið hvimleiðasta, vegna útfellinga og rauðalitar. Mýravatnið getur verið til verulegs baga á flötum og gamalgrónum áreyrum, sem annars geta verið sæmilega vatnsgæfar. Eins getur það valdið spjöllum á vatnsrýrum "jarðvegslindum", sem annars væru nógu vatnsgæfar til að fullnægja þörfum a.m.k. eins bæjar eða sumarhúss.

Strandhjallar frá ísaldarlokum eru all víða um Skagafjörð, frá því að sjór stóð í um 40-50 m hæð yfir sjó. Mest ber á strandhjöllunum hjá Vindheimum í Tungusveit og við Sauðárkrók. Hér eru til staðar fornar óseyrar vatna þeirra, er féllu í sjó við sjávarstöðu þess tíma. Í neðri hluta hjallanna ber yfirleitt talsvert á fínsandi og mélu ("silti"), sem oft er kallað "leir", þó ekki séu í honum neinar leirsteindir að ráði (mineralskur leir), heldur aðeins smágerð korn og agnir. Þessi hluti hjallanna er yfirleitt lítið vatnsgæfur. Ofan á liggur yfirleitt möl, oft í þunnu lagi, og er þá vatnsgæfni hennar iðulega lítil, þó að oft sjái í seytl á mörkum leka malarhlutans og þétta méluhlutans. Vinnanlegt vatn í svona hjöllum er því oft "sýnd veiði en ekki gefin".
Af þessu má sjá, að aðstæður geta verið með ýmsu móti, þar sem lindir spretta úr lausum jarðlögum. Verður ekki gefið ítarlegt yfirlit um það fyrir héraðið, nema að undangenginni viðeigandi könnun. Þar eð slík könnun hefur ekki farið fram, þá verður almenn lýsing á grunnþáttum og dreifingu þeirra í grófum dráttum að duga að sinni.
Efnainnihald grunnvatns í Skagafirði er ekki vel þekkt. Best þekkt er það á heiðum og hálendum inn af héraðinu, þar sem virkjanarannsóknir hafa farið fram. Skipta má þessu háfjallavatni í tvennt, að því er þekking nær til nú. Annars vegar er háfjallavatn á Nýjabæjarfjalli, og sennilega nokkuð út eftir Tröllaskaga. Hins vegar er vatnið í sprunguskaranum frá Hofsjökli um Hofsafrétt og Eyvindarstaðaheiði. Lindavatnið af Nýjabæjarfjalli og Tröllaskaga er yfirleitt mjög þunnt (efnasnautt), eins og algengt er með slíkt vatn. T.d. er klórið minna en 2 milligrömm í lítra og súlfat minna en 1 milligramm í lítra í þeim greiningum, sem fyrir liggja. Vatnshiti er yfirleitt um og innan við 3°C, sýrustig um og yfir pH 9 og kolsýra (kolefni greint sem koldíoxíð) innan við 20 milligrömm í lítra , en uppleyst steinefni (TDS) oft innan við 30 milligrömm í lítra.
Vatnið í sprunguskaranum um Hofsafrétt er heldur efnaríkara, þannig er klórið 2-4 milligrömm í lítra, súlfat 1½-2 milligrömm í lítra, en einkum er kolsýra meiri, eða 25-45 milligrömm í lítra. Vatnshiti er yfirleitt frá 2,8-4°C, sýrustig pH 8½-9 en uppleyst steinefni oft um eða yfir 50 milligrömm í lítra. Nítrat í fjallavatni þessu hefur gjaman greinst á bilinu 0,10-0,15 milligrömm í lítra.
Grunnvatn í byggð er yfirleitt til muna efnaríkara en fjallavatnið. Fátt er þó um marktækar efnagreiningar. Þó er ljóst, að klórið er sums staðar um eða yfir 10 milligrömm í lítra, kolsýra oft 25-50 milligrömm í lítra og uppleyst steinefni sennilega oft 50-70 milligrömm í lítra. Vatnshiti í jarðylslausum lindum fer sennilega sjaldan yfir 4°C, sýrustig er háð vatnajarðfræðilegum aðstæðum og magni kolsýru, en er sennilega á bilinu pH 7-9. Nítrat er líklega oft á bilinu 0,2-0,4 milligrömm í lítra, a.m.k. á grónum svæðum. Efnainnihald grunnvatnsins virðist sjaldan vera til vandræða, hvað neysluhæfni varðar, nema helst járn í mýravatni. Þó má vera, að kolsýra og súrefni saman geti verið til vandræða í vatni, ef það er hitað, þar sem innihald þessarra efna er hvað mest.

2.2.6 Vatnsöflun og vatnsból

Einföldust er vatnstaka úr lindum, sem liggja svo hátt, að vatn er sjálfrennandi frá þeim til notenda. Því er víða ekki til að dreifa og þarf þá að grípa til annarra aðferða við vatnsöflunina, þó að allvíða kunni að vera sælst eftir að nota miður góð vatnsból vegna þess, að frá þeim má fá vatnið rennandi af sjálfu sér. Helstu aðferðirnar eru að gera brunna eða bora holur í lek jarðlög og dæla vatni upp úr þeim. Raunar þarf yfirleitt líka að gera brunna að lindum þeim, sem vatn er tekið úr, hvort sem úr þeim er dælt eða vatnið fæst sjálfrennandi. Er þá stundum grafið umfram þörf í þeirru fölsku von að auka lindarrennslið með dýpri holu. Það gengur sjaldnast eftir. Brunnar til úrdælingar eru yfirleitt grafnir, þar sem annað hvort þarf lítils vatns við eða veitirinn (aquifer, vatnsleiðandi jarðlag) er þunnur. Á það einkum við um laus jarðlög. Borholur eru boraðar þar sem meira vatns er þörf, veitirinn er þykkur (t.d. þykkar áreyrar) eða vatn numið úr bergi.
Á miklu riður, að vel sé gengið frá vatnsbólum. Er þar fyrst að telja fráveitingu yfirborðsvatns, einkum í flóðum og vatnavöxtum, en þá er yfirborðsvatnið hvað óhreinast. Vatnsból verða að vera lokuð, svo að ekki berist í þau óhreinindi eða dagsbirta og sólarljós espi upp gróður og annað lífríki í vatninu. Að ýmsu fleiru þarf að hyggja við frágang vatnsbóla.
Vatnsveitur til margra notenda eru á þéttbýlisstöðunum í héraðinu, Sauðárkróki, Hofsósi, Varmahlíð og Hólum, en einnig eru vatnsveitur í nokkrum sveitum eða sveitahlutum. Ekki liggja fyrir nýjar né nákvæmar upplýsingar um allar hliðar vatnstökunnar. Má því vel vera, að eitthvað sé missagt, ofsagt eða vansagt hér á eftir.
Stærsta veitan er á Sauðárkróki, en hún fær megnið af vatni sínu úr ungum og lekum berglögum í Heiðarhnjúki. Þar munu fást um og yfir 20 lítrar á sekúndu af lindavatni. Nokkuð vatn er einnig fengið úr lindum uppi í fjöllum sunnan staðarins. Vatn þetta er nú allt tekið úr brunnum. Möguleikar eru nokkrir til frekari vatnstöku innan núverandi vatnstökusvæðis í Gönguskörðum, en þeir eru þó meiri torkvæðum bundnir.
Hofsós fær vatn sitt úr lindum í framhlaupi í fjallinu norðaustur frá þorpinu og munu þar fást um eða yfir 5 lítrar á sekúndu. Varmahlíð fær vatn úr lindum í jökulseti austan Vatnsskarðs en Hólar í Hjaltadal munu fá vatn úr lindum í fjallinu ofan staðarins. Vatnsveita mun vera á einhverja bæi í Sæmundarhlíð og Langholti

frá lindum í lausum jarðlögum við mynni Vatnsskarðs. Lítið mun liggja fyrir um stækkunarmöguleika á þessum veitum.
Nákvæm úttekt á einkavatnsbólum liggur ekki fyrir. Verður því ekki glöggt frá þeim greint. Á bæjum þeim, er liggja undir fjallahlíðum, má víða fá vatn úr lindavætlum, sem safnast sennilega úr skriðum, ysta byrði bergs og jafnvel jarðvegi. Spretta seytl þessi víða upp úr jarðvegi og er stundum votlent eða jafnvel mýrlent í kringum vatnsbólin. Lindir í þykkum jarðvegi eiga það til að renna lengri eða skemmri leiðir neðanjarðar, oftast við botn jarðvegslagsins, og eru þá iðulega lítt mengaðar af mýrlendi því, sem þær spretta upp í. Allur er þó gangur á gæðum þeim. Vatnsöflun er yfirleitt erfiðari á flatlendi eða óðru láglendi. Þarf þar víða að vinna vatn úr brunnum eða borholum. Eru líklega nokkuð víða vandkvæði á þeirri vatnsöflun og vatnsgæði ekki alltaf fyllilega viðunandi.
Vatn hefur verið numið í atvinnuskyni á nokkrum stöðum og þá einkum til fiskeldis. Fiskeldisstöð og kennslustöð er á Hólum í Hjaltadal, sem þjónar m.a. þörfum búnaðarskólans til kennslu, þjálfunar og rannsókna. Fiskeldisstöðvar hafa einnig verið reknar, eða gerð atrenna til þeirra, á Lambanesreykjum í Fljótum, á Reykjarhóli á Bökkum og á Sauðárkróki. Hefur þar jafnan verið litið til samnýtingar jarðhita og ferskvatns. Lengi hefur og verið í uppsiglingu útflutningur ferskvatns (neysluvatns) frá Sauðárkróki. Fiskeldi þarf mikið vatn og duga því ekki aðrar lindir eða grunnvatnsgeymar, en þau sem hafa stór aðrennslissvæði og tryggt aðrennsli.

2.2.7 Vatnsrík svæði og vatnsvernd

Fátt er um verulega vatnsrík svæði í byggð í Skagafirði, þannig að telja beri þau sérstaka nytjavatnsauðlind á þjóðlegan mælikvarða, eða hvað þá alþjóðlegan. Þó eru þar allnokkur lindasvæði, ekki síst á Reykjaströnd og úti í Fljótum, sem gefa færi á vatnsnýtingu svo að mæla megi í lítrum á sekúndu og jafnvel í tugum lítra á sekúndu. Einnig er vatnstaka úr grunnvatni ekki óvænleg á ýmsum áreyrum, einkum aursvuntum þeirra fram úr dalakjöftum. Þarna er því til staðar auðlind með umtalsvert verðmæti, sem þarflaust er að spilla að nauðsynjalausu. Því er ástæða til að veita umræddum svæðum vissa vernd, hvað hreinleika vatns áhrærir.
Nauðsyn og skylda er að hafa vissa vernd á vatnstökusvæðum almenningsveitna. Þar að lútandi ákvæði eru í ýmsum lögum og reglugerðum, en mörg þau lögboð hafa verið sett hin síðari ár að frumkvæði umhverfisráðuneytisins. Má raunar búast við því, að þar séu ekki öll kurl komin til grafar að sinni.
Verndun nytjavatnssvæða er með þrennu móti, eftir stöðu svæðanna. Í einn stað eru vatnstökusvæði núverandi vatnsveitna. Í annan stað eru aðrennslissvæði vatnsbóla þeirra, sem nýtt eru í atvinnuskyni, einkum vegna fiskeldis. Í þriðja lagi eru svo vatnsauðug svæði, sem ástæða væri til að halda hlífiskildi yfir til að fyrirbyggja óþarfa spjöll og eyðingu eða rýrnun auðlindarinnar á þeim, þó svo að engin sérstök nýting sé enn í sjónmáli.
Á aðrennslissvæðum vatnsbóla vatnsveitna ber að afmarka vatnsverndarsvæði, sem skiptast í;

- **brunnsvæði**, umhverfis vatnsbólið sjálft hið næsta,
- **grannsvæði**, á þeim hluta aðrennslissvæðis vatnsbólanna, sem næst því liggur og þar sem mest hætta er frá mengun, og loks
- **fjarsvæði**, sem spannar hinn fjarlægari hluta aðrennslissvæðisins, þar sem mengunarhætta er minni og ekki þörf eins strangrar verndar og á grannsvæðunum.

Hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir skulu sjá til þess, að vatnsverndarsvæði séu afmörkuð á grundvelli vatnafræðilegra og jarðfræðilegra aðstæðna. Vatnsverndarsvæði hafa verið afmörkuð fyrir vatnsból Sauðárkróks. Ekki liggja fyrir upplýsingar um önnur vatnsverndarsvæði.
Eitthvað mun enn skorta á skýr ákvæði um verndun vatnstökusvæða þeirra, sem nýtt eru í atvinnuskyni. Fer þó nærri, að svipaðrar verndar sé þar þörf og á vatnsbólasvæðum vatnsveitnanna. Sama eða svipað á raunar við um svæði þau, sem verndar eru verð vegna auðlindarinnar sjálfrar. Þar er þó sá munur á, að nýting er ekki enn komin á svæði þau og því er ekki - enn - verið að vernda notendur og neytendur. Þess í stað er um ásetning að ræða, að spilla ekki svæðum þessum til vatnstöku að nauðsynjalausu. Það er að segja: Séu svæði þessi ekki fyrirsjáanlega eða óhjákvæmilega nýtt eða ætluð til annarrar nýtingar, enn verðmætari en vatnsnytjarnar eru, þá verði reynt að halda þeim óspilltum eftir föngum. Því fylgir oftar en hitt, að hefðbundin nýting þeirra (umferð, búfjárbeit, skógrækt, hófleg landrækt o.fl.) spillir ekki vatninu meira en orðið er og þá ekki heldur til langtíma. Því þarf að óðru jöfnu ekki að gera þar neina breytingu á, fyrr en hillir undir nýtingu með einhverju móti. Það sem við bætist í umgengni á þessum svæðum og meðferð þeirra er einkum, að forðast allt það, sem valdið getur mikilli eða óbætanlegri mengun. Má þar nefna efnaverksmiðjur, sem malla einhverm óþverra (þeim má yfirleitt alltaf finna einhvern annan stað), skólpveitur, ruslahauga og jafnvel stóra og mikla fjóshauga, hundahreinsunarstöðvar, örtraðir undan hrossastóðum, illa hirt útivistarsvæði og aðra þá mannavist, sem er sérlega sóðaleg og ómennileg, svo nokkuð sé nefnt. Öllu þessu má yfirleitt finna annan stað betri.
Vatnsvernd á þessum svæðum miðast því einkum við tvennt:

1) Að forðast óbætanlega mengun eða slíka mengun, sem lengi er að eyðast. Þar er fyrst um að ræða geymslu og meðferð mengandi efna í einhverjum umtalsverðum mæli, svo sem eiturefni ýmis konar, olíur, spilliefni og sorp, þungmálma o.fl. Yfirleitt er þess yfir höfuð engin þörf að hafa svona efni á þessum svæðum. Umferð ökutækja að vissu marki og í vissum mæli er að öðru jöfnu ekki mjög líkleg til að valda teljandi mengun, svo fremi sem ekki er verið að stunda bílveltur eða úthellingu olíu með öðru móti. Svokallaðar "akstursþróttir" (ökufantakeppnir) eiga því ekki heima á þessum svæðum.

Áburðarnotkun í hefðbundnum mæli veldur ekki verulegri mengun, nema þá tímabundið og staðbundið, að því er best er vitað. Staðsetning áburðarhauga á þessum svæðum er óæskileg, en mengun frá þeim þarf þó ekki að vera varanleg til lengri tíma, ef haugarnir eru fjarlægðir tímanlega.

2) Að halda mögulegri, tímabundinni mengun innan vissra marka, svo að umrædd svæði geti hreinsast að mestu (a.m.k. nægjanlega) á tilteknum tíma. Hér er m.a. um ýmis konar mannavist að ræða. Frá henni stafar jafnan viss hætta á mengun, þó að hún eigi að vera að öðru jöfnu lítil, ef farið er að viðeigandi lögum og reglugerðum. Illa frágengnar og lekar rotþrær, lélegar og lekar fráveitur, hirðuleysi með sorp, rusl og ýmislegt affall eru allt líklegar uppsprettur mengunar. Ekkert af þessu á þó að eiga sér stað, ef farið er eftir ákvæðum um byggingar og hollustuhætti, og eftirlit með byggingum og heilbrigðiseftirlit eru eins og á er kveðið.

Náttúran sjálf býr yfir vissum hreinsunarmætti og er því óþarfi að umgangast hana á "dauðhreinsaðan" hátt. Hún megnar að vissu marki að eyða mengun (t.d. með oxun lífrænna efna, umbreyting efna af völdum gerla og þörunga o.fl.) eða þynna hana, einkum þar sem vatnsmegin er mikið. Vegna þessa veldur hefðbundin landnýting sjaldan varanlegri eða óbætanlegri mengun í miklum mæli, heldur má vænta þess, að slík mengun hverfi eða þynnist á nokkrum árum, þó til hennar komi, einkum þó ef uppspretta hennar er fjarlægð.

Samantekið má segja, að verndun grunnvatns á þessum svæðum felist einkum í þrennu:

1. Forðast geymslu og meðferð mengandi efna í umtalsverðum mæli á svæðum þessum.
2. Halda hættu á tímabundinni mengun í viðunandi hófi á svæðunum.
3. Nýta land ekki að óþörfu undir mengandi starfsemi á þessum svæðum.

Á þessum forsendum þarf að skrá, afmarka og lýsa eftirfarandi vatnsverndarsvæðum:

- Verndarsvæði við vatnsból núverandi eða fyrirhugaðra vatnsveitna.
- Verndarsvæði við vatnstökusvæði til atvinnurekstur.
- Verndarsvæði vegna auðlindargildis vatnsríkra svæða.

Lagagrunnur og verndarkröfur eru mismunandi fyrir hvern þessarra flokka og gildir þá hið sama um flokkun þeirra og afmörkun vegna svæðisskipulags.

2.2.8 Þekkingarstaða og rannsóknarþörf

Eins og fram kemur hér að framan, er núverandi þekking á ýmsum þáttum vatnafars í Skagafirði ærið mismikil og misgóð. Þörfin á þeirri þekkingu er einnig mismikil og er því nokkuð misjafnt, hvar mest þörf er á viðbót á þekkingu, og þar með rannsóknum, vegna gerðar svæðisskipulags. Í heild er þessi þekking líklega yfirleitt of rýr, ef vel ætti að vera. Það er hins vegar mikið verk og kostnaðarsamt að bæta úr því, svo vel fari. Því er ástæða til að líta einkum á þá þætti, þar sem þörfin um viðbót á þekkingu knýr fastast á:

1. Svo er að sjá, sem þekking á úrkomu og vatnsmegini fallvatna sé nokkum veginn viðunandi. Úrkomumælingar vantar helst í Blönduhlíð og mælingar á vatnsföllum í vestanverðum Skagafirði.
2. Sama gegnir um yfirlit eða megindrætti í jarðgerð héraðsins, þeirri sem áhrif hefur á vatnafar. Þó skortir nokkuð á kortlagningu þeirra lausu jarðlaga, sem vatnsgæf eru og líklega á sprungum í vesturfjöllunum.
3. Verulega skortir á upplýsingar um vatnsmegin linda og lindasvæða, árssveiflur og áhrif vatnavaxta, efnainnihald og annað ástand. Það er töluvert verk að afla þessarar þekkingar, svo vel sé, en þó mun minna að fá lauslegt yfirlit um lindavötnin.
4. Nokkuð skortir á um þekkingu á vatnsbólum héraðsmanna, einkum einkavatnsbólum, en vera má að einhverjar slíkar upplýsingar séu aflanlegar hjá heimamönnum í héraði, án mikils tilkostnaðar.
5. Ekki hefur verið tekið saman skipulega og á samræmdan hátt, hvar helstu flóðasvæði eru í héraðinu, hver mörk þeirra eru, við hvaða aðstæður flóða sé helst að vænta og með hvaða hætti þau verða. Einnig hér er sögulegra upplýsinga helst að afla hjá heimamönnum, en vatnajarðfræðilegra frá þar til hæfum fræðingum.

Samræmd úttekt hefur heldur ekki farið fram á vatnsvænlegum svæðum í héraði, sem ástæða væri til að setja á vissa vernd. Það er fyrst og fremst vatnajarðfræðilegt verk, stutt þekkingu staðkunnugra manna.

Heimildaskrá

2.2 Ár, vötn og vatnasvæði

Árni Hjartarson, 1993: Vatnsveitur og vatnsból, samantekt um vatnsveitumál. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík. OS-93061/VOD-04.

Eldur er í Norðri 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. Aðallega: Flóð og flóðahætta bls. 369-386.

Freysteinn Sigurðsson, 1990: Groundwaters from glacial areas in Iceland. Jökull 40. árg. Bls. 119-146.

Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson, 1988: Groundwater resources of Iceland. Availability and demand. Jökull 38. árg. Bls 34-35.

Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989: Stöðuvötn á Íslandi, skýrsla Orkustofnunar OS-89004/VOD-02

Hörður Svavarsson, 1982: Jökulsár í Skagafirði, forathugun á virkjunarkostum. Orkustofnun, Reykjavík. OS-82086/VOD-13. 34 bls. og 2 kort.

Ingibjörg Kaldal, 1978: The deglaciation of the area north and northeast of Hofsjökull, Central Iceland. Jökull 28. árg. Bls. 18-31.

Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 1978: Jökulsár í Skagafirði I, jarðfræði. Orkustofnun, Reykjavík. OS-ROD 7805.

Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 1979. Jökulsár í Skagafirði II, jarðgrunnskort. Orkustofnun, Reykjavík. OS-79044/ROD-16.

Jóhann Pálsson, Þórir Haraldsson, Bergþór Jóhannsson og Hörður Krisinsson, 1991: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Gróðurfar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Reykjavík. OS-91051/VOD-04. 55 bls.

Jón Kr. Gunnarsson, 1992: Íslenskir fossar. Skuggsjá, Hafnarfjörður. 352 bls. Aðallega bls. 183-189.

Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Bls. 320-322.

Ólafur Jónsson, 1957: Skriðuföll og snjóflóð. Fyrsta bindi. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri. 586 bls. Aðallega bls. 28, 30-31, 33, 151-159 og 564-577.

Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365, 422.

Sigurður Reynir Gíslason, 1993: Efnafræði úrkomu, jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns á Íslandi. Náttúrufræðingurinn, 63. árg. (3-4 tbl.). Bls. 219-236. Aðallega kort af styrk klóríðs í íslensku grunnvatni bls. 224.

Sigurjón Rist, 1990: Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 248 bls. Aðallega bls. 61-74, 108, 125-126, 217-219, 234.

Skúli Víkingsson, 1978: The deglaciation of the southern part of the Skagafjörður district, Northern Iceland. Jökull 28. árg. Bls. 1-17.

Stefán Jónsson: Flóð í Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 23. Sögufélag Skagfirðinga 1994. Bls. 161- 169.

Stefán Vagnsson: Annáll úr Skagafirði 1932-35. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 168-171 og 175.

Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson, 1992: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík OS-92017/VOD-03. 46 bls.

Þórólfur H. Hafstað, 1992: Heiðarhnjúkur í Gönguskörðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík. OS-92056/VOD-15B. 17 bls.

2.3 Veðurfar

2.3.1 Veðurfar

2.3.1.1 Veðurstöðvar

Veðurfar í Skagafirði er æði misjafnt enda svæðið langt frá hálendi inn við Hofsjökul og út á ystu annes á Skaga og Tröllaskaga. Það er því mikilvægt að hafa nákvæmar veðurathuganir þar sem skráð eru niður helstu atriði veðurfarsins. Í Skagafirði eru fjórar veðurskeytastöðvar, Hraun, Bergsstaðir, Nautabú og Sauðanes, sem senda Veðurstofu Íslands veðurskeyti fjórum til sjö sinnum á sólarhring. Auk þess er ein veðurfarsstöð, Dalsmynni, sem skráir niðurstöður mælinga þrisvar sinnum á sólarhring og sendir Veðurstofu Íslands einu sinni í mánuði. Til viðbótar eru tvær úrkomustöðvar, Skeiðsfoss og Litla-Hlíð í Vesturdal, sem eingöngu mæla úrkomu. Þær veðurstöðvar og athugunartímabil sem stuðst er við til lýsingar á veðurfarinu eru eftirfarandi:

Hraun á Skaga (3 m yfir sjávarmáli) 1961-1990.
Bergsstaðir í Borgarsveit (43 m yfir sjávarmáli) 1980-1992.
Nautabú í Neðribyggð (115 m yfir sjávarmáli) 1961-1990.
Hveravellir á Kili (641 m yfir sjávarmáli) 1961-1990.
Hólar í Hjaltadal (160 m yfir sjávarmáli) 1971-1990. Flutt að Dalsmynni í Viðvíkursveit 1991.
Siglunes (5 m yfir sjávarmáli) 1961-1990. Flutt að Sauðanesi 1991.
Skeiðsfoss í Fljótum (84 m yfir sjávarmáli) 1971-1980. Aðeins úrkomumælingar.

2.3.1.2 Hitafar

Ársmeðalhitinn um allt láglendi Skagafjarðar er 2.5-3°C en vitaskuld lægri þegar ofar kemur en almennt hitafall með hæð er 0.5-0.6°C á hverja 100 metra. Hiti er nokkuð mismunandi eftir því hvar í héraði maður er staddur. Út við ströndina er hærri hiti að jafnaði yfir vetrarmánuðina heldur en inn til landsins en snýst við yfir sumarmánuðina. Janúar eða febrúar eru yfirleitt köldustu mánuðir ársins er lengra dregur frá opnu hafi. Út við ströndina þar sem áhrifa sjávar gætir mikið er það aftur á móti febrúar eða mars sem eru köldustu mánuðir t.d. á Siglunesi er það mars. Hlýjasti mánuður ársins er yfirleitt júlí nema við ströndina á ystu annesjum þá er ágúst jafnhlýr eða jafnvel hlýrri. Meðalhiti júlímánaðar á láglendi um allt miðhéraðið og út að Höfðaströnd er hærri en 9.5°C og sumsstaðar hærri en 10°C en á Skaga og yst á Tröllaskaga er hann 8-9°C og lægri á hálendinu. Í janúar er meðalhitinn á annesjum hærri en -2.0°C en er inn kemur fyrir botn fjarðarins er hann lægri en -2°C og mun lægri á hálendinu. Til samanburðar er ársmeðalhiti í Reykjavík 4.3°C, í janúar -0.5°C og í júlí 10.6°C. Á Akureyri er ársmeðalhiti 3.2°C, í janúar -2.2°C og í júlí 10.5°C.

Mynd 2.3.1-1. Meðalhiti hvers mánaðar á Nautabúi, Siglunesi og Hólum



Munur á hlýjasta og kaldasta mánuði er mestur inn á hálendinu. Á Hveravöllum er munurinn um 14°C og er líklegt að hitafar sé svipað á hálendinu inn af Skagafjarðardölum. Á Siglunesi er munurin aftur á móti um 9°C enda gætir þar mjög áhrifa sjávar.

Mynd 2.3.1-2. Meðalhiti hvers mánaðar á Bergsstöðum, Hrauni og Hveravöllum



Tafla 2.3.1-1
Hitafar í Skagafirði

	Nautabú	Siglunes	Hólar	Bergsstaðir	Hraun	Hveravellir
Ársmeðalhiti	2.4	2.9	2.8	2.8	2.5	-1.2
Hæsti hiti	26.2	24.1		24.5		22.7
Lægsti hiti	-22.5	-19.1		-22.5		-30.4
Fyrst frost að jafnaði	4. sept	3. okt	7. sept	11. sept	20. sept	
Síðast frost að jafnaði	30. maí	21. maí	6. júní	27. maí	24. maí	
Fjöldi frostdaga okt-maí	165	143	171	161	159	
Fjöldi frostdaga júní-sept	7	1	9	5	2	

Heimild: Veðurstofa Íslands

2.3.1.3 Úrkoma og skýjafar

Úrkoma fer mjög eftir staðháttum og landslagi og þarf þá hvorki miklar fjarlægðir né há fjöll til þess að miklu muni á úrkomu. Þetta sést vel í Skagafirði og þá sérstaklega að vetrarlagi þegar mikill hluti úrkomunnar fellur sem snjór. Ársúrkoma um allt miðhéraðið og út í Sléttuhlíð er undir 600mm og einnig yst á Skaga en í Fjótum og í Siglufirði er hún 600-1200mm. Á utanverðu hálendi Tröllaskaga er talið að úrkoma sé víðast yfir 1500mm og jafnvel 2000-3000mm á vissum svæðum. Mun minni úrkoma er innar á Tröllaskaga. Úrkoma er geysimikil á Hofsjökli en á hálendinu inn af Skagfjarðardölum er úrkomuskuggi og úrkoma 600-800mm. Á hálendinu milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu er talið að úrkoma sé 800-1200mm. Til samanburðar er meðalúrkoma á ári í Reykjavík 800mm, á Akureyri 489mm og á Kirkjubæjarklaustri 1645mm.

Á Norðurlandi er maí yfirleitt þurrasti mánuður ársins. Kemur það heim og saman við veðurstöðvar í Skagafirði. Apríl og júní eru reyndar oft með mjög litla úrkomu og getur úrkomuleysi háð grassprettu framan af sumri, sérstaklega eftir snjólétta vetur.





Fjöldi úrkomudaga er misjafn.Það fer nærri að í innsveitum á Norðurlandi, frá júní til september, séu 66% allra daga úrkomulausir. Á annesjum eru ekki eins margir dagar úrkomulausir. Aðra mánuði ársins eru mun fleiri dagar með úrkomu og jafnvel um 50% allra daga eru með einhverja úrkomu. Stórrigningar eru sjaldgæfar en helst getur gert miklar dembur á utanverðum Tröllaskaga og í Fljótum í norðaustanátt að haustlagi.



Skýjahula á Íslandi er almennt mikil og ekki margir dagar á hverju ári sem engin ský eru á himni. Heiðskírir dagar eru sárafáir og víðast hvar innan við 5% allra daga. Mest er skýjahula við ströndina en minnkar er lengra kemur frá hafi. Á Bergsstöðum voru á tímabilinu 1980-1992 alskýjaðir dagar að meðaltali 12-20 í mánuði, fæstir fyrri part sumars en flestir á haustin. Fjöldi heiðskírra daga var á sama tímabili 1-3 dagar að meðaltali í mánuði

Þoka (þoka er skilgreind þegar skyggni er minna en 1 km) er ekki tíð í héraðinu. Það er helst á ystu annesjum og á hálendinu sem gerir þoku og þá mest að sumarlagi eftir sólríka daga. Óhjákvæmilega fylgir þokunni nokkur raki og eftir því meiri sem utar kemur.

Tafla 2.3.1-2
Úrkoma og skýjafar í Skagafirði

	Nautabú	Siglunes	Hólar	Bergsstaðir	Hraun	Hveravellir
Ársúrkoma (mm)	469	695	484	459	478	724
Mesta sólarhringsúrk. (mm)	46	64	58	49	46	143
Fjöldi úrkomudaga á ári	171		176	192	216	261
Fjöldi snjókomudaga á ári	80		83	91	113	192
Meðalskýjahula	80% (6.4)		72% (5.7)	75% (6.0)	75% (6.0)	79% (6.3)
Fjöldi þokudaga á ári	19		14	10	29	66

Heimild: Veðurstofa Íslands

2.3.1.4 Vindar

Tíðustu vindáttir fara mjög eftir landslagi og staðháttum. Í Skagafirði er mjög hátt hlutfall vindátta hánorðan og hásunnan. Vindáttir í þröngum dölum Tröllaskaga og Staðarfjalla eru mjög staðbundnar og liggja þá algengustu vindáttir út og inn dalina. Vindhraði er mjög mismunandi, meiri út á annesjum og á hálendinu. Minnstur er vindhraðinn inn til dala er lengra kemur frá sjó og er sumsstaðar mikil veðursæld t.d. í djúpum dölum Tröllaskaga. Erfitt er þó að meta nákvæmlega vindhraða vegna þess hve hann er breytilegur þó stutt sé á milli staða. Sést það t.d vel á Hólum í Hjaltadal og Bergsstöðum (loftlína um 23 km). Meðalvindhraði á Hólum er 2.8 metrar á sekúndu en á Bergsstöðum 6.9 metrar á sekúndu. Við ströndina og inn eftir héraðinu gætir hafgolu í mánuðunum maí til júlí og getur hún víða verið mikil og er hafgolan hvimleiður gestur á björtum góðviðrisdögum. Fárviðri eru ekki tíð í Skagafirði. Helst er það í mánuðunum janúar - mars sem harðir vindar geta geysað og þá helst suðlægar áttir í djúpum lægðum sem ganga upp Grænlandshaf. Stundum hafa þessi illviðri valdið tjóni og er skemmst að minnast febrúar veðursins 1991. Þá mældist mesti 10 mínútna meðalvindhraði á Bergsstöðum 35 metrar á sekúndu (Fárviðri, 12 vindstig eða meira, telst vera þegar vindhraði er meiri en 33 metrar á sekúndu).

Tafla 2.3.1-3
Hlutfallsleg tíðni vindátta í Skagafirði 1980-1992

	n %	na %	a %	sa %	s %	sv %	v %	nv %	logn %	meðalvindhraði metrar á sekúndu	stormdagar á ári (≥9 vindstig)
Hraun	17	17	18	5	11	18	7	3	6	5,6	17
Bergsstaðir	18	3	2	14	28	7	4	22	3	6,9	30
Nautabú	31	0	0	6	36	12	2	9	5	4.9	10
Hveravellir	16	8	3	7	33	15	4	13	1	7,6	52
Hólar/Dalsmynni	13	7	8	12	17	10	2	12	20	2.8	2

Heimild: Veðurstofa Íslands: Veðrattan 1980 - 1992

2.3.1.5 Snjóalög

Þessum kafla fylgir 2. þemakort, Veðraskil í norðanáttum og snjóflóð.
Mikill hluti úrkomunnar fellur sem snjór og á norðanverðu landinu fellur að jafnaði meira en helmingur úrkomunnar sem snjór í mánuðunum nóvember - apríl. Snjómagn á hverjum stað fer ekki bara eftir úrkomumagni, þó hún skipti vissulega mestu máli. Það er ekki síður vindáttin sem skiptir máli en nokkur regla er á því að um austanverðan fjörðinn að utanverðu snjóar langmest í norðan- og norðaustanáttum en um vestanverðan fjörðinn helst í norðvestan- og vestanáttum.
Mestur snjór á láglendi er að jafnaði í Fljótum og algengt er að snjór liggi fram á sumar en þar er líka mikil úrkoma og mikið vetrarríki. Ná þessi miklu snjóalög oft inn í Óslandshlíð en þar skiptir um og er til muna snjóléttara er innar dregur í héraðið. Sérstaklega er hægt að benda á innanverða Blönduhlíð sem snjólétt svæði en þar er fátítt að snjór sé mikill. Á Skaga utanverðum geta verið miklir snjóar en þó ekki í líkingu við það sem gerist í Fljótum. Í vestanverðum firðinum er oftast mestur snjór í Gönguskörðum sem er annáluð fannakista. Á Sauðárkróki og þar innan við er ekki snjóasamt en þó getur dregið í mikla skafla inn um allt hérað en sjaldgæft er að setji jafnfallinn snjó. Á hálendinu eru fannalög miklu mun meiri en á láglendinu enda úrkoma og þar af leiðandi snjókoma meiri. Sérstaklega á það við um mið- og utanverðan Tröllaskaga og á hæstu fjöllum leysir aldrei fönn. Þegar innar kemur minnka fannalög en eru þó enn töluverð inn á Nýjabæjarfjalli.

Tafla 2.3.1-4
Snjókoma og snjóalög í Skagafirði 1980 - 1992

	Bergsstaðir	Nautabú	Hólar/Dalsmynni	Hraun	Skeiðsfoss	Siglunes/Sauðanes
Fjöldi snjókomudaga	91	80	83	113		
Fjöldi alhvítra daga	96	117	123	104		127
Meðalsnjódýpt cm	9	10	17	7		26
Alhvítt síðast	2. maí	12. maí	13. maí	8. maí	9. maí	15. maí
Alautt fyrst	9. maí	15. maí	18. maí	15. maí	12. júní	22. maí
Alhvítt fyrst	13. okt	2. okt	26. sept	30. okt	3. okt	24. okt

Heimild: Veðurstofa Íslands: Veðrattan 1980 - 1992

Þar sem snjóalög eru hvað mest og þannig háttar til að fönn getur skafið fram af fjallsbrúnum er ætíð hætta á að mikil fönn safnist saman og myndi hengjur og skapi þar með snjóflóðahættu. Einkum hagar þannig til í austurbyggðum Skagafjarðar, austurdölum og í Fljótum, enda hafa snjóflóð verið tíðust á þeim svæðum.





2.3.1.6 Veðursvæði, veðraskil

Þessum kafla fylgir 2. þemakort, Veðraskil í norðanáttum og snjóflóð.
Af framansögðu má vera ljóst að veðursvæði í Skagafirði eru mörg og veðraskil víða. Fjalllendið sem girðir fjörðinn af skiptir oft veðri á tiltölulega stuttum kafla. Sérstaklega er það áberandi í norðlægum áttum að vetrarlagi og getur munað miklu á vindhæð og fannalögum þó vegalengd sé ekki mikil.
Ystu verulegu veðraskil í Skagafirði liggja milli Lambanesreykja og Hrauna í Fljótum. Gætir þess sérstaklega í norðaustanátt en innan við skilin lægir á stuttum kafla, þó hvasst sé utar. Almennt má segja um Fljótin að hægviðri er algengt, en verst blása vindar í suðvestanátt sem getur verið slæm t.a.m. í Flókadal.
Vestan við Stafá í Sléttuhlíð nær norðanáttin sér vel á strik og nær svo inn alla Sléttuhlíð. Í sunnanátt er þekkt óveðurssvæði við Stafá, en þar blása vindar einna harðast í Skagafirði. Sunnan og suðvestanáttir eru hörðustu vindáttir um alla Sléttuhlíð og Höfðaströnd og inn í Óslandshlíð.
Um Höfðahóla eru mjög áberandi veðraskil í norðanátt, oft á tíðum hvassviðri og skafrenningur utan Hólanna en kyrrara innan við. Þetta á líka við um minnkandi fannkomu í norðan og jafnvel norðvestanátt.
Inn til dalanna um allan austanverðan fjörðinn er oft óðruvísi veðurfar en út við sjóinn, kyrrara og meiri snjóalög, munar þar oft miklu í þröngum djúpum dölum s.s. Unadal, Deildardal og Kolbeinsdal en snjóléttara er í Hjaltadal, en þar getur þó sett mikinn jafnfallinn snjó. Mjög staðbundið er hverjar hörðustu vindáttir eru í dölunum, veltur það á fjallaskörðum og þverdölum.
Um Viðvíkursveit minnka fannalög mikið og norðaustanáttin verður óverulegri. Hörðustu vindáttir blása þar, sem víðar um Skagafjörð, úr suðvestri svo og um utanverða Blönduhlíð. Kunn skil á veðri eru um Gljúfurá en innan við, í Út-Blönduhlíð, dregur úr austanáttinni þó hvasst sé utar.
Í Fram-Blönduhlíð er austanáttin einhver sú alversta í Skagafirði. Nær sér úr hverjum dal og hverju skarði og getur verið afspyrnuvond þó annarsstaðar sé hægviðri. Nær austanáttin út undir Flugumýrardal og inn í Norðurárdal þar sem hún er einna verst. Þessi hvassa austanátt nær á stundum yfir í Tungusveit en deyr út með fjöllum að vestanverðu.
Í framdölum Skagafjarðar er víða veðursæld og veðursælast í Vesturdal. Hörðustu vindar eru austanátt í Austurdal, sunnanátt í Vesturdal og suðvestanátt í Svarárdal.
Í sveitum með fjöllum að vestanverðu getur suðvestanáttin verið mjög illvíg en austan- og norðaustanáttir eru mjög sjaldgæfar. Engin veruleg veðurskil eru á því svæði en fannalög minnka að öllu jafna innan Varmahlíðar og eru lítil í framhéraðinu.
Í Gönguskörðum eru skil á veðri við Veðramót, bæði hvað varðar fannalög og ekki síður vind ef hann er norðanstæður. Í Gönguskörðum eru flesta vetur mikil fannalög sem ná á stundum að innstu bæjum á Reykjaströnd. Verstu vindáttir eru breytilegar eftir stöðum en ber að nefna að á Reykjaströnd getur vestanáttin verið sérlega slæm.
Um Sævarlandsvík skiptir um veður á skömmum kafla ef vindátt er norðan og jafnvel norðaustan. Í Laxárdal er snjóþyngra og misvindara en út á Skaga þar sem jafnvinda er og sjaldan logn.

2.3.2 Hafís

Hafís var alltíður við norðanvert landið fyrr á öldum. Á 19. öld er t.d. talið að komið hafi 12 mjög mikil hafísár eða áttunda hvert ár að jafnaði og 43 ár að auki voru ísaár, þar af rúmur helmingur þeirra talsverð eða mikil. Það sem af er þessari öld hafa mjög mikil ísaár einungis verið tvö (1902 og 1968) sé miðað við samskonar skilgreiningu. Ísaár hafa auk þess verið 26, flest lítil, nokkur talsverð og þrjú sem gætu talist mikil. Hafísár á 20. öld hafa einkum komið á tveim tímaskeiðum, annars vegar á tveim fyrstu áratugum aldarinnar og hins vegar á tímabillinu 1965-1971. Tímabilið 1919-1964 var ýmist íslítið eða íslaust við landið. Eftir 1971 mætti að auki nefna talsvert ísaár 1979.
Á hafísárum hefur ís oft rekið inn á Skagafjörð og hann stundum legið þar langt fram á sumar. Ef hafís hefur komið þá rekur hann oftast inn fjörðinn seinnipart vetrar og á vorin en til eru dæmi þess að ís hafi komið fyrir áramót. Vorísinn er almennt talinn þaulsetnari enda hefur oft verið ís langt fram á sumar og jafnvel fram undir haust. Vegna sjávarfallastrauma rekur hafís oftast inn með vesturströndinni og er yfirleitt meira að vestanverðu í firðinum. Á síðustu árum hefur verið mestur ís á firðinum 1965 og 1968 en 1968 var ís fyrir utan Sauðárkrók í lok júní.
Afleiðingar af hafískomum hafa verið margvíslegar. Truflanir á siglingum, skemmdir á skipum og veiðarfærum, aflatjón og harðæri til landsins. Langvinn ísalega við strendur landsins gerir það að verkum að loftið kólnar og er að öllu jöfnu kaldara hafísárin en önnur ár og þá sérstaklega á vorin. Fylgir því oft kal í túnum og lítill heyfengur. Kólnunin er mismikil, mest við strendur á Vestfjörðum og á Norðausturhorninu og minnst við suðurströndina. Samkvæmt hitamælingum frá hafísárinu mikla, 1967-68 í mánuðunum mars - júní, var vik lofthita frá meðalhita 1-3.7°C. Í Skagafirði var þessi munur 1.8-3°C mestur á Skaga en minnstur í dölum að austanverðu.

Heimildaskrá

2.3 Veðurfar

Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Eldur er í Norðri 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. Aðallega: Áhrif loftslags á búfjárfjölda og þjóðarhag bls 283-294.
Bændaskólinn á Hvanneyri, 1977: Veðurfar í Skagafirði og áhrif þess á jarðargróður. Bændaskólinn á Hvanneyri, fjölrit nr. 19.
Markús Á. Einarsson (ritstjóri), 1969: Hafísinn. Almenna Bókafélagið, Reykjavík. 552 bls. Aðallega bls. 86-91, 267-294, 389-399.
Markús Á. Einarsson, 1971: Veðurfar á Íslandi. Iðunn, Reykjavík. 150 bls.
Markús Á. Einarsson, 1989: Hvernig viðrar. Iðunn, Reykjavík. 152 bls.
Sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873: II Skagafjarðarsýsla. Bókaútgáfan Norðri 1954. 204 bls.
Veðurstofa Íslands: Veðrátta, Tímarit Veðustofu Íslands.

Viðtöl:
Bjarni Egilsson, Hvalnesi Skefilsstaðahreppi.
Björn Hjálmarsson, Sauðárkróki.
Gísli Jónsson, Ytri-Húsabakka Seyluhreppi.
Guðmundur Einarsson, Veðramóti Skarðshreppi.
Halldór Steingrímsson, Brimnesi Viðvíkurhreppi.
Haraldur Þór Jóhannsson, Enni Viðvíkurhreppi.
Hulda Axelsdóttir, Nautabúi Lýtingsstaðahreppi.
Jónmundur Pálsson, Miðmói Fljótahreppi.
Sigurlaug Jónasdóttir, Kárastöðum Ripurhreppi.



2.4 Gróðurfar

2.4.1 Jarðvegur

Þessum kafla fylgir 3. þemakort, Jarðvegsgerðir.
Gróður og jarðvegseyðing hefur um aldaraðir verið alvarlegasta vandamál á Íslandi og er það enn. Upphaf gróðurfarseyðingar má rekja til þeirrar röskunnar sem búsetan í landinu olli á gróðurfari landsins og hófst með eyðingu skóganna. Fleiri öfl hafa lagst á sömu sveif, flýtt fyrir eyðingunni og aukið hana, versnandi veðurfar, eldgos, jökulhlaup, skriðuföll og aðrar náttúruhamfarir. Hitt er líka að íslenskur þurrlendisjarðvegur er mjög fokgjarn einkum á yngstu svæðum landsins og gróður er viðkvæmur vegna óhagstæðra gróðurskilyrða.
Íslenskum jarðvegi er skipt í þrjá meginflokka; mólendisjarðvegur, votlendisjarðvegur og malarborinn eða grýttur jarðvegur. Þessum þremur aðalflokkum er síðan skipt í nokkra undirflokka m.a. eftir þykkt jarðvegsins.
Aðaljarðvegur láglendis Skagafjarðar er mýrajarðvegur á malar- og sandbornum grunni þar sem aðalfylgijarðvegurinn er móajarðvegur 15-100 cm þykkur. Á Skaga og í Hegranesi er móajarðvegurinn þó mun þynnri eða 5-15 cm. Fram með Héraðsvötnunum eru flóar og flæðimýrar á leir eða sandgrunni algengt jarðvegsform og jarðvegurinn víða geysidjúpur. Í þröngum dölum Tröllaskaga, í Skagafjarðardölum og meðfram hlíðum víða um héraðið er malarborinn eða grýttur jarðvegur ríkjandi þar sem aðalfylgijarðvegur eru mýrar á malar- og sandbornum grunni nema í Skagafjarðardölum þar sem mólendi á jökulurðargrunni er algengt jarðvegsform.
Jarðvegseyðing er mismikil innan héraðs. Mikil og alvarleg jarðvegseyðing er víða á hálendinu, ekki hvað síst norðan Hofsjökuls þar sem land er á stórum köflum örfoka. Á láglendi er ástandið til muna betra en þó eru víða hættumerki. Meðal viðkvæmra svæða má nefna brattar hlíðar Austur- og Vesturdals, fremsti hluta Tungusveitar, stór hluti Kjálka, nokkrir kaflar í Fram-Blönduhlíð, norðurhluti Langholts, ósasvæði Héraðsvatna, ysti hluti Sléttuhlíðar og innsti hluti Bakka og innsti hluti Skaga og inn fyrir Sævarlandsvík. Auk þess eru brattar hlíðar víða um héraðið farnar að láta á sjá m.a. vegna langvarandi beitarálags.

2.4.2 Gróðurlendi

Hnattstaða Íslands er í tempraða beltinu en samt er hægt að segja að landið tilheyri tveimur gróðurbeltum, láglendið upp að 400 metrum tilheyrir barrskógabeltinu en hálendið þar fyrir ofan er gróðurfarslega skyldast heimsskautabeltinu.
Líkur benda til þess að við upphaf landnáms hafi gróður þakið 1/2-3/5 hluta landsins þar af skóglendi um 1/4. Gróður þekur nú 1/5-1/4 landsins þar af skóglendi um 1/100. Því hefur tapast a.m.k. helmingur alls gróðurlendis og það minnkar enn. Skagafjörður hefur ekki farið varhluta af þessari gróðureyðingu og hefur gróður minnkað geysilega einkum til fjalla og inn á hálendinu. Í dag er meirihluti láglendis Skagafjarðar gróðri klætt og nær gróður sumsstaðar hátt upp í fjallshlíðar en á hálendinu er í heildina lítill gróður.
Á hálendinu norðan Hofsjökuls er sáralitill gróður, veldur því bæði að landið liggur hátt og lítið er um vatn. Gróðurinn er einkum meðfram vatnsfarvegum og í kvosum þar sem vötn eða flár hafa myndast. Á Giljarmúla eru helstu stóru samfelldu gróðurlendin en þar liggur land heldur lægra og úrkoma öllu meiri þar í hálendisbrúninni en innar á hálendinu. Í Orravatnsrústum má finna rústir á öllum þróunarstigum og eftir því margbreytileg gróðursamfélög.
Tröllaskagi er mjög hálendur og því örfoka og jöklar á hæstu stöðum. Þó finnst gróður sumsstaðar í skjólsælum hlíðum í mikilli hæð og hægt að finna samfellt gróðurlendi, þýfða móa eða mýrabletti í allt að 1000 metra hæð. Hæstu blettir með gróðri jafnvel samfelldum finnast enn hærra eða allt upp í 1200 metra hæð sem er hærra enn gerist annarsstaðar á landinu.
Skagafjarðardalir eru gróðurfarslega sérstakir fyrir Skagafjörð en þar er víða skógargróður sem skepnur hafa ekki náð til. Einnig eru þar fágætar tegundir á landsvísu s.s. reyniviður, liðfætla, sigurskúfur og kjarrhveiti. Mólendi á jökulurðargrunni er langalgengasta landslagsgerðin í dölunum og gróðurinn aðallega mosi en stör og elfting þar sem rakara er en mýrar og mýragróður er mjög fátæklegur og á stórum köflum er hann alls ekki til. Yfirleitt er gróðurinn heldur rýr og ber merki um langvarandi beit.
Miðhéraðið er mikið til marflatt og víða er land eggslétt, syðst eru sendnir valllendisbakkar en utar er land deigara og inn á milli mýra- og keldudrög. Um allt þetta svæði hafa Vötnin runnið og eiga það til í flóðum að renna yfir stór landsvæði. Fram með Vötnunum eru víða flæðimýrar með fergin og staratjörnum sem vaxnar eru hávöxnu grasi.
Hegranesið, sem eitt sinn var eyja, er um margt ólíkt nágrannasveitum gróðurfarslega. Skilyrðin eru þó svipuð en einangrun Hegranessins hefur valdið þessum sérkennum. Sortulyng og sauðamergur finnast ekki í Nesinu en rauðkollur sem er mjög sjaldgæf planta hefur fundist þar. Einnig einir sem ekki finnst víða.

Þegar utar kemur í héraðið er allmikið öðruvísi um að litast t.d. úti í Hrolleifsdal og að ekki sé nú talað um Fljótin. Þar er allt umvafið lynggróðri og kjarri grænt upp á efstu eggjar og mikið af stórvöxnu aðalbláberjalyngi í kjarrinu. Vafalaust er það snjórinn sem hlífir svona gróðrinum. Í inndölum sést varla maríustakkur og alls ekki finnungur sem víða er í Fljótum. Sumar snjódældaplöntur og allt að því fjallaplöntur vaxa mjög neðarlega á utanverðum Tröllaskaga.
Skaginn er mikið til gróðri vaxinn út á ystu annes. Fjölbreytni gróðurfarsins er allmikil en þar skiptast á valllendi, móar, mýrardrög og tjarnir. Utanvert við miðjan Skaga vex mikið af geitaskóf sem þótti fyrrum ágætis neyslujurt og jafnvel betri en fjallagrös.
Hjá Búnaðarsambandi Skagafjarðar er verið að kortleggja gróðurfar allra bújarða í Skagafirði. Mikið verk er þar óunnið og eru því ekki enþá fyrirliggjandi upplýsingar um heildaryfirlit gróðurfarsins í héraðinu.

2.4.3 Ræktarland

Skagafjörður er mikið landbúnaðarhérað og hefur því mikið land verið brotið til ræktunar á síðustu áratugum. Mýrar hafa verið ræstar fram og land þurrkað til að fá nothæft land túnræktar. Ræktunarland í Skagafirði er alls 10.726 hektarar.

Tafla 2.4.3-1
Ræktunarland, stærð í hekturum 1995

□ 100 ha

	sveitarfélag	ha		sveitarfélag	ha
1.	Fljótahreppur 10.1%	1.078	7.	Lýtingsstaðahreppur 18.3%	1.967
2.	Hofshreppur 13.4%	1.439	8.	Seyluhreppur 11.8%	1.266
3.	Hólahreppur 4.6%	496	9.	Staðarhreppur 7.3%	780
4.	Viðvíkurhreppur 4.1%	440	10.	Skarðshreppur 4.6%	492
5.	Rípurhreppur 6.0%	648	11.	Sauðárkrókur 1.1%	120
6.	Akrahreppur 14.8%	1.587	12.	Skefilsstaðahreppur 3.9%	413
	Skagafjörður	10.726			

Heimild: Fasteignamat ríkisins

2.4.4 Skógar og skógræktarsvæði

2.4.4.1 Helstu staðir skógarleifa í Skagafirði

Skagafjörður er eitt þeirra héraða í þessu landi sem virðast nær skóglaus við fyrstu sýn og er ásamt Húnavatnssýslum og Eyjafirði oft nefnt sem dæmi um hve fráleitt sé að trúa orðum Ara fróða í Landnámu að landið hafi verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Þó er talið að landnám hafi meiri hluti láglendis Skagafjarðar verið birki vaxinn og birkið náð hátt upp í hlíðar fjalllendisins sérstaklega inn til landsins. Á svæðinu innan við Hofsós að austan og Gönguskörð að vestan er talið að birkið hafi að jafnaði verið hærra en tveir metrar en í öllu úthéraðinu hefur það verið lægra og á ystu annesjum hefur aðeins verið um kjarrkræðu og lágvaxið birki að ræða.

Skógar eða skógarleifar í Skagafirði eru ekki miklar en þó eru nokkrir staðir sem hægt er að tala um að séu skógarleifar. Alls þekur birki í dag um 185 ha lands og er í 60-550 m hæð yfir sjó. Alls er 54% þess lægra en 2 m, 43% 2-4m en aðeins 3% hærra en 4 m. Helstu staðir skógarleifa í Skagafirði eru:

Klónskógur í Hrolleifsdal. Kjarrskógur um 80-90 ha. Þó eru hæstu hrísluar yfir 5 m háar. Einnig eru nokkur reyniviðartré sem eru um og yfir 3 m á hæð.

Ljótsstaðaskógur í Unadal. Heldur minni en Klónskógur. Mestmegnis lágar kræklóttar birkihríslur.

Fagrahlíð í Austurdal. Tæpur hektari lands með lágvöxnu kjarri. Hæstu tréin eru þó um og yfir 4 m á hæð.

Stórihvammur í Austurdal. Gulvíðir þekur stór svæði og nær fullorðnum manni vel í mitti og hér mun vera hæsti fundarstaður birkis á Íslandi í 620 m hæð yfir sjávarmáli.

Sunnan við Hraunþúfuklaustur í Vesturdal. Kjarrleifar í um 450 m hæð yfir sjávarmáli.

Á örfáum öðrum stöðum er að finna birkileifar t.d. á nokkrum stöðum í gljúfrum Jökulsár.

2.4.4.2 Nytsemi skógræktar

Skógrækt er til margra hluta nytsamleg. Innfluttar trjátegundir eru betri í einhverjum tilfellum en þær innlendu í öðrum. Sú reynsla sem nú er fengin í skógrækt má fullyrða að innfluttar trjátegundir hafa meira gildi en innlendar í:

- Framleiðslu á viði til nytja
- Ræktun jólatrjáa og skrautgreina
- Skjólbelti

Innfluttar trjátegundir hafa svipað gildi og innlendar í skógrækt sem hefur að markmiði:

- Útivistarsvæði
- Sumarbústaðalönd

Í þýðingarmesta markmiði skógræktar hafa innlendar trjátegundir svipað gildi ef ekki meira en þær innfluttu en það er:

- Gróður og jarðvegsvernd

Af þessum atriðum sem að ofan eru talin er hægt að telja að beinar nytjar séu af framleiðslu viðar og framleiðslu jólatrjá og skrautgreina. Önnur atriði gefa af sér óbeinar nytjar t.d:

a. Skógarteigur og skjólbelti veita skjól og getur svo hagað til að það komi sér vel og auki uppskeru á jarðargróðri og jafnvel að hægt sé að rækta nýjar tegundir sem ekki var hægt áður.
b. Á þeim svæðum þar sem mikil eftirspurn er eftir sumarbústöðum verður land verðmætara ef skógur er í nánd.
c. Í lerkiskógi verður undirgróður mjög mikill ef krónuþakið er komið meira en tvo metra frá jörðu. Þetta gefur möguleika á beit en beitargildi í slíkum skógum er mjög mikið.
d. Tveimur helstu innfluttu trjátegundunum, lerki og stafafuru, fylgja sveppir sem eru mjög verðmætir til matar.

Á komandi árum verður trúlega lögð meiri og meiri áhersla skjólbeltarækt og skógrækt til gróður og jarðvegsverndar. Í Skagafirði hafa menn ekki langa reynslu af meiriháttar skjólbeltarækt en þar sem það hefur verið reynt hefur það gefið góða raun. Árangur í skógrækt ræðst mest af þremur þáttum: Veðurfari, jarðvegi og aðgerðum sem geta örvað vöxt.

2.4.4.3 Skógræktarskilyrði

Þessum kafla fylgir 3. þemakort, Jarðvegsgerðir.

Skilyrði til skógræktar eru æði misjöfn. Þau veðurfarslegu atriði sem mest áhrif hafa þ.e. hitastig, úrkoma, vindhraði og snjóalög eru mjög misjöfn enda héraðið langt og því mikill munur á loftslagi fremst í Skagafjarðardölum og yst á Skaga. Loftslag er mesti áhrifavaldurinn á skilyrði til skógræktar og þá einkanlega síðdegishiti og vindur í mánuðunum júní til september. Samkvæmt hitamælingum frá 1971 - 80 liggja hæðarmörk birkiskóga í yfir 300 m hæð innst í Skagafjarðardölum (Hæsti fundarstaður birkis á Íslandi í Stórahvammi í Austurdal í 620 m hæð). Þegar utar kemur í héraðið lækka þessi mörk og á Skaga liggja mörkin neðan 0 m norðan Tindastóls og er því ekki talið mögulegt að rækta upp birkiskóga á Skaga. Samkvæmt þessum mælingum liggja nyrstu skógarmörk birkis á Íslandi yst á Tröllaskaga.

Hæðarmörk rauðgreniskóga liggja um 100 m neðar en birkiskóga og er því ekki talið mögulegt að rækta rauðgreniskóga í útsveitum héraðsins. Talið er að birkikjarr geti þrifist minnst 100 m ofar en birkiskógar.

Skilyrði til nytjaskógræktar og þá einkum furu og lerkis eru þokkaleg í innsveitum héraðsins frá Gönguskörðum að vestan að norðurmörkun Óslandshlíðar að austan. Á öllu þessu svæði eru allgóð skilyrði til skógræktar einkum er lengra kemur frá sjó. Athuganir sem Arnþór Garðarsson (1987) hefur gert á hæðarvexti og vaxtarlagi lerkis leiðir í ljós að svæðið innan við Varmahlíð gefur af sér einstaklega gott vaxtarlag og lendir það í sama gæðaflokki og lerki í innsveitum Eyjafjarðar, á Fljótsdalshéraði og í Þjórsárdal. Hæðarvöxtur er þó heldur meiri á hinum stöðunum. Á Norðurlandi má því búast við bestum árangri í lerkirækt í Eyjafirði innan Akureyrar og í innsveitum Skagafjarðar en vaxtarhraði og sérstaklega vaxtarlag batnar eftir því sem lengra kemur frá opnu hafi.

Menn binda almennt miklar vonir við ræktun stafafuru á Íslandi enda hafi það þótt eitthvert öruggasta skógartréð sem reynt hefur verið við íslenskar aðstæður. Hún virðist geta spjarað sig við margvísleg skilyrði en vaxtarhraðinn og afkoman mótast samt mjög af veðurfari á hverjum stað. Um norðanvert landið er lítil úrkoma á sumrin sem getur verið takmarkandi þáttur og á vetrum eru snjóalög sumsstaðar mikil og valda skemmdum. Snjóalög og vindar er mjög staðbundnir þættir en almennt má segja um vöxt stafafuru í Skagafirði að hann er bestur um miðhéraðið einkum þar sem eitthvert skjól er.

Almennt má því segja að skilyrði til skógræktar batni með aukinni fjarlægð frá sjó. Búast má því við bestum árangri á svæðum sem liggja í lítilli hæð yfir sjó og í mikilli fjarlægð frá hafi. Út frá því er hægt að skipta héraðinu, neðan 300 m hæðar yfir sjó, í grófum dráttum upp í þrjú svæði með tilliti til veðurfarslegra skilyrða til skógræktar.

I. Blönduhlíð innan við Miklabæ og Norðurárdalur fram fyrir Egilsá. Á þessu svæði eru skilyrði hvað best til nytjaskógræktar í Skagafirði. Vöxtur á lerki er hér góður og þær jarðir þar sem nytjaskógrækt er stunduð í héraðinu eru á þessu svæði. Það er á bæjunum Egilsá, Silfrastöðum og Kúskerpi.

II. Svæði innan við botn fjarðarins, frá Skagafjarðardölum og út að norðurmörkum Óslandshlíðar. E.t.v. eru aðstæður innan við Varmahlíð ekki lakari en á svæði I. Á norðurhluta þessa svæðis gætir hafrænna áhrifa mikið og verður að vanda vel til kvæma og tegunda ef þar á skógrækt að takast vel. Á vissum stöðum innan þessa svæðis hefur skógrækt tekist vel og hefur vöxtur almennt verið ágætur einkum er lengra dregur frá hafi.

III. Norðan Óslandshlíðar að austanverðu og Sauðárkróks að vestanverðu. Hafræn áhrif mjög mikil og því ekki hægt að stunda skógrækt. Trjárækt hefur sumsstaðar tekist ágætlega á vel skýldum stöðum ef réttar tegundir hafa verið notaðar. Víða eru mikil snjóalög sem liggja fram á sumar.

2.4.4.4 Skógræktarreitir

Gróðrastöðin að Laugarbrekku er rekin sem útibú frá Vöglum í Fnjóskadal til að þjóna Norðvesturlandi. Framleiðsla þar er lítil og ræktunaraðstaða frumstæð. Skagfirðingar hafa nýtt sér þjónustuna á Laugarbrekku og verið nokkuð iðnir að setja niður trjáplöntur síðustu áratugina. Hefur árangur verið misjafn, allt frá því að vera sáralítill upp í stórgóðan þar sem afföll eru lítil sem engin. Fjöldi skógarreita er í héraðinu en flestir þeirra eru litlir.

Tafla 2.4.4-1
Helstu skógræktarreitir í Skagafirði (stærri en 1 ha)

Staður	Girt ár	Fyrst gróðursetning	Stærð ha
Gilsbakki	1958	1958	1,5
Egilsá	1949	1949	1,2
Sumarhús	1948	1948	2
Kúskerpi	1962	1962	2
Úlfsstaðir	1952	1953	3
Sunnuhvoll	1954	1954	1
Sólheimagerði	1959	1959	3
Viðivellir	1933		1,3
Vaglir	1947	1947	2
Flugumýri	1954	1959	1
Þormóðsholt	1964	1964	1
Litlahlíð	1945/1947	1945	1,5
Svartárdalur	1961	1961	1,3
Árnes	1960	1960	1
Viðidalur	1967	1967	1
Brekka	1957	1958	2
Reykjarhóll	1943	1947	16
Varmahlíð 1	1933	1934	3,3
Varmahlíð 2	1939	1947	2
Syðra Skörðugil	1947	1947	1,2
Reynistaður	1943	1947	9
Vík	1951	1951	1
Birkihlíð	1939/1951	1939	1
Sauðárgil	1950	1950	3,5
Skógarhlíð		1974	
Sauðárkrókur		1959	3
Innstaland	1957	1957	1
Hróarsdalur	1954	1966	1
Rip	1937	1952	4,1
Utanverðunes	1951	1951	1,1
Viðvík	1948/1956	1948	3,5
Hólar	1950/1989	1950	43
Neðri-Ás	1978	1978	2
Sleitustaðir	1948	1948	2,4
Melstaður	1964	1964	1
Hofsós	1954	1954	1

Heimild: Skógræktarfélag Íslands

Heimildaskrá

2.4 Gróðurfar
Ingvi Þorsteinsson, 1972: Gróðurvernd, byggð á hóflegri nýtingu og ræktun lands. Rit Landverndar 2. 128 bls.

2.4.1 Jarðvegur
Björn Jóhannesson, 1960: Íslenskur jarðvegur. Með yfirlitskorti. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 134 bls. Aðallega bls. 62-68 og kort.
Björn Jóhannesson: The soils of Iceland.
Grétar Guðbergsson, 1974: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. B.S. ritgerð í jarðfræði við Háskóla Íslands. 44 bls.
Grétar Guðbergsson, 1975: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir, 7. árg. (1.-2. tbl.) Bls. 20-45.
Grétar Guðbergsson: Viðarkol í jarðvegi í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1985. Bls. 52.
Landgræðsla ríkisins: Jarðvegseyðing í Skagafirði, greining gerð sumarið 1995.
Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls. 136-140 og 144-152.

2.4.2 Gróðurlendi
Arnþór Garðarsson (ritstjóri), 1975: Votlendi. Rit Landverndar 4. 238 bls. Aðallega bls. 210-238.
Grétar Guðbergsson, 1992: Skógar í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1992. Bls.74-85.
Guðni Þorvaldsson, 1993: Gróðurfar og nýting túna á Norðurlandi. Fjölrit RALA 164, 37 bls.
Guðbrandur Magnússon, 1982: Jurtaskrár úr Drangey, Málmey og Þórðarhöfða. Týli, 12. árg (2. tbl.) Bls. 60-68.
Guðbrandur Magnússon, 1988: Háplöntuflóra Skagafjarðarsýslu. Skagfirðingabók 17, Sögufélag Skagfirðinga 1988. Bls. 99-134
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Hörður Kristinsson, 1991: Gróður. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 7-20.
Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins, 1969 og 1985. Gróðurkort af Íslandi. Blað nr. 227, 228 og 248. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Menningarsjóður.
Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins: Gróðurkort af Íslandi.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.
Viðtöl:
Egill Bjarnason, ráðanautur Búnaðarsambandi Skagafjarðar.

2.4.3 Ræktarland
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.

2.4.4 Skógar og skógræktarsvæði
Aðalsteinn Sigurgeirsson, 1988: Stafafura á Íslandi, Vöxtur, ástand og möguleikar. Sérprentun úr Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1988. 36 bls.
Arnór Snorrason, 1987: Lerki á Íslandi. Samanburður á tegundum, kvæmum og vaxtarstöðum. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1987. Bls. 3-20.
Grétar Guðbergsson, 1992: Skógar í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1992. Bls. 74-85.
Haukur Ragnarsson, 1977: Um skógræktarskilyrði á Íslandi. Í: Skógarmál. Reykjavík. Bls. 224-247.
Páll Bergþórsson, 1986: Loftslag og skógrækt. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1986. Bls. 67-71.
Sigurður Blöndal, 1987: Nytjaskógar á bújörðum. Sérprentun úr Árbók bóndans 1987. 18 bls.
Sigurður Blöndal, 1977: Innflutningur trjátegunda til Íslands. Í: Skógarmál. Reykjavík. Bls. 173-223.
Viðtöl:
Gunnar Guðmundsson, Viðinesi Hólahreppi.
Hulda Axelsdóttir, Nautabúi Lýtingsstaðahreppi
Marta Svavarsdóttir, Viðidal Seyluhreppi.



2.5 Dýralíf

2.5.1 Straum- og vatnafiskar

Almennt um silungsveiðivötn og veiðiár í Skagafirði
Þetta er ekki tæmandi upptalning á silungsveiðivötnum og veiðiám í Skagafirði. Þessi vatnasvæði eru þau sem rannsökuð hafa verið og til eru góðar upplýsingar um. Þrátt fyrir að hér sé talað um stærðardreifingu bleikju og urriða þá skal tekið fram að ástand einstakra stofna breytist að einhverju leyti frá ári til árs.
Miklir möguleikar liggja í stangveiði og netaveiði í skagfirskum vötnum. Þessir möguleikar hafa verið nýttir að einhverju leyti en þó má gera mun betur. Laxveiðihlunnindi eru góð við skagfirsku laxveiðiárnar. Jafnframt því að bæta nýtingu á þeirri auðlind sem vatnafiskamir eru, þarf að gæta þess að sýna þeim virðingu og virða tilverurétt þeirra. Þessar auðlindir þarf að umgangast með þeim hætti að komandi kynslóðir geti notið þeirra líka. Skilningur fólks á þeim skaða sem umhverfisrask getur valdið er að aukast, en einnig þarf að vernda náttúrulega stofna fyrir erfðablöndun við aðra stofna (af manna völdum). Dæmi um skaða af því tagi eru sleppingar á aðkomu laxi eða laxaseiðum í ár sem fóstra sinn eigin laxastofn. Slíkt er nú bannað samkvæmt lögum. En ávallt eru brögð að því að menn fari í kringum lögin. Skagafjörður er þar engin undantekning. Sjúkdómar og aðflutningur manna á framandi tegundum sem geta raskað lífríkinu er áhyggjuefni.

1. Stífluvatn í Fljótum
Vatnið varð til í tengslum við virkjunarframkvæmdir. Miklar vatnshæðarsveiflur hafa verið í vatninu vegna þess að það er miðlunarlón. Framleiðni í vatninu er því lítil. Bleikja er í vatninu og hefur hún í seinni tíð verið fremur smá. Bleikjan er mest veidd á stöng og hefur stangveiðin verið vinsæl. Sumarhús eru á staðnum og nýtast þau veiðimönnum. Samgöngur eru góðar við vatnið. Fiskistofnar vatnsins hafa ekki verið athugaðir svo vitað sé.

2. Fljótaá
Í ánni er þokkaleg lax- og bleikjuveiði og er stangveiði í ánni leigð út. Lífríki árinnar er mjög viðkvæmt fyrir skakkaföllum sem geta hlotist af starfsemi virkjunarinnar og varð eitt slíkt slys 1994 þegar hleypt var of miklu vatni í einu úr miðlunarlóninu.

3. Miklavatn í Fljótum
Gerð var viðamikil úttekt á vatninu árin 1976-1978. Eðlis- og efnafræði Miklavatns var þá könnuð svo og lífrænt svif. Í tengslum við þessa rannsókn var unnin samantekt á fiskigöngum og veiði í vatninu. Fiskistofnar vatnsins hafa ekki verið athugaðir sérstaklega svo vitað sé. Umfjöllun um Miklavatn er því byggð á þeim rannsóknum. Miklavatn er allstórt og djúpt og er ferskvatn í efra lagi en sjór í neðra lagi. Vatnið hefur afrennsli til sjávar um þröngan ós. Í vatninu hefur ávallt verið mikil silungsveiði og vitað er að ýmsir sjávarfiskar hafa gengið í vatnið, svo sem skarkoli, ufsi, þorskur og síld. Áður fyrr voru þessar tegundir að frátalinni sildinni veiddar undir ís í vatninu á vetrum og síld í dráttarnet á sumrin. Fljótaá fellur í Miklavatn og fer því göngufiskur á leið í Fljótaá um vatnið. Á síðustu árum hefur Miklavatn verið nýtt í tengslum við fiskeldi í Fljótum. Sérstaklega þarf að gæta að því að sú starfsemi valdi ekki mengun eða skaða af óðru tagi í vatninu eða umhverfi þess. Vatnið á sér fáa aðra staði líka nema ef vera kynni Ólafsfjarðarvatn.

4. Flókadalsá, Flókadalsvatn og Hópsvatn
Flókadalsá er sjóbleikjuá og er þar oft líflega sjóbleikjuveiði að hafa seinni hluta sumars. Í Flókadalsvatni er aðallega bleikja en einnig urriði. Hluti bleikjunnar gengur til sjávar. Í Hópsvatni er mest bleikja og er hún fremur smá um þessar mundir. Hluti bleikjunnar gengur til sjávar. Minna hefur verið um sjávargöngu bleikju úr Flókadalsvatni og Hópsvatni að undanförnu samanborið við fyrri ár. Vatnasvæðið hefur verið vinsælt stangveiðisvæði og hafa einstakir hlutar þess verið í útleigu til félagasamtaka og hópa hin síðustu ár. Góðar samgöngur eru við mestan hluta veiðisvæðisins.

5. Sléttuhliðarvatn
Í Sléttuhliðarvatni eru bæði urriði og bleikja. Urriðinn verður fullvaxinn um 300-600 gr. Þéttleiki bleikju er mikill í vatninu og stærsti hluti hennar er smár, 140-250 gr. Lítill hluti bleikjustofnsins gerist ránbleikja og nærist á hornsílum. Þessar bleikjur verða nokkru stærri en hinar, 250-400 gr. Vatnið hefur samgang við sjó og jafnan gengur hluti bleikjustofnsins til sjávar. Oft er því sæmileg sjóbleikjuveiði í vatninu seinni hluta sumars. Mikil stangveiði hefur verið í vatninu um árabil og veiðikofi við vatnið. Nokkur netaveiði hefur jafnan verið stunduð í vatninu og var hún mjög mikil á tímabili eða árin 1985 og 1986. Nú er lítið

veitt í net í vatninu en stangveiði mikil sem fyrr auk þess sem vatnið hefur verið notað fyrir vatnasleða. Samgöngur eru mjög góðar við vatnið enda er það í byggð.

6. Höfðavatn
Höfðavatn er stórt sjávarlón og getur staðið undir mikilli bleikjuveiði. Þar hefur jafnan verið stunduð netaveiði og var hún sérstaklega mikil árin 1985-1986. Vatnið hefur verið tiltölulega lítið stundað hin síðustu ár. Algeng stærð á bleikju í vatninu er 160-300 gr en er breytileg á milli ára. Breytilegt er hve bleikja tekur vel á stöng í vatninu og eru netaveiðar því mikilvægastar við nýtingu þess. Vatnið er í byggð og samgöngur við það góðar.

7. Hjaltadalsá og Kolka
Sjóbleikja er ríkjandi fiskur í ánum, sérstaklega í Kolku. Oft er þar góða sjóbleikjuveiði að hafa seinni hluta sumars. Aðeins er um lax í ánni, sérstaklega neðantil.

8. Garðsvatn
Í Garðsvatni er bleikja og mun hún vera þokkalega væn. Flóð í Austari-Héraðsvötnum ná stundum að vatninu og flæðir þá vatn yfir það. Litlar veiðar hafa verið á bleikju í vatninu á undanförnum árum. Vatnið er hluti af því svæði sem nefnt er Austara-Eylendið og mikilvægur samastaður margra fuglategunda eins og til að mynda flórgoðans. Líklegt má telja að ásamt bleikju, sé hornsíli í vatninu. Góðar samgöngur eru að vatninu.

9. Ásvatn
Í vatninu eru bleikja og hornsíli. Í því má hafa góða stangveiði. Fjölskrúðugt fuglalíf er við vatnið.

10. Kárastaðatjörn (Brúnklukkutjörn)
Í vatninu mun allavega vera bleikja og hornsíli. Vatnið er þekkt úr þjóðsögum Jóns Árnasonar fyrir að þar muni vera loðsilungur. Sagan segir að fólk hafi látist af því að leggja sér þessa loðsilunga til munns.

11. Svanavatn (Vatnskotsvatn)
Lítið vatn sem hefur samgang við Héraðsvötn. Þar munu vera bleikja og hornsíli. Ekki fer sögum af nýtingu á vatninu.

12. Nesvatn við Utanverðunes
Lítið grunnt vatn sem er landlukt. Í vatninu er bleikja og hornsíli. Ekki fer sögum af nýtingu á vatninu.

13. Hendikotsvatn
Vatnið hefur líklega samgang við Héraðsvötnin á vorin. Í vatninu var áður fyrr töluvert af bleikju sem var veidd. Það er nú líklega ofauðgað vegna áburðarnotkunar og þess að læk sem í vatnið rann var veitt annað. Fiskur mun því hafa drepist niður í vatninu.

14. Hólmavatn
Í vatninu er mikið af bleikju og hornsíli en einnig urriði. Urriðinn gengur hugsanlega til sjávar. Nokkur veiði hefur verið stunduð í net og sömuleiðis stangveiði. Umhverfi vatnsins er sérlega fagurt og vatnið er stutt frá þéttbýli. Stangveiði í vatninu er mjög góð og væri hægt að efla hana frekar. Fjölskrúðugt fuglalíf er við vatnið.

15. Urriðavatn
Vatnið hefur samgang við Hólmavatn og þar eru urriði, bleikja og hornsíli. Mest er af bleikju og hefur hún verið nýtt með netaveiði. Ekki er vegur að vatninu.

16. Héraðsvatnasvæðið
Vatnasvið Héraðsvatna er hátt á þriðja þúsund ferkílómetrar og teygir það sig alla leið suður í norðanverðan Hofsjökul. Sjóbleikja er um allan þann hluta Héraðsvatnanna sem fiskgengur er frá sjó. Segja má að víðast sé mikið um sjóbleikju. Hún virðist ferðast mikið á milli staða í vatnakerfinu ekki síður en til sjávar og svo virðist sem að hún hafi stundum vetursetu fjarri heimaslóð. Þegar fiskamir verða kynþroska er samt líklegt að þeir skili sér á sinn upprunastað. Urriði er einnig víða og þá mest í vatnslitlum og grónum hliðarlækjum. Urriðinn gengur gjarnan til sjávar og skilar sér sem sjóbirtingur. Mikil bleikjuveiði er um nánast allt Héraðsvatnasvæðið þar sem sjóbleikja fer um. Veiðin er því góð hlunnindi fyrir mjög marga. Mest af þessari veiði er í net. Erfitt er að átta sig á því hve mikil áhrif veiði á einum stað hefur á veiði á öðrum stað vegna þess hve bleikjan ferðast mikið um vatnasvæðið.

17. Vatnshlíðarvatn
Eina fisktegundin í Vatnshlíðarvatni er bleikja og vatnið er landlukt. Bleikjan í vatninu greinist í tvö afbrigði sem hafa ólíkt vaxtarferli, fæðuval, hrygningartíma, að einhverju leyti hrygningarstaði, kynþroskaaldur, ævilengd, lit og líkamslögun. Smærri gerðin er fullvaxin um 16- 60 gr en sú stærri 80-350 gr. Ekki er vitað til þess að vart hafi orðið við afbrigðamyndun af þessu tagi hjá bleikju í öðrum vötnum með svipaðar umhverfisaðstæður. Þarna eru því á ferðinni einstæðir þróunarfræðilegir ferlar sem taka þarf tillit til við umgengni og nýtingu vatnsins. Nokkur netaveiði hefur verið stunduð í vatninu á síðustu árum og hefur hún einskorðast við stærra bleikjuafbrigðið. Stangveiði hefur lítt verið stunduð en það er nú að breytast. Góðar vonir standa til þess að stangveiði megi efla mjög í framtíðinni. Bleikjan gefur sig oft ágætlega á stöng og vatnið er í þjóðbraut. Í Vatnshlíðarvatni eru nýtingarmöguleikar í framtíðinni mestir í stangveiði.

18. Húseyjarkvísl
Sæmileg laxveiðiá en einnig eru sjóbleikja og urriði í ánni. Hluti urriðans gengur til sjávar. Hornsíli er áberandi á sumum stöðum í ánni. Lífríki neðri hluta árinnar líður nokkuð fyrir framræslu og annað rask. Mengun vegna skolps var vandamál en það ástand hefur batnað á síðustu árum. Stangveiði er ágæt í ánni.

19. Sæmundará
Sæmundará var allgóð laxveiðiá og var laxinn veiddur bæði í Miklavatni og í ánni sjálfri. Einnig er sjóbleikja í ánni. Deilur voru um tíma vegna nytja af laxinum. Var laxinn í ánni í mikilli lægð á meðan á þessum deilum stóð. Áttu ármenn og aðilar við vatnið þar hvorutveggja hlut að máli. Nú hefur hins vegar náðst góð sátt um nýtingu fiskistofna á vatnasvæðinu.

20. Miklavatn í Borgarsveit
Í Miklavatni er bleikja og gengur hluti hennar til sjávar. Einnig er vottur af urriða. Svo virðist einnig sem að sjóbleikja annarsstaðar af vatnasvæðinu hafi vetursetu í Miklavatni. Staðbundni hluti bleikjustofna Miklavatns er oftast fremur smár fiskur, 120-250 gr. Lífríki vatnsins hefur hrakað á undanförnum árum og á þar framræsla lands stóran hlut að máli. Vatnsbúskapur er óstöðugri og framburður mikill í vatnið. Mestu munar um söfnunarskurðinn en hann skilar framburði af stóru svæði í vatnið. Vatnið er oft mjög grugguget vegna þessa en slíkt hamlar frumframleiðslu í vatninu og kemur því niður á fæðu fyrir fisk auk þess sem kafendur eiga erfitt með að athafna sig. Þessi framburður skaðar því fiskistofna vatnsins, fugla og annað lífríki.
Lax á leið í Sæmundará fer um vatnið á leið sinni í ána. Það flækir því málin með nýtingu á vatninu. Nú má ekki veiða í vatninu frá 15. júní til 15. september ár hvert, eða á göngutíma laxins. Í vatninu var áður fyrr nokkur netaveiði á laxi en einnig silungsveiði. Í seinni tíð hefur mest verið veitt af bleikju og er vonandi að flötur verði á því að nýta hana í framtíðinni. Ekki fer sögum af því hvernig stangveiði gefst í vatninu. Góðar samgöngur eru við vatnið.

21. Laxá í Laxárdal ytri
Áin er þokkaleg laxveiðiá, en þar er einnig sjóbleikja og vottur af urriða. Umhverfi árinnar er mjög fagurt og Laxá því skemmtileg stangveiðiá. Veiði í ánni hefur verið í lægð að undanförnu en búast má við uppsveiflu á næstu tveimur árum.

Vötn á Skaga.
Þau sem eru nýtt að staðaldri eða hafa verið rannsökuð.

22. Reyðartjörn
Í tjörninni er bleikja og skiptist hún í tvo stærðarhópa eftir fæðuvali. Þær sem gerast hornsílaætur verða 600-2.000 gr. Hinar sem mest nærast á vatnabobbum verða 220-400 gr. Vatnið hefur lítið sem ekkert verið nýtt á undanförnum árum. Ekki er sátt um landamerki og torveldar það nýtingu. Jeppavegur er að vatninu og er umferð um hann háð samþykki eins landeiganda. Að öðrum kosti verður að ganga um nokkuð langan veg að vatninu.

23.-25. Ölvesvatn, Selvatn og Selá
Ölvesvatn hefur ávallt verið nokkuð nytjað með netaveiði. Eftir að farið var með markvissari hætti að miða möskvastærð neta við ástand fiskistofnanna hverju sinni hefur vænleiki og gæði bleikjunnar í vatninu aukist. Auk bleikju eru urriði og hornsíli í vatninu en hornsíli virðist vera í flestum vötnum á Skaga. Fullvaxinn urriði í vatninu er nú um 500-2000 gr. Stærðardreifing kynþroska bleikju er tvískipt, annarsvegar eru þær sem éta hornsíli, allavega hluta ársins og hinar sem takmarka sig við aðrar fæðutegundir. Fyrrnefndu bleikjurnar verða um 300-600 gr en hinar um 250-350 gr. Í Selvatni er einnig

ágæt urriða - og bleikjuveiði en bleikjan er þar nokkuð smærri og lakari sem veiðifiskur. Hún verður um 100-200 gr. fullvaxin. Urriðinn í Selvatni verður um 250-600 gr. Affall Ölvesvatns og Selvatns sameinast í Selá sem er jafnframt aðalhrygningarsvæði urriða úr þessum vötnum. Vötnin tvö og áin eru eitt stangveiðisvæði og bjóða upp á einstaklega fjölbreytta veiðimöguleika. Mikill vöxtur hefur verið í stangveiði á þessu svæði og er það að verða eitt eftirsóttasta silungsveiðisvæði á Norðurlandi vestra. Núverandi nytjar á þessum vötnum eru gott dæmi um það hvernig má með árangursríkum hætti nytja vötn bæði til netaveiði og stangveiði ef rétt er á málum haldið. Þess má og geta að bleikja af Ölvesvatnsstofni er talin einstaklega góð til eldis og er sú bleikja sem best hefur komið út í bleikjueldisrannsóknunum á Hólum. Fólksbílafær vegur er að Ölvesvatni og þar er fjallakofi sem leigður er út á sumrin. Jeppavegur er að Selvatni.

26. Hraunvatn
Hraunvatn er að hluta til í eigu Höfðahrepps í Austur Húnavatnssýslu og flækir það nokkuð nytjar af vatninu eins og oft vill verða þegar vötn liggja á sýslumörkum. Núverandi fyrirkomulag við vatnið er hinsvegar öllum aðilum að skapi en samkomulag náðist um veiði í vatninu á milli landeigenda í Skagafirði og Höfðahrepps. Það mun nú, nema annað verði ákveðið, aðeins verða nytjað með stangveiði. Til þessa hefur stangveiði lítt verið stunduð í vatninu en vatnið hentar samt á margan hátt mjög vel til stangveiði. Þar hefur jafnan verið mikið af vænum urriða og aðeins af bleikju. Algeng stærð á fullvöxnum urriða er 300-700 gr. Jeppavegur er að Selvatni en svo tekur við þæfingsjeppafæri að vatninu. Samgöngur að vatninu eru slæmar beggja vegna.

27. Rangártjarnir
Í tjörnunum er ágætis bleikja og urriði en þær hafa lítið verið nýttar, allavega í seinni tíð. Kemur þar bæði til erfiðar samgöngur, en ekki er bílfært nema áleiðis að vötnunum og er um slæman jeppaveg að fara, og svo það hve mikið er af góðum veiðivötnum í grendinni. Meira var þar af urriða. Urriðinn verður 400-1000 gr en bleikjan 250-450 gr.

28. Nýjavatn
Upprunalega var Nýjavatn litlar tjarnir er kölluðust Heyvötn. Í þeim var bæði bleikja og hornsíli. Með gerð stíflugarðs varð til nokkuð stórt vatn og hefur það samgang við Ölvesvatn (lítill lækur). Bleikja í vatninu er mjög væn og hún verður að jafnaði um eitt til tvö kíló að þyngd. Rétt aðeins örlar á urriða sem væntanlega er upprunninn í Ölvesvatni. Vatnið er nytjað með netaveiði. Ekki fara sögur af stangveiði í vatninu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess að veiða þar á stöng. Fólksbílafært er langleiðina að vatninu og jeppafært alveg að því.

29. Stífluvatn
Stífluvatn er lítið vatn og úr því rennur lækur í Ölvesvatn. Í Stífluvatni er mikil og góð bleikja og hefur hún verið á uppleið og verður að jafnaði yfir 500 gr. Aðeins örlar á urriða í vatninu. Talsverð netaveiði hefur verið í vatninu. Góða stangveiði er stundum að hafa í vatninu. Stífluvatn er skammt frá Ölvesvatni en til þess að komast að því þarf að fara með bát yfir Ölvesvatn eða ganga í um 30 mín. fyrir Ölvesvatn. Ekki er vegur að vatninu.

30. Andavatn
Andavatn er lítið vatn eins og Stífluvatn og er þar góð bleikja. Bleikjan verður mikið 350-700 gr. Vatnið er nytjað með netaveiði. Ekki er urriði í Andavatni. Vegur fær fólksbílum er langleiðina að vatninu (upp að Ölvesvatni), en síðasti spottinn er aðeins jeppafær. Um 20 mín. gangur er frá Ölvesvatni að Andavatni.

31. Urðarselstjörn
Lítil tjörn með einstaklega vænni bleikju. Bleikjan verður um og yfir eitt kíló að jafnaði og er mjög holdgóð. Mikið er veitt með netum í tjörninni en illa veiðist þar á stöng. Jeppavegur er að tjörninni.

32. Skálavatn
Vaxandi stangveiði hefur verið í Skálavatni. Í vatninu er mikið af bleikju en hún er að jafnaði fremur smá, 100-160 gr. Nokkuð er hins vegar af stórum urriða og er hann eftirsóttur í stangveiði. Lítið er um netaveiði í vatninu eins og er, en um tíma var talsvert veitt þar af bleikju í net. Jeppavegur er að vatninu.

33. Selvatn (2)
Selvatn hefur lengi verið vinsælt stangveiðivatn og er bleikjan þar með allra besta móti um þessar mundir og verður 300-1400 gr fullvaxin. Urriði er í vatninu og verður hann mikið 400-600 gr. Vatnið hefur aðeins verið nýtt með netaveiði, en eins og er fer þar aðeins fram stangveiði. Jeppavegur er að vatninu.

34. Skjaldbreiðarvatn
Vatnið er lítið en þar mun vera talsverð stangveiði og er vatnið leigt út til félagasamtaka. Ekki er veitt með netum í vatninu.

35. Álftavatn
Af Álftavatni er svipaða sögu að segja og Skjaldbreiðarvatni, vatnið er lítið og þar er stunduð stangveiði en ekki netaveiði. Svipað má segja um þrjú önnur lítil vötn á sama svæði.

36.-38. Nesvatn, Hörtnárvatn og Nesá
Svæðið er mjög vinsælt til stangveiði og er þar bæði urriða og bleikju að hafa. Nesá rennur á milli vatnanna er góð veiði í ánni ekki síður en í vötnunum. Lítil netaveiði hefur verið í þessum vötnum undanfarin ár. Auðvelt er að komast að hluta þessa svæðis á bíl.

39. Heimavatn (skammt frá bænum Efra-Nesi)
Vatnið er lítið en allnokkur stangveiði er í vatninu og læk sem úr því rennur. Vatnið hefur einnig verið lítillega nytjað með netaveiði.

40. Kollusátursvatn
Mikið er af hornsíli í vatninu og virðist bleikjan að mestu nærast á hornsíli eftir að hún hefur stærð til. Bleikjan verður mjög væn eða 350-600 gr að jafnaði. Mjög góð netaveiði hefur verið í vatninu undanfarin ár. Stangveiði hefur lítillega verið stunduð. Bleikja úr Kollusátursvatni verður reynd í eldistilraunum á Hólum á næstu misserum og var fyrstu klakfiskunum safnað haustið 1995. Vonir standa til að bleikja af þessum stofni geti reynst vel í bleikjueldi. Þokkalegur vegur er að vatninu.

41. Neðstavatn.
Vatninu og lífríki þess svipar mjög til þess sem er í Kollusátursvatni og er bleikjan og nýtingarfyrirkomulag áþekkt í þessum vötnum. Vottur er af urriða í vatninu og er hann mjög vænn. Þokkalegur vegur er að vatninu.

42. Steinatjörn
Svipað og Neðstavatn, nema að hlutfall bleikju og urriða er jafnara. Lítið er veitt í þessu vatni.

43. Hraunsvatn
Vatninu svipar til Kollusátursvatns og Neðsta-vatns. Algeng stærð á fullvaxinni bleikju er 350-650 gr. Nokkuð er af vænum urriða í vatninu og gerir það vatnið fýsilegra sem stangveiðivatn, enda hefur stangveiði verið talsvert stunduð í Hraunsvatni. Drjúg netaveiði hefur verið í vatninu um langa tíð. Þokkalegur vegur er að vatninu.

44. Djúpavatn
Í Djúpavatni er bleikja og nær hún háum aldri. Bleikjan er væn og er um 300-800 gr. Vatnið hefur nánast ekkert verið nýtt með netaveiði eða stangveiði í langan tíma og er aldurssamsetning bleikjunnar órækt vitni um það. Vegur er langleiðina að vatninu en ganga þarf í um það bil 15 mín. til að komast að því.

45. Þangskálavatn
Þangskálavatn er lítið sjávarlón en þó landlukt. Sjór gengur inn í vatnið öðru hvoru. Bleikjan í vatninu verður mjög væn og þykir einstaklega góð til átu. Í vatninu er reglulega veitt með netum en stangveiði hefur ekki gengið vel. Vatnið verður því fyrst og fremst nýtt með netaveiði.

46. Aravatn
Aravatn er meðal allra bestu veiðivatna landsins. Vatnið er mjög gjöfult og þolir mikla netaveiði. Bleikjan verður gjaman 300-500 gr og hefur verið á uppleið að undanförnu. Urriði er í vatninu en skiptir minna máli í netaveiðinni. Hann verður mjög vænn. Mjög mikið hefur verið veitt af bleikju í net í Aravatni á undanförnum árum. Nýbúið er að gera veg að vatninu og koma þar fyrir fjallakofa fyrir veiðimenn. Stangveiði hefur verið nokkur í vatninu í gegnum árin.

2.5.2. Sjávardýr og nytjar, innfjarðarmið

2.5.2.1 Veiðar á hryggleysingjum

Við veiðar á mörgum hryggleysingjum eru notuð veiðarfæri sem róta upp botni eða valda annarskonar raski. Mikilvægt er að við val á veiðarfærum og veiðisvæðum sé miðað við að valda eins litlum skaða og

hægt er. Sumir þessir stofnar eru mjög viðkvæmir fyrir ofveiði og geta þurft langan tíma til að endurnýja sig. Nægir þar að nefna kúskelina sem verður ekki kynþroska fyrr en hún er búin að ná háum aldri og þarf allt að 20 ár til þess að ná markaðsstærð.

Kúfiskur
Á síðustu árum hafa miklar rannsóknir farið fram á kúfiski hér við land og þá meðal annars í Skagafirði þó að enn séu þar líkleg kúfiksvæði ókönnuð, til að mynda við Þórðarhöfða. Þessar rannsóknir benda til þess að kúfiskur sé í veiðanlegu magni og þéttleika inn á Skagafirði þó að stofnstærðaráætlanir séu ekki fyrir hendi. Möguleikar á kúfiskveiðum í Skagafirði munu þó vera lakari en víða annarsstaðar vegna takmarkaðri miða og þess að meira er af ormi í skagfirskum kúskeljum. Snýkjudýrið gæti torveldað sölu á ferskri skel og kallað á meiri vinnslu. Til þess að kúfiskveiðar geti borið sig þarf skelin að vera í nægjanlegum þéttleika og stofninn að geta staðið undir veiði til lengri tíma. Kúskelin er hægvaxta, langlíf og nýliðun lítil. Veiðiþol gæti því verið lítið og endurnýjunartími langur. Meiri rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við kúfiskveiðar mun fara fram á næstu árum og sjálfsagt fyrir Skagfirðinga að fylgjast með þeirri þróun með hugsanlega þátttöku í veiðum í huga.

Sandskel og krókskel
Þessi skeldýr hafa lítið verið rannsökuð við Ísland en vitað er að krókskel sem þekkt er við Grænland, hefur svipað kjörlendi og kúskel og er talin mýkri og ljúffengari.

Hörpudiskur
Hörpudiskveiðar hafa gefist vel við Íslandsstrendur og hafa þær veiðar verið umfangsmestar á Breiðafirði. Hörpudiskveiðar hafa verið reyndar í Skagafirði. Stofnstærð hörpudisks í Skagafirði er nú áætluð um 1200-1400 tonn og áætlaður veiðikvóti sem að jafnaði er um 10% af stofnstærð myndi því losa 100 tonn. Þessi hörpudiskmið í Skagafirði eru talin vera um 435 ferkílómetrar að stærð. Miðað við núverandi vinnsluhætti virðist ljóst að veiðanlegt magn af hörpudiski í Skagafirði stæði ekki undir eigin verksmiðju. Slík vinnsla yrði því að vera í samvinnu við aðila í fleiri byggðarlögum. Ef að markaðir opnast fyrir ferska skel gæti þessu hinsvegar horft öðru vísi við. Til þessa hefur aðeins samdráttarvöðvi hörpudisksins verið nýttur á Íslandi en hrognin eru einnig góð markaðsvara. Það hefur verið vandamál við nýtingu á hrognunum að mengun hefur í sumum tilfellum mælst of mikil. Hörpudiskurinn virðist skilja mengunarefni út í hrognum fremur en að þau safnist í kjötið. Auk þess er skelin langlíf og verður 20-40 ára sem þýðir að hún getur verið að safna í sig mengunarefnum yfir lengri tíma. Mengun í hrognum þarf því ekki að þýða að viðkomandi svæði sé svo sérstaklega mengað. Það þarf því að gera mengunarmælingar á hörpudiski í Skagafirði og það sama má segja um aðrar langlífar skelfisktegundir eins og kúskelina sem verður allt að 200 ára gömul. Ef að hrognin eru í lagi getur verið að hægt sé að þróa markaði fyrir skelfiskhrogn ekki síður en fiskinn sjálfan og auknir möguleikar verða á útflutningi á ferskri skel á veitingahúsamarkað.

Kræklingur og aða
Sjávarföll og strendur Skagafjarðar bjóða upp á fremur rýr skilyrði fyrir krækling og öðuskel. Samt mun vera eitthvað um þessar skeljar en nýtingarmöguleikar minni en víða annarsstaðar.

Beitukóngur
Talsvert er af beitukóngi hér við land en útbreiðsla hans og líffræði lítið rannsökuð enn sem komið er. Hann er ljúffengur til átu og gæti orðið eftirsótt markaðsvara ef hann má finna í veiðanlegu magni. Engar upplýsingar virðist að hafa um útbreiðslu eða gæði beitukóngs í Skagafirði sérstaklega. Hér er eins og með margt annað rannsókna þörf.

Ígulker
Ígulkerjaveiðar hafa verið reyndar í Skagafirði og lofuðu á margan hátt góðu. Forsendur fyrir slíkum veiðum eru haldgóðar upplýsingar um útbreiðslu og líffræði dýrsins, eins og það hvar og hvenær hrognafylling er nægjanleg til að standa undir veiðum og hvernig það tengist þéttleika o.s.frv. Á þetta skorti þegar ígulkerjaveiðar voru að fara af stað fyrir fáeinum árum. Hafrannsóknarstofnun hefur á síðustu árum staðið fyrir rannsóknarátaki á þessum sviðum, en slíkar rannsóknir eru grundvallarforsenda þess að hægt sé að byggja upp atvinnuveg í tengslum við ígulkerjaveiðar. Fjármagn og þróun markaða skipta svo ekki síður máli ef vel á að takast til. Í byrjun var mest miðað við hrognavinnslu en sala á heilum ferskum ígulkerjum er einnig möguleiki sem huga ber að. Þannig hafa að undanförnu verið gerðar tilraunir með sölu á lifandi ígulkerjum til Frakklands. Tiltölulega lítið er vitað um ígulker í Skagafirði samanborið við mörg önnur svæði. Það er því brýnt að þýst sé á um frekari rannsóknir á ígulkerjum í Skagafirði.

Maríugull
Maríugull er skylt ígulkeri og finnst gjarnan á svipuðum svæðum. Minna er þó vitað um þessa tegund og óvíst hver gæði hennar og magn til veiða eru.

Krabbar
Þær krabbategundir sem helst kemur til greina að nýta við Ísland eru trjónukrabbi, gaddakrabbi og tröllakrabbi. Gaddakrabbi er yfirleitt mjög dreifður og veiðar á honum gætu því í einhverjum tilfellum verið vandkvæðum bundnar. Af tröllakrabba hefur mest fundist við Suðurland og þá á töluverðu dýpi eða 800-1000 m. Hugsanlegt er að einnig megi veiða trjónukrabba. Íslenskir krabbar eru kjötminni en margir þeir krabbar sem mestrar hylli njóta á borðum erlendis og gæti það valdið einhverjum vandkvæðum ef selja á þá ferska. Þeir gætu hinsvegar hentað vel í ýmiskonar vinnslu eins og í súrimí en mikill vöxtur er í slíkri vinnslu erlendis þar sem verðlitlar fisktegundir eins og Alaska ufsi eru blandaðar með bragðefnum unnum úr kröbbum og varan seld sem krabbaliki eða gerfikrabbakjöt.

Sæbjúga
Sæbjúgu koma gjarnan á land sem aukaafli og er tiltölulega skammt síðan farið var að nýta þau við Ísland. Þau þykja gómsæt sælkerafæða í Japan og víðar og því ærin ástæða til þess að láta þau ekki fara til spillis.

Smokkfiskur
Smokkfiskur var lengi vel aðeins notaður í beitu á Íslandi og þykir á stundum hinn mesti meinvaldur. Fyrir smokkfisk til manneldis fæst hátt verð en staðsetning hans og magn er mjög breytilegt. Þannig er til að mynda árátugur síðan hann kom síðast í einhverju mæli inn á Skagafjörð.

2.5.2.2 Eldi sjávardýra
Ljóst er að miklar framfarir munu eiga sér stað í eldi sjávardýra á komandi árum. Miklar vonir eru bundnar hérlendis við eldi sjávardýra í framtíðinni, fiska og hryggleysingja, og mikilvægt að vera vakandi fyrir möguleikum þess. Brýnt er þó einnig að af eldinu verði ekki mengun eða skaði á náttúrulegum dýrastofnum og öðru lífríki.

Þorskeldi
Miklar tilraunir standa nú yfir í þorskeldi bæði við Noreg og Ísland. Enn er hinsvegar of snemmt að segja til um hvaða möguleikar felast í slíku eldi. Í Stöðvarfirði hefur villtur staðbundinn þorskur verið alinn og vaxtargeta hans þannig stórlega aukinn. Ef slíkt eldi kemur til með að ganga vel þá gæti það orðið góður kostur í Skagafirði, því þar er einnig talsvert um staðbundinn þorsk sem heimamenn segja að hrygni í einhverju mæli inn á firðinum. Til að slíkt gæti gengið þyrfti samt viðtæka samvinnu þannig að enginn bæri skarðan hlut frá borði, hvorki þeir sem stunda veiðar á þorski inn á Skagafirði né þeir sem að slíku eldi myndu standa. Einnig má nefna að hafnar eru tilraunir með eldi á þorski í sjókvíum svo sem í Ystuvík í Grýtubakkahreppi.

Lúðueldi
Miklar framfarir hafa orðið í eldi á lúðu á síðustu árum. Náð hefur að komast fyrir mörg tæknileg og líffræðileg vandamál sem lúðueldinu tengjast. Næsta skrefið verður að finna leiðir til þess að gera það að arðbærum atvinnuvegi. Þar skipta máli þættir eins og eldisbúnaður og hvernig megi lækka kostnað við eldisferilinn. Vonir standa til að lúðueldi geti farið í gang af fullum krafti í náinni framtíð.

Eldi hlýsjávarfiska
Við Skagafjörð hafa um nokkurt skeið farið fram tilraunir með eldi á hlýsjávarfiskinum barra í samvinnu íslenskra og franskra aðila. Þessar tilraunir hafa gengið vel og nú nýverið fékk verkefnið mjög góðan styrk til áframhaldandi rannsókna frá Evrópusambandinu sem er mikil viðurkenning á störfum þeirra sem að rannsóknunum og þróunarstarfinu standa. Þarna gæti orðið um mikla möguleika að ræða fyrir þá sem hafa bæði aðgang að hreinum sjó og heitu vatni.

Eldi á hörpudiski
Hafrannsóknastofnun hefur í samvinnu við heimamenn við Breiðafjörð staðið að tilraunaeldi á hörpudiski. Svo virðist sem hægt sé að safna lirfum hörpudisks í safnara þar sem þær ílengjast og geta svo ekki sloppið út síðar vegna stærðar. Frekari prófanir þarf að gera á því hverskonar safnarar eru hentugastir og hvenær sé best að koma þeim fyrir. Miða þarf við hrygningartíma dýranna og hversu lengi lirfurnar eru sviflægar áður en þær setjast, en það getur verið breytilegt frá einum stað til annars.

Ígulkerjaeldi
Tilraunir hafa sömuleiðis verið gerðar með eldi á ígulkerjum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að hægt sé að safna saman ígulkerjum og koma þeim fyrir í lónum eða eldiskerjum með sírennandi sjó og ala þau síðan upp á þara og þangi þar til kynkirtlarnir hafa náð æskilegum þroska og stærð. Ef hægt væri að auka hitastigið myndi það flýta eldisferlinum. Sumar þang-og þarategundir virðast betri en aðrar í ígulkerjaeldi. Með því að hafa ígulker í eldiskerjum um lengri eða skemmri tíma getur einnig orðið auðveldara að tryggja stöðugt framboð og gæði hrogna. Annar möguleiki er að safna saman ígulkerjum á aðgengilegum svæðum þar sem fæða er næg og hafa þau þar tímabundið í eldi. Með því móti mætti auka þyngd ígulkerjanna og hrognafyllingu. Hrognafylling ígulkerja virðist lakari þar sem þéttleiki þeirra er mjög mikill. Það mætti því einnig hugsa sér að grisja þau á þeim slóðum þannig að þau sem eftir verða verði betri en þau sem eru fjarlægð séu annað hvort sett á nýjan stað eða tekin í eldi. Það er ljóst að eldi ígulkerja myndi verða nátengt ígulkerjaveiðum og hugsanlegt að einhverskonar samþætting eldis og veiða gæti orðið besti kosturinn í framtíðinni.

Eldi á kræklingi
Eldi á kræklingi er stóratvinnuvegur erlendis en hefur aðeins lítillega verið reynt hérlendis. Kræklingur er hægvaxta hér við land og er mjög viðkvæmur fyrir mengun. Mengun inn á Hvalfirði olli til að mynda vandkvæðum við kræklingseldi þar. Vonir eru bundnar við að kræklingseldi gæti dafnað við Ísland í framtíðinni en það má vera að aðstæður í Skagafirði séu eitthvað lakari til slíks en víða annarsstaðar eins og til að mynda á Breiðafirði.

Eldi á öðrum hryggleysingjum
Vera má að eldi á öðrum hryggleysingjum en þeim sem rætt er um hér eigi eftir að þykja fýsilegur kostur í framtíðinni. Það er mikilvægt að Skagfirðingar fylgist vel með í þeim efnum sem öðrum og hvetji til frekari rannsókna í Skagafirði því þær eru frumforsenda þess að hægt sé að leita nýrra sóknarfæra við nýtingu sjávar við Skagafjörð.

Þorskveiðar og innfjarðarmið
Lítil umræða eða rannsóknir hafa farið fram á aðgreiningu íslenska þorskstofnsins í hugsanlega undirstofna. Vitað er að helstu hrygningarsvæði þorsks hér við land er við suðurströndina en að svo berist seiðin með hafstraumum fyrir Vestfirði. Minna hefur hinsvegar farið fyrir rannsóknum á þorski sem virðist hrygna inn á fjörðum eins og Skagafirði, Eyjafirði og sumsstaðar á Austfjörðum. Eins virðist eitthvað berast af þorski inn á þessa firði og ílengjast þar. Ekki er vitað hvort að hrygning þorsks er árviss inn á Skagafirði eða Eyjafirði en þorskur hrygnir allavega í einhverjum árum á þessum stöðum. Margt bendir til þess að þorskur sé að einhverju leyti staðbundinn inn á þessum fjörðum því að hann virðist ólíkur aðalstofninum í lífsögulegum þáttum; svo sem vaxtarferli, stærð og aldri við kynþroska og snýkjudýrabyrði. Tilraunir með eldi á villtum þorski inn á Stöðvarfirði benda einnig ótvírætt til þess að svo sé. Ef að slík aðgreining á þorski er raunveruleg þá er samt líklegt að mikil blöndun sé á milli innfjarðaþorsks og aðalþorskstofnsins. Þorskur gengur inn á firði og eitthvað af honum ílengist þar og þorskur af innfjarðarmiðum getur sömuleiðis sameinast aðalþorskstofninum. Það gæti því orðið erfitt að sýna fram á mun á milli stofna með erfðafræðirannsóknum. Hafrannsóknastofnun hefur til þessa lítt sinnt rannsóknum af þessu tagi og forsendur fiskveiðistjórnunarinnar eru meðal annars þær að íslenski þorskstofninn sé einn einsleitur stofn þar sem einn þorskur veiddur út við 200 mílna mörkin jafngildir einum þorski veiddum inn á Skagafirði eða einhverjum öðrum firði. Ef að dreifing þorsks um veiðisvæði við Ísland, þar með talin innfjarðarmið, fer ekki fram með algerlega tilviljunarkenndum hætti þá eru forsendur slíkrar fiskveiðistjórnunar hæpnar.
Strandveiðar smábáta eru lífæð margra lítilla byggða. Hugsanlega mætti ná fram meiri hagkvæmni í fiskveiðistjórninni með því að dreifa veiðiálagi sem jafnast á stofninn og hluta hans, þar með talið innfjarðarmið. Jafnvel þó að slíkar ráðstafanir hefðu lítil áhrif á heildina gætu þær þó skipt sköpum fyrir lítil byggðalög þar sem einhverjir sérstakir aukakvótar fyrir smábáta á innfjarðamiðum gætu komið til. Það er nauðsynlegt að opna umræðu um þessi mál og knýja á um að rannsóknir sem svarað geta sumum þessara spurninga séu framkvæmdar. Ef að sjávarútvegsstofnunin á Sauðárkróki verður að veruleika kæmi vel til greina að hún ásamt öðrum rannsóknarstofnunum í Skagafirði eins og Hólaskóla hefði forgöngu um slíkar rannsóknir í samvinnu við Hafrannsóknastofnun.

Sjávarfang og ferðaþjónusta
Miklir möguleikar eru á því að tengja nýtingu sjávarfangs við Skagafjörð og ferðaþjónustu. Minna má á siglingar með ferðamenn á Breiðafirði þar sem fólki gefst kostur á því að bragða á ferskum hörpudiski sem plægður er upp á siglingunni. Það mætti hugsa sér að gera slíkt hið sama með kúskel, beitukóng, ígulker eða aðrar sælkerategundir svo sem krabba, sæbjúga og rækju. Fólk gæti notið siglinga um Skagafjörð og bæði veitt og snætt ferskt skagfirskt sjávarfang. Einnig má minna á hvalaskoðunarferðir á Húsavík. Þar sem hvalina skortir má alveg eins hugsa sér að skipuleggja selaskoðunarferðir eða

fuglaskoðun. Sjóstangaveiði nýtur mikilla vinsælda víða erlendis og á eftir að aukast hér á landi. Ekki verður annað séð en að möguleikar á sjóstangaveiði séu góðir í Skagafirði. Annar möguleiki er að fara með fólk á skak en það er nokkuð sem gæti orðið mjög vinsælt. Slíkt krefðist hinsvegar ákveðinna breytinga á veiðireglum í Skagafirði. Nokkuð sem gæti átt sér stað í kjölfar umræðna og rannsókna á staðbundnum hlutum þorskstofnsins og er enn ein röksemdin fyrir mikilvægi slíkra rannsókna. Það mætti einnig hugsa sér einhverskonar kynningu á sjávarútvegi í Skagafirði. Svo sem að kynna fyrir fólki þær tegundir sem eru nýttar og vinnsluferilinn og jafnvel að gefa fólki kost á því að bragða á kræsingunum. Slíkt myndi vera góð auglýsing fyrir skagfirska aðila í sjávarútvegi og kynning á atvinnuháttum og tengslum Íslendinga við hafið. Hér er aðeins fátt eitt nefnt sem gera mætti í ferðaþjónustu í tengslum við sjóinn og sjávarfang.

2.5.3 Fuglar

2.5.3.0 Almennt

Fuglalíf Skagafjarðar telst í heildina vera allfjölbreytt. Með vissu munu um 60 tegundir af þeim 72 tegundum sem verpa hérlendis, hafa orpið hér. Árvissar varpfuglategundir eru þó líklega ekki fleiri en 53. Tvær tegundir eru óstöðugir varpfuglar hér og þrjár til fjórar tegundir hafa hætt varpi. Tvær flækingsfuglategundir hafa orpið hér svo vitað sé.
Um Skagafjörð fer mikill fjöldi umferðafarfugla á leið sinni til og frá varpstöðvunum. Þessir fuglar eru rauðbrystingur, tildra, sanderla og helsingi, auk slangurs af blesgæs og margæs. Mið-Norðurland er sérstaklega mikilvægt fyrir helsingjann þar sem að aðalflugleið hans er um Skagafjörð.
Útbreiðsla nokkurra tegunda hefur dregist saman á síðustu áratugum. Í heild þá hefur mófuglum og öndum fækkað mikið á ákveðnum svæðum. Þetta á bæði við um Skagann og Fljótin. Þessi þróun fer að eiga sér stað á milli 1960 og 1970 og aðalorsakavaldurinn er mikil fjölgun á mink.
Flórgoði hefur verið á undanhaldi og hann er nú hættur að verpa á mörgun þeim stöðum sem hann verpti áður fyrr. Hann hætti t.d. að verpa í Húsabakkaflóanum um miðjan áttunda áratuginn.
Keldusvínið er alveg horfið sem varpfugl, en það verpti víða í Skagafirði á árum áður. Það hvarf t.d. alveg úr Húsabakkaflóanum um miðjan sjöunda áratuginn. Brotthvarf þessara tveggja fuglategunda af þessum stað varð vegna mikillar fjölgunar á mink.
Aðrar tegundir sem eiga undir högg að sækja og eru ekki stöðugir varpfuglar eru hrafnsönd og skeiðönd.
Fálkasetur eru á milli 10 og 15 stöðum í Skagafirði. Árlega gætu um það bil 10 pör orpið hér.

Útbreiðsla, algengar tegundir:
Nokkrar fuglategundir verpa um mestallan Skagafjörð. Þessir fuglar eru t.d. heiðlóa, spói, hrossagaukur, sandlóa, þúfutittlingur, steindepill, hrafn og kjói. Aðrar útbreiddar tegundir eru; skógarþröstur, maríuerla, auðnutittlingur, kría, jaðrakan og tjaldur (þó mest til stranda).

Aðrar útbreiddar tegundir:
Þá eru ýmsar aðrar tegundir mjög algengar, en eru bundnar við ákveðin varpsvæði, fuglabjörg eða svæði meðfram ströndinni. Nægir þar að nefna; stuttnefju, langvíu, álku, lunda, teistu, æðarfugl, ritu og fýl. Frá því um 1960 hefur fýllinn verið í stöðugum landvinningum og nú er svo komið að hann er farinn að verpa langt inni í landi t.d. í Blönduhlíð og á Kjálka.

Algengar votlendistegundir:
Nokkrar votlendistegundir eru útbreiddar við vötn og tjarnir, við ár og í mýrum. Þetta eru; grágæs, heiðargæs, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, skúfönd, duggönd, toppönd, hávella, óðinshani og jaðrakan. Jaðrakan fjölgar stöðugt í Skagafirði og það hefur verið svo frá því að hann fór að sjást hér, á milli 1950-1960.

Staðbundin útbreiðsla (fáséðar tegundir)
Útbreiðsla nokkurra tegunda er mjög takmörkuð vegna þess hve háðar þær eru vissu kjörlendi. Þar má nefna flórgoða, hrafnsönd, skeiðönd, gargönd, grafönd, gulönd, himbrima, lóm og stormmáf. Sumar þessara tegunda eiga undir högg að sækja. Gargönd fer þó líklega fjölgandi, þó það sé langt frá því að hún sé algeng.

Flækingar:
Athugulir fuglaskoðarar geta vænst þess að rekast á fugla af erlendum uppruna á meðal þeirra fugla sem hér dvelja að jafnaði og hafa greinst á milli 40 og 50 tegundir af flækingsfuglum.

2.5.3.1 Svæðislýsingar

1. Skagi: Hæðótt láglendi að norðanverðu, en hækkar til suðurs. Mikið af tjörnum og fiskiauðugum vötnum, stórum og smáum.
Skaginn er ákaflega mikilvægur fyrir mikinn fjölda af umferðarfarfuglum sem eiga þar leið um vor og haust. Um Skaga fer árlega mikill fjöldi af helsingjum, rauðbrystingum, sanderlum og tildrum. Helsinginn heldur sig bæði í túnum og upp til heiða, á meðan tildrurnar, sanderlurnar og rauðbrystingarnir halda til í fjörunni.
Á Skaga eru nokkur æðarvörp og mikið af æðarfugli. Á vötnum og tjörnum er hægt að sjá stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, toppönd, gulönd og hávellu á heiðarvötnunum. Töluvert er af lómi á smátjörnum og himbrimi er á flestum vötnunum. Það er hægt að tala um himbrimann sem einkennisfugl Skagans. Þarna verpa allar mófuglategundirnar og flestir algengustu spörfuglarnir, einnig sendlingur, sandlóa og tjaldur.
Grágæs og álft eru algengir fuglar á þessu svæði. Dílaskarfur verpti og verpir að öllum líkindum enn í Sævarlandsstapanum. Rjúpa verpir á Skagaheiðinni og sums staðar einnig alveg heima við bæi eins og t.d. á Hrauni. Fálki verpir bæði í Tindastól og á Skagaheiðinni ásamt smyrli. Kríuvarp er á nokkrum stöðum t.d. við Ketu og Hraun. Teistuvarp er víða í urðum undir Tindastól og einnig er teistuvarp á Hrauni. Varpið á Hrauni hefur þó farið minnkandi á síðari árum. Haförn sést alloft á Skaga.
Mófuglalíf er í dag ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var fyrir 1970. Mófugli og flestum öndum hefur fækkað, það sama á við um óðinshanann, honum hefur stórfækkað. Fækkunin hefur átt sér stað samfara mikilli fjölgun á mink.
Hettumáf og fýl fjölgar hins vegar. Keldusvín og flórgoði eru horfnir varpfuglar fyrir löngu síðan.
Meðal flækinga sem sést hafa á Skaga eru; snæugla, gjóður, vepja, landssvala, glóbrystingur, svartþröstur, gráþröstur, fjallkjói, kanandagæs, blikönd og æðarkóngur. Og til gamans má geta þess að æðarkóngur hefur orpið í æðarvarpinu á Hrauni.

2. Ketubjörg: 122 metra há þverhnípt björg. Forn eldfjallarúst.
Í björgunum verpir töluvert af fýl. Svartbakur verpir þar einnig, lundi verpir þar í torfum vestan við Hábjörgin og í skriðum niðri í fjöru. Dílaskarfur verpti áður fyrr í Keturkögrinu. Óvíst er með það varp í dag.

3. Þursinn: Sker, lítil eyja austur af Ketubjörgum á Skaga. Lítið varp og eingöngu svartbakur.

4. Drangey: Um 180 metra há móbergseyja, með miklum fuglabjörgum. Fræg fyrir fugla- og eggjatekju. Á einu vori er vitað til að þar hafi veiðst 200 þúsund fuglar.
Ákaflega mikið af fugli í og við eyjuna. Drangey er einn af fáum stöðum á landinu þar sem meira er af stuttnefju en langvíu. Í eyjunni verpir tæplega 4% af heildarstofni stuttnefja hér við land. Og ritustofninn í Drangey er tæplega 1,5% af íslenska ritustofninum. Þar verpa einnig langvía, lundi, álka, fýll, svartbakur, hettumáfur og hrafn. Grágæs mun hafa orpið þar og fálki verpir þar oft, þó að öllum líkindum ekki árlega. Súla verpti í Drangey á fyrri hluta þessarar aldar, en það varp er löngu liðið undir lok. Það er talið að Dalvíkurjarðskjálftinn 1934 hafi flýtt þeirri þróun.

5. Ingveldarstaðahólmi: Lítil eyja norðaustur frá Ingveldarstöðum á Reykjaströnd. Í eyjunni er æðarvarp og flest ár verpir þar tjaldur. Þar var fuglatekja til forna.

6. Lundey: Lítil eyja og láglend, öll grasi gróin. Töluvert æðarvarp er í eyjunni. Einnig er þar mikið lundavarp. Aðrir varpfuglar í eyjunni eru fýll, teista, grágæs, svartbakur og toppönd. Hrafn verpti þar áður fyrr en það varp er nú aflagt. Grágæsir nota eyjuna sem náttstað, auk þess sem að nokkur hundruð gæsir fella þarna fjaðrir. Í eyjunni hefur verið lundatekja frá fornu fari.

7. Elínarhólmi: Lítil eyja fyrir mynni Kolku. Í eyjunni er æðarvarp og lundavarp. Þar verpir einnig svartbakur (af og til). Nokkur grágæsarpör verpa í eyjunni, ásamt teistum sem verpa þarna í grjóturðum. Þarna finnst árlega eitt andahreiður, (ógreint).

8. Málmey: Rúmlega 150 metra há sandmóbergseyja, 4 km á lengd, eldstöð frá ísöld.
Mjög mikið fuglalíf er í og við eyjuna. Þar er æðarvarp og lundavarp. Einnig verpa þar veiðibjalla og hvítmáfur. Fýll verpir í björgunum og teistuvarp er í grjóturðum undir björgunum. Í eyjunni verpa einnig nokkur gæsapör og örfá rjúpnapör. Þar verpa einnig mófuglar svo sem heiðlóa spói og hrossagaukur. Flestir algengustu spörfuglarnir sjást þarna, ásamt kjóa og skúm. Stokkönd og toppönd hafa orpið í eyjunni og einnig hrafn. Lundi mun hafa verið í og við eyjuna um langan aldur, en aðallega orpið í grjóturðum víðsvegar undir björgunum. Lundinn fór síðan að verpa uppi á eyjunni eftir 1964, og þá ekki í stórum stíl. Milli 1970 og 1980 fjölgar honum verulega mikið. Í Málmey verpti skarfur fyrir síðustu

aldamót. Það varp tók að mestu af í jarðskjálftum 1899. Svo kunnugt sé hafa tvö pör af skúm orpið í Málmey.

9. Þórðarhöfði: 202 metra hátt standberg, nokkuð gróinn að ofanverðu. Í höfðanum er svartbaksvarp og fýlsvarp auk þess sem þar hafa orpið bæði hrafn og að öllum líkindum fálki. Uppi á höfðanum verpir eitthvað af grágæs, rjúpu, spóa og heiðlóu, en þessir fuglar munu eiga erfitt uppdráttar með varp vegna tófu sem er viðvarandi á svæðinu. Á síðustu öld verpti haförn í Þórðarhöfða. Hann verpti í Arnargati, sem er hellisskúti í berginu.

10. Ósasvæði Vestari-Héraðsvatna: Borgarsandur, Borgarmýrar, Skógar, Miklavatn og Áshildarholtsvatn. Sandfjara, flæðimýrar, hrísmýrar, flóar og gróðurmikil vötn og tjarnir. Þetta svæði er tvímælalaust eitt af mikilvægari fuglasvæðum landsins. Hluti þessa svæðis þ.e. Skógarnir ásamt Miklavatni voru friðlýstir árið 1977.
Svæðið í heild er ákaflega mikilvægt fæðu- og varpsvæði fyrir mikinn fjölda vaðfugla, álfta, gæsa og anda. Miklavatnið er einnig mikilvægt fellisvæði fyrir álftir og grágæsir. Þar halda til og fella fjaðrir á milli 100 og 200 álftir, mörg hundruð endur og allt að 5000 grágæsir. Á Skógasvæðinu er varpþéttleiki jaðrakans sá mesti sem hefur fundist hérlendis, þá var á Skógum stærsta hettumáfsvarp á landinu. Það varp hefur farið minnkandi af ókunnum ástæðum.
Tegundir sem sést hafa á þessu svæði; himbrimi, lómur, flórgoði, álft, svartsvanur*, helsingi*, snjógæs, grágæs, heiðagæs, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, grafönd, gargönd, skeiðönd, taumönd*, hrókönd*, duggönd, skúfönd, hávella, hrafnsönd, brandönd*, toppönd, æðarfugl, fálki*, smyrill*, rjúpa, tjaldur, sandlóa, heiðlóa, keldusvín*, hrossagaukur, spói, jaðrakan, stelkur, lóuþræll, óðinshani, þórshani*, kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur*, stormmáfur, hettumáfur, rita*, fýll*, kría, snæugla*, brandugla*, hrafn, þúfutittlingur, maríuerla, snjótittlingur*, auðnutittlingur*, gráhegri*.(*hefur ekki verpt svo vitað sé). Alls séðar 55 tegundir, þar af 38 varptegundir.
Sé Borgarsandur talinn með bætast við eftirtaldar fuglategundir; stuttnefja, langvía, álka, lundi, teista, haftyrðill, gulönd, rauðbrystingur, margæs, hvítmáfur, bjartmáfur, ísmáfur, fjallkjói, ískjói, skúmur, sendlingur og dílaskarfur. Alls 17 tegundir til viðbótar.
Algengustu varptegundirnar af öndum á Skógasvæðinu eru; stokkönd, skúfönd, duggönd og rauðhöfðaönd, (æðarfugl undanskilinn). Þrjár þær sjaldgæfustu eru hrafnsönd, skeiðönd og gargönd. Þessar þrjár tegundir verpa á mjög fáum stöðum hérlendis fyrir utan Mývatnssvæðið. Líklega verður að telja skeiðönd og hrafnsönd til óstöðugra varptegunda á svæðinu.
Við Áshildarholtsvatn er ágætis aðstaða til fuglaskoðunar, en þó þarf að fara þar um með varkárni, vegna þess að þar verpa ennþá tvö til þrjú pör af flórgoða.
Þó geta fuglaskoðarar óvíða átt von á að sjá jafn margar tegundir fugla á eins aðgengilegan og þægilegan hátt og á vegspottanum sem liggur frá þjóðveginum yfir í Hegranes, að flugstöðvarbyggingunni á Borgarsandi. Sitthvoru megin við þennan vegspotta eru tjarnir og votlendi með alveg ótrúlega fjölbreytilegu fuglalífi á vorin. Fuglar sem þarna sjást eru flestallir þeir fuglar sem áður voru upptaldir á ósasvæði Vestari- Héraðsvatna

11. Ósasvæði Austari-Héraðsvatna: Garðssandur, Garðsvatn, Garðsengi, Ásvatn, Hrísey, Úlfsnes, mýrlendi austur af Rip og Svanavatn. Sandfjara, fjölbreytt mýrlendi, flóar, tjarnir og gróðurmikil vötn. Þetta svæði ásamt ósasvæði Héraðsvatna að vestanverðu er eitt af mikilvægustu fuglasvæðum landsins. Ákaflega auðugt fuglasvæði og Garðsvatn, Ásvatn og Svanavatn skarta miklum fjölda af öndum af mörgum tegundum. Algengustu tegundirnar eru stokkönd, rauðhöfðaönd og urtönd.
Þetta svæði hefur þá þýðingarmiklu sérstöðu að þarna er aðalkjörlendi flórgoðans í Skagafirði. Hann verpir þarna á nokkrum stöðum. Einhver áraskipti eru á fjölda varppara en þegar best lætur eru þau trúlega á milli 10 og 20.
Á Garðssandi er kríuvarp, hettumáfsvarp er við Garðsvatn, ásamt álftavarpi, og æðarvarp er í hólmum í Héraðsvötnum.
Á svæðinu er mikið af vað- og mófuglum, þeir helstu eru; jaðrakan, stelkur, spói, heiðlóa og lóuþræll. Þarna er einnig mikið af grágæs sem verpir á víða og dreif.
Meðal flækinga sem sést hafa á svæðinu má nefna meðal annars; gráhegra, snæuglu, eyruglu, turtildúfu, landsvölu og æðarkóng.

12. Höfðavatn: Sjávarlón með ísöltu vatni. Um það bil 10 ferkílómetrar að stærð. Á vatninu og næsta nágrenni þrífst mikið fuglalíf. Mest ber á ýmsum öndum, toppönd, duggönd, skúfönd og hávellu, einnig stokkönd og urtönd.
Kríuvarp er við vatnið ásamt hettumáfsvarpi, einnig verpir jaðrakan þarna. Í næsta nágrenni við vatnið verpa síðan rjúpur ásamt algengustu mófuglunum. Þá verpir brandugla þarna í nágrenninu. Við vatnið er oft töluvert af grágæs og síðan kemur helsinginn þar við, bæði vor og haust. Himbrimi og lómur eru varpfuglar við vatnið.

13. Sléttuhlíðarvatn: Töluvert fuglalíf, endur, gæsir og álftir. Oft eru þarna margir tugir af álft. Einnig eru þarna lómur og himbrimi. Andavarp er meðfram Langalæk. Helsingi sést vor og haust í nágrenni vatnsins. Algengustu mó- og vaðfuglar eru þarna einnig. Fuglalífið hefur farið hnignandi á síðari árum, aðallega hefur mó- og andfuglum fækkað.

14. Kappastaðavatn: Mikið fuglalíf, álftir, gæsir og margar tegundir af öndum eru á vatninu. Andavarp er í hólmum í vatninu, þar verpir einnig álft, kría, hettumáfur, og ein og ein æðarkolla. Lómur og himbrimi sjást oft á vatninu, eitt himbrimapar verpir þar árlega. Grágæs verpir í næsta nágrenni við vatnið og í Hrollleifshöfða. Mikið er af mink og tófu á svæðinu og það er vafalaust aðalástæðan fyrir þeirri hnignun sem orðið hefur á fuglalífinu á þessum slóðum á síðari árum.

15. Fljót: Í Fljótum eru nokkur mjög fuglaauðug svæði og vötn. Miklavatn, Hópsvatn, og Flókadalsvatn eru þar á meðal. Landið hefur verið mikið ræst en þó eru enn eftir mýrar með skúfgrasi og broki. Við suðurenda Flókadalsvatns eru flæðimýrar. Á þurrlendi eru lyngmóar með allblönduðum gróðri.
Við vötnin er fuglalíf meira og fjölskrúðugra en annars staðar í Fljótum. Fuglavarp er mikið, einkum æðarvarp. Talsvert er af öndum og vaðfuglum, rauðhöfðaönd, stokkönd, duggönd, (fjölgun) toppönd og straumönd á ánum. Jaðrakan, spói, stelkur og lóuþræll eru algengir vaðfuglar. Flestum öndum hefur farið fækkandi eftir 1970, ásamt mófugli. Aðalástæða fækkunarinnar er eins og áður hefur komið fram, mikil fjölgun á mink ásamt fjölgun á máfum.
Tvær fuglategundir, keldusvín og flórgoði, eru að öllum líkindum hættar að verpa í Fljótum. Þarna má bæði sjá lóm og himbrima á vötnunum. Helsingi á leið þarna um vor og haust og grágæs er orðin fastur varpfugl í Fljótum, fyrir alllöngu síðan.
Jaðrakan hóf varp þarna um 1960. Kría er varpfugl þarna en hefur frekar fækkað, en um leið dreift úr varpinu. Fýll verpir víða við sjóinn ásamt veiðibjöllu. Smyrill og fálki eiga sér líka varpstaði í Fljótum.
Meðal flækingsfugla sem sést hafa í Fljótum eru; glóbrystingur, laufsöngvari, gransöngvari, snæugla, eyrugla, grænlandsfálki, vepja, gráhegri, snjógæs, ljóshöfðaönd, hvinönd, taumönd og æðarkóngur.

16. Stapavatn: Fjölskrúðugt fuglalíf er á og við þetta litla vatn. Mest ber á ýmsum andategundum á vatninu (þó ekki fiskiöndum) ásamt óðinshana, grágæs, heiðagæs og álft sem verpir við vatnið.
Merkilegast er það þó fyrir þær sakir að flórgoði hefur haldið tryggð við það fram að þessu og orpið þar árvisst. Eitt til tvö pör árlega hin síðari ár og honum virðist fara fjölgandi á þessum stað.

17. Vatnshlíðarvatn: Lítið vatn, grunnt og mjög lífríkt. Á vatninu ber mest á ýmsum öndum, svo sem stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, toppönd, gulönd og straumönd. Á vatninu er einnig töluvert af grágæs og heiðagæs sést þar oft. Grágæs verpir í nágrenni vatnsins ásamt einhverju af öndum. Álft verpir við vatnið og einnig himbrimi, þó ekki árvisst. Óðinshani sést þarna og í næsta nágrenni verpa allir algengustu mófuglarnir.
Fuglalíf hefur aukist á þessu svæði á síðari árum, aðalástæðan eflaust sú að mink hefur verið haldið í skefjun.

18. Skagafjarðardalir og Hofsafrétti: Dalirnir og dalahlíðar eru allvel grónar, en hálendið inn á Hofsafrétt er að mestu gróðurlaust nema í mýrardrögum. Mestur hluti hálendisins er í 600-800 metra hæð.
Í Skagafjarðardölum eru ekki margar tegundir fugla m.a. vegna þess að vötn eða tjarnir er ekki að finna í næsta nágrenni giljanna og upprunalegt votlendi af skorum skammti.
Algengustu varptegundirnar eru; heiðlóa og spói ásamt tegundum sem eru háðar giljum og hömrum með varpstaði, t.d. hrafn, fálki og smyrill að ógleymdri heiðagæsinni sem er langalgengasti varpfuglinn í giljunum. Henni hefur reyndar fjölgað svo að það er greinilega farið að þrengja að henni í giljunum, því hún er fyrir alllöngu síðan farin að verpa niður með Héraðsvötnunum. Líklega hefur það varp hafist milli 1950 og 1960.
Fuglalíf er frekar fábreytilegt á Hofsafrétti. Fjölbreytilegast er það við Ásbjarnarvötn. Mest er þar af öndum, en einnig hefur sést við vötnin álft, himbrimi, óðinshani, steindepill, sólskríkja, kjói, svartbakur, hrafn, kría, og heiðlóa.

2.5.3.2 Æðarvarp
Æðarvarp er á 25 stöðum í Skagafirði, einkum við Miklavatn og Hópsvatn í Fljótum og Austari- og Vestari-Héraðsvötn. Á sumum jörðum eru fleiri en eitt æðarvarp.

Tafla 2.5.4-1
Æðarvarp í Skagfirði

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	9	Lýtingsstaðahreppur	0
Hofshreppur	2	Seyluhreppur	0
Hólahreppur	0	Staðarhreppur	0
Viðvíkurhreppur	3	Skarðshreppur	6
Rípurhreppur	2	Sauðárkrókur	0
Akrahreppur	0	Skefilsstaðahreppur	3

Heimild: Fasteignamat ríkisins

2.5.4 Villt spendýr

2.5.4.1 Tófa

Tófan er tiltölulega dreifð um allan Skagafjörð. Kunnugir segja að hún sé meira dreifð nú en var á árum áður. Tófan mun einnig meira vera farin að dvelja á áður ókunnum grenjum. Fólk og þá sérstaklega grenjaskyttur í Skagafirði búa í sameiningu yfir miklum fróðleik um útbreiðslu og lífshætti íslenska refsins. Margt af þessum fróðleik mun tapast á komandi árum með nýju fólki, breyttri búsetu og öðrum tíðaranda. Það ber því brýna nauðsyn til þess að safna saman á einn stað þessum upplýsingum þar sem þær verða fólki aðgengilegar um ókomna tíð. Þessar upplýsingar munu gagnast núverandi og tilvonandi grenjaskyttum, þeim sem vilja rannsaka tófuna og öðrum þeim sem áhuga hafa á því að vita meira um dýrið. Ekki síst verður auðveldara að leggja mat á það hvar tófan er líklegri en annarsstaðar til þess að komast í kast við mannlega hagsmuni svo sem í tengslum við æðarvarp. Meiri þekking á farleiðum þeirra og hvernig og hvaðan þær nema nýjar lendur skiptir máli í þessu sambandi. Fyrsta skrefið er að kortleggja öll tófugreni í hverjum hreppi í samvinnu heimamanna og grenjaskyttna, hvar tófur hafa verið unnar á undanförnum árum eða eftir þeim tekið og hvenær. Um leið er æskilegt að skrá allar þær aðrar upplýsingar sem menn búa yfir um hegðun tófunnar. Með því að skoða tölur um fjölda felldra refa í hverju sveitarfélagi eftir árum má auk þess meta stofnstærðarsveiflur og breytingar á dreifingu tófunnar með óbeinum hætti. Með þessu móti væri safnað saman ómetanlegum fróðleik um hegðun, dreifingu, farleiðir og lífshætti tófunnar og ekki síst samspil við byggð og landshætti. Líta mætti á þetta sem gagnabanka og fordæmi fyrir fólk í öðrum héruðum.
Nokkuð hefur verið um það að alirefir sleppi úr refabúum og blandist villta stofninum. Þessir refir eru stærri en villtu refirnir og gætu því orðið skæðari dýrbítar að ekki sé nú talað um áhrif blöndunar á íslenska refastofninn. Það þarf því að gæta betur að því að loðdýrabú séu nægjanlega dýrheld.

2.5.4.2 Minkur

Mikið er af mink um allan Skagafjörð og er hann enn að nema nýjar lendur. Því er erfitt að segja til um hversu auðvelt á eftir að verða að halda honum í skefjum. Minkurinn hefur frá því að hann slapp fyrst laus á Íslandi náð mikilli útbreiðslu. Hann hefur víða haft mikil áhrif á annað dýralíf og þá sérstaklega fuglalíf. Hvað sem mönnum má finnast um dýrið þá er hann líklega kominn til að vera. Meint tjón af völdum minks er hinsvegar ólíkt því hjá refnum. Lífnaðarhættir þeirra og möguleikar til veiða eru ekki sambærilegir. Miðað við núverandi búskaparhætti þá má telja minkinn meiri skaðvald en tófuna. Minkurinn kemst til að mynda í eyjar og hólma sem tófan gerir ekki. Fuglalíf er því mun berskjaldaðra fyrir ágangi. Það ber og að hafa í huga þegar hugsanlegt tjón af völdum minks og tófu er borið saman að tófan er eitt af okkar fáu upprunalegu landspendýrum. Markmið refaveiða hljóta því að vera að halda tófunni í skefjum á svæðum þar sem hún er líkleg til að komast alvarlega í kast við hagsmuni manna. Veiðarnar miðast ekki við útrýmingu, enda værum við þá að vinna óbætanlegt tjón á íslenskri náttúru. Minkurinn er aðskotadýr hér á landi og veiðar á honum lúta öðrum lögmálum.

2.5.4.3 Rottur og mýs

Rottur hafa borist í Skagafjörð eins og í flest önnur héruð landsins. Algengast er að þær hafi tekið sér bólfestu á ruslahaugum og við opin skolpfrárennsli þéttbýlisstaða. Frá þessum stöðum berast þær svo um nærliggjandi byggðir mörgum til ama. Eftir að farið var að setja rusl í gáma og ganga betur frá því hefur borið minna á því að rottur flækist um sveitir. Skammt er að minnast rottuplágu sem gekk yfir Óslandshlíð og Hjaltadal og mátti að öllum líkindum rekja til sorphauga á Hofsósi. Þá tókst að eyða rottum í þessum sveitum með samhentu átaki. Það er því brýnt að nægjanlega vel sé gengið frá sorpi og frárennslismálum bæði vegna mengunar og rottugangs. Ekki er vitað til þess að svartrottur séu nú í

Skagafirði, en þær eru skæðari en brúnrottan sem algengust er hér á landi. Rottur geta borið með sér sjúkdóma sem eru hættulegir mönnum.
Húsamýs eru í Skagafirði og þá aðallega á þéttbýlisstöðunum. Eina nagdýrategundin sem ekki hefur borist til landsins fyrir tilstilli manna er hagamúsin. Hagamúsin er mest fjarri mannabyggðum en getur þó sótt í híbýli manna og útihús. Með bættum húsakosti er tjón af völdum hagamúsa hverfandi og ekki er vitað til þess að þær beri með sér sjúkdóma.

2.5.4.4 Selir

Lítið er um selalátur við Skagafjörð en töluverð selalátur eru á Skaga vestan við sýslumörkin svo sem við bæinn Hafnir. Þó er nokkuð af sel inn á Skagafirði, bæði landsel og útsel. Í Skagafirði virðist umtalsverð selveiði aðeins hafa verið stunduð frá Sjávarborgarbæjunum.

2.5.4.5 Hvalir

Á vorin er mikið um hnísu inn á Skagafirði og ánetjast hún gjarnan í grásleppunet. Einnig verður stöku sinnum vart við hrefnu. Ekki fer miklum sögum af öðrum tegundum nema þá í tengslum við hvalreka.

Heimildaskrá

2.5.1 Straum og vatnafiskar
Bjarni Jónsson: Ýmis gögn frá árunum 1990-1995.
Stefán Einarsson og Unnsteinn Stefánsson, 1983. The sources of alkalinity in Lake Miklavatn, north Iceland. Limnological eanography, 28(1). Bls. 50-57.
Unnsteinn Stefánsson og Björn Jóhannesson, 1978. Miklavatn í Fljótum. Náttúrufræðingurinn, 48 (1-2). Bls. 24-51.

2.5.2 Sjávardýr og nytjar, innfjarðarmið
Björn Björnsson, 1995. Fóðrun á villtum þorski í Stöðvarfirði. Kímblaðið 1. tbl. 8. árg. 4. bls.
Guðrún G. Þórarinsdóttir, 1992: Tilraunaeldi á hörpudiski, Chlamys islandica (O.F. Muller), í Breiðafirði. I. Kynþroski, hrygning og söfnun lirfa. Náttúrufræðingurinn 61 (3-4). Bls. 243-252.
Guðrún G. Þórarinsdóttir, 1995: Ræktun skelfisks. Náttúrufræðingurinn 64 (3). Bls. 187-192.
Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Kúfskeljarannsóknir á Austur- og Norðurlandi maí til júní 1994. Skýrsla Hafrannsóknastofnun.
Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Kúfskeljarannsóknir á Norðurlandi janúar til mars 1994. Skýrsla Hafrannsóknastofnun.
Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Distribution, abundance, population structure, meat yield, size of sexual maturity and sex ratio of Ocean quahog, Artica islandica, in Icelandic waters. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1994/K:39. 15. bls.
Hrafnkell Eiríksson: Hörpudiskurinn, Clamys islandica, Muller. Hafrannsóknir, 35. hefti. Bls. 5–40.
Sigmar A. Steingrímsson og Guðrún Þórarinsdóttir, 1995: Age structure, growth and size at sexual maturity in ocean quahog, Arctica islandica (Mollusca: Bivalvia), off NW- Iceland. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1995/K:54. 17. bls.
Sigurður Einarsson og Vilhjálmur Þorsteinsson, 1995: Eldi á smáþorski (Gadus morhua). Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. 43. rit. 17 bls.
Sólmundur Tr. Einarsson, 1992: Ígulkerarannsóknir. Ægir 4. tbl. Bls. 180-193.
Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: The distribution and density of Green Sea urchin (Strongylocentrotus droebachiensis) in Icelandic water. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1994/K:38. 20 bls.
Viðtöl:
Sólmundur Einarsson, Hafrannsóknarstofnun.
Einar Hjörleifsson.

2.5.3 Fuglar
Bliki: tímarit nr. 1 til 17.
Fasteignamat ríkisins, 1995: Fasteignaskrár sveitarfélaga í Skagafirði.
Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar.
Arnþór Garðarsson (ritstjóri), 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Fuglar. Rit Landverndar 8. Bls. 77- 116.
Grímur Sigurðsson: Málmey. Skagfirðingabók nr. 2 . Sögufélag Skagfirðinga 1967. Bls 43-58.
Helgi Hallgrímsson, Jóhann Pálsson, Hálfdán Björnsson, Hjörleifur Kristinsson og Þórir Haraldsson, 1982: Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Orkustofnun, Raforkudeild. OS82047/VOD08. Reykjavík.
Jón Jóhannesson: Lítið eitt um Þórðarhöfða. Skagfirðingabók nr. 6. Sögufélag Skagfirðinga 1973. Bls 172-175.
Jón Pálmason: Eigin athuganir.
Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson, 1992: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, OS-92017/VOD-03. Reykjavík. 46 bls.
Viðtöl:
Birgir Haukssson, Valagerði Seyluhreppi (Vatnshlíðarvatn).
Eggert Jóhannsson, Felli Hofshreppi (Kappastaða- og Sléttuhlíðarvatn).
Einar Einarsson, Hofsósi (Þórðarhöfði, Höfðavatn).
Gísli Jónsson, Miðhúsum Akrahreppi (Blönduhlíð).
Guðbrandur Þór Jónsson, Saurbæ Fljótahreppi (Fljót).
Guðmundur Vilhelmsson, Sævarlandi Skefilsstaðahreppi (Skagi).
Halldór Þ. Ólafsson, Miklabæ Hofshreppi (Málmey, Kappastaða- og Sléttuhlíðarvatn).
Haraldur Þór Jóhannsson, Enni Viðvíkurhreppi (Elínarhólmi).
Ingólfur Sveinsson, Lágmúla Skefilsstaðahreppi (Skagi, Þursinn).
Jóhann Guðmundsson, Stapa Lýtingsstaðahreppi (Stapavatn).

Jón Eiríksson, Fagranesi Skarðshreppi (Drangey).
Jón Sigurjónsson, Garði Rípurhreppi (Ósasvæði Austari-Héraðsvatna).
Páll Stefánsson, Sauðárkróki (Lundey).
Reynir Gíslason, Bæ Hofshreppi (Þórðarhöfði, Höfðavatn).
Rögnvaldur Steinsson, Hrauni Skefilsstaðahreppi (Skagi, Þursinn).
Sigurður Árni Jónsson, Sauðárkróki (Húsabakkaflói, ósasvæði Vestari-Héraðsvatna).
Sigurfinnur Jónsson, Sauðárkróki (Drangey, Málmey).
Sigurjón Jóhannsson, Siglufirði (Miklavatn í Fljótum).

2.5.4 Villt spendýr

Árni Einarsson (ritstjóri),1980: Villt spendýr. Rit Landverndar 7. Reykjavík 1980.
Bjarni Sæmundsson. Spendýrin. Reykjavík 1932.
Lárus Ágúst Gíslason, 1980: Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Reykjavík 1982.
Náttúruverndarráð, 1987: Villt spendýr og fuglar. Árekstrar við hagsmuni mannsins. Ráðstefna Náttúruverndarráðs 7.-8. október 1984. Fjölrit nr. 16. Reykjavík 1987.
Páll Hersteinsson og Guttormur Sigurbjarnarson (ritstjórn), 1993: Villt íslensk spendýr. Hið íslenska Náttúrufræðifélag og Landvernd. Reykjavík.

2.6 Jarðhiti og orkulindir

2.6.1 Jarðhitasvæði

Jarðhitasvæðum hefur löngum verið skipt í háhita- og lághitasvæði og er þessi skipting gerð í samræmi við hitastig jarðhitasvæðanna. Hitastig á lághitasvæðunum er venjulega um 100°C á 1000 m dýpi og vex hægt úr því en á háhitasvæðunum er hiti 200°C á minna en 1000 m dýpi. Vatn sem kemur upp á lághitasvæðum er að jafnaði mjög basískt og fellur venjulega hverahrúður út umhverfis uppstreymisopin. Lághitasvæðin verða fæst tengd núverandi eldsumbrotasvæðum enda jarðeldur útkulnaður á flestum þeirra á ísöld eða tertíer.
Skagafjörður er á lághitasvæði en víða er jarðhita að finna og er hann nýttur til húshitunar af stórum hluta íbúa Skagafjarðar og ræktunar á nokkrum bæjum, einnig í sundlaugar og heita potta á mörgum stöðum. Mest ber á jarðhitanum í Lýtingsstaða-, Fljóta-, Akra- og Seyluhreppum. Einnig er jarðhita að finna í nágrenni Sauðárkróks og í Hjaltadal. Í Varmahlíð, Steinsstaðabyggð, Sauðárkróki og Hólum er jarðhiti nýttur til húshitunar.
Jarðhitinn hefur nú verið kortlagður allnákvæmlega í Akra- og Lýtingsstaðahreppum og laugar hita- og rennslismældar ásamt ítarlegum jarðefnafræðilegum rannsóknum á laugavatni. Vitað er um jarðhita í landi 15 bæja í Akrahreppi, hitastig allsstaðar lægra en 40°C og í Lýtingsstaðahreppi á 31 bæ, hitastig víðast hvar yfir 40°C og hæst tæpar 80°C. Við Sauðárkrók hefur heitt vatn líka verið rannsakað allnákvæmlega í tengslum við Hitaveitu Sauðárkróks sem fær vatn sitt við Áshildarholtsvatn um 70°C upp úr jörðu. Á öðrum stöðum er vatnið minna rannsakað en þó má benda á Reykjarhól við Varmahlíð, en þar virðist vera mikið af heitu vatni. Vatn þaðan er notað til upphitunar í Varmahlíð. Líka virðist vera mikið af heitu vatni í Reykjarhóli á Bökkum, en það kemur upp úr jörð um 75°C.
Tengsl hafa fundist milli jarðhita og brotalama í bergi á nokkrum stöðum. Víða háttar þannig til að ekki sér í berggrunn við jarðhitastaði og því ekki augljóst samband við sprungur eða misgengi. Tengslin sjást einna helst við sprungur og misgengi með N - S stefnu svo og bergganga með A - V stefnu.
Enn sem komið er hefur ekki verið gerð skipuleg athugun á tengslum við berggrunninn. Þó er til athugun frá Reykjum í Hjaltadal þar sem jarðhitinn kemur upp í norðlægu misgengi. Komið hefur í ljós að langmestur jarðhiti er þar sem yngri misgengjabeltinn skerast eins og t.d. er í Akra- og Lýtingsstaðahreppum.

2.6.2 Vatnsorkulindir

Virkjaðar vatnsorkulindir í Skagafirði eru Skeiðsfoss í Fljótum og Gönguskarðsá á Sauðárkróki, auk þriggja smærri virkjana (sjá kafla 3.10.1). Lög eru um Villinganesvirkjun en mjög óráðið er hvort og þá hvernig verður virkjað. Hugmyndir eru um virkjanir á vatnasviði Jökulánna og fyrir liggja tillögur samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands
Fallvötn Skagafjarðar eru mörg hver mikil að vöxtum og gefa möguleika á raforkuframleiðslu. Vatnaskil Skagafjarðar umlykja 5.700 ferkílómetra svæði. Lætur nærri að vatnaskil fylgi sýslumörkum að austan og vestan en að sunnan liggja vatnaskilin um Eyfirðingahóla, miðjan Hofsjökul, Háöldur og Nýjabæjarfjall. Lauslega má áætla að meðalfallhæð vatns frá ákomu- eða leysingastað til sjávar í Skagafirði sé um 530 m.

Tafla 2.6.2-1 Hæð úrkomusvæðis Skagafjarðar

hæð í metrum	ferkílómetrar	úrkoma %
0-100	700	12
100-200	460	8
200-400	400	7
400-700	1600	28
700-1000	2000	35
1000-1300	380	7
1300-1600	160	3

Heimild: Jóhann Svavarsson

Á tertíer og kvarter blágrýtissvæðum Skagafjarðar eru nær eingöngu dragár. Myndast þær nær eingöngu með yfirborðsvatni, og um miðlun jarðvegs er ekki að ræða á sama hátt og við lindámar. Í þurrkum og í kuldatíð verður rennsli þeirra mjög lítið, en í vætutíð og leysingum belja þær fram og verða að stórfljótum. Jökulámar myndast sumpart úr þeim kvíslum sem liggja frá jöklunum, sumpart úr bergvatnsám og lækjum og öðru rennsli sem til þeirra fellur af þýðlendinu. Sýnir það sig, að jökulámar haga sér eins og dragárnar, en minnsta rennslið verður þó ekki eins lítið ef miðað er við úrkomu á vatnasviðinu. Stafar það m.a. af því að þær falla um stór og víðlend svæði á hálendinu, þar sem úrkoman er hvað mest, og ekki er á sama tíma minnsta rennsli í þeim bergvatnsám sem falla í jökulámar.

Ef miðlunarskilyrði eru ekki fyrir hendi þá er ekki hægt að virkja nema lítinn hluta ánna, og jafnvel ekki nema sem svarar minnsta rennsli þeirra. Mælingar á dragám í Skagafirði, eins og t.d. Fljótaá og Gönguskarðsá, sýna að vatnsrennsli þeirra getur farið niður í sem svarar 6-7 lítra á sekúndu á hvern ferkílómetra úrkomusvæðisins, og jafnvel niður fyrir það. Ekki er því varlegt að reikna með meira en 10 lítrum á sekúndu í virkjunum í Skagafirði án miðlunarlóna. Séu jökulárnar og Fljótaá undanskildar eru miðlunarskilyrði mjög lítil í ánum þar sem aðrir kostir eru fyrir hendi.

Heimildaskrá

2.6 Jarðhiti og orkulindir

2.6.1 Jarðhitasvæði

Haukur Jóhannesson og Ragna Karlsdóttir,1976: Jarðhitakönnun í Hjaltadal sumarið 1976. Orkustofnun, OSJHD7653. 14 bls.

Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannesson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-84050/JHD-09. Reykjavík. 111 bls.

Jón Jónsson: Jarðhiti. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 175-200. Aðallega bls. 182, 186-187, 196-197.

Jón Benjamínsson, 1988: Jarðhiti í sjó og flæðarmáli við Ísland. Náttúrufræðingurinn, 58 (3). Bls. 153-169. Aðallega kort bls. 154 og 162-163 (Reykir á Reykjaströnd og út af Reykjarhóli í Skagafirði).

Kristján Sæmundsson, 1976: Hitaveitur í þéttbýli. Staða rannsókna 1976 og framtíðarhorfur. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS JHD 7621. Reykjavík.

María J. Gunnarsdóttir, 1984: Hitaveitur fyrir Varmahlíð-Sauðárkrók og Seyluhrepp. Endurskoðun á fyrri áætlun. Orkustofnun OS 84079/JHD-33B. Reykjavík. 7 bls.

María J. Gunnarsdóttir og Kristján Sæmundsson, 1985: Hitaveita á Hofsós. Frumathugun á kostnaði og hagkvæmni. Orkustofnun, OS 85042/JHD-12B. Reykjavík. 10 bls.

Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson og Þórólfur H. Hafstað, 1991: Skagafjörður, jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-91047/JHD-08, Reykjavík, 96 bls. Bls. 7-34 + kortablöð

Orkustofnun, Jarðhitadeild, 1989: Jarðhitarannsóknir fyrir hitaveitur. Yfirlit um eðli jarðhitasvæða, jarðhitaleit og vinnslu jarðvarma.

Orkustofnun (Jón Steinar Guðmundsson ritstjóri), 1982: Nýting jarðhita við garðyrkju. Ráðstefna á Hótel Loftleiðum 2.12.1980. OS82027/JHD03. Reykjavík.

Stefán Arnórsson, 1993: Jarðhiti. Náttúrufræðingurinn 63 (1-2). Bls. 39-55.

Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls. 63-68.

2.6.2 Vatnsorkulindir

Jón Ingimarsson og Þóroddur F. Þóroddsson, 1976: Vatnsþórf. Orkustofnun, Jarðkönnunardeild, OSJKD7602. Sérprent úr Sveitarstjórnarmálum, 4 tbl. Bls. 175-183.

Sigurjón Rist: Vötn. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 277-302. Aðallega bls. 288-289.

Arnþór Garðarsson, 1978: Vatnavernd. Íslensk vatnakerfi og verndun þeirra. Náttúruverndarráð, Reykjavík.

Freysteinn Sigurðsson og Guðrún Halla Gunnarsdóttir, 1991: Vatnsvernd í skipulagi. Greinargerð ásamt viðaukum. Skipulag ríkisins.

Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson, 1989: Ferskvatn og neysluvatn á Íslandi. Eiginleikar og útflutningshæfni. Orkustofnun, FS- GS-89/01. 6 bls.

Viðtöl:

Jóhann Svavarsson, veitustjóri RARIK í Skagafirði.

2.7 Aðrar auðlindir

2.7.1 Nýtanleg jarðefni

Hugtakið nýtanleg jarðefni er teygjanlegt og breytilegt eftir stað og tíma. Jarðefnum er yfirleitt skipt í tvo flokka; málm og málmleysingja og stundum er lífrænum efnum, kol og olíu, skipað sér í flokk.

Allt malarefni hefur myndast við veðrun og rof á föstu bergi, flutning þess og svörfun. Við rof og flutning hafa jöklarnir verið stórvirkastir, en hafstraumar, brim og straumvötn hafa fágað það, þvegið og aðgreint eftir kornastærðum og safnað því í fjörur, rif og eyrar. Að öllum líkindum eru sjávarmyndanir, gamlar og nýjar, mestar af vöxtum. Þá er að telja straumvatnamyndanir sem eru við flestar ár, stórar og smáar.

Um lok ísaldar reis landið lægra úr sjó en nú er og nemur landhækkunin 30-40 m frá þeim tíma. Í þessari hæð er þess vegna unnt að finna möl, ýmist gamlar fjörumyndanir, eða þá gamla óshólma jökulelfa frá lokaskeiði ísaldar. Þessi malarlög eru mjög misjöfn, sum eru hrein og henta vel sem byggingarefni, önnur eru leirblönduð og illnotanleg til nokkurra hluta.

Malarnámur eru mjög víða í Skagafirði, margar þeirra eru í stöðugri notkun en aðrar í sáralítilli eða jafnvel aflagðar með öllu.

Tafla 2.7.1 -1

Malarnámur í Skagafirði.

701-15	NORÐURLANDSVEGUR	SÝSLUMÖRK A HÚN, - SKAGAFJARÐARVEGUR
701-15-01	Lestarmelur austan við Stóra-Vatnsskarð	Námuvegur til vinstri við st. 27+932 námuv. 100 m
701-15-02	Austan Myllulækjar	Við Myllulæk á Vatnsskarði
701-15-03	Gýgjarfoss, náma A	St. 29+300 skv. planlegu 70115A.T01
701-15-05	Fossflötur, náma B	Beggja megin við veglínu 70115A.T01 um st.. 29+500-29+60
701-15-07	Víðimýrarsel náma C	Sunnan vegar um st. 30+700
701-15-09	Náma D við st. 31+320 v. vegar	Norður frá vegl. 70115A.T01 410 m frá Víðimýrarselsheimreið
701-15-10	Náma B. Í Vatnsskarði	
701-15-13	Norðurlandsvegur	Við Brekku
701-15-90	Norðurlandsvegur	
701-15-91	Norðurlandsvegur, Vatnsskarði	
701-17	NORÐURLANDSVEGUR	SAUÐÁRKRÓKSBRAUT - SIGLUFJARÐARVEGUR
701-17-01	Vallanes	Beint austur af bænum Vallanes
701-17-11	Ferjuhólmi	I landi Syðstugrundar
701-18	NORÐURLANDSVEGUR	SIGLUFJARÐARVEGUR - MIKLIBÆR
701-18-01	Stóru Akrar	
701-18-02	Héraðsvatnabrú	701-17------701-18
701-18-03	Djúpadalseyrar	Í Blönduhlíð
701-18-04	Héraðsvötn	Við Héraðsvötn norðan Dalsár
701-19	NORÐURLANDSVEGUR	MIKLIBÆR - KJÁLKI
701-19-01	Bóla	
701-19-03	Úlfsstaðagróf	Austan Norðurlandsv. 340 m sunnan við heimr. Úlfsstöðum
701-19-50	Norðurlandsv. Víðiv. - Kjálkav.	Í veglínu við Héraðsvötn
701-19-51	Norðurlandsvegur	
701-20	NORÐURLANDSVEGUR	KJÁLKI - FREMRIKOT
701-20-00	Skeljungshöfði	Við vegamót á vegi 759 01 00
701-20-01	Norðurá	
701-20-07	Silfrastaðanáma	Við Skeljungshöfða
701-21	NORÐURLANDSVEGUR	FREMRIKOT - GRJÓTÁ
701-21-01	Norðurá	
701-21-02	Heiðará	
701-21-03	Grjótárnáma	Öxnadalsheiði
701-21-04	Gvendarnesnáma	I eyrum Norðurár
701-21-05	Valagilsá	Í eyrum Valagilsár frá Norðurá og uppeftir
701-21-90	Norðurlandsvegur á Öxnadalsheiði	Við hlið nýbyggingar við Heiðará
701-21-91	Norðurlandsvegur	Norðurá - Giljareitir
701-21-99	Norðurá	

	ÞVERÁRFJALLSVEGUR	
744-02-10	Skíðastaðanáma við Þverárfjallsveg	Ofan vegar, vestan læks
	SKAGAVEGUR	
745-06-01	Keta, Ketubjörg	
745-06-02	Hvalnesnáma	Skammt frá afl. að Neðribyggðarvegi
745-06-03	Skagaselsnáma	Fyrir ofan félagsheimilið Skagasel
745-07-10	Gauksstaðir	Við Gauksstaðaá
745-08-01	Sævarlandsvík	Í vík við sjóinn
745-08-08	Sævarland	Ofan Skagavegar við Sævarlandsveg
745-08-09	Laxárnáma	Norðan brúar
745-08-10	Tjaldhóll	Austan við Tjaldhól í landi Hvamms
745-08-11	Hafragilsnáma	Við merki Þorbjaragarstaða og Hafragils
745-08-12	Eyri austan við Laxá	Ca 100 m norðan við merki Hafragils og Þorbjargarstaða
745-08-13	Eyrar Laxár	Við Laxárbrú hjá Skíðastöðum
745-09-01	Gönguskarðsá	Nyrst í mel ofan og norðan við bæinn Heiði
745-09-02	Eyri	Eyrar Gönguskarðsár
745-09-03	Grænumóar	Sunnan og ofan við Gönguskarðsárbrú
745-09-04	Hrafnárnáma	Við Skagaveg um 500 m frá vegam. Skagav. og Þvfjv.
	REYKJASTRANDARVEGUR	
748-01-01	Fagranes	Í gili niður af rafstöð við bæinn Fagranes
	SKAGAFJARÐARVEGUR	
752-01-01	Vindheimar	
752-01-03	Steinstúnsnáma	Við Svartárbrú
752-01-04	Reykjavellir 1	Hjá Reykjavöllum
752-02-01	Korná	
752-02-02	Breiðagerði	
752-02-03	Brúnastaðir	Við Svartá norðan og vestan Svartárbrúar S Mælif.
752-02-04	Svartárnáma	Við Svartá norðan og vestan Svartárbrúar S Mælif.
752-02-05	Brúnastaðanáma	Í jökulruðningsholti neðan við Skagafjarðarveg
752-02-06	Hamrahlíðarnáma	Í eyrum Svartár neðan við bæinn Hamrahlíð
752-02-07	Brúnastaðanáma 2	Jökulruðningsholt norðan við Stóráreyrar
752-02-08	Sólvanes	Eyrar norðan vegar að Sólvanesi
752-02-09	Starrastaðanáma	Áreyrar sunnan við Starrastaði
752-02-50	Skagafjarðarvegur	
752-03-01	Breiðagerði, holt A	Ca 1 km sunnan við Svartárdalsveg
752-03-02	Breiðagerði II, holt B	1,8 km sunnan Svartárdalsvegar
752-03-03	Tunguháls, holt C	Ca. 0,5 km sunnan við Tunguháls
752-03-04	Hverhólar I	350 m norðan Hverhólaheimreiðar
752-03-06	Hverhólar II	Holt, 350 m sunnan Hverhóla
	VINDHEIMAVEGUR	
753-01-01	Syðra-Vallholt	Úr eyrum Héraðsvatna við Mikley
753-01-02	Stokkhólmi	
	HÉRAÐSDALSVEGUR	
754-01-01	Héraðsdalur	Úr eyrum Héraðsvatna austan við bæinn.
754-01-02	Stapasneiðingur	Við Héraðsdalsveg
754-01-03	Steintúnsnáma	Við Svartárbrú
754-01-90	Héraðsdalur	
755-01-01	Gilhagi	
	VIÐ NORÐURLANDSVEG	
761-01-01	Fjallsnáma	U.þ.b. 1 km frá Norðurlandsvegi
	SÆMUNDARHLÍÐARVEGUR	
762-01-01	Reynistaður	
762-01-02	Melsgil	Náma efst í Melsgili, utan túngirðingar í Hvammkoti
	HEGRANESVEGUR	
764-01-02	Keldudalsnáma	Skammt frá bænum Keldudal við st. 10,94
764-01-07	Ferjuhamarsnáma	2.5 km norðan st. 2240 Í nýrri veglínu um Hróarsdal
765-01-01	Garðsnáma	Í landi Garðs

765-01-02	Garðsnáma	Norðan við Garð um 1.5 km frá Sauðárkróksbraut
765-01-09	Ásrétt	Austan við Ásrétt um st. 4500
765-01-11	Náma E Ás II	Austan veglínu um st. 5350-5450
765-01-13	Náma F	Vinstra megin veglínu frá st. 8780-8970
766-01-01	Bakkanáma	Við heimreið að Bakka
	HÓLAVEGUR	
767-01-01	Garðakot	
767-01-02	Vegskering st. 120-220	Hólavegur um 120 m Siglufjarðarvegi. Báðum megin vegar
767-02-01	Hjaltadalsá, eystri bakkinn	Neðan við laxeldisstöð úr eyrum Hjaltadalsár, austan vegar
	HJALTADALSVEGUR	
768-01-01	Hjaltadalsá	
768-01-02	Kjarvalsstaðir	Við Hjaltadalsveg
	ÁSAVEGUR	
769-01-03	Neðri-Ás við Ásaveg	St. 5910, 0.8 km sunnan vegamóta Siglufjarðarv. og Ásavegar
769-01-04	Neðri-Ás við Ásaveg	St. 6360, 0.35 km frá vegamótum Siglufjarðarv. og Ásavegar
	SAUÐÁRKRÓKSBRAUT	
775-01-99	Sauðárkróksbraut	
775-02-03	Brautarholt	Ofan vegar gegnt Brautarholti
775-02-05	Geldingaholt	Náman er við Geldingaholt um 1,7 km frá vegi 775
775-02-50	Húsabakkaflói	
775-03-00	Veglína st. 0+009.7-1+540	Vegsvæði
775-03-01	Kimbastaðir	Rétt austan vegar
775-03-02	Gilskrús	Við Gil í Borgarsveit
775-03-91	Veglína st. 0+009.7 til 1+540	Vegsvæði.
775-05-01	Fornós	Í mel eða grónum eyrum við flugvöll
775-05-02	Borgarsandur	Malarkambar í fjöru austan Sauðárkróks
775-05-03	Steypustöð Sauðárkr., fjöruefni	
775-05-05	Héraðsvötn	vesturendi brúar
775-05-06	Héraðsvötn	austurendi brúar
775-06-01	Garðskrókur	
775-06-03	Utanverðunes	Við gamla heimr. að Utanverðunesi, 150-350 m frá vegi
	SIGLUFJARÐARVEGUR	SYÐSTAGRUND-SLEITUSTAÐIR
776-01-01	Miðgrund	
776-01-02	Syðstagrund	
776-01-03	Melstaðatangi	
776-01-04	Djúpadalsá	
776-01-05	Hvammsárnáma	I farvegi Hvammsár
776-01-06	Þverárnáma	Í eyrum Þverár í Út-Blönduhlíð ofan vegar
776-02-01	Vatnsleysa	
776-02-02	Gljúfurá	
766-01-01	Bakkanáma	Við heimreið að Bakka
776-03-01	Bakki	Í vík við sjóinn norðan við bæinn
776-03-02	Tungunáma	Norðan við Siglufjarðarveg, milli Kolbeinsdalsár og Hjaltadalsár
	SIGLUFJARÐARVEGUR	SLEITUSTAÐIR-MIKLAVATN Í FLJÓTUM
776-04-01	Hofsós	Melar sunnan Hofsóss, vestan þjóðvegar
776-04-02	Grafargerði	
776-04-03	Grafargil	
776-04-04	Grafarmelar	
776-04-05	Melstaðsnáma	Við Siglufjarðarveg
776-04-06	Stóragerði	Vinstra megin vegar frá st. 1450
776-06-04	Lónkotsnáma	
776-06-05	Höfðaárnáma	Við Siglufjarðarveg
776-07-01	Hrolleifsdalsá	
776-07-02	Bræðraá	
776-07-03	Tjarnarnáma	Við Siglufjarðarveg
776-07-04	Ysta-Hólsnáma	Á móti Ysta-Hóli
776-07-10	Reykjarhóll, laxeldisstöð	Við Siglufjarðarveg
776-08-01	Dælisós	Melar ofan við nefndan ós



776-08-50	Siglufjarðarvegur	Reykjarhóll - Ólafsfjarðarvegur
776-09-01	Hraun	
776-09-02	Laufskógar	
776-09-03	Hraunavík	
776-09-04	Hraunaósnáma	Í fjörukambi við ós Miklavatns í Fljótum.
	HÓFÐASTRANDARVEGUR	
783-01-01	Á	Melur við bæinn Á í Unadal
783-01-02	Brúnkollumelar	1 km innan við Sandfell
783-01-03	Hofsnáma I	Við núverandi heimreið að Engihlíð u.þ.b. 800 metra frá Hofi
	FLÓKADALSVEGUR	
787-01-01	Sjöundarstaðanáma	
787-01-02	Barð	
787-01-03	Brunná	
787-01-10	Brunná	Norðan við Brunná
787-01-11	Barðsnáma	Við Barð
788-00-01	Sandós	Við samnefndan ós í Haganesvík
788-00-02	Haganesvík	

Heimild: Vegagerð ríkisins

Heimildaskrá

2.7 Aðrar auðlindir
Eymundur Runólfsson og Þórður Tyrfingsson, 1995: Vegaskrá 1995 Norðurland vestra. Vegagerðin, Áætlanadeild, Reykjavík. 23 bls.
Tómas Tryggvason og Freysteinn Sigurðsson: Hagnýt jarðefni. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 175-200.
Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 1984: Vegagerðarefni á Norðurlandi vestra V-131, Keldnaholt.
Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 1978: Oliumalarnámur á Norðurlandi vestra, Áfangaskýrsla, Rannsókn H78/464.
Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls 175-223.

2.8 Minjar og vernd

2.8.1 Friðlýstar náttúruminjar

Miklavatn, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1977. Stærð 1.550 ha.
Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.
Friðlandið er neðsti hlutinn af óshólmasvæði Vestari Héraðsvatna. Svæðið nær yfir Miklavatn og umhverfi þess, Borgarskóga (Skóga), Grænhól, Selland, Borgarmýrar að hluta, Stekkjarengi og Tanga, auk mjórrar landræmu vestan vatnsins.
Gera þarf úttekt á ástandi friðlandsins og hvernig verndun þess hefur tekist með tilliti til upphaflegra markmiða með friðuninni. Í því sambandi þarf m.a. að hafa í huga; hvort nauðsynlegt sé að endurskoða umgengni um það með einhverjum hætti og hvort einhver misbrestur sé á því að farið sé eftir þeim reglum um friðlandið sem samdar voru í upphafi.
Náttúruverndarráð hefur haft forgöngu um kynningu á eðli og náttúru friðlýstra svæða víða um landið. Það er orðið tímabært að slíkt kynningarefni sé unnið um friðlandið við Miklavatn. Aukin fræðsla auðveldar almenningi að njóta og virða náttúruperlur sem í hlut eiga. Kynningarefni laðar einnig að ferðamenn og er besta tryggingin fyrir góðri umgengni. Gera þarf gangskör að því að kippa þessu í liðinn. Best væri að Skagfirðingar sjálfir hefðu frumkvæði að þessu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi aðila. Til þessa hefur fuglalíf á friðlandinu mest verið athugað. Þó að fuglalíf sé oft góður mælikvarði á annað dýralíf og náttúrufar á einstökum svæðum, þá er ekki síður mikilvægt að fram fari meiri rannsóknir á öðru dýralífi og gróðurfari á friðlandinu en fram hafa farið til þessa. Einnig þarf að hyggja að því hvernig framkvæmdir utan friðlandsins geta haft áhrif á friðlandið sjálft. Athuga þarf hvort að þörf sé á því að marka helgunarsvæði (buffer zone) einhversstaðar að friðlandinu.
Margt bendir til þess að lífríki Miklavatns hafi breyst á undanförnum árum m.a. vegna framræslu ofar á vatnasvæðinu. Vatnsbúskapur er óstöðugri og framburður mikill í vatnið. Mestu munar um söfnunarskurðinn en hann skilar framburði af stóru svæði í vatnið.

2.8.2 Náttúruminjar á náttúruminjaskrá

Þessum kafla fylgir 4. þemakort, Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar.
413. Orravatnsrústir á Hofsafrétt, Lýtingsstaðahreppi. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.
414. Botn Vesturdals (Hofsárdals). (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá.
415. Kotagil og Skeljungssteinn, Akrahreppi. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur alllangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri- Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.
Góða lýsingu á Kotagili er að finna hjá Helga Hallgrímssyni í *Týli* 1971 (2), bls. 51- 56. Þar lýsir hann sérstökum jarðmyndunum, fornum skógarleifum, völundarhúsi hella og mikilli náttúrufegurð.
416. Fossar í Bólugili, Akrahreppi. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.
417. Malarásar í Sæmundarhlíð, Seyluhreppi, Staðarhreppi. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.
418. Austara- Eylendið, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi. (1) Óshólmasvæði Austari- Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari- Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan fylgja þau vesturjaðri mýrlendis við Rípu og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.
419. Ketubjörg á Skaga, Skefilstaðahreppi. (1) Strandlengjan frá Ketuskögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.
420. Drangey. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnípt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri. Jurtaskrá fyrir Drangey var tekin saman af Guðbrandi Magnússyni, 1982: Jurtaskrár úr Drangey, Málmey og Þórðarhöfða. Týli, 12 (2), bls. 61-68. Stutta umsögn um fuglalíf í Drangey er að finna í bókinni Important bird areas in Europe. Ritstj. R. F. A. Grimmett og T. A. Jones. ICBP Technical puplication No. 9. Cambridge 1989.
421. Höfðavatn og Þórðarhöfði, Hofshreppi. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki. Jurtaskrá fyrir Þórðarhöfða var tekin saman af Guðbrandi Magnússyni, 1982: Jurtaskrár úr Drangey, Málmey og Þórðarhöfða. Týli, 12



(2), bls. 61-68. Stutta umsögn um fuglalíf við Höfðavatn er að finna í bókinni Important bird areas in Europe. Ritstj. R. F. A. Grimmett og T. A. Jones. ICBP Technical puplication No. 9. Cambridge 1989.
422. Reykjarhóll á Bökkum, Fljótahreppi. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum. Í hólnum hefur verið malarnám sem skaðað hefur ásýnd hans.
423. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (501), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h. y. s, mörk ná viðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h. y. s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

Á nýrri væntanlegri náttúruminjaskrá bætast við eftirtaldir staðir:
Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn. Torfavatn og Þangskálavatn eru við Hraun á Skaga, en Ásbúðnavatn skammt vestan við sýslumörk Skagafjarðarsýslu og Austur Húnavatnssýslu miðja vegu á milli bæjanna Víkur og Hrauns. Þessi þrjú vötn eru talin hér saman þar sem þau eru á sama svæði.
Miklavatn í Fljótum

Tillögur um náttúruverndarsvæði á miðhálendishluta Skagafjarðar liggja fyrir frá samvinnunefnd um svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands.

2.8.3 Aðrar náttúruminjar

Við gerð eftirfarandi skrár yfir náttúruminjar í Skagafirði var meðal annars stuðst við skýrslur Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) frá því í byrjun 8. áratugar og við nokkrar skýrslur Helga Hallgrímssonar frá 8 áratugnum (m.a. "Frumdrög að náttúruminjaskrá Skagafjarðar"), sem unnar voru m.a. fyrir Náttúruverndarráð og Landsvirkjun.
Náttúruminjarnar eru flokkaðar í eftirfarandi flokka:

1. Sérstakar staðbundnar jarðmyndanir og/eða gróðursvæði, landslag, framhlaup, gil, gljúfur, fossar, skógaleifar, fundarstaðir steingervinga eða sjaldgæfra steintegunda ofl., í flestum tilfellum verndað sem náttúruvætti skv. 22 gr. náttúruverndarlaga.
2. Strandlendi, fuglabjörg og eyjar, oft með fjölskrúðugu lífríki, verndað sem friðlönd skv. 24 gr. náttúruverndarlaga.
3. Votlendi og vötn, yfirleitt stærri landssvæði með viðkvæmu lífríki, verndað sem friðlönd skv. 24 gr. náttúruverndarlaga.
4. Stærri landssvæði sem einkennast af sérstöku landslagi og náttúrufari, verndað skv. 26 gr. náttúruverndarlaga um fólkvanga (eða með einskonar héraðsvernd) eða skv. 25 gr. náttúruverndarlaga um þjóðgarða ef um mjög stórt svæði er að ræða sem á sér einnig merka menningarsögu.

2.8.3.1 Sérstakar staðbundnar jarðmyndanir og/eða gróðursvæði:

1. Foss í Fossá, Skefilsstaðahreppi.
2. Tindastóll, einkum hamrar og hlíðar þess á Reykjaströnd, Skefilsstaðahreppi /Skarðshreppi. (Helgi Hallgrímsson (1975) bendir á að rétt væri að vernda Tindastól og umhverfi sem eina heild).
3. Molduxi, Skarðshreppi.
4. Nafir, 40-45 m hár malarbakki, Sauðárkróki.
5. Reykjarhóll, 111 m hár bergstandur, ílöng gosrásarfylling. Í suðurhluta hólsins er skógrækt og er svæðið hugsað sem útivistarsvæði fyrir íbúa Varmahlíðar og nágrennis og ferðamenn, Seyluhreppi.
6. Gýgjarfoss í Sæmundará, Seyluhreppi
7. Skiphóll í Vallhólmi, stakur melhóll, malarhjallur sem sennilega verður til við hæstu sjávarstöðu á síðjökultíma, líkt og Vindheimamelarnir, Lýtingsstaðahreppi.
8. Reykjafoss í Svartá, Lýtingsstaðahreppi. Hefur verið skaðaður með miklum laxastiga.
9. Mælifellshnjúkur, Skagafirði. Meðal hæstu fjalla í umgjörð Skagafjarðar, 1138 m. Nafnið er samofið sögu og siðum og var um aldir notað til að mæla eyktir og annir dagsins um mikinn hluta Skagafjarðar. Fjall sem ýmsar mælingar eru miðaðar við. Lega fjallsins og umgjörð er sérstök og það hefur mikið gildi í hugum Skagfirðinga. Heimild: Jakob Líndal, 1940. Mælifellshnjúkur. Náttúrufræðingurinn x árg. bls. 51-67. Koma verður í veg fyrir að ásýnd einstakra fjalla, perlna eins og Mælifellshnjúks, verði sködduð með nokkru móti. Í þessi sambandi er rétt að benda á að allur fjallgarðurinn milli Skagafjarðar og Eyjafarðar er á náttúruminjaskrá, þ.m.t. öll Blönduhlíðarfjöllin.
10. Hrútargil í landi Litlu-Hlíðar og Gilja í Vesturdal, Lýtingsstaðahreppi.
11. Giljareitirnir milli Hverhóla og Dalkots í mynni Vesturdals, Lýtingsstaðahreppi.

12. Laugarhöfði við Vestara-Jökulsárgil, Lýtingsstaðahreppi. Miklir og áberandi berggangar og litskrúðug millilög.
13. Mosgil, Lýtingsstaðahreppi.
14. Hvammar við Hverhóla/Bakkakot, Lýtingsstaðahreppi.
15. Fornir jökulvatnsfarvegir í landi Bústaða, Lýtingsstaðahreppi.
16. Vestara- Jökulsárgil frá Goddölum að ármótum, Lýtingsstaðahreppi.
17. Surtarbrandsstaðir í Vesturdal í Skagafirði, 1) Í Giljadal, innan við bæinn Gilja í Vesturdal. Þar eru leirsetlög eða fokset og útflattir surtarbrandslurkar og flísar inn á milli. Lögin eru niður við árfarveginn í um 250 m hæð yfir sjávarmáli og halla aðeins inn í landið. Þau eru um 2.7 m á þykkt og þverstífð að framan svo þau líkjast torfstrengjum í gömlum moldarvegg. Þarna gætu einhverntíma hafa vaxið laufþré. 2) Í vesturbakka Hofsár, surtarbrandur í bakkanum, aðeins innan við ármót Giljár og Hofsár. 3) Skjólhvammsgil. Skjólhvammsgil er um 100 m norðan við Hrútagil. Gilmyndunin er aðallega neðst og gengur undir nafninu Skjólhvammslækur. Uppi undir brúninni er mikil, ljós leirmyndun í syðri lækjarbakkanum, sem er um 8-10 m hár. Sá hluti bakkans sem surtarbrandsflísarnar finnast í, er um 150-200 m á lengd upp með læknum. Þessi staður er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. 4) Klakkalækur. Klakkalækur upp undir Elliða, þar sem hann á upptök sín undan hraungörðunum og lækurinn beygir til suðurs. Vestanvert við lækinn er leirmyndaður, hvítleitur kambur og liggur austurhlið hans samhliða Elliðanum. Þessi staður er í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. 5) Hofsdalur. Í Jökulsárgilinu er mjög greinilegt surtarbrandslag. Þar eru hvítleit leir- og sandsteinslög og standa kolsvartir, útflattir surtarbrandsbjálkar og flísar út úr þeim. Þessi lög eru í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Heimild um surtarbrand í Vesturdal: Guðbrandur Magnússon, 1980. Um nokkra surtarbrandsstaði í Vesturdal í Skagafirði. Týli, 10 (1), bls. 7-12.
18. Hraunin, Lýtingsstaðahreppi, holtalandslag með klettahraukum og grjótmelum en lægðum og lautum á milli. Þau eru einkum meðfram Héraðsvatnagili, Ármótum og Vestara-Jökulsárgili. Býsna fjölbreytt landslag og skemmtilegt til útivistar.
19. Jökulsárgilið eystra við Byrgishöfða, Lýtingsstaðahreppi.
20. Héraðsvatnagil niður um Tyrfingsstaði, Lýtingsstaðahreppi/Akrahreppi.
21. Ármótin þar sem jökulsárnar mætast og mynda Héraðsvötnin, Lýtingsstaðahreppi/ Akrahreppi.
22. Jökulsárgil eystra frá Skuggabjörgum að ármótum, einkum neðan Gilsbakka, Lýtingsstaðahreppi/ Akrahreppi.
23. Merkigil, Akrahreppi, Sjá t.d. Hjörleif Kristinsson: "Merkigil í Austurdal", Skagfirðingabók 1969, bls. 100-117.
24. Jökulsárgil eystra við Stapa/Steinboga ("Steinboganafir"), Akrahreppi.
25. Brennigilshólar, Akrahreppi, berghlaup milli Miðhúsa og Ábæjar.
26. Ábæjargil, Akrahreppi. Fagurt gil. Fundarstaður opalsteina og steingervinga.
27. Jökulsárgil eystra frá Bæjarhöfða að Landsenda, Akrahreppi.
28. Giljareitirnir í dalshlíðunum milli Stekkjarflata og Gilsbakka í mynni Austurdals, Akrahreppi.
29. Jökulsárgil eystra við Stórhól/Laugardalshöfða og miðhluti reitanna milli Stekkjarflata og Gilsbakka, Akrahreppi.
30. Stórihvammur í Austurdal, leifar birkiskógar í 600 m hæð, líklega hæsti fundarstaður birkis á landinu, Akrahreppi.
31. Fagrahlíð í Austurdal.
32. Valagil í Norðurárdal, hrikalegt árgil sem svipar til Kotagils sem nú þegar er á náttúruminjaskrá, Akrahreppi.
33. Glóðafeykir, 873 m, heilsteypt fjall og ein mesta náttúruperlan í hinni glæsilegu fjallaumgjörð héraðsins, Akrahreppi (allur Tröllaskaginn er nú á náttúruminjaskrá). Glóðafeykir er tiltekinn hér sérstaklega því ekki þyrfti mikið malarnám í fjallinu eða í rótum þess til að hin tignarleg ásýnd þess yrði eyðilögð til frambúðar.
34. Tryppaskál á Hörgárdalsheiði.
35. Gálgagil neðan Flugumýrar, rétt ofan við fyrrverandi hestaþingshamar.
36. Gegnir og Kerhóll í landi Miklabæjar, Akrahreppi.
37. Úlfsstaðaberg sérstök klöpp með skýrum jökulrákum, milli Úlfsstaða og Kúskerpis, Akrahreppi.
38. Hofsstaðaurð, Viðvíkurhreppi, berghlaup upp af Hofsstöðum, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 351-355.
39. Staðarbjörg, stuðlabergsmyndun milli Grafaróss og Hofsóss, Hofshreppi.
40. Hólahólar, framhlaup við Hóla í Hjaltadal, úr miðju fjallinu þar sem Gvendarskál er, Hólahreppi. Sögustaður og sérstakar jarðmyndanir.
41. Hólabyrða í Hjaltadal, Hólahreppi. (Athuga er á náttúruminjaskrá ásamt öðru fjalllendi á Tröllaskaga).
42. Kambshólar í Deildardal, berghlaup, Hofshreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 345-349.
43. Mýrakots- og Brekknahólar, Hofshreppi, berghlaup, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 338-340.
44. Hraun í Unadal, Hofshreppi, berghlaup, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 341-344.
45. Berghlaup úr Hyrnu í Sléttuhlíð, Hofshreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 330-333.

46. Berghlaup upp af Hvammi, Fljótahreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 320-321.
47. Berghlaup og misgengi upp af Skeið og Þverá, Fljótahreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 322-324.
48. Berghlaup hjá Reykjum í Flókadal, Fljótahreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 326-327.
49. Depluhólar í Stíflu ásamt engjum þar inn af, Fljótahreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 313-314.
50. Stífluhólar, Fljótahreppi, sjá Ólaf Jónsson: Berghlaup, bls. 314-320.
51. Kvígildi, utarlega í Almenningum, Fljótahreppi. Stór hóll fram undan Illviðrishnjúkum. Er þessi hóll með klettabeltum að framan, að sjónum, en ofan til við hólinn er djúp laut, og nyrst í henni er afar stórgrýtt urð.

2.8.3.2 Strandlendi, fuglabjörg og eyjar

1. Strandlengjan frá Selnestá að Ásnefi, m.a. ásamt Selárgilinu og Fossstapa, þar sem eru fallegar víkur, nokkurt varp (á stapanum) og sérstæðar jarðmyndanir (t.d. sérkennilega veðraður sandsteinn í Selvík), Skefilstaðahreppi.
2. Landsendi við Sævarlandsvík að Reykjadisk, m.a. ásamt Sævarlandsstapa, Básum, Glerhallavík og Sandvík, hrikalegt landslag, steinanámur ofl, Skefilstaðahreppi/ Skarðshreppi.
3. Utanverðunes-Keflavík, allt að 70 m hár samfelldur bergveggur á norðaustanverðu Hegranesi, ásamt tanganum norðan bæjarins og Nesvatni, sjávarminjar er vitna um hærri sjávarstöðu fyrrum. Rípurhreppi.
4. Ströndin norðan við Hofsós, frá þorpinu að Naustakletti eða víkinni fyrir neðan Bæ, með stuðlabergsklettum, stöpum og smávíkum, Hofshreppi.
5. Málmey, Hofshreppi. Eldstöð frá ísöld, fuglabyggðir, sögustaðir ofl. Jurtaskrá fyrir Málmey var tekin saman af Guðbrandi Magnússyni, 1982: Jurtaskrár úr Drangey, Málmey og Þórðarhöfða. Týli, 12 (2), bls. 61- 68.
6. Hrollleifshöfði og ströndin þar norður af, Hofshreppi.
7. Almenningar, fyrir utan Hraun, fjölbreytt strandlengja með mörgum smávíkum, stuttum dölum og miklum framhlaupum sem fallið hafa í sjó fram, rikulegt gróðurfar, Fljótahreppi.

2.8.3.3 Votlendi og vötn

1. Skagaheiðin með sínum ótal vatnaklösum, mýrum og flóum og hinu sérstæða landslagi, Skefilsstaðahreppi.
2. Vestur-Eylendið (að undanskildu Borgarskógum og Borgarmýri sem eru nú þegar friðuð og vesturós Héraðsvatna (fólkvangur)), þ.e. Víkur- og Reynistaðaengjar (og fleiri bæja), Húsabakka-, Glaumbæjar- og Geldingaholtsflóar. Eitt stærsta og samfelldasta flæðimýrarsvæði landsins. Landið er mikið til ræst fram en mjög blautt engu að síður. Búskapur er stundaður á Húsabakkabæjunum, Staðarhreppi/ Seyluhreppi.
3. Austur-Eylendið eða sá hluti svæðisins sem ekki er nú þegar á náttúruminjaskrá, m.a. eyjar á Héraðsvötnum, allt suður undir Flugumýri. Þetta svæði hefur lítið verið ræst fram ólíkt Vestur-Eylendinu, Rípurhreppi/Viðvíkurhreppi/Akrahreppi.
4. Vatnshlíðarvatn í Vatnsskarði, á sýslumörkunum, Seyluhreppi. Vatnið er lítið, grunnt og mjög lífríkt. Eina fisktegundin í Vatnshlíðarvatni er bleikja og vatnið er landlukt. Í vatninu eru tvö aðskilin afbrigði bleikju með ólíka líkamslögun og lífsögu, svo sem vöxt, fæðuatferli, hrygningarstaði og hrygningartíma. Ekki er vitað til þess að vart hafi orðið við aðlögun og aðgreiningu bleikju annarsstaðar á útbreiðslusvæði bleikjunnar sem lýsir sér með sama hætti og í Vatnshlíðarvatni. Verða þarf þá einstæðu þróunarfræðilegu ferla sem skópu og viðhalda þessum aðskilnaði bleikjuafbrigðanna með því að taka tillit til þeirra við umgengni og nýtingu vatnsins. Það sama gildir um þann hluta vatnasviðsins sem fiskgengur er í Vatnshlíðarvatn. Miklar rannsóknir á bleikjunni í Vatnshlíðarvatni hafa farið fram að undanförnu og mun fyrstu niðurstaðna að vænta á prenti á vormánuðum 1996. Þessar rannsóknir hafa farið fram í samstarfi Hólaskóla og háskóla í Bandaríkjunum og Kanada.
5. Vallhólmur. Þar er allmikil byggð og því vart raunhæft að huga að verndun þar en svæðið kemur í beinu framhaldi af Vestur- og Austur-Eylendinu. Vert væri þó að verða hluta þess gegn framræslu t.d. í nágrenni við Vallalaug (sjá menningarminjar). Seyluhreppi/ Akrahreppi/Lýtingsstaðahreppi.
6. Vötn og votlendi (mýrarblettir með frostmyndunum eða flár) á Hofsafrétti. Lýtingsstaðahreppi.
7. Sléttuhlíðarvatn ásamt mýrlendi umhverfis, Hofshreppi.
8. Hópsvatn ásamt flæðiengjum umhverfis, töluvert fuglalíf, Fljótahreppi.
9. Mýrlendi hjá Lambanesi í Austur-Fljótum, sérkennilegar skúfgrasmýrar sem eru óvíða eins dæmigerðar og þar, Fljótahreppi.
10. Mýrlendi í Stíflu, einkum innan við Deplahóla svonefndir Hólmar (sjá annars staðar), sléttar mýrar með miklum svarðmosa, Fljótahreppi.

2.8.3.4 Stærri landssvæði sem einkennast af sérstöku landslagi og náttúrufari

1. Skagaheiðin með fjölmörg vötn og sérstætt landslag, Skefilsstaðahreppi.
2. Skógarhlíð ofan Sauðárkróks, ásamt Sauðárgili, að Gönguskarðsá og Sandhólagili, Sauðárkróki (Fólkvangur).
3. Vesturós Héraðsvatna og nágrenni, fólkvangur.
4. Fjallendi og dalirnir milli Langadals (A-Hún) og Sæmundarhlíðar, Staðarhreppi/Skarðshreppi. Hugsanlegt að skilgreina sem útivistarsvæði eða fólkvang.
5. Reykjatunga, Stapi (einkum svæðið í kringum bæinn), Hellisás, ásamt Vindheimamelum, með fjölbreyttu landslagi og ýmsum náttúruminjum, einkum jarðmyndunum frá ísöld, Lýtingsstaðahreppi. Tilvalið sem almennt útivistarsvæði (fólkvangur).
6. Hegranes með hinum sérstæðu landslagsmyndunum, minjum um ísaldarjökla og hærri sjávarstöðu, sjávarbjörgum, klettaborgum og hömrum, vötnum og mýrum í hinum fjölmörgu kvosum og sigdældum, Rípurhreppi. Í Hegranesi er allmikill búskapur stundaður en þar eru einnig nokkrar eyðijarðir (t.d. Ferjuhamar). Huga þarf að því að vötnum verði ekki spillt á svæðinu. Svæðið er annars tilvalið útivistarsvæði eða fólkvangur.
7. Fremri hluti Vesturdals frá Þorljótsstöðum að Hraunþúfumúla, Lýtingsstaðahreppi.
8. Austurdalur, Akrahreppi.
9. Kolbeinsdalur, fagurt landslag og ríkulegur gróður í fjallshlíðum, Hólahreppi.
10. Stífla, Fljótahreppi.

2.8.3.5 Um flokkun náttúruminja

Náttúruminjar þarf að flokka annarsvegar í minjar sem ekki hafa augljóst verndunargildi og hins vegar í minjar með augljóst verndunargildi. Ennfremur þarf að tilgreina að hverskonar verndun ber að stefna (skv. 22. 24. 25. 26. eða 23. gr. náttúruverndarlaga). Verndun getur verið með formlegum hætti eða þannig að vakin sé athygli á einstökum náttúruminjum. Náttúruminjar geta þannig haft menningarsögulegt eða náttúrufræðilegt gildi án þess að formleg verndun komi til. Skráning og kynning náttúruminja mun koma að notum við sköpun ímyndar fyrir Skagafjörð og uppbyggingu á ferðaþjónustu.

2.8.4 Menningarminjar

2.8.4.0 Almennt

Þessum kafla fylgir 5. þemakort, Þjóðminjar.

Saga þjóðarinnar er ekki aðeins skráð í fornum handritum og bókum. Mannvistarleifar í jörðu sem varpa ljósi á lífnaðarhætti og samfélag fyrri alda eru að finna um allt land. Í jörðu liggur hafsjór menningarsögulegs fróðleiks sem fram til þessa hefur verið lítt kannaður. Sú vitneskja er ekki fyrirliggjandi hversu margar formleifar eru til í landinu né hversu margar þeirra hafa eyðilagst eða raskast við mannvirkjagerð í gegnum tíðina.

Samkvæmt þjóðminjalögum (nr.88/1989) eru fornleifar skilgreindar með eftirfarandi hætti (16 gr.):

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum og kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim;

Minjar 100 ára og eldri skal að jafnaði telja til fornleifa en einnig er heimilt að friðlýsa yngri minjar (sbr. 17 gr.). Samkvæmt lögunum eru fornleifar friðhelgar en í 18 gr. þeirra segir: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til".

Strangt til tekið þarf að fara fram ítarleg fornleifaskráning á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess (sbr. 17. gr þjóðminjalaga). Fullkomin fornleifaskráning með tilheyrandi vettvangsathugunum og kortlagningu fornleifa er býsna tímafrek og því vart raunhæft að hún sé framkvæmd í tengslum við svæðisskipulag. Aftur á móti er brýnt að í tengslum við

svæðisskipulagningu fari fram svokölluð svæðisskráning fornleifa sem miðar að því að gefa yfirlit um þekktar fornleifar (skv. rituðum heimildum og munnmælum) og ástand þeirra. Svæðisskráningin er einskonar forkönnun eða forvinna að frekari fornleifaskráningu sem ætti þá að fara fram í tengslum við aðalskipulagsgerð og þó sérstaklega deiliskipulagsgerð (sjá Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1995).
Skrár yfir fornleifar, gamlar þjóðleiðir og götur og sögustaði (m.a. álagabletti) koma í góðar þarfir við alla skipulagsgerð og mannvirkjagerð, hvort sem verið er að leggja nýjan veg, reisa stóriðju, byggja sumarbústað eða framræsa nýtt land til ræktunar. Þekking á tilvist fornminja og á þeirri sögu sem hver staður eða svæði hefur að geyma er ennfremur mikilvæg í því skyni að skapa svæðum aðdráttarafl sem áhugaverðir skoðunarstaðir og þar með til að efla uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Í þessu sambandi mætti marka þá stefnu að a.m.k. ein rúst af hverri tegund fornleifar (t.d. kuml úr heiðnum sið, hlöðuleifar alþýðufólks, þurrabúðir, beitarhús, sel, smalakofar, sauðabyrgi, fjárborgir, myllur, ýmsar tegundir löggarða osfrv.) á hverju svæði verði varðveitt og jafnvel byggð upp og gert verði átak í að vekja athygli á henni.
Í Skagafirði eru margir landsþekktir sögustaðir og margar ómetanlegar þjóðminjar. Þekktar fornleifar, samkvæmt rituðum og munnlegum heimildum, eru einnig víða að finna en erfitt er að henda reiður á hversu heillegar eða mikilvægar þær eru því, eins og annars staðar á landinu, hefur ekki verið unnið skipulega að skráningu þeirra. Einu svæðin í Skagafirði sem hafa verið skoðuð nokkuð rækilega eru Austur- og Vesturdalur auk Kjálkans í framanverðu héraðinu (sjá Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992): *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study,* bls. 114-170); Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, bls. 236-238, 368; Helgi Hallgrímsson ofl. (1982): "Sögurminjar", *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði,* Orkustofnun, bls. 113-131).
Vegna svæðisskipulagsins eru teknar saman nokkrar skrár yfir fornleifar og aðrar söguminjar í Skagafirði sem vert er að varðveita, vekja athygli á eða þarf að rannsaka betur. Í skránum eru þær flokkaðar eftir eðli sínu og mikilvægi:

1. Heillegar þjóðminjar og þjóðminjar í vörslu þjóðminjavarðar (t.d. Víðimýrarkirkja).
2. Friðlýstar fornleifar (t.d. rústir beitarhúsa frá Brekku).
3. Aðrar áþreifanlegar fornleifar (t.d. fornar rústir bæjarhúsa að Kollsveinsstöðum).
4. Gamlar götur og samgöngumannvirki (t.d. ferjustaðir við Héraðsvötn, kláfferjur, brúarstólpar).
5. Horfin byggð og örnefni sem eru vísbendingar um fornleifar (t.d. eyðibyggðir í Austur- og Vesturdal, selstöður víða um héraðið og fornar lendingar).
6. Sögustaðir (t.d Örlygsstaðir eða Mannskaðahóll).
7. Þjóðsagnastaðir (t.d. Ábær og Ábæjar-Skotta).
8. Álagablettir og álfabyggð (t.d. í Hegranesi).

Einkum hefur verið stuðst við hinar fjölmörgu rituðu heimildir sem hafa að geyma skagfirsk fræði og einnig við ábendingar fólks sem þekkja vel til á einstaka svæðum. Vísað er í viðkomandi heimildir þegar fjallað er um hvern minjastað.
Mest áhersla hefur verið lögð á úttekt á friðlýstum fornleifum og öðrum þekktum fornleifum áþreifanlegum. Minni áhersla er lögð á gömul samgöngumannvirki í þessari greinargerð þar sem slík úttekt felst fyrst og fremst í kortagerð og er í tengslum við aðra verkþætti svæðisskipulagsins (t.d. 3.9.2. Stígar og reiðgötur). Ekki er gerð heildarskrá yfir eyðibýli en helstu eyðibyggðirnar eru skilgreindar og ekki er heldur gerður sérstakur listi yfir örnefni sem eru vísbendingar um forna byggð enda yrði slíkur listi æði viðamikill. Listar yfir sögustaði, þjóðsagnastaði og álagablettí fylgja ekki með að þessu sinni enda væri slík úttekt allt of umfangsmikil en hún verður væntanlega eitt helsta viðfangsefni ritunar byggðasögu Skagafjarðar.
Taka ber skýrt fram að hér er um að ræða harla ófullkomna lista sem er fyrst og fremst ætlað að gefa hugmyndir um hugsanlegar fornleifar og menningarverðmæti og til yfirlestrar kunnugri mönnum.
Á svæðum þar sem eru friðlýstar fornleifar og aðrar þekktar minjar og framkvæmdir eru fyrirhugaðar, er nauðsynlegt að fram fari nákvæm fornleifarannsókn og skráning með tilheyrandi kortlagningu og jafnvel uppgreftri (aðalskráning/deiliskráning fornleifa). Fornleifarannsóknum þarf að ljúka áður en farið er að vinna að aðal- eða deiliskipulagi á viðkomandi svæði.
Í sambandi við svæðisskipulag Skagafjarðar, í kjölfar svæðisskráningar helstu fornleifa, er eftirfarandi lagt til:

1. Að ástand friðlýstra fornleifa og annarra þekktra fornleifa í héraðinu verði metið:
   a) Athugun á ástandi fornleifanna á vettvangi, m.a. með tilliti til þess hversu heillegar þær eru, hvort þær liggja undir skemmdum, hafi verið spillt eða hvort framkvæmdir sem geta raskað þeim séu í bígerð í nágrenninu.
   b) Að varðveislugildi þeirra verði metið og þær flokkaðar eftir því (sjá t.d. Guðmund Ólafsson: Fornleifaskráning í Reykjavík", *Landnám Ingólfs 1986,* bls. 211-218, bls. 215-218)
2. Að gerðar verði tillögur um:
   a) Fyrirkomulag verndunar þeirra fornleifa sem hafa óyggjandi varðveislugildi, um úrbætur þar sem fornleifar hafa spillst, um stærð helgunarsvæðis (buffer zone) o.s.frv.

   b) Frekari rannsóknir á einstökum fornleifum og svæðum þar sem merkar fornleifar geta leynst.
3. Að gerðar verði tillögur um hvernig beri að nýta fornleifar og aðrar söguminjar til hagsbóta við uppbyggingu ferðaþjónustu í héraðinu (t.d. í sambandi við auglýsingar, upplýsingar um þær og aðgengi að þeim).

2.8.4.1 Þjóðminjar í vörslu þjóðminjarvarðar og aðrar þjóðminjar (aðeins sett fram til bráðabirgða en allar þessar minjar eru alkunnar):

1. Sjávarborgarkirkja, Skarðshreppi.
2. Glaumbær og Áshús, Seyluhreppi.
3. Víðimýrarkirkja, Seyluhreppi. Sjá Hörð Ágústsson: "Kirkjur á Víðimýri", *Skagfirðingabók 1984*, bls. 21-97.
4. Ábæjarkirkja, Akrarhreppi. Byggð 1922. Sjá sr. Ágúst Sigurðsson: "Ábæjarkirkja í Austurdal", *Skagfirðingabók 1973,* bls. 45-56).
5. Gamli bærinn að Stóru-Ökrum, Akrahreppi. Sjá Hörður Ágústsson: "Stafsmíð á Stóru Ökrum" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975,* bls. 5-46.
6. Hóladómkirkja, Hólahreppi.
7. Gamli bærinn Hólum, Hólahreppi.
8. Grafarkirkja, Hofshreppi. Sjá Kristján Eldjárn (1971): *Um Grafarkirkju.*
9. Pakkhúsið Hofsósi, Hofshreppi.
10. Knappstaðakirkja í Stíflu, elsta timburkirkja á landinu. Sjá Gísla Brynjólfsson: "Knappsstaðaprestar á síðari öldum", *Skagfirðingabók 1979,* bls. 100-129.

2.8.4.2 Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum.
Lýsingar þær sem fylgja friðlýsingarskjölum einstakra fornleifa og birtast í *Fornleifaskrá* (1990) Þjóðminjasafns, hafa ekki í öllum tilvikum staðist tímans tönn. Síðari tíma rannsóknir hafa sýnt fram á að ýmsar fullyrðingar í einstaka lýsingum geta vart staðist. Þá hefur verndargildi sumra fornleifa einfaldlega minnkað vegna rasks (t.d. vegna túnsléttunar) eða þær verið algjörlega eyðilagðar (farið undir vatnsyfirborð v/virkjunar). Þessi misbrestur á varðveislu minja er ekkert einsdæmi því svo virðist hafa verið víðsvegar um landið (sjá Ágúst Ó. Georgsson: "Könnun um friðlýstar fornleifar", *Ljóri,* bls. 15-20).
Einnig virðist nokkrum tilviljunum háð hvaða fornleifar hafa verið friðlýstar í héraðinu í gegnum tíðina.
Vegna þessa er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram áður en friðlýsing einstakra fornleifa er endurskoðuð og verndarsvæði þeirra afmarkað með meiri nákvæmni.
Fornleifar í Skagafirði sem eru á *Fornleifaskrá* Þjóðminjasafns eru eftirfarandi:

1. Hvammur, Skefilsstaðahreppi. *Bæjarrústir Atlastaða við Atlastaðaá.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.
Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III,* bls. 43; Þorsteinn Jósepsson (1966): *Landið þitt,* (Hvammur, Skag);
Aðrar heimildir og athugasemdir: Talið er að Atli sonur Eilífs Arnars landnámsmanns hafi byggt þessa jörð. Jörðin er talin til Hvamms og fór hún í eyði á árunum 1694-1695 (skv. Jarðabók Árna og Páls) og algjörlega í eyði 1784 (Skv. Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958).

2. Sjávarborg, Skarðshreppi. Sjávarborgarkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 06.10. 1972. Ekki þinglýst.
Prentað mál:
Aðrar heimildir og athugasemdir: Kirkjan var byggð árið 1853 en var lögð af árið 1892 þegar kirkja var byggð á Sauðárkróki.

3. Brekka, Seyluhreppi. *Rústir beitarhúsa frá Brekku nokkru sunnan við þjóðveginn upp á Vatnsskarð.* Sbr.. Skjal undirritað af ÞM 16.09. 1976. Þinglýst 24.09. 1976.
Prentað mál: *Lesbók Morgunblaðsins* 12.10. 1975.
Aðrar heimildir og athugasemdir: Í þessum beitarhúsum gaf Bólu-Hjálmar upp öndina árið 1875.
Óskar Magnússon, Brekku (svör í könnun Þjóðminjasafns 1981): Minjar eru í hættu og hefur verið hróflað við þeim og orðið allnokkrar skemmdir. Rústirnar eru sæmilega skýrar en nokkrum sinnum hefur verið byggt á þeim.

4. Bú(ts)staðir, Lýtingsstaðahreppi. *Einirlækjar-rústir.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.
Prentað mál: *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898* (sérrit); Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár,* bls. 238; Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992): *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study,* bls. 156-158.
Aðrar heimildir og athugasemdir: Samkvæmt jarðabók Árna og Páls er Einirlækur fornt afbýli frá Skatastöðum (en Bjarnastaðarhlíð gerir einnig tilkall til þess og Bústaðir gerir kröfu um selstöðu þar, bls. 166 og 148). Afbýlið er á landamörkum Bústaða og Skatastaða. D. Bruun teiknar afstöðumynd af rústunum 1898 og samkvæmt þeim hefur þarna varla verið annað en sel eða þrælsgerði (smágerði). Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992) telur þó að þarna hafi að líkindum verið sérstakt býli fremur en sel

Athuga þarf að svo virðist sem einhvers ruglings gæti hér með þessar rústir og aðrar rústir í landi Bústaða en allt bendir til þess að Einirlækjar rústirnar sem eru friðlýstar og D. Bruun kortleggur tilheyri Skatastöðum en ekki Bústöðum og eru því í Akrahreppi.

5. Hof, Lýtingsstaðahreppi. *Fornar rústir í Vesturdal: Hrafnstaða-rústir, Hringaness-rústir, Hraunþúfuklausturs-rústir og Tungu-rústir.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1898* (sérrit); Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, bls. 233-236; Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992): *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study*, bls. 91-106. Auk þessa hafa verið settar á prent ótal vangaveltur um viðkomandi fornleifar, einkum þær sem eru í Hraunþúfuklaustri, m.a. Hannes Pétursson: "Bollaleggingar um Hraunþúfuklaustur"", *Frá Ketubjörgum til Klaustra*, bls. 44-50, Margeir Jónsson (1928-1931): "Hraunþúfuklaustur", *Heimar horfins tíma*, 1989, bls. 67-83, Kristján Eldjárn (1959): "Íslands þúsund ár", *Stakir steinar*, bls. 35-46 og "Punktar um Hraunþúfuklaustur", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags* 1973, bls. 107-133; Sigurjón Páll Ísaksson: "Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur", *Skagfirðingabók 1986*, bls. 32.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Sjá umfjöllun um eyðibyggðina í Vesturdal annars staðar.

6. Flugumýri, Akrahreppi. *Virkisleifar á Virkishól fyrir ofan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: Daniel Bruun (1898/1992): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, bls. 190-191; P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 56; Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Flugumýri 18. ág. 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 88-89.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Á Flugumýri leynast fleiri fornleifar sem vert er að gefa gaum, m.a. hugsanlegar leifar skála Gissurar Þorvaldssonar.

7. Merkigil, Akrahreppi. *Fornar rústir, þar sem verið hafa bæirnir Kolgrímastaðir, Sandgil (Hjálmarssel), Selsvellir og Öxl.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þingslýst 13.08. 1926.

Prentað mál: *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1898* (sérrit); Daniel Bruun (1898/1992): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, bls. 237-238; 368; Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992): *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study*, bls. 124-129, 143,146-148, 116-119.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Í Austurdal er fjöldinn allur af rústum horfinna byggða sem eru allt eins merkilegar og þær sem friðlýstar eru. Sjá umfjöllun annars staðar.

8. Stóru-Akrar, Akrahreppi. Bæjardyr og gamalt þinghús; tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 23.02. 1954. Ekki þinglýst og friðlýsing ógild.

Prentað mál: Hörður Ágústsson: "Stafsmíð á Stóru Ökrum" *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1975*, bls. 5-46.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Gamli bærinn á Ökrum er nú í umsjá þjóðminjavarðar. Bærinn er að grunni til frá því í tíð Skúla Magnússonar sem sýslumanns í Skagafirði skömmu fyrir miðja 18.öld.

9. Úlfsstaðir, Akrahreppi. *Úlfshaugur. Hann er rjett við veginn og miðja vega milli Úlfsstaða og Kúskerpis.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: Brynjólfur Jónsson: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1906*, bls. 25; Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 32.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Samkvæmt Landnámu hét sá er "land nam um Blönduhlíð", Hjálmúlfur og er talið að hann sé heygður í þessum hól. "Man ég gamlan bónda innan úr dölum, sem ævinlega tók ofan, er hann átti þarna leið um, og reið berhöfðaður fram hjá þessum hól", segir Hallgrímur Jónasson (1946). Hann segir jafnframt að "virðing eða helgi er lítil á hólnum, því að nú stendur girðingarstaur upp úr honum miðjum."

10. Viðivellir, Akrahreppi. *Tóftir og garðalög á Örlygsstöðum.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Örlygsstöðum 16/8 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 82-86; Brynjólfur Jónsson: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1906*, bls. 25; P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 55.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Gísli Jónsson, Víðivöllum (skv. svörum í könnun Þjóðminjasafns 1981): Leifarnar eru ekki í hættu enda hefur aldrei verið hróflað við þeim. Tóftirnar og garðalögin eru greinilegar og í góðu lagi og merktar friðlýsingarmerki Þjóðminjasafns.

11. Ýsta-Grund, Akrahreppi. *"Össurar-lögrjetta" svo nefnd, ferhyrnd girðing, um 24 m á hvern veg.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 57.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Staðurinn kemur við sögu í Þórðar sögu hreðu eins margir aðrir staðir í Skagafirði. Í sögunni er talað um valdamann er heitir Össur og býr á Grund (stundum er reyndar sagt að hann búi á Þverá). Munnmæli tengja Össur þennan við Ystu-Grund. Sagnfræðilegt gildi Þórðar sögu hreðu hefur verið véfengt m.a. af Kristjáni Eldjárn (sjá "Svipir í Flatatungubæ", *Stakir steinar*, 1959, bls. 68).

12. Garður (Litli-Garður), Rípurhreppi. *Þingbúðatóttir allar og aðrar fornar tóttir á Hegraness-þingstað.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Hegranes-þingi 26.-27. ág. 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 110-118; Brynjólfur Jónsson: "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1901*, bls. 20-23; P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 59; Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1752-1757/1943): *Ferðabók*.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Þórunn Jónsdóttir, Garði (skv. svörum í könnun Þjóðminjasafns 1981): Minjarnar eru ekki í hættu en hróflað hefur verið við þeim en skemmdir eru lítilsháttar. Tóttirnar eru sæmilega skýrar; Þór Magnússon 1981: Kristján Eldjárn kom þarna 1964 og var þá allt í góðu lagi. Geysimiklar minjar, líklega allt að 80 búðir og er þetta einn af merkustu fornleifastöðum landsins.

13. Hofsstaðir, Viðvíkurhreppi. *Hoftóft á hæðinni Valhöll, fyrir vestan túnið, norðan við fjárhús, sem þar eru.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Hofsstöðum 18. ág. 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 89-90; Matthías Þórðarson: "Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1910*, bls. 59 P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 57.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Samkvæmt gögnum Þjóðminjasafns er tæplega um hof að ræða á þeim stað sem Sigurður Vigfússon (1886) bendir á og tekið er mið af í friðlýsingarskjalinu. Rústir hofsins gætu hugsanlega leynst undir þeim stað þar sem fjárhúsinu stóðu á hólnum Valhöll. Þarf að rannsaka.

14. Hof, Hólahreppi. *Bæjartóttir, nefndar Skálatóttir (1), útnorður frá bænum. Hoftótt (2)(?) sunnan og vestan-megin við fjárhúsin, sem standa á háum hól norður í túninu. Tóttir miklar og samhangandi á rana (3) er fer lækkandi til norðurs frá hólnum, sem fjárhúsin standa á. Leifar Hjaltahaugs (4) og hringmyndaðrar girðingar um hann austur frá bænum. Garðlög (5), sem hafa verið gerð til að mynda sundtjörn í lægð þeirri er verður suðaustur frá bæjarhólnum og lækjarfarvegur þangað frá bæjarlæknum.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Ritað mál: Sigurður Vigfússon: "Rannsókn að Hofi í Hjaltadal 23. ág. 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 107-110; Brynjólfur Jónsson: "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1901*, bls. 19-20; Matthías Þórðarson: "Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1910*, bls. 59-62; Guðmundur Ólafsson: "Forn grafreitur á Hofi í Hjaltadal", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1983*, bls. 117-133; P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 60; Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 130.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Hörður Jónsson, Hofi, (skv. svörum í könnun Þjóðminjasafns 1981): Skálatóttir (1) eru ekki í hættu og hefur ekki verið hróflað við. Þær eru sæmilega skýrar. Hoftóttir (2) eru ekki í hættu og hefur ekki verið hróflað við þeim. Þær eru ógreinilegar. Tóttir miklar (3) eru ekki í hættu og hefur ekki verið hróflað við þeim. Þær eru sæmilega skýrar. Garðalög (5) eru í hættu enda liggja þau að hluta yfir tún og eru til óþæginda þar. Hluti þeirra hefur verið jafnaður út en þvergarður stendur eftir. Sjá grein Guðmundar Ólafssonar (1983) um núverandi ástand og tilgátur hans um fornan grafreit og kirkju að Hofi fyrir 1106.

15. Hólar, Hólahreppi. I. *Altarisleifar í Gvendarskál uppi í Hólabyrðu og leifar af upphleyptum vegi þangað. "Slotið" svo nefnda, fyrir norðan kirkjuna.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926. II. Gamli bærinn á Hólum; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 14.11. 1956. Ekki þinglýst og ógild friðlýsing.

Prentað mál: Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 130. Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Hólum í Hjaltadal 20.-23. ág. 1886", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 90-107; Brynjólfur Jónsson: "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900, *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1901*, bls. 20; P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 62-63; Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 68-69.

Athugasemdir: Altarið í Gvendarskál er bara stór steinn, engar leifar.

16. Neðri-Ás, Hólahreppi. *Tóttarleifar kirkju þeirrar er Þovarður Spak-Böðvarsson reisti.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 63; Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 130.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Svanhildur Steinsdóttir, Neðra-Ási, (skv. svörum í könnun Þjóðminjasafns 1981): Leifarnar eru ekki í hættu og hefur ekki verið hróflað við þeim. Þær eru sæmilega skýrar. Kindahús stendur þar sem áður stóð kirkjan og síðar bænhús. Ekki hróflað við sýnilegum leifum kirkjugarðs sem er nú innan beitarhólfs.

17. Reykir, Hólahreppi. *Lítil, upphlaðin laug neðst í túninu, sem nefnd er "Biskupslaug".* Skjal undirritað af ÞM 16.09. 1969. Þinglýst 19.09. 1969.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 60; Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 127; Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 68.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Athuga hvort ekki sé rétt að friðlýsingin nái einnig yfir "Vinnufólkslaug" - "fyrrum sótt, svo vel af æðri sem lægri sóknarmönnum í grenndinni" (Benedikt Vigfússon 1843).

18. Gröf, Hofshreppi. I. *Höfðinn við ós Grafarár, með öllum minjum um kaupstaðinn Grafarós.* Skjal undirritað af KE 07.09. 1964. Þinglýst 10.09. 1964. II. Bænhús tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 05.06. 1948. Ekki þinglýst og friðlýsing ógild.

I.Prentað mál: Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 68

Aðrar heimildir og athugasemdir: Ragnar Eiríksson, Gröf (skv. svörum í könnun Þjóðminjasafns 1981): Minjarnar eru ekki í hættu og hefur ekki verið hróflað við þeim. Greinilegar og í góðu lagi og merktar friðlýsingarmerki Þjóðminjasafns. Friðlýsingin gildir fyrir allan höfðann.

II. Prentað mál: Kristján Eldjárn (1971): *Um Grafarkirkju*

Aðrar heimildir og athugasemdir: Grafarkirkja er að grunni til reist á seinni hluta 17. aldar en hún er lögð af sem bænhús árið 1765 með konungsbréfi. Árið 1939 festi Þjóðminjasafnið kaup á kirkjunni en sökum fjárskorts var endurbyggingu hennar ekki lokið fyrr en 1953.

19. Vatn, Hofshreppi. *Svokallaðar Ræningjadysjar er enskir menn áttu að vera heygðir í.* Skjal undirritað af K.E. 12.05. 1954. Þinglýst 10.08. 1954.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 65; Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 89; Axel Þorsteinsson: "Þjóðsagan um Mannskaðahól", *Skagfirðingabók 1992*, bls. 154-161

Aðrar heimildir og athugasemdir: Í dysjunum eiga að vera grafnir 80 enskir ræningjar er féllu fyrir skagfirskum bændum árið 1421 við Mannskaðahól (Mannslagshól). Dysjarnar eru rétt við veginn að neðanverðu.

20. Húnsstaðir, Fljótahreppi. *Goðahússtótt á svonefndum Goðahól og girðingarleifar um hólinn.* Skjal undirritað af MÞ 10.06. 1926. Þinglýst 13.08. 1926.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 67; Sr. Stefán Þorvaldsson (1840): "XIV. Knappstaðasókn 1840", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 186.

Aðrar heimildir og athugasemdir: "Minjar þessar fóru undir vatn, þegar Skeiðsfossvirkjun var gerð. 15.vii. 1953. K.E." segir í gögnum Þjóðminjasafns.

21. Langhús, Fljótahreppi. *Naust geysistórt neðantil á túninu, ca. 100 faðma frá bökkum Hópsvatns. Annað naust á vatnsbakkanum beint fyrir neðan Langhús.* Skjal hvorki undirritað né þinglýst.

Prentað mál: P.E. Kristian Kalund (1879/1986): *Íslenskir sögustaðir III*, bls. 66; Sr. Jón Jónsson (1840): "XIII. Lýsing á Barðsprestakalli 1841", *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873 II. Skagafjarðarsýsla*, (1954), bls. 177; Jón Dúason (1942): *Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi II*, bls. 842.

Aðrar heimildir og athugasemdir: Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð og er ekki vitað hvenær friðlýsing hefur verið gerð. Hún er því ógild. Líkur eru á að hér hafi aldrei verið um eiginlegar fornleifar að ræða, sbr. minnisgrein með hendi K.E. "15.vii. 1953. Tóm endileysa". (Gögn Þjóðminjasafns).

2.8.4.3 Aðrar þekktar fornleifar (einkum skv. prentuðum heimildum; sjáanlegar, huldar jarðvegi eða mannvirkjum, eða e.t.v. horfnar með öllu):

Hér að neðan er listi yfir fornleifar sem getið er um í ýmsum rituðum heimildum. Fornleifarnar eiga flestar það sammerkt að hafa ekki verið kannaðar á undanförnum áratugum eða hafa alls ekki verið kannaðar að neinu viti. Þar sem í flestum tilvikum er bent á viðkomandi fornleifar í nokkuð gömlum heimildum er alsendis óvíst að þær séu enn sjáanlegar, heillegar eða hvort um misskilning hafi verið að ræða hjá skrásetjara (þ.e. fyrirbærið gæti verið af náttúrunnar völdum en ekki manna, sbr. t.d. hugmyndir manna um Skeljungsstein í Norðurárdal). Listinn er birtur með ofangreindum fyrirvörum og til yfirlestrar kunnugri mönnum. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir staðsetningu og er þá yfirleitt miðað við bújarðir (fornar sem nýrri) og sveitarfélag.

1.Hraun, Skefilsstaðahreppi.

Sjóvarnargarðar í grennd við bæinn að Hrauni. (Skv. Hjalta Pálssyni)

2. Keta, Skefilsstaðahreppi.

a) *Búðatóttir og leifar hringveggjar(?) þar sem nefnist Tröllalögrétta í grennd við Ketubjörg.* Sjá Jón N. Jónasson á Selnesi: "Mánaþúfa og Tröllalögrétta", *Skagfirðingabók 1967*, bls. 92. (Kálund (1879/1986, bls. 43) segir (skv. fornminjaskýrslu frá 1821) að á klettunum við bæinn Ketu sé lítill hringur véböndum settur og sé hann nefndur *Töllalögrétta*.

b) *Tröllarétt, kringlótt garðarúst og veggjarbrot tveggja kofa, í Bjargaskarði.* Sjá Margeir Jónsson: "Örnefni og sagnir", *Skagfirðingabók 1973*, bls. 110-128.

c) Árið 1952 fannst forn silfursjóður um 2,5 m undir yfirborði jarðar í bæjarhólnum á Ketu. Ásamt silfrinu fundust nokkur mannabein og er talið að kirkjugarðurinn hafi náð lengra í norður en hann gerir nú. (sjá Kristján Eldjárn: "Fundinn forn silfursjóður í Ketu á Skaga", *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1953*, bls. 87-90).

3. Selnes, Skefilsstaðahreppi.

a) *Selvík*, þar sem helsti lendingarstaðurinn er á Skaga og útróðrarstöð. Á Selnesi sést móta fyrir *gömlum tóttarbrotum verbúða/sjóbúða* (sjá Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 132-133.). Þar höfðu um síðustu aldamót kaupmenn af Sauðárkróki verslun og móttöku fisks.

b) *Dys* er þar í grenndinni samkvæmt frásögn Guðmundar Andréssonar frá 1981.

c) Þar lagði einnig úr höfn Kolbeinn ungi með sitt herlið til móts við Þórð kakala árið 1244; Flóabardagi.

4. Skefilsstaðir, Skefilstaðahreppi.

Dys er þar samkvæmt frásögn Guðmundar Andréssonar frá 1981.

5. Hrafnagil, Laxárdal, Skefilsstaðahreppi.

Dys er þar samkvæmt frásögn Guðmundar Andréssonar frá 1981.

6. Bjarnarfellsnýpa, Skefilsstaðahreppi.

Dys er þar samkvæmt frásögn Guðmundar Andréssonar frá 1981.

7. Laxárdalur, Skefilsstaðahreppi.

Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni

8. Drangey, Hofshreppi.

Tóftir Grettisskála (bælis) og fleiri minjar um veru Grettis þar og um síðari tíma nytjar í eynni.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

9. Sauðárrétt, Sauðárkróki.

Tóttir fyrstu réttar Sauðárkróks í Réttarhvammi í Sauðárgili.

10. Skálahnjúkur, Kálfárdalur, Skarðshreppi.

Kálfarsleiði, rétt við veginn mitt á milli Skálahnúks- og Kálfárdalsbæja og skammt austan við býlið Selhóla. Þetta er grjóthrúga mikil og líklega fornt leiði sem ekki hefur verið kannað til hlítar (sjá Sr. Jón Reykjalín, *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 34, 44).

11. Reykir, Skarðshreppi.

a) *Reykjalaug*, Reykjadiskur þar sem Grettir kom að landi eftir sundið og b) *Grettisker*. Allmiklar "endurbætur" hafa nú verið gerðar við Reykjalaug. Kálund (1879/1986): "Að sögn bóndans að Reykjum, hefur afrennsli laugarinnar áður ekki verið í austur eins og nú, heldur til norðurs, og þar á að hafa verið gerð lítil steinskál, nefnd Grettisker, og ekkert afrennsli úr henni" (bls. 46)

c) *Landsendaþúfa*, graspúfa kippkorn norðan Reykja út með Tindastóli ofan Glerhallavíkur, en munnmæli segja að hún sé féþúfa (sjá Sr. Jón Reykjalín, *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 26).

12. Fagranes, Skarðshreppi.

Kálund (1879/1986): "Þar er sýnt *Grettisleiði*, gróin bungumynduð hæð fyrir norðan kirkjugarðinn, svo fast upp að honum, að garðurinn virðist ná þvert yfir gröfina. Þarna er þá talið, að bein Grettis hafi verið grafin þegar kirkja var flutt frá Reykjum." (bls. 46-47).

13. Meyjarland, Skarðshreppi.

"*Meyjarhóll*, sem er flöt, stór þúfa, utan og neðan við Meyjarlandsvöll, við mýrina, hvar stúlkur tvær, dætur Áshildar, skulu vera grafnar..." (sjá Sr. Jón Reykjalín, *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 44).

14. Gönguskarðsárós, Skarðshreppi.

Í fornritum er sagt að hafskip lendi í ósnum en engar menjar eru um lendingu þar eða búðir tengdar höfninni. Hins vegar eru tóftir, skammt fyrir norðan Hliðarenda, *Hæringsbúðir*, á Sauðárhálsi sunnan við Sauðá. Þær eru taldar fornar kaupmannabúðir (sjá Sr. Jón Reykjalín, *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 28 og Kálund (1879)/Harald Matthíasson (1986) en Haraldur lýsir þeim allnákvæmlega, bls. 47; sjá einnig Kristmund Bjarnason: *Saga Sauðárkróks I. bindi -Fram til ársins 1907*, og Ólaf Ólavíus: *Ferðabók*).

15. Áshildarholt, Skarðshreppi.

"Þar stendur *Áshildarleiði*, heilmikil grjóthrúga á sléttum mel" (sjá Sr. Jón Reykjalín, *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 35). og "sú þriðja í þúfu neðan til á vellinum, við vatnið þar í Áshildarvatni" (sjá sama, bls. 44).

16. Nafir, Sauðárkróki.

Leifar varnargarða frá því í lok 19. aldar sem hamla áttu vatnsflóðum niður brekkurnar (sjá Sölva Sveinsson: "Vatnselgur á Sauðárkróki", *Skagfirðingabók 1984*, bls. 140-166).

17. Víðidalur í Staðarfjöllum, Staðarhreppi.

Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

18. Þverá í Víðidal, Staðarhreppi.

"*Nátthagi forn* sést og mun hafa verið við túnmál á Þverá, eyðijörð vestur í Víðidal; er ærið ummál aurmál hans" (sjá sr. Gísla Konráðsson , *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 55 og Margeir Jónsson (1927/1989): "Víðidalur í Staðarfjöllum", *Heimar horfins tíma*, bls. 95).

19. Gvendarstaðir í Víðidal, Staðarhreppi.

Allskýrar mannvistarleifar en jörðin, sem hefur verið allstór, fer í eyði árið 1898. Margeir Jónsson (1927/1989): "Víðidalur í Staðarfjöllum", *Heimar horfins tíma*, bls. 96-97).

"Gvendarstader kalla menn kirkjustaðinn, og segir Jón sig minni til kirkjugarðs leifa, ogso heyrt að mannabein skyldu hafa fundist í bakka þeim, sem áin brýtur og áður skyldi verið hafa kirkjugarðurinn..." (*Jarðbók Árna og Páls 1713*, bls. 74). Margeir Jónsson minnist ekki á þessar leifar og er eins líklegt að áin hafa eytt þeim að öllu leyti. Trúlega er einhver ruglingur í gangi með að kirkjustaður hafi verið að Gvendarstöðum, kirkjustaðurinn mun hafa verið á Helgustöðum.

20. Vík, Staðarhreppi.
Fornt virki um bæjarhúsin að Vík er stóðu 1896. D. Bruun teiknaði upp legu virkisgarðsins með aðstoð Jón Jónssonar á Hafsteinsstöðum (sjá Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár,* bls. 188-189). Bruun telur að hér sé um að ræða fornan garð, e.t.v. frá Sturlungaöld. Sennilega er ekki mikið eftir af þessum garði í dag, enda var hann mjög eyddur 1896, en þó má vera að leifar af honum leynist einhvers staðar undir jarðvegi eða öðrum mannvirkjum. Eins er ekki víst að um sé að ræða virkisgarð heldur eitthvert annað gerði.

21. Hafsteinsstaðir, Staðarhreppi.
Fornt virki um bæinn á Hafsteinsstöðum er stóð 1896. D. Bruun teiknaði upp legu virkisgarðsins með aðstoð bóndans, Jón Jónssonar (sjá Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár,* bls. 187-189). Bruun telur að hér sé um að ræða fornan garð, e.t.v. frá Sturlungaöld. Sennilega er ekki mikið eftir af þessum garði í dag en þó má vera að leifar af honum leynist einhvers staðar undir jarðvegi eða öðrum mannvirkjum. Eins er ekki víst að um sé að ræða virkisgarð heldur eitthvert annað gerði.

22. Geitagerði, Staðarhreppi.
"*Forn garðalög eða geilar* sunnan Geitagerðis, Reynistaðarhjáleigu, alllöng, en víða mjög niður í jörðu sokkin" (sjá sr. Gísla Konráðsson , *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 55).

23. Reynistaður, Staðarhreppi.
a) *Fornar nautaréttir,* sem D. Bruun getur um verið að hafi skammt frá "nýjum" vegi árið 1896 (sjá Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár,* bls. 365 og 367). Vitnisburður um að nautgripafjöldi var mun meiri á fyrri öldum (fram á 17. öld) heldur en síðar verður, enda eru rústir nautaréttanna sem Bruun dregur upp allmiklar.
b) Bruun sýnir einnig *"Klausturrúst"* á uppdrætti sínum af nautaréttunum en sennilega er það aðeins tilgáta hjá honum enda getur hann ekki þeirra í texta. Kálund (1879) segir líka að allar "sýnilegar menjar frá fornum tímum eru horfnar þar að undanteknu einu örnefni, en það er *Klausturbrekka*", (bls. 48).

24. Sólheimar, Staðarhreppi.
a) *Tvö kuml í Torfhól,* stórum melhól rösklega 200 m suður og niður frá bænum að Sólheimum. Þessi kuml hafa verið könnuð af Kristjáni Eldjárn (sjá Kirstján Eldjárn: "Þrjú kuml Norðanlands", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1957-1958,* bls. 130-132).
b) *Tóftarbrot bænhúss* á hlaðinu á Sólheimum (*Jarðbók Árna og Páls 1713,* bls. 74).

25. Skarðsá, Staðarhreppi.
Leifar bæjarhúsa en á Skarðsá var lengur búið í torfbæ en annars staðar á landinu eða allt fram á síðustu ár. Bæjarhúsin voru lengi minnisverði um byggingarlist íslenskrar alþýðu um aldaskeið en þau eru nú horfin.

26. Elivogar, Seyluhreppi.
a) *Kuml í Einstakahól í Ketilhólum,* austan Sæmundarár beint á móti bænum Dæli. Kristján Eldjárn kannaði kumlið árið 1956 (sjá Kristján Eldjárn: "Þrjú kuml Norðanlands", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1957-1958,* bls. 133-134).
b) Margeir Jónsson segir í örnefnalýsingu fyrir Elivoga að *Hauskúpuholt* heiti norðaustur af Elivogum: "Það er slétt melholt, en þar virðist þúfulöguð dys, enda fannst þar hauskúpa endur fyrir löngu, og fyrir fáum árum fundust þar fleiri mannsbein". Þessi staður er töluvert langt frá Einstakahól en Kristján leggur til að þar verði gerð rannsókn.

27. Geldingaholt, Seyluhreppi.
Leifar bænhúss eða kirkju, en hún er lögð af 1768 en kirkja hafði verið þar síðan á 13. öld a.m.k. Leifar þessarar kirkju eða bænhúss eru ekki sjáanlegar í dag (?).

28. Stóra-Seyla, Seyluhreppi.
Aurmál bænhúss eða kirkju sunnan við gamla bæjarstæðið. Samkvæmt Sturlungu og Árna sögu biskups hefur verið þar kirkja. Guðshús þetta var aflagt fyrir 1800 (sjá *Jarða- og búendatal,II. hefti,* bls. 15 og sr. Gísli Konráðsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 66).

29. Grófargil, Seyluhreppi.
Dysjar tvær á Slageyri skammt austan Sæmundarár. Samkvæmt sóknarlýsingu Gísla Konráðssonar (1839) eru dysjar á þremur stöðum: "Dys þrjú eru og á grassundi því nú kallast Slagmýri, út og niður undan Fjalli, austan Sæmundarár, við veginn fram með ánni. Sjást dys þessi enn gjörla með grjóti í kolli...Vita menn engar fornsögur geta þessa, nema ef Skarphéðinn Véfreðarson frá Móbergi hefir þar fallið fyrir Digur-Orms sonum, er Landnáma telur í III.þ. 5.kap., að þeir vægi í Vatnsskarði" " (sjá sr. Gísli Konráðsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 68). Um er að ræða tvo grjóthóla og segja munnmæli að að þar hafi barist tveir smalar og fellt hvorn annan.

30. Reykjarhóll/Varmahlíð, Seyluhreppi.
Reykjarhólslaug eða Þófaralaug, uppspretta sem hefur verið notuð til þvotta og þófs öldum saman og þangað sótt víðs vegar að úr nærliggjandi sveitum (sjá Hallgrím Jónasson "Skagafjörður", *Árbók*

Ferðafélags Íslands, bls. 23 og Kristmund Bjarnason: *Þættir úr sögu Varmahlíðar,* bls. 145-146, (sérprentun úr *Sýslunefndarsögu Skagfirðinga II. bindi*))

31. Arnarstapi, Víðimýrarsel, Seyluhreppi.
Samkvæmt Þórðar sögu hreðu (en sannleiksgildi hennar er dregið í efa) fór þar fram bardagi þar sem Þórður fellir þrjá menn. Samkvæmt fornminjaskýrslu Espólíns (1818) telur hann sig hafa fundið bein mannanna þriggja er féllu fyrir Þórði, sennilega við Grindarhóla (*Fosshóla*) norðan vegarins (sjá Kálund bls. 48-49).

32. Víðimýri, Seyluhreppi.
a) *Rústir virkis* sem hefur staðið í námunda við bæinn og þótt hentugt að flýja til og verjast þaðan árásum fjandmanna líkt og virkið á Virkishól við Flugumýri sem er friðlýst. D. Bruun segir: "Virkið á Víðimýri er í túninu um 70 álnir austur frá kirkjugarðinum. Þar er ferhyrnd lág bunga, 12-15 álnir á hlið. Það er kallað "Kastali" sem er einkennandi fyrir notkun þess, en líkist nú mest húsarúst" (sjá Daniel Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár,* bls. 190). Gísli Konráðsson segir um þetta virki árið 1839: "Aurmál lítið sést og leifar virkisins á Víðimýri, er Sturlunga nefnir" (sjá sr. Gísli Konráðsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 68). (Sjá einnig Kálund, bls. 49)
c) *Rúningsrétt,* sjá D.Bruun bls. 370. Ekki getur hann nákvæmrar staðsetningar og má vera að leifar þeirra séu með öllu horfnar.

33. Ytra-Vallholt, Seyluhreppi.
Búðabrot við Vallalaug. Kálund (1879, bls. 50) segir eftirfarandi: "Allt í kringum tjörnina, einkum norðaustan sjást hér og þar upphækkaðir búfnablettir nokkru dekkri. Þarna vilja menn telja að séu minjar um þingbúðir". Gísli Konráðsson (1839) nefnir einnig búðabrot við Vallalaug og segir ennfremur: "Þar vita menn síðast þingað af Skúla fógeta, er hann hafði Hegranesþing. Kvað hann sig gjöra það í minningu fornaldarinnar; dæmdi þar Hrossadóm svokallaðan" (*Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 68).
Vallalaug er einnig þekkt fyrir það að þar fundust þeir feðgar Sighvatur Sturluson og sonur hans Sturla og þeirra menn skömmu fyrir Örlygsstaðabardaga 1238. Allnokkurt jarðrask hefur orðið við Vallalaug á síðustu árum.

34. Álfgeirsvellir, Lýtingsstaðahreppi.
Ævagamlar rétta- og dilkatóftir í Tunguhússmóum fyrir ofan bæinn að Álfgeirsvöllum (sr. Jón Konráðsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 68).

35. Reykir, Lýtingsstaðahreppi.
Rúnalegsteinn, en samkvæmt Kálund (1879, bls. 51) er til teikning af broti af legsteini með rúnum sem á að hafa fundist að Reykjum.

36. Steinsstaðir, Lýtingsstaðahreppi.
Þvotta- og þófaralaug er sprettur upp í hólbrekku milli Steinsstaða og Reykja. Jón Konráðsson segir svo í sóknalýsingu frá 1839: "Úr henni rennur lítil lækjarspræna og gjörir tjörn þar rétt hjá, sem ýmist kallast Reykja- eða Steinsstaðatjörn; úr henni fellur lækur ofan í Svartá þar skammt frá. Þessi lækur var stíflaður sumarið 1822, hvar við tjörnin óx á dýpt og vídd, og var tjörn þessi brúkuð til sundæfinga í júníó það sama sumar undir kennslu sál. Jóns Þorlákssonar Kiernestæd frá Skriðu í Hörgárdal." (*Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 72-73).
Þvotta- og þófaralaugar voru einnig á *Reykjum, Hafgrímsstöðum* og *Skíðastöðum* ("Í þessari gjöra margir sér svitabað og þykjast finna bót við kláða og fleiri veikindum") (sjá *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 72-73) og að *Hofi, Goddölum í Jökulsárgili* og *Bakkakoti* (sjá sr. Jón Benediktson:, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 86).

37. Mælifell, Lýtingsstaðahreppi.
Rúnalegsteinn, en samkvæmt Kálund (1879, bls. 51) er til teikning af broti af legsteini með rúnum sem á að hafa fundist á Mælifelli.

38. Selflói á Mælifellsdal, Lýtingsstaðahreppi.
Ruðningar og brú á Selflóanum, en samkvæmt sóknarlýsingu frá 1839 eru unnar nokkrar vegbætur á Mælifellsdal (sjá *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 76).

39. Fremri-Svartárdalur, Lýtingsstaðahreppi.
Kuml úr heiðnum sið, fundið 1959 um 130 m neðan við fornar tóttir sem eru við Sellæk en lækurinn er um 1,5 km framan við bæjarstæðið í Fremri-Svartárdal. Kumlið hefur verið uppgrafið löngu áður en Kristján Eldjárn skoðar það 1960. Sjá Kristján Eldjárn: *Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum.* Sérprentun úr Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965, bls. 12-13.

40. Bjarnastaðahlíð. Lýtingsstaðahreppi.
Hlíðarrétt, hlaðin rétt á Jökulsáreyrum út og niður undan Bjarnastaðahlíð, byggð 1913. Sjá Braga Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV.bindi,* bls. 105.

41. Hof, Lýtingstaðahreppi.
Gömul skilarétt á grjóteyrum nyrst í spordinum á milli Hofsár og Jökulsár vestari. Aflögð 1913. Sjá Braga Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV. bindi,* bls. 104.

42. Innanverður Vesturdalur, Lýtingsstaðahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

43. Þorljótsstaðir í Vesturdal, Lýtingsstaðahreppi.
a) *Bæjarhúsin að Þorljótsstöðum,* en bærinn fer í eyði 1946. Húsin standa að hluta til enn uppi. Bærinn er sennilega byggður á fyrri hluta 19. aldar en einhverjar smábreytingar hafa verið gerðar á honum í gegnum áratugina. Um bæjarhúsin segir Kristján Eldjárn eftirfarandi: "eftir sem áður er hann ákjósanlegur fulltrúi fyrir íslenska miðlungsbæi frá síðasta skeiði torfbæjanna. Slíkur bær er hin sígilda og sérstaða umgerð um þúsund ára sögu íslenskrar alþýðu. Hann er fullur af minningum, frá fornöld, frá miðöld, frá 19. öld" (Kristján Eldjárn: "Íslands þúsund ár", *Stakir steinar,* bls. 44). Einkum er það eldhúsið sem nú er heillegt og er það fallega hlaðið (Þór Magnússon 1973). Huga mætti að því að endurreisa bæ þennan sem minnisvarða um híbýli íslensks alþýðufólks í gegnum aldirnar en flestir þeir bæir sem endurreistir hafa verið hafa verið híbýli heldri manna (sjá einnig hugmyndir um Tyrfingsstaði sem eru betur staðsettir samgöngulega en Þorljótsstaðir).
b) *Kuml,* heiðinn grafreitur, um 1,5 km fyrir norðan bæinn, kippkorn upp í brekkunum. Kumlið er uppgötvað eftir aurskriður um miðja 19. öld og fundust þá allnokkur mannabein, prjónn úr bronsi sem er nú í vörslu Þjóðminjasafns og lítill skrautlegur silfurskjöldur sem ekki var falur og er nú týndur. Um aldamótin fundust fleiri munir en 1948 er kumlið loks rannsakað af fornleifafræðing og var það Kristján Eldjárn er framkvæmdi gröftinn. Við þá athugun kom í ljós að grafið hafði verið í kumlteignum áður, sennilega til fjár eða góðra vopna. Við leitina fundust þó nokkrir fornmunir (sennilega frá 10. öld) sem nú eru varðveittir á Þjóðminjasafni (sjá einnig Kálund 1879/1986, bls. 52)

44. Hofsafréttur, Lýtingsstaðahreppi.
a) *Rústir aflangrar byggingar á Orrahaug við Eyfirðingaveg.* Um er að ræða leifar sælukofa eða leitarmannakofa (sjá Pálma Hannesson (Ferðadagbók frá 1930): "Hofsafréttur", *Skagfirðingabók 1968,* bls. 53.
b) *Gamall gangnamannakofi í Orravatnsrústum,* sjá Braga Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV. bindi,* bls. 91.
c) *Gamall gangnamannakofi, Keldudalskofinn* , sjá Braga Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV. bindi,* bls. 113.

45. Skatastaðir, Akrahreppi.
Stöplar og uppistöður kláfsins yfir Austari-Jökulsá. Sjá Sölva Sveinsson: "Samgöngur í Skagafirði 1874-1904", *Skagfirðingabók 1977,* bls. 58-183, bls. 83).

46. Ábær, Akrahreppi.
Ábæjarrétt, "hún stendur á eyrunum sunnan Ábæjarár og er aðeins almenningur og einn hliðardilkur". Sjá Braga Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV. bindi,* bls. 133.

47. Kjálki og Austurdalur, Akrahreppi og Bústaðir, Lýtingsstaðahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

48. Kelduland, Akrahreppi.
Leifar kirkjugarðs en samkvæmt jarðabók Árna og Páls vottar fyrir kirkjugarði og að bænhús hafi verið þar til forna (bls. 158).

49. Tyrfingsstaðir, Akrahreppi.
Tyrfingsstaðabær með tilheyrandi útihúsum. Um bæinn segir Helgi Hallgrímsson eftirfarandi árið 1982: "er einstakt sýnishorn af íslenskum sveitabæ af meðalstærð, en slík sýnishorn gerast nú mjög fáséð. Ekki er kunnugt um að neinn bær af þessari gerð hafi verið friðlýstur, hvað þá slík húsaþyrping með tilheyrandi útihúsum, túni o.s.frv. Væri því full ástæða til að Þjóðminjasafnið kannaði möguleika á einhvers konar varðveislu bæjarins" (Helgi Hallgrímsson ofl. (1982): "Söguminjar", *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði,* Orkustofnun, bls. 114). Bærinn fór í eyði árið 1969. Framhús hans er byggt árið 1904, baðstofan endurbyggð 1960 en aðrir hlutar hans eru ævagamlir.

50. Flatatunga, Akrahreppi.
Leifar kláfferjunnar/kláfdráttarins. Sjá t.d. Hannes Pétursson: "Slysför undan Kjálka", *Frá Ketubjörgum til Klaustra,* bls.32-43.

51. Norðurárdalur, Akrahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

52. Öxnadalsheiði, Akrahreppi
Kuml úr heiðnum sið, vestarlega á heiðinni um 4 km frá brúnni yfir Norðurá, skammt frá mynni Krókárdals við Króká. Fundið 1962 og rannsakað af Kristjáni Eldjárn sama ár. Í því leyndust bein konu og hests og einnig nokkurt haugfé (perlur, tveir knappar úr tini og jármbrot ofl.). Sjá Kristján Eldjárn: *Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum.* Sérprentun úr Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965, bls. 13-18.

53. Hálfdanartungur, Norðurárdal, Akrahreppi
Tóttir bæjarhúsa (eldri og yngri). Í jarðabók Árna og Páls segir: "Fornt eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggingarmerki og girðingar miklar so sem á stórjörðu" (bls. 153). Bærinn byggist aftur 1813 og er búið þar samfellt til ársins 1876 og fer hann þá endanlega í eyði (*Jarða- og búendatal 3. hefti,* bls. 30).

54. Réttir í Norðurádal, Akrahreppi.
Réttir við Valagilsá, meginréttir bænda í Miklabæjarprestakalli og einnig í Flugumýrarsókn. Í *Göngur og réttir 4. bindi* eftir Braga Sigurjónsson (1986) segir: "Skilarétt Silfrastaðaafréttar var fyrrum við Valagilsá, og telja gamlir menn og langminnugir, að svo muni hafa verið um langan aldur. Var réttin að utanverðu við ána á eyri neðan við glúfrið. Var almenningurinn og flestir dilkarnir byggðir upp að klettavegg þeim, sem er ofan frá gilinu, og var hann ein hlið þeirra. Voru því dilkarnir í röð hver út frá öðrum begja vegn við almenninginn, og sumir alveg sérstakir. Þurfti því að draga kindurnar út um dyrnar á almenningnum til þess að koma þeim í dilkana" (bls. 149-150). Réttin var flutt að *Bessakoti,* beitarhúsum frá Silfrastöðum, árið 1877. Valagilsrétt er nú með öllu horfin vegna ágangs árinnar en enn standa leifar réttarinnar við Bessakot en Norðurá hrfur brotið neðan af henni.

55. Víðivellir, Akrahreppi.
a) *Minjar um gamla bæinn á Víðivöllum.* Lítið sem ekkert er varðveitt af gamla bænum (sjá Þór Magnússon: "Gamli bærinn á Víðivöllum", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1967,* bls. 71-81).
b) *Gamlar kirkjurústir í túninu.* Kirkja var lögð niður að Víðivöllum 1765.

56. Húsgilsdrag í Glóðafeyki, Akrahreppi.
Felustaður Helgu Sigurðardóttur eftirlifandi kvinnu Jóns Árnasonar en hún dvaldi þar sumarlangt (Þormóður Sveinsson: "Felustaður frúarinnar", *Skagfirðingabók 1973,* bls. 71-83).

57. Djúpidalur, Akrahreppi.
a) *Tungufjallsrétt,* rústir lítillar réttar sem hafa aðallega verið nytjaðar af Djúpadalsbændum, t.d. til rúnings (sjá Stefán Jónsson: *Djúpdæla saga,* 1984, bls. 131; í bókinni eru miklar heimildir um mannvistarleifar (t.d. *sel, beitarhús, stekkir, smalabyrgi og sauðabyrgi* í Djúpadal, afdölum hans *Akradal* og *Heimdal* og fleiri afdölum og heiðlöndum í Blönduhlíð).
b) *Hestasteinn,* á hlaðinu að Djúpadal frá fornu fari (sjá Jónas Jónasson frá Hofdölum: "Hestasteinninn í Djúpadal", *Skagfirðingabók 1973*).
c) *Sauðabrú á Dalsá* ."nýgjörð sauðabrú úr timbri á Dalsá", segir í sóknalýsingu sr. Jóns Halldórssonar 1845, (*Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 105). Athuga með brúarstæði á þessum slóðum og önnur samgöngumannvirki (sjá Stefán Jónsson: *Djúpdæla saga,*1984, bls. 199)

58. Flugumýri, Akrahreppi.
Brunarústir skála Gissurar Þorvaldssonar. Sigurður Vigfússon (1886) segir: "Það er almenn sögn, mann fram af manni, þeirra er á Flugumýri hafa búið og búa, að á hólnum (skammt suðaustur af bænum) hafi staðið skáli Gizurar, og að hóllinn sé ekki annað en brunarústir; en tóftalögun verðr alls engin séð. Ég gerði dálitla tilraun með hjálp Þorvalds bónda Arasonar, til þess að taka af öll tvímæli þar um, og gróf inn í hólinn á tveim stöðum á austrhliðinni, og fann ég þar tóma ösku og mikið af gjalli, enda brunnið grjót" (sjá Sigurð Vigfússon: "Rannsókn á Flugumýri 18. ág. 1886", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892,* bls. 88)

59. Bjarnastaðir, Akrahreppi.
Þrír hólar grasi vaxnir niður við Héraðsvötn norðan Þormóðsholts. Samkvæmt sóknalýsingu eru þetta svokallaðir Brennigarðar, "í röð út og suður á smáhólmum; eru óljós rök til þeirra" (sjá sr. Jón Halldórsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 107-108.). Að öllum líkindum eru þetta náttúrumyndaðir hólar en ekki mannaverk. (Athuga hugsanlega eyddir nú).

60. Þverá, Akrahreppi.
Leifar kirkjugarðs, leiða og kirkjutóftar en á Þverá var hálfkirkja til forna. Samkvæmt jarðabók Árna og Páls (1714) vottar fyrir þessum leifum að Þverá (bls. 191).

61. Kollsveinsstaðir, Akrahreppi.
Fornar rústir bæjarhúsa. Landnámsmaðurinn á svæðinu milli Gljúfurár og Þverár bjó á Kollsveinsstöðum og hafði blót á Hofsstöðum. Rústirnar eru ofarlega í ásnum, nálægt fjallsrótum, austan Syðri-Brekkna og norðaustan Framness. (Sjá Kálund 1879/1986, bls. 57; Ólaf Lárusson: *Landið og Landnám,* bls. 286-287). Þar fór fram uppgröftur á vegum Varmahlíðarskóla haustið 1980.

62. Hofsstaðir, Viðvíkurhreppi - Kollsveinsstaðir, Akrahreppi.
Forn göngugarður frá hæðinni Valhöll þar sem hof átti að hafa staðið og sem leið liggur þvert yfir mýrarhallann nokkrar bæjarleiðir að eyðibænum Kollsveinsstöðum. Munnmæli segja að þessi göngugarður hafi verið lagður sem vegur til hofsins. (Sjá Kálund 1879/1986, bls. 57; Ólaf Lárusson: *Landið og Landnám,* bls. 286-287).

63. Hegranes, Ripurhreppi.
Fornar götur og stígar á Hegranesi um hina sérstöku náttúru og manna- og álfabyggð.
64. Utanverðunes, Ripurhreppi.
Gamall þurrkskurður til austurs frá Utanverðunesvatni. Samkvæmt sr. Jóni Reykjalín (1840) hugðust menn veita vatninu til sjávar og það uppþurrka í því skyni að gera tún. Óvinnanlegur klapparþröskuldur mætti gröfumönnunum og kom í veg fyrir þessi áform. Þrátt fyrir það minnkaði vatnságangur frá vatninu í vorleysingum svo að til urðu betri slægjur við vatnið (sjá *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 113).
65. Keldudalur, Ripurhreppi.
Stífla í læk er rennur úr Hólmsvatni (Hendilvatni skv. sóknalýsingu) *ofan í Keldudalsengi.* Stíflan er gerð í því skyni að þurrka engjamar (sjá sr. Jón Reykjalín (1840), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 114). Athuga með leifar stíflu.
66. Hróarsdalur, Ripurhreppi.
Hróarsleiði, aflöng grjóthrúga á klöppinni fyrir ofan bæinn í Hróarsdal. Tæplega fornt leiði og er hrúgan nýlegri ef hún stendur þá enn (sjá sr. Jón Reykjalín (1840), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 118). Þarna hafa fundist bein.
67. Ferjuhamar, Ripurhreppi.
Rústir húsa og fleiri mannvistarleifar. Ferjuhamar er sagður hafa verið landnámsjörð og var þá skipum lagt fram í Vötnin neðan hamarsins. Kirkja er einnig talin hafa verið þar (sjá sr. Jón Reykjalín (1840), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 118). Jörðin fór í eyði allnokkru fyrir 1700 en var aftur byggð á árunum 1782-1784 (sjá *Jarða- og ábúendatal II.hefti,* 111). Eins og nafnið gefur til kynna var þarna um tíma ferjustaður (Hallgrímur Jónasson: "Skagafjörður", *Árbók Ferðafélags Íslands 1946,* bls. 195).
68. Naustavík, Ripurhreppi.
Leifar beitarhúsa, sjóbúða og hjalla. Gamall útróðrastaður frá Utanverðunesi. Seinast var búið þar á árunum 1915-1935 en lengi í eyði fram til þess (sjá *Jarða- og ábúendatal II.hefti, bls.* 113).
69. Vatnskot, Ripurhreppi.
Ísleifshellir ofarlega í Geitabergi. Munnmæli segja að þar hafi leynst sakamaður með vitund tveggja bænda í nágrenninu í ein 20 ár (sjá sr. Jón Reykjalín (1840), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 120). Sennilega er hellir þessi að mestu hruninn í dag.
70. Furðustrandir, Ripurhreppi.
Byrgi ferjumanns við Vesturós Héraðsvatna. Skýli þekktasta ferjumannsins, Jón Ósmanns, er glatað. Nú standa þar rústir skýlis sem Hróbjartur Jónasson hlóð. (sjá Kristmund Bjarnason: *Jón Ósmann*).
71. Kolkuós/Kolbeinsárós, Viðvíkurhreppi.
a) *Forn verslunarstaður og lending þar sem hugsanlega leynast tóttir af fornum kaupmannabúðum á litlum tanga fyrir sunnan ármynniið; og leifar seinni tíma verslunarstaðarins 1881/1890 og fram á 4. áratug..* Hjalti Pálsson (1979) hefur það eftir Sigurmon í Kolkuósi að engin merki sjáist um hinar fornu tóttir við Kolkuós. Þetta þarf að athuga nánar (sjá Kálund 1879/1986, bls. 59 og Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 125). Kolbeinsárós var helsti verslunarstaður Skagfirðinga allt fram að siðaskiptum enda lá þaðan skemmst leiðin heim til Hóla (sjá Hjalta Pálsson: "Lifandi ósk um uppsiglingu", *Fólk og fróðleikur,* 1979, bls. 119-135). Talið er að til forna eða skömmu fyrir siðaskipti hafi verið kirkja eða bænhús í Kolbeinsárósi og hafi það verið bjálkakirkja sú eina sem reist hefur verið hér á landi (sjá *Jarða- og búendatal 3. hefti,* bls. 84). (Sjá einnig um Kolkuós, Björn Egilsson: "Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi", *Skagfirðingabók 1982,* bls. 7-35).
b) *Brúarstöpull í Jörundarbrekku við Kolku.* Brúin sem hvildi á stöplinum var tekin í notkun 1880. (Sjá Sölva Sveinsson: "Samgöngur í Skagafirði 1874-1904", *Skagfirðingabók 1977,* bls. 58-183, bls. 110).
72. "Vagnbraut", Viðvíkurhreppi.
Merki um ruddan veg frá Kolbeinsárósi um Brimnesskóg og Viðvíkurskóg upp að Langhúsum og Viðvík. Sjá Kálund 1879/1986, bls. 59 og Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 130.
73. Kolbeinsdalur, Hólahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.
74. Unastaðir í Kolbeinsdal, Hólahreppi.
Leifar bæjarhúsa en jörðin fer í eyði skömmu eftir miðja öldina. Dæmi um býli sem fer í eyði á þeim tíma sem landbúnaður í landinu er í þann veginn að nútímavæðast.

75. Reykir, Hólahreppi.
Vinnufólkslaug í grennd við Biskupslaug. Athuga þarf þær menjar sem enn eru til um hana en þarna var gerð sundlaug 1928 og er upprunaleg mynd hennar eyðilögð. Grafið var svo í gegnum laugina 1997 og breyttist þar með ásýnd hennar.
76. Heljará, Kolbeinsdal, Hólahreppi.
Fornar sauðaréttir á grjóteyrum austan Heljarár. (sjá Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 127).
77. Hólahagi, Hjaltadal, Hólahreppi.
a) *Fjárrétt í miðjum Hólahaga, byggð í kringum 1840.*
b) *Leifar nautasels í afréttinni í Kolbeinsdal og sauðasels við Héðinsdalsmynni.*
(sjá Sr. Benedikt Vigfússon (1843): "X. Hóla- og Viðvíkursókn 1843", *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 127).
78. Víðines, Hólahreppi.
Dysjar upp í hólunum í Víðinesi. Engin ummerki eru lengur sjáanleg og er uppruni örnefnisins ókunnur. Tæplega er um dysjar frá Víðinesbardaga 1208 að ræða þar sem ekki tíðkaðist að dysja menn á þeim tíma.
79. Miklibær í Óslandshlíð, Hofshreppi.
Haugur Þórðar hreðu er sagður vera þar skv. Páli Vídalín (1723): "var grafið í leiði Þórðar hreðu, sem hafði verið almennt þekkt eftir ómótmæltri frásögn frá manni til manns. Greftrunin hafði verið hin venjulega í heiðnum sið: kol undir líkinu, steinum reglulega hlaðið allt í kring, allstór steinn lagður yfir, en smásteinum raðað kringum hann. Af líkinu fannst aðeins herðablað og hlutar af rifbeini. Samkvæmt frásögn Jóns Ólafssonar var líka tekið úr gröfinni mjög ryðgað járn" (Kálund 1879/1986, bls. 64).
80. Unadalur, Hofshreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.
81. Þönglaskáli, Hofshreppi.
Forn útróðrastaður. Í jarðbók Árna og Páls (1709) segir: "Heimræði er árið um kring og fiskivon í betra lagi hjer í sveit," og "Sjóbúðir hafa verið hjer tvær verið grasnytjalausar. Leiga var engin nema skipsáróður til heimabóndans". Í sóknalýsingu sr. Páls Erlendssonar (1839) segir um Þönglaskála: "En lending er hér best, og mætti í flestöllu tilliti vera nafnfræg..." (*Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 134). Grasbýlið Þönglabakki var um tíma í landi Þönglaskála en það fer í eyði fyrir miðja öldina og Þönglaskáli skömmu eftir miðja öldina.
82. Bær, Hofshreppi.
Leifar gamalla sjómannabúða á Bæjarklettum. Frá Bæjarklettum og úr Bæjarvíkinni var fyrrum mikið og gott útræði en það leggst af sökum mikils sandburðar inn í víkina. Í kringum 1700 eru þarna 3 sjóbúðir sem síðar verða þurrabúðarbýli og hélst byggð á þessum slóðum fram á 20. öldina. Í byrjun 20. aldar eru búðirnar þar fjórar, Miðhús, Lágabúð, Langabúð og Liljukofi (sjá *Jarðabók Árna og Páls,* bls. 260, *Jarða- og búendatal 4. hefti,* bls. 53 og Jóhannes Sigurðsson: "Horft til baka. Menn og umhverfi", *Skagfirðingabók 1970,* bls. 190-204).
83. Ljótsstaðir, Hofshreppi.
Kuml úr heiðnum sið, fundið af vegagerðarmönnum árið 1958, á svonefndum Árhólum, blásnir melar, við Unadalsá, um það bil 1 km frá bænum að Ljótsstöðum. Rannsakað af Kristjáni Eldjárn árið 1959 og fannst þar nokkurt haugfé en sennilega hafa menn látið þar greipar sópa miklu fyrr. Sjá Kristján Eldjárn: *Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum.* Sérprentun úr Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965, bls. 19-22.
84. Málmey, Hofshreppi.
a) *Bænhústóttir, leifar hálfkirkju eða bænhúss sem stóð áður fyrr í Málmey,* sést móta fyrir veggjum hennar og garður umhverfis er sýnilegur.
b) *Fornar bæjarrústir á hæð sem nefnist Ás,* skammt vestan við bæjarstæðið í Málmey. Einnig sjást þar leifar túngarða (sjá Grímur Sigurðsson: "Málmey", *Skagfirðingabók 1967,* bls. 54-55).
c) *Margvíslegar minjar aðrar um ábúð og nytjar í eynni fyrr og síðar.*
85. Skálá í Sléttuhlíð, Hofshreppi.
Leifar af kirkjugarði en þar sést móta fyrir kirkjugarði samkvæmt sr. Davíð Guðmundssyni (1868) í *Sýslu- og sóknalýsingum,* bls. 156.
86. Fell í Sléttuhlíð, Hofshreppi.
Leifar bæjarhúsa sem byggð eru 1864, og eru þá hin reisulegustu og á margan hátt mjög sérstök (sbr. lýsingu sr. Davíðs Guðmundssonar í *Sýslu- og sóknalýsingum,* bls. 156).
87. Hrolleifshöfði - Hrolleifsdalur, Hofshreppi.
a) *Göngugarður Hrolleifs er liggur frá Hrolleifshöfða og fram í botn Hrolleifsdals.* Upphækkaður vegur sem Hrolleifur er talinn hafa gengið eftir þegar hann fór að vitja sauða sinna á Hrolleifshöfða

en Hrolleifur bjó þá að Þverá (sjá sr. Davíð Guðmundsson (1868) í *Sýslu- og sóknalýsingum,* bls. 159, Kálund 1879/1986, bls. 66.
b) Í "Frásögum um fornaldarleifar" er einnig minnst á *Hrolleifsvirki* þar sem eiga að vera merki um virki en í *Sýslu- og sóknalýsingum* er Hrollleifsvirki nefnt sem fornt eyðibýli í Fellslandi (bls. 155).

88. Hrolleifsdalur, Hofshreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

89. Ysti-Hóll, Hofshreppi.
Einbúi, stakur hóll skammt frá Mýrnavík. Samkvæmt sóknarlýsingu líkist hóllinn haug en er ekki kenndur við neitt (sjá sr. Davíð Guðmundsson, *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 159).

90. Stafárdalur, Fljótahreppi.
Dysjar nálægt Stafá vegna orrustu með Fljótamönnum og Svarfdælum. Samkvæmt Landnámu (sjá Kálund 1879/1986, bls. 67).

91. Flókasteinn, Flókadal, Fljótahreppi.
Undir öðrum af tveimur Flókasteinum á Flóki Vilgerðarson að liggja. (Sjá Kálund 1879/1986, bls. 67).

92. Flókadalur, Fljótahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

93. Austarihóll, Flókadal, Fljótahreppi.
Kuml úr heiðnum sið, fundið 1964 og rannsakað af Kristjáni Eldjárn sama ár. Kumlið fannst er unnið var að vegalagningu heim að bænum, um 100 m suðvestur af bænum. Í því leyndist allmikið haugfé en áður hafði verið hrært í haugnum, m.a. fjarlægð beinagrind. Sjá Kristján Eldjárn: *Kuml úr heiðnum sið fundin á síðustu árum.* Sérprentun úr Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965, bls. 22-33.

94. Haganesmýri, Fljótahreppi.
Helga haugur skammt frá Miklavatni. "Hann er að lagi aflangur, mjórri upp, eins aflangur að ofan, líkt og húsmænir, með niðursiginn bolla í miðju, en eins og þúfur til beggja enda. Í einum stað, nefnilega að sunnan, vottar fyrir urð í honum neðanverðum. Á orði leikur, að Helgi nafar hafi verið lagður í haug þennan í skipi" (sr. Jón Jónsson (1841), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 177). Sennilega er þetta náttúrusmíð. Hefur verið spillt með malartekju.

95. Holt, Fljótahreppi.
Rúnasteinn í kirkjugarðinum, "rúnaletur, en svo máð, að ei verður úr ráðið". (sjá sr. Jón Jónsson (1841), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 176 og Kálund 1879/1986, bls. 66).

96. Illugastaðir, Fljótahreppi.
Leifar langskipsnausts neðarlega í túninu í grennd við Miklavatn. (Sjá sr. Jón Jónsson (1841), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 177).

97. Stóra-Brekka, Fljótahreppi.
Kobbasmiðja, leifar manngerðs hellis í norðurenda Brekkuhóls. En sér móta fyrir leifum hans í allhörðum sandsteini en þar stundaði Myllu-Kobbi (Jakob Jónasson frá Minni-Brekku) eldsmíði. (Sjá Hannes Pétursson: *Misskipt er mannalán II,* bls. 81-83 og Árna Hjartarson ofl.: *Manngerðir hellar á Íslandi,* bls. 309).

98. Hraunavellir/Hafnarfjörður við Miklavatn, Fljótahreppi.
Leifar fjögurra langskipsnausta. "Naust sýnast verið hafa neðantil í Hraunavelli, sem meinast fjögur langskipanaust (sjá sr. Jón Jónsson (1841), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 177) og "Sagt er að nyrsti og austasti hluti Miklavatns heiti Hafnarfjörður, og þar fyrir ofan er vísað til nokkurra gamalla tófta, sem eru taldar fjögur langskipsnaust" (Kálund 1879/1986, bls. 66). Athuga hugsanlegan rugling við leifar nausta í landi Langhúsa skv. Fornleifaskrá sem Kristján Eldjárn hefur nefnt "tóma endileysu".

99. Hraun, Fljótahreppi.
Leifar fornrar verstöðvar í Hraunkróki, en þar var mesti útróðrastaður Fljótamanna áður fyrr. Sjá Sverri Pál Erlendsson: "Fljót í Skagafirði á 19. öld", *Skagfirðingabók 1975,* bls. 106-183; yfirlitsmynd yfir byggingar í verstöðinni er á bls. 141).

100. Austur-Fljót, Fljótahreppi.
a) *Leifar fornra garða, m.a. landamerkjagarða, vörslugarða og göngugarða, sérstaklega þó leifar Blákápugarðs er liggur um frá Barði fyrir suðurenda Miklavatns og upp í Lágöxl,* en bera ríkulegar minjar um forn garðalög. (Sjá Pál Sigurðsson frá Lundi (1979: "Tveir garðar fornir í Fljótum", *Fólk og fróðleikur,* bls. 177-199).
b) *Leifar fornra alfaravega* frá "Hraunum, sem er næst við skarðið, og að Skarðsdal, sem er næstur því hinu megin, er á að geta 3/4 míla. Alfaravegur liggur einnig úr Knappsstaðasókn út Austur-Fljót, austanvert við Fljótána. Kemur hann saman við þann áður um getna á Hraunum. Báðir þessir vegir eru ruddir og duglega brúaðir, þar sem þörf gjörist, hverjar vegabætur hér meir og meir eru að tíðkast" (sr. Jón Jónsson (1841), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 175). Leifar þessar vegabóta, sérstaklega brúa, er vert að huga að en þær gætu þó að stórum hluta verið eyddar.

101. Stífla, Fljótahreppi.
a) *Leifar fornra garða, m.a. landamerkjagarða, vörslugarða og göngugarða, sérstaklega þó leifar Völugarðs er liggur um þvera Stíflu (frá Melbreið og yfir sunnan við Hring),* en Stífla og Fljót bera ríkulegar minjar um forn garðalög. (Sjá Pál Sigurðsson frá Lundi (1979: "Tveir garðar fornir í Fljótum", *Fólk og fróðleikur,* bls. 177-199 og sr. Stefán Þorvaldsson (1840), *Sýslu- og sóknalýsingar,* bls. 185).
b) *Stíflurétt í Hamarshyrnu,* hlaðin rétt, byggð 1876 (sjá Pál Sigurðsson: "Minningarbrot úr Stíflu", *Skagfirðingabók 1992,* bls. 173-192, bls. 185).

102. Framanverð Austur-Fjót og Stífla, Fljótahreppi.
Sjá sjötta lið um horfna byggð og örnefni.

2.8.4.4 Gamlar þjóðleiðir, götur, ferjustaðir og önnur samgöngumannvirki

Allnokkuð hefur verið ritað um samgöngur í Skagafirði á fyrri tímum og nægir í því sambandi að benda á hina ítarlegu ritgerð Sölva Sveinssonar: "Samgöngur í Skagafirði 1874-1904" sem birtist í *Skagfirðingabók* árið 1977 (sjá einnig ýmsar aðrar ritgerðir í Skagfirðingabók). Margir þeir alfaravegir í Skagafirði á 19. öld hafa verið þjóðleiðir frá fornu fari (sjá kort bls. 70, 75, 143, 157) og er ritgerð Sölva því ágætis heimild um samgöngur í héraðinu yfir mun lengra tímabil en ritgerðin fjallar um. Á þessu tímabili verða hins vegar miklar samgöngubætur, sérstaklega er varðar samgöngur yfir vatnsföll (brýr, ferjur, kláfferjur; sjá bls. 127, 97). Í *Árbók Ferðafélags Íslands 1946,* þar sem Hallgrímur Jónasson fjallar um Skagafjörð er góð lýsing á helstu fjallaleiðum í héraðinu (bls. 212-229). Þessar tvær heimildir er ágætt að styðjast við þegar gert verður kort yfir helstu þjóðleiðir og gönguleiðir í Skagafirði, og þegar kerfi göngu- og reiðstíga er skipulagt. Einnig er hægt að byggja á korti Björns Gunnlaugssonar og Ólafs Nikulásar Ólsens frá 1844.
Í kaflanum á undan er vakin athygli á nokkrum fornum samgöngumannvirkjum (t.d. leifum kláfferja) en ljóst er að leifar fornra samgöngumannvikja er mjög víða að finna og því vart raunhæft gera þeim öllum skil í þessari litlu úttekt. Ritgerð Sölva Sveinssonar er sem fyrr góð heimild um gömul samgöngumannvirki í Skagafirði (aðallega frá 19. öld) og staðsetningu þeirra (sjá kortin í ritgerðinni). Einnig er fjallað um samgöngur í Skagafirði um miðja 19. öld í kafla 3.9.2.

2.8.4.5 Horfin byggð og örnefni: Vísbendingar um fornleifar

Landnáma getur um að sumir fyrstu landnámsmennirnir sem komu út til Íslands hafi byggt næst fjöllum og merktu af því landkostina að kvikféð fýstist frá sjónum til fjallanna og undi þar vel. Landnám hefur verið með þeim hætti í Skagafirði enda grösugt hérað. Óvíða hefur byggðin teygt sig jafn mikið til fjalla og hálendisins og í Skagafirði. Til marks um þetta er hinn mikli fjöldi eyðibýla og fornra eyðibyggða í héraðinu; í hinum svokölluðu Skagafjarðardölum fremst í héraðinu og víða í afdölum þegar utar dregur.
Markviss skráning eyðibýla, einkum þeirra sem lagst hafa í eyði á fyrri öldum, er nauðsynleg til að geta gert sér í hugarlund hvar merkar fornleifar hugsanlega leynast. Allmikið er til af prentuðum heimildum um byggðasögu, ekki síst í Skagafirði, en á fáum svæðum hefur verið reynt að fá heildarmynd á byggðaþróun með skráningu fornra býla, beitarhúsa og selja og kortlagningu rústa þeirra í kjölfarið. Guðrún Sveinbjörnsdóttir (1992) gerði ítarlega rannsókn á fornleifum í Vestur- og Austurdal í innanverðum Skagafirði í byrjun 9. áratugarins en áður hafði D. Bruun kortlagt fornleifar á þessum slóðum skömmu fyrir aldamótin og á seinni hluta 8. áratugarins skráði Helgi Hallgrímsson söguminjar þar og á Kjálkanum í tengslum við hugsanlegar virkjunarframkvæmdir við Villinganes. Hvað varðar önnur svæði í Skagafirði þá er einkum hægt að styðjast við *Örnefnaskrár fyrir Skagafjörð,* einkum teknar saman af Margeiri Jónssyni á fyrri hluta aldarinnar, sem varðveittar eru á Örnefnastofnun og í Safnahúsinu á Sauðárkróki. Örnefnaskrárnar geta gefið vísbendingar um eyðibyggðir og einstakar fornleifar og væri æskilegt að farið væri í gegnum þær, m.a. til samanburðar við þær fornleifar og eyðibýli sem getið er um í prentuðum heimildum, og til að gefa heildstæðara yfirlit yfir hugsanlegar fornminjar í Skagafirði.

2.8.4.6 Helstu eyðibyggðir

(forn lögbýli, hjáleigur og önnur afbýli, "þrælsgerði", sel og beitarhús þar sem búið hefur verið um stundarsakir):
Æskilegt væri að skrá öll eyðibýli (þ.e. flokkuð eftir jörðum og sveitarfélögum og staðsett á korti) og væri þá komin góður grunnur fyrir nánari fornleifaskráningu sem segði til um hvort og hvaða leifar leyndust á hverjum staða og hverjar þeirra bæri að vernda. Á þessu stigi er allt of umfangsmikið að heildarskrá eyðibýli (enda verður það væntanlega einn stærsti verkþátturinn í ritun byggðasögu Skagafjarðar sem nú er í bígerð). Því er aðeins hægt að afmarka og skilgreina helstu eyðibyggðir Skagafjarðar, t.d. afdali og fjalladali sem farið hafa í eyði í heild sinni, auk þess sem eyðibýli þar sem þekktar fornleifar eru hafa þegar verið tilgreind (sjá fjórða lið að framan).
Helstu eyðibyggðir Skagafjarðar eru:

1. Laxárdalur, Skefilsstaðahreppi.
Tóttir og aðrar leifar fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar í dalnum. Enn er allnokkur byggð í norðanverðum dalnum en margar jarðir í innanverðum dalnum fara í eyði um miðja 20. öld.

2. Hryggjadalur, Kálfárdalur, Skálahnjúksdalur, Skarðshreppi.
Tóttir fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar í dölunum þremur. Í dag er þar engin byggð en fyrr á öldum var oft á tíðum allmikil byggð þar allt eftir því hvernig árferði var. Seinasti bærinn fer í eyði um miðja 20. öld. (sjá Ögmund Helgason (1979): "Byggð í Sauðárhreppi", *Fólk og fróðleikur*, bls. 239-258).

3. Viðidalur í Staðarfjöllum, Staðarhreppi
Tóttir fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar í dalnum. Í dag er þar engin byggð en fyrr á öldum var oft á tíðum allmikil byggð þar eftir því hvernig árferði var. Dalurinn er kominn í eyði um aldamótin 1900 (Hryggir fara í eyði 1913). (Sjá Margeir Jónsson (1927/1989): "Víðidalur í Staðarfjöllum", *Heimar horfins tíma*, bls. 84-105).

4. Innanverður Vesturdalur, Lýtingsstaðahreppi.
Tóttir fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu frá Hrútagili að Hraunbúfumúla. Samkvæmt rannsókn Guðrúnar Sveinbjörnsdóttir (1992) (*Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study*, bls. 79-113) eru á þessu svæði byggðaleifar á einum 15 stöðum. Af þessum 15 eru 4 friðlýstar (sjá nr. 5 á lista yfir friðlýstar fornminjar) en hinar tíu eru nefndar (talið frá norðri til suðurs sitthvoru megin árinnar): *Seltóftir á Traðareyri, Snorrahús, Þorljótsstaðir* (sem er getið sérstaklega í fjórða lið), *Stafn, "Þrælsgerði"* (engar sýnilegar leifar),, *Þorljótsstaðasel, Tungukot, Miðmundarlækur* (engar sýnilegar leifar), *Skógar* (engar sýnilegar leifar), *Hamarsgerði* og *Pétursgerði*. Að undanskyldum Þorljótsstöðum fara líklega allir þessir staðir í eyði fyrir 1713. Eyðibyggðin í innanverðum Vesturdal er vitnisburður um forna byggð í fjalladölum landsins og um það hversu byggðaþróunin hefur verið háð árferði (hjáleiga verður "þrælsgerði", síðar beitarhús eða sel og svo aftur hjáleiga þegar árferði batnaði á nýjan leik). Sjá einnig og D. Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* , bls. 232-236.

5. Kjálki og Austurdalur, Akrahreppi og Bústaðir í Lýtingsstaðahreppi.
Tóttir fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu frá Gilsbakka að Fögruhlíð. Samkvæmt rannsókn Guðrúnar Sveinbjörnsdóttir (1992) (*Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study*, bls. 114-170) eru á þessu svæði byggðaleifar á 28 stöðum. Af þeim eru 5 friðlýstar (sjá nr. 4 og 7 á lista yfir friðlýstar fornminjar) en hinar 23 eru nefndir (talið frá norðri til suðurs sitthvoru megin árinnar): *Leiti/Leitisstekkur, Væthús, Fjósar, Fitjar, Miðhús, Brennigil, Þverá eða Þverárkot, Ábær, Arastekkur/Gamlistekkur/Ábæjarsel, Svartibakki, Öfriðarstaðir, Tinnársel, Nýibær, Fagrabrekka, Hildarsel/Jórhildarsel/Hlíðarsel, Fagrahlíð, Miðklif, Skatastaðasel, Hólakot, Bugshús, Skuggabjörg, Gerðislækur/Þrælsgerði, Húsatóftir/Brekkukot.* Allir þessir staðir fara í eyði fyrir eða í kringum 1700 að undanskyldum Miðhúsum, Ábæ, Tinnárseli, Nýjabæ og Skuggabjörgum sem eru í byggð mun lengur. Eyðibyggðin á þessum slóðum er líkt og eyðibyggðin í innanverðum Vesturdal minnisvarði um forna byggð í fjalladölum landsins. Sjá einnig D. Bruun (1898/1987): *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, bls. 236-238, 368; Helgi Hallgrímsson ofl. (1982): "Söguminjar", *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði*, Orkustofnun, bls. 113-131 og Stefán Jónsson: "Söguþættir úr Austurdal", *Sagnaþættir III. bindi*, 1986, bls. 13-120.

6. Norðurárdalur, Akrahreppi.
Tóttir fornra bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa á svæðinu frá mynni Norðurárdals að Hálfdanartungum upp undir Hörgárdalsheiði. Á þessu svæði var áður tvöföld bæjarröð en í gegnum tíðina hafa straumharðir fjallalækir spillt þar túnum. Enn er byggð í dalnum (að Fremri-Kotum og Egilsá) en flestir bæjanna fara í eyði í lok 19. aldar eða um miðja 20. öld. (sjá Kálund 1879/1986, bls. 53-54 og Stefán Jónsson: "Þáttur af Stefáni lækni á Egilsá" og "Þáttur af Kota-Brandi", *Sagnaþættir II. bindi*, 1985, bls. 133-182 og 185-196.)

7. Kolbeinsdalur, Hólahreppi.
Leifar eldri og yngri bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu frá Sviðningi að Heljará. Seinustu bæirnir eru í byggð fram á síðustu ár en aðrir fara í eyði fyrir aldamótin 1900 eða löngu fyrir 1700.

8. Unadalur, Hofshreppi.
Leifar eldri og yngri bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu austan Hólkots. Sumir bæjanna eru í byggð fram á seinni hluta 20. aldar, margir fara í eyði um miðja þessa öld og aðrir fara í eyði fyrir aldamótin 1900 (sjá *Jarða- og búendatal 4. hefti*, bls. 20-26).

9. Hrolleifsdalur, Hofshreppi
Leifar eldri og yngri bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu suðaustan Bræðraár. Meginjarðirnar, *Klón, Þverá, Geirmundarhóll* og *Krákustaðir* eru í byggð fram á fyrri hluta 20. aldar (sjá *Jarða- og búendatal 4. hefti*, bls. 66-69).

10. Flókadalur, Fljótahreppi
Leifar eldri og yngri bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu sunnan Neskots. Meginjarðirnar eru flestar í byggð fram á miðja 20. öld (sjá *Jarða- og búendatal 4. hefti*, bls. 95-98).

11. Framanverð Austur-Fjót og Stífla, Fljótahreppi
Leifar eldri og yngri bújarða, afbýla, þrælsgerða, selja og beitarhúsa og aðrar mannvistarleifar á svæðinu sunnan við Reykjarhól í Fljótum og í Stíflu. Eyðijarðirnar fara flestar í eyði á þessari öld og margar hverjar ekki fyrr en á seinni hluta aldarinnar (sjá *Jarða- og búendatal 4. hefti*, bls. 130-144). T.d. *Hringsgerði í Austur-Tungudal* en munnmæli eru um að bærinn hafi farið í eyði í Svartadauða (sjá Pál Sigurðsson: "Hringsgerði í Austur-Tungudal", *Skagfirðingabók 1977*, bls. 45-50).

2.8.4.7 Selstöður (langt frá því að vera tæmandi listi en fyrst og fremst er stuðst við *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873* og *Jarða- og búendatal 1781-1958*)

Skefilsstaðahreppur
1. Grímshús (beitarhús).
2. Hafragilssel.
3. Foss-sel (byggt 1834-1899).
4. Hólssel.
5. Mallandssel.
6. Ketusel (byggt 1866-1869).
7. Kleifarsel (byggt 1844-1856).
8. Hraunsel (byggt 1861-1882).

Skarðshreppur og Sauðárkrókur (Sauðárhreppur)
1. Þórðarsel í Gönguskörðum (byggt frá því fyrir 1784 til 1882).
2. Heiðarsel í Gönguskörðum (byggt 1832-1934).
3. Áshildarholtssel frá Áshildarholti.
4. Borgarsel frá Sjávarborg (byggt 1822-1919).
5. Fornar selstöður frá Gili og Kimbastöðum í Ranghaladal.
6. Selstöður eru einnig víða í afdölum Gönguskarða (sjá einnig skilgreiningu eyðibyggða í kafla um fornleifar).

Staðarhreppur
1. Sel frá Bessatöðum við Vatnadalsá sunnan við Hrafntinnumel og annað á næstu fjallsbrún þar upp undan.
2. Dúkssel, upp undan bænum á brúninni.
3. Geirmundarstaðasel þar upp undan bænum.
4. Sólheimasel við Hrossagil í Valbrandsdal.
5. Bjálfasel (Hafsteinsstaðsel) í Bjálfahlíð.
6. Víkursel í Ytri-Rangala og einnig á mýrunum við suðausturenda Miklavatns.
7. Holtsmúlasel vestur á Miðdal.
8. Reynistaðarsel í austanverðu Gyltuskarði.

(Staðarafréttur var í raun ekki lögafréttur heldur sellönd og heimalönd).

Seyluhreppur
1. Krithólssel í Víðimýrardal, sunnan Nóngils.
2. Steingrímssel norðan Nóngils.
3. Brekkusel í Tjarnarhólum neðan Sæmundarár, gegnt Fjallsteigum.
4. Reykjarhólssel í Gegnisdal gegnt Teigunum.
5. Seylusel í Reykjaskarði gegnt Moshólum og annað sel lítið austar.
6. Fornusel frá Marbæli á brúnni milli Sólheima og Bessastaða.

Lýtingsstaðahreppur
1. Mælifellssel í Mælifellsdal (byggt 1868-1878).
2. Reykjasel í Mælifellsdal (byggt 1839-1905).
3. Nautabússel í Mælifellsárlandi.
4. Mælifellsársel (byggt 1875-1880).
4. Álfgeirsvallasel sunnan undir Hærrafellsöxl.
5. Gilhagasel á Gilhagadal (byggt 1825-1921).
6. Írafellssel á Gilhagadal.

7. Í innanverðum Austur- og Vesturdal voru selstöður frá allflestum bæjunum í framanverðri Goðdala- og Ábæjarsókn (sjá skilgreiningu eyðibyggðanna í kafla um fornleifar).

Akraheppur
1. Selstöður í Austurdal frá öllum bæjum í Ábæjarsókn (sjá skilgreiningu eyðibyggðanna í kafla um fornleifar).
2. Flatatungusel fyrir ofan tunguhálsinn nálægt Egilsá.
3. Silfrastaðasel frammi í Silfrastaðafjalli.
4. Miklabæjarsel framan (austan) við Valagilsá.
5. Víðivallasel framan við Valagilsá.
6. Akrasel.
7. Djúpadalssel.
8. Fleiri sel í afdölum Blönduhlíðarfjalla (sjá Stefán Jónsson: *Djúpdælasaga*)

Hólahreppur
1. Bjarnastaðasel fram við Heljará (byggt 1873-1887).
2. Ássel í Kolbeinsdal, fram á móts við Heljará, nytjað frá Neðra-Ási.
3. Heimarasel (Víðinessel) á Víðinesdal, sennilega nytjað frá Víðinesi og Brekkukoti.
4. Ássel á Víðinesdal, nytjað frá Efra-Ási.
5. Sauðasel í Héðinsdalsmynni, nytjað frá Hólum.
6. Fornasel í Héðinsdalsmynni, nytjað frá Hólum.
7. Nautasel í Kolbeinsdal, nytjað frá Hólum.
7. Reykjasel norðan til í Hafrafelli.

Hofshreppur
1. Selstöður í Deildardal frá öllum Óslandshlíðarjörðunum og frá Gröf (þar var búið 1833-1875) og Grindum.
2. Selstöður frá Enni og Hofi í Unadal.
3. Nýlendissel.
4. Arnarstaðasel í Arnarstaðahlíð.
5. Skálársel í Skálárdal.
6. Keldusel í Skálárdal.
7. Heiðarsel í Stafárdal.
8. Miðhólssel í Stafárdal.
9. Syðsta-Hólssel í Stafárdal.

Fljótahreppur
1. Barðssel í Barðshlíð í Flókadal (Flókadalsafrétt).
2. Knappsstaðasel í Stífluafrétt.
3. Lundssel í Stífluafrétt

2.8.4.8 Hafnir, lendingar, varir (fornar kaupskipahafnir og útróðrastaðir; aðallega er stuðst við *Sýslu- og sóknalýsingar*)

Skefilsstaðahreppur
1. Laxárvík (Sævarlandsvík).
2. Selvík, áður sæmileg höfn fyrir kaupskip.
3. Fossvík.
4. Fúlavík.
5. Hvalvík.
6. Keta, "lítill bás sunnan við Ketuögra" eða Ketuvör (skv. Margeiri Jónssyni).
7. Mallandsvík.
8. Kelduvíkurvík.
9. Hraunsvík.

Skarðshreppur og Sauðárkrókur (Sauðárhreppur)
1. Reykjavör, "almenn lending, því þar er oftast útræði"
2. Innstaland, "þrautalending" í brimi.
3. Ingveldarstaðir, "Út og ofan frá Ingveldarstaðavelli má lenda, þar undan lækjargilinu".
4. Búðavík.
5. Danski bás, "er góð lending en vantar undirsátur".
6. Meyjarland.
7. Skarðskrókur.
8. Sauðárkrókur, "almennt skipauppsátur".

Rípurhreppur
1. Naustavík, "uppsátur allgott og lending brúkanleg".
2. Keflavík.

3. Garðskrókur.
4. Dauðsmannsvík.
5. Bræðravík.
6. Gjávík.
7. Sandvík.

Viðvíkurhreppur
1. Brimnesvík.
2. Bakkavör.
3. Kolbeinsárós (Kolkuós).

Hofshreppur
1. Grafarós.
2. Hofsárós (Hofsós).
3. Þönglaskáli.
4. Bæjarklettar innanvert við Bæjarmöl.
5. Höfðakrókur fyrir utan Þórðarhöfða.
6. Lónkotsmöl í Sléttuhlíð.
7. Mýrnavík í Sléttuhlíð.

Fljótahreppur
1. Hraunakrókur.
2. Haganesvík.
3. Mósvík undir Móskógaklöpp.
4. Fúlavík.
5. Reykjarhólsvík.

2.8.4.9 Vatnsmyllur ("vatnsmylna"; kornmyllur, þófaramyllur; langt frá því að vera tæmandi listi):

Skefilsstaðahreppur
1. Kleif.
2. Þangskálar.

Seyluhreppur
1. Grófargil.

Lýtingsstaðaheppur
1. Hof í Vesturdal.
2. Giljir í Vesturdal.

Akrahreppur
1. Flugumýri.
2. Frostastaðir.

Viðvíkurhreppur
1. Narfastaðir.

Hólahreppur
1. Hólar, Hjaltadal.
2. Sleitu-Bjarnarstaðir, Kolbeinsdal
3. Sviðningur, Kolbeinsdal
4. Reykir, Hjaltadal.
5. Hof, Hjaltadal

2.8.5 Samræmd stefnumörkun í verndunarmálum

Flétta þarf saman upplýsingar um menningar- og náttúruminjar tengdar mismunandi svæðum í Skagafirði og tengja þær samræmdri stefnumörkun í verndunarmálum og uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistarsvæða. Athuga þarf fjölþætt mikilvægi einstakra svæða með tilliti til menningar- og náttúruminja. Með því að uppfræða almenning um sérstæða og fjölbreytta náttúru, dýralíf og menningarsögu á þeirra heimaslóðum er lagður grunnur að heilstæðari skilningi og virðingu fólks fyrir þessum svæðum og gildi þess að vernda þau. Fjalla þarf um hvernig nýta megi þessi svæði sem útivistarsvæði og við uppbyggingu á ferðaþjónustu þar sem lögð verði í senn áhersla á að koma fólki í snertingu við náttúru og menningarsögu héraðsins. Verndun náttúru- og menningarminja yrði þannig tengd vistvænni atvinnuuppbyggingu í Skagafirði.

Heimildaskrá:

(Auk þeirra sem felldar eru inn í skrárnar í kaflanum):

2.8 Minjar og vernd

Gunnar G. Schram Prófessor,1985: Umhverfisréttur, um verndun náttúru Íslands. Úlfljótur, Reykjavík. 249 bls.
Hjörleifur Guttormsson, 1973: Vernd og skráning náttúruminja. Rit Landverndar nr. 3. Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 153-164.
Skagfirðingabók nr. 1-20. Sögufélag Skagfirðinga.
Stefán Már Stefánsson, 1973: Almannaréttur. Rit Landverndar nr. 3. Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 205-214.

2.8.1 Friðlýstar náttúruminjar

Arnþór Garðarsson, 1975. Íslenskir votlendisfuglar. Votlendi. Rit Landverndar nr. 4. Bls.100-134.
Arnþór Garðarsson, 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Fuglar. Rit Landverndar nr. 8. Bls. 77-116.
Helgi Hallgrímsson, 1977. Yfirlit um mýravernd á Norðurlandi. Týli, 8 (1). Bls. 7-14.
Helgi Hallgrímsson og Haukur Hafstað, 1977. Friðland við Miklavatn í Skagafirði. Í: Friðlýsingar 1976-1977. Týli, 8 (1). Bls. 31-32.
Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson, 1990: Fuglalíf í Skógum, Skagafirði, og nágrenni, 1987. Bliki 9. Bls. 49-66.
R. F. A. Grimmett og T. A. Jones (ritstjórn): Important bird areas in Europe. ICBP Technical puplication No. 9. Cambridge 1989.
Ævar Petersen, 1969: Fuglalíf í Skógum á óshólmasvæði Héraðsvatna í Skagafirði. Náttúrufræðingurinn 39 (2). Bls. 26-46.
Ævar Petersen, 1988: Votlendisvernd. Bliki 6. Bls. 28-31.

2.8.2 Náttúruminjar á náttúruminjaskrá

Grímur Sigurðsson: Málmey. Skagfirðingabók nr. 2. Sögufélag Skagfirðinga 1967. Bls. 43-58.
Jón Jóhannesson: Litið eitt um Þórðarhöfða. Skagfirðingabók nr. 6. Sögufélag Skagfirðinga 1973. Bls. 172-176.
Leifur A. Símonarson, 1981: Íslenskir steingervingar. Í: Náttúra Íslands, 2.útg. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 157-173. Aðallega bls. 157-159.
Kolbeinn Kristinsson: Örnefni í Drangey. Skagfirsk fræði VIII. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 5-16.
Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar. Fundargerðir.
Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 6. útg. Reykjavík. 62 bls. og kort.

2.8.3 Aðrar náttúruminjar

Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 6. útg. Reykjavík. 62 bls. og kort.
Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365 og 422.

2.8.4 Menningarminjar

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir, 1991: Manngerðir hellar á Íslandi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 332 bls. Aðallega bls. 309.
Björn Hróarsson og Sigurður Sveinn Jónsson, 1991: Hverir á Íslandi. Mál og Menning. Reykjavík. 160 bls. Aðallega bls. 12, 28-32, 34 og 44.
Kristján Eldjárn, 1953: Fundinn forn silfursjóður í Ketu á Skaga. Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Bls. 86-90.
Skagfirðingabók nr. 1-23. Sögufélag Skagfirðinga.
Viðtöl:
Gunnar Guðmundsson, Viðinesi Hólahreppi.
Hjalti Pálsson, safnvörður Sauðárkróki.
Ingibjörg Hafstað, Vík Staðarhreppi.

2.9 Hættusvæði

2.9.1 Vatnsflóðasvæði

Héraðsvötn hafa tilhneigingu til að leita til vesturs þangað sem land er lægra ef flóð hleypur í þau eða ef farvegur þeirra er tepptur eða rofinn. Af því getur hlotist eyðilegging á eignum og hætta fyrir fólk. Vatnsflóð, leysingaflóð geta líka hlaupið í flestar dragár og varasamt að staðsetja hús neðan við gilsmynni og á áreyrum þeirra.

2.9.2 Jarðskjálftasvæði

Byggðir í Skagafirði eru á jarðskjálftasvæði og jarðskjálftar eiga oft upptök á hafsbotni utan við mynni Skagafjarðar. Mest hættan er því að skjálftar geti valdið tjóni í utanverðum Skagafirði en minnkar eftir því sem innar dregur í héraðið. Sérstakar hönnunarreglur eru til fyrir byggingar húsa þar sem landinu er skipt upp í álagssvæði eftir jarðskjálftahættu. Sveitir Skagafjarðar lenda í tveimur flokkum álagssvæða, Seylu-, Lýtingsstaða- og Akrahreppur lenda á svæði 2 en hin sveitarfélögin lenda á svæði 4 þar sem byggingar þurfa að standast mestar kröfur í sambandi við styrkleika

2.9.3 Aurskriðu- og berghlaupasvæði

Sumar byggðir í Skagafirði eru þekktar af miklum aurskriðum eins og Norðurárdalur og á nokkrum stöðum er hætta af berghlaupum. Á mörkum Blönduhlíðar og Viðvíkursveitar er frægt berghlaup.

2.9.4 Snjóflóðasvæði

Þessum kafla fylgir 2. þemakort, Veðraskil í norðanáttum og snjóflóð.
Snjóflóðasvæði Skagafjarðar eru einkum í austurbyggðum, austurdölum og Fljótum. Almannavarnanefnd hefur tekið saman lista yfir snjóflóð sem vitað er að runnið hafa í Skagafirði. Þau eru sýnd á þemakorti

Heimildaskrá

2.9. Hættusvæði

Ragnar Sigurbjörnsson og Trausti Valsson, 1996: Náttúruvá á Íslandi. Í: Arkitekt verktækni skipulag. 1. tbl 1996, 17. árg. Bls 15-39.

2.9.1 Vatnsflóðasvæði

Eldur er í Norðri, 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur, 462 bls. Aðallega: Flóð og flóðahætta bls. 369-386.
Ingibjörg Kaldal, 1978: The deglaciation of the area north and northeast of Hofsjökull, Central Iceland. Jökull 28. Bls. 18-31.
Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Bls. 320-322.
Stefán Jónsson: Flóð í Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 23. Sögufélag Skagfirðinga 1994. Bls. 161- 169.
Stefán Vagnsson: Annáll úr Skagafirði 1932-35. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 168-171 og 175.

2.9.2 Jarðskjálftasvæði

Iðntæknistofnun Íslands, 1989: Jarðskjálftar, álag og hönnunarreglur. Íslenskur staðall, ÍST 13, 2. útgáfa 1989. Iðntæknistofnun Íslands. 19 bls.
Páll Halldórsson, 1984: Skagafjarðarskjálftinn 1963, (27. mars kl. 23:26 að íslenskum staðaltíma). Veðurstofa Íslands, Reykjavík. 152 bls.
Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson: Jarðskjálftar. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 121-155. Aðallega bls. 121-123 og 144-145.
Sveinbjörn Björnsson 1975: Jarðskjálftar á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 45. Bls. 110-133. Aðallega bls. 127-128.
Sigurður Thoroddsen og Sigurður Þórarinsson, 1958: Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahættu á Íslandi. Tímarit Verkfr. Ísl. 43. Bls. 81-97.
Trausti Einarsson, 1959: Jarðeldasvæðið um norðanverðan Skagafjörð. Aldursákvörðun á landslagi á Mið-Norðurlandi. Náttúrufræðingurinn 29. Bls. 113-133.

2.9.3 Aurskriðu- og berghlaupasvæði

Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist, 1971: Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. Jökull, 21. Bls. 29-44.
Ólafur Jónsson, 1957: Skriðuföll og snjóflóð. Fyrsta bindi. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 bls. Aðallega bls. 28, 30-31, 33, 151-159 og 564-577.
Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365 og 422.

2.9.4 Snjóflóðasvæði

Almannavarnir Skagafjarðar, 1995: Snjóflóð í Skagafirði til ársins 1995. Samantekt úr Ársriti Jöklarannsóknafélags Íslands, 21. árg. 1971.
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason: Skriðuföll og snjóflóð. Snjóflóðaannáll 3. bindi. Skjaldborg, Reykjavík, 1992.

2.10 Örnefni

Byggðir Skagafjarðar bera forn heiti sem ekki standast á við lögsögumörk. Nánar er fjallað um þau í kafla 3.3.1.

Staðbundin örnefnaskráning er ekki viðfangsefni í svæðisskipulagi en eftirsóknarvert er að skrá og varðveita staðbundin örnefni, bjarga þeim frá gleymsku. Umgengni fólks við landið hefur breyst og er að breytast, ábúendaskipti verða á jörðum og heilar byggðir hafa farið í eyði. Söfnun staðbundinna örnefna hefur verið áhugamál nokkurra góðra manna og Örnefnastofnun verið þeim til aðstoðar og vistað örnefnaskrár. Í þeirri byggðasögu sem nú er í ritun fyrir Héraðsnefnd Skagfirðinga mun skráning örnefna verða tekin föstum tökum. Eftirsóknarvert er að söfn í Skagafirði sinni örnefnaskráningu, styðji skrásetjarana, varðveiti skrár og veiti almenningi aðgang að þeim og fólkinu sem landið notar.

Heimildaskrá

2.10 Örnefni
Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Torfi Jónsson, 1979: Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar. Skuggsjá 1979. Bls. 178.
Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, 1980-1985: Landið þitt Ísland I-V. Örn og Örlygur, Reykjavík.
Örnefnastofnun þjóðminjasafns: Örnefnaskrár, skráðar af Margeiri Jónssyni o.fl. eftir ýmsum heimildarmönnum.

3.0 Byggð

3.1 Sögulegt yfirlit

Skagafjörður byggðist snemma á landnámsöld, varð hratt þéttbýll og næstum allan tilvistartíma þjóðarinnar hafa helstu valdastofnanir Íslendinga haft aðsetur í Skagafirði, biskupsstóll var á Hólum í Hjaltadal frá 1106 og nú er þar aðsetur vígslubiskups. Með biskupsstólnum þróaðist mennt og menning og Hólaskóli var annar tveggja skóla í landinu um aldir. Þegar Jón biskup Arason var höggvinn fyrir sunnan ásamt sonum sínum árið 1550 hafði hann konungsumboðið á Íslandi. Þá bjuggu nokkur hundruð manns í þorpinu á Hólum. Ásverjar vildu yfirráð á Sturlungaöld og eini íslenski jarlinn sat að Reynistað í Skagafirði. Vorþingstaður var í Garði í Hegranesi, þingstaður Norðlendinga um skeið. Í Skagafirði var lengstum miðstöð þjóðarinnar og Skagafjörður í þjóðleið. Um héraðið lágu leiðir að Hólum frá Mælifelli og austan að um fjallaskörðin í Tröllaskaga. Skagfirðingar fundu leið upp á Kjöl á landnámsöld og týndu honum aldrei þó stjórnvöld hafi sent Bruun til að leita að honum um síðustu aldamót. Þá vísuðu þeir honum leið um Kjalveg og hlóðu vörður. Kjalvegur lá sunnan úr Biskupstungum um Hveravelli og Haukagilsheiði niður í Skagafjörð um Mælifellsdal og að Mælifelli. Sögustaðir eru margir og Skagafjörður er eitt sögurríkasta hérað landsins.

Náttúrufarið lagði trúlega grunninn undir sterka stöðu Skagafjarðar og Skagfirðinga í íslensku þjóðlífi, landslag í meginhéraðinu, veðurfar og snjóalög. Samgöngur voru auðveldar innan héraðsins að vetrinum, haglendi gott fyrir hross allt árið og hross voru rekin í Skagafjörð á haustin úr nágrannabyggðum. Hestamennska og gæðingar urðu skagfirsk aðalsmerki og veldi Skagfirðinga byggðist væntanlega á góðum hestum, reiðleikni og ferðamennsku.

Um Skagfirðinga skrifar Sveinn Pálsson í ferðabók sína 1791-1797: "Skagfirðingar eru vanari ferðalögum en öll önnur landsins börn. Og í stað þess að fólk í sumum öðrum sveitum ferðast aldrei og er, að kalla má, mannafælið og hefur einhvern heimóttarsvip, þá eru Skagfirðingar manna frjálslegastir, fljótir til og opinskáir í viðmóti... " Í bók sinni um Pétur Sigurðsson, tónskáld á Sauðárkróki setur Kristmundur Bjarnason, fræðimaður fram þá skoðun að sönghefð Skagfirðinga megi rekja aftur til upphafs biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal. Hólastóll eignaðist margar jarðir í Skagafirði og þar fengu vildarmenn jarðnæði og væntanlega söngmenn þar á meðal. Elstu minjar um listsköpun í kristni eru úr Skagafirði (Flatatungufjalirnar) og margir helstu listamenn þjóðarinnar hafa verið af skagfirskum uppruna. Má nefna Hallgrím Pétursson og Bertel Thorvaldsen.

Með hnignandi kirkjuvaldi, efldu ríkisvaldi og breyttum siðum, atvinnuháttum og samgöngum dró úr veldi Skagfirðinga. Hörð veðrátta og hrun sjálfsþurftabúskaparins á seinni hluta síðustu aldar, samfara iðnvæðingu, vélvæðingu fiskiskipa og breyttum verslunarháttum, leiddi af sér stórfelldar breytingar á búsetu í Skagafirði eins og víða um land og heilar byggðir hafa farið í eyði. Við verslunarstaðina hefur byggðin þéttst í bæi s.s. Hofsós og Sauðárkrók sem byggðust á iðnaði, verslun og útgerð og á síðari áratugum í vaxandi mæli á þjónustu almenningsstofnana.

Í kjölfar þessara breytinga misstu mátt sinn byggðirnar sem frá fornu fari höfðu verið menningar- og félagsheildir. Sveitarfélög sem síðustu aldir náðu yfir nokkrar byggðir efldu starf á sviði félags-, atvinnu- og skólamála framan af þessari öld og frá miðri öldinni hafa þau víða byggt skólahús og félagsheimili, byggt upp skólastaði s.s Stóru-Akra, Steinsstaðabyggð og Varmahlíð. Með þjóðfélagsbreytingum sem miðast við síðari heimsstyrjöldina og lýðveldisstofnunina, enn breyttir atvinnuhættir og tækniþróun, fækkaði fólki enn til sveita í Skagafirði sem annars staðar á landinu.

Bílaöld og nýjum vegum hafa fylgt enn miklar breytingar á byggð. Vegurinn styrkt nýja þéttbýlisstaði s.s. Varmahlíð og dregið mátt úr öðrum s.s. Haganesvík og þjónusta og verslun hefur þéttst á Sauðárkróki, þjónustusvæðin stækkað. Þjónustu- og verslunarsvæði Sauðárkróks skarast nú við svæði Akureyrar og Reykjavíkur. Ferðatími milli skólastaða hefur styst til muna og samgöngubreytingarnar munu áfram valda breytingum á þjónustu stofnana og viðgangi atvinnuveganna. Tækniþróun og tækjavæðing í landbúnaði á síðustu árum hefur leitt til aukinnar framleiðni, færri framleiða meira, og íbúum til sveita fækkar enn.

Helstu breytingar sem hafa orðið á byggðum Skagafjarðar eru þær að byggðir í dölum Staðarfjalla hafa farið í auðn og bæir í Austurdölum, Fljótum og fremst í Skagafjarðardölum. Fljót voru sérstakt samfélag í Skagafirði og oft talin alveg sér enda bjuggu þar á áttunda hundrað manns á síðustu öld og samskipti við Siglufjörð voru mikil. Nú er íbúafjöldinn kominn niður fyrir 150 (1996) og Fljótamenn hafa samfara þessari þróun litið æ meir til annarra Skagfirðinga um félagsstarf, samstarf og þjónustu sveitarfélaga og starf á sviði atvinnuvega. Byggð í miðhéraðinu hefur hins vegar þéttst síðustu áratugi, vegasamgöngur innanhéraðs stórbatnað og starfssvæði fyrirtækja, félaga og stofnana hafa stækkað. Félagssvæði, atvinnusvæði og þjónustusvæði spanna mörg sveitarfélög, sum allan Skagafjörð og samruni félaga í héraðinu er eitt af einkennum tíunda áratugarins. Með því að miðstöð héraðsins hefur byggst á Sauðárkróki hefur hann eflst af þessum breytingum. Þó eru blikur á lofti í kjölfar breytinga í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Atvinnuleysi hefur verið tilfinnanlegt og þó verið sýnu alvarlegra á Hofsósi. Hólar í Hjaltadal hafa eflst að nýju með breyttum áherslum Bændaskólans. Þar er nú öflug rannsóknar- og ráðgjafarstarfsemi á sviði náttúruvísinda, einkum fiskilíffræði.

Heimildaskrá

3.1 Sögulegt yfirlit

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstjórn), 1989, 1992 og 1993: Sögu Atlas, frá öndvegi til 18. aldar 1. bindi, frá 18. öld til fullveldis 2. bindi, saga samtíðar - 20 öldin - 3. bindi. Almenna bókafélagið og Iðunn, Reykjavík.

Hannes Pétursson, 1973: Rauðamyrkur. Iðunn, Reykjavík, 1973. Bls. 57- 84.

Jón Espólín og Einar Bjarnason: Saga frá Skagfirðingum 1685-1847. I-IV bindi. Umsjón útg. Kristmundur Bjarnason, Ögmundur Helgason og Hannes Pétursson. Iðunn.

Kristmundur Bjarnason, 1987 og 1989: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrri og seinni hluti. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 322 og 438 bls.

Kristmundur Bjarnason, 1971: Saga Sauðárkróks I og II fyrri og síðari hluti.

Páll Líndal, 1982: Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri Ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur.

P.E. Kristian Kálund, 1984-1986: Íslenskir sögustaðir I-IV. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Saga Íslands I-IV. Hið íslenska bókmenntafélag. Sögufélag.

Skagfirðingabók nr. 1-23. Sögufélag Skagfirðinga.

Sveinn Pálsson: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur.

Zóphónías Pálsson, 1990: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988. Skipulag ríkisins. Reykjavík. 233 bls. Aðallega bls. 23 og 130-140.

Þormóður Sveinsson, 1974: Vesturdalur sunnan byggðar. Ferðir 33. Bls. 20-34.

Þorvaldur Thoroddsen, 1960: Norðurland (Vatnahjalli og Hofsafrétt) 1986. Ferðabók IV bindi. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Snæbjörn Jónsson & Co. Bls. 50-66.

Þórir Bergsson. Endurminningar. Umsjón útg. Hannes Pétursson og Kristmundur Bjarnason. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri 1984. 212 bls.

3.2 Lögsögumörk og eignarhald

3.2.1 Sýslumörk, hreppamörk

Þessum kafla fylgir 6. þemakort, Lögsaga og afréttir.

Mörk Skagafjarðarsýslu, starfssvæði Héraðsnefndar Skagfirðinga og lögsögu Sýslumannsins á Sauðárkróki, liggja að austan að Siglufirði og Eyjafirði og uppi á Sprengisandi að Suður-Þingeyjarsýslu. Að sunnan, á stuttum kafla á Sprengisandi, liggja þau að Rangárvallasýslu og þaðan á Hofsjökli að Árnessýslu. Að vestan liggja þau að Austur-Húnavatnssýslu frá Hofsjökli norður í Hraunsvík á Skaga.

Sýslumörkin virðast glögg og um þau er sátt. Þó er ágreiningur um þau við Eyfirðinga á Nýjabæjarfjalli og við Austur-Húnvetninga á Skaga. Í Fljótum eru þau óviss á kafla. Mörk á miðhálendinu eru til umræðu í sambandi við skipulagsvinnu sem fram fer á því svæði á vegum aðliggjandi hérað og ríkisins.

Sýslumörkin eru mörk þess svæðis sem svæðisskipulag Skagafjarðar nær yfir og koma fram á öllum uppdráttum. Það sama gildir um mörk milli sveitarfélaganna 12 í Skagafirði.

3.2.1.1 Skipulagsáætlanir

Í Skagafirði hefur aðalskipulag verið staðfest fyrir Sauðárkrók, Varmahlíð, Hóla í Hjaltadal, Steinsstaði og Bjarnargil í Fljótum. Ekki er til aðalskipulag fyrir Hofsós.

3.2.2 Upprekstrarfélög og afréttarmörk

Þessum kafla fylgir 6. þemakort, Lögsaga og afréttir.

Upprekstarfélög eru trúlega elstu félög landsmanna og gegndu mikilvægu hlutverki og gegna enn.

Í Skagafirði eru heimalönd víða nýtt sem afréttarlönd fyrir heilar sveitir og hin eiginlega afrétt þá ekki nýtt sem skyldi.

Í Fljótahreppi er hin eiginlega afrétt á Lágheiði, svæðið suður af henni og Flókadalsafrétt en fjöllin í kingum Miklavatn og inn fyrir Lágheiði eru afrétt Fljótamanna. Tungudalur hefur verið nýttur sem hrossaafrétt.

Í Hofshreppi eru þrjár afréttir, í Hrolleifsdal, Unadal og Deildardal.

Viðvíkurhreppur og Hólahreppur eiga afrétt í Kolbeinsdal.

Blöndhlíðingar nytja Silfrastaðarafrétt en bæirnir á Kjálka nýta Nýjarbæjarafrétt.

Bændur í Austurdal og Vesturdal reka á Hofsafrétt en auk hennar er heimaland Hofs nýtt sem afrétt og er allt þetta svæði í daglegu tali kallað Hofsafrétt. Hins vegar reka aðrir Lýtingar fé sitt á Eyvindarstaðaheiði ásamt nokkrum bæjum í Seyluhreppi, einum bæ í Rípurhreppi, einum bæ í Akrahreppi og bæjum úr Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Hluti Seyluhrepps, Staðarhreppur og Rípurhrepps eiga afrétt í Staðarfjöllum.

Skarðshreppur á afréttarland vestan Veðramóts að sýslumörkum Austur Húnavatnssýslu.

Í Skefilsstaðahreppi ná flest heimalönd að sýslumörkum Skagafjarðar og Húnavatnssýslu og eru þau að mestu nýtt sem afrétt fyrir alla sveitina.

3.2.2.3 Beitarþol

Í Lýtingsstaða- Akra- og Seyluhreppi eru hross flest og sauðfé einnig. Beitarálag á gróður er því mikið í þessum hreppum. Eftirsóknarvert hlýtur að vera að gera beitarþolsáætlun fyrir Skagafjörð einkum í ljósi þess hve hrossum hefur fjölgað og þeim virðist enn fara fjölgandi, einnig vegna sístækkandi hóps hestamanna. Eftirspurn eftir skagfirskum gæðingum hefur haldist og í hrossaræk hafa Skagfirðingar náð árangri þannig að hún þarf að þróast sem atvinnuvegur í Skagafirði. Hross þurfa mikið beitarland og hafa því gríðarleg áhrif á ástand gróðurs og landnýtingu. Vetrarbeit hefur sérstaklega slæm áhrif á bæði gróður og land og er því nauðsynlegt að sporna við henni eins og kostur er. Vetrarfóðrun hrossa hefur aukist talsvert á síðustu árum og er það mjög til bóta. Sauðfjárræktin þarf góð beitilönd og ræktarlönd eru einungis beitt vor og haust. Í raun má segja það sama um áhrif sauðfjárbeitar og hrossabeitar á gróður ef hún er takmarkalaus.

Á vegum Búnaðarsambands Skagafjarðar og Landgræðslu ríkisins er verið að kortleggja gróðurlendi Skagafjarðar. Í upphafi framsveitimar en í framhaldi er eftirsóknarvert að allt gróðurlendið verði kortlagt. Með gróðurkortum fást betri skilyrði til þess að skipuleggja nýtingu gróðurlendis og stýra beit. Landgræðslan hefur líka kannað ástand gróðurs með skoðun á staðnum og gervitunglamyndum, metið land og flokkað eftir ástandi gróðurfars.

3.2.3 Eignarhald á landi

Í samanburði við önnur héruð voru jarðir í Skagafirði líklega margar í eigu kirkjunnar vegna nálægðar við Hólastól. Síðar færðist eignarhald þessara jarða yfir til ábúenda, ríkisins og ýmissa kirkjusjóða.

Tafla 3.2.3-1
Jarðir í eigu almenningsstofnana

Jörð	Eigandi	Jörð	Eigandi
Skefilsstaðahreppur			
Akur	Ríkisbókhald	Hvammur	Ríkisfjárhirsla
Skarðshreppur			
Dalsá	Sauðárkrókur	Heiði	Skarðshreppur
Kálfárdalur	Rípurhreppur		
Seyluhreppur			
Glaumbær	Ríkisfjárhirsla	Jaðar	Ríkisfjárhirsla
Krossanes	Jarðeignir ríkisins	Langamýri	Jarðeignir ríkisins
Lauftún	Jarðeignir ríkisins	Reykjaholl	Varmahlíðarstjórn
Ytra-Vallholt	Ríkisfjárhirsla	Ytri-Húsabakki	Ríkisfjárhirsla
Lýtingsstaðahreppur			
Bjarmaland	Lýtingsstaðahreppur	Borgarey	Lýtingsstaðahreppur
Laugarból	Lýtingsstaðahreppur	Mælifell	Ríkisfjárhirsla
Stórhóll	Ríkisfjárhirsla	Ýrafell	Ríkisfjárhirsla
Akrahreppur			
Borgarhóll	Ríkisfjárhirsla	Miklibær	Ríkisfjárhirsla
Viðvíkurhreppur			
Ásgarður	Viðvíkurhreppur	Viðvík (hluti lands)	Ríkisfjárhirsla
Hólahreppur			
Fjall	Fjallskilasj. Hóla- og Viðvíkurhrepps	Hof 1	Ríkisfjárhirsla
Hof 2	Ríkisfjárhirsla	Hólar	Ríkisfjárhirsla
Hrafnhóll	Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar	Hvammur	Jarðasjóður ríkisins
Reykir	Jarðasjóður ríkisins	Skriðuland	Fjallskilasj. Hóla- og Viðvíkurhrepps
Hofshreppur			
Bjarnastaðir	Hofshreppur	Bjarnastaðagerði	Hofshreppur
Drangey	Héraðsnefnd Skagfirðinga	Geirmundarhóll	Hofshreppur
Grundarland	Hofshreppur	Hraun (hluti lands)	Hofshreppur
Króksstaðir	Hofshreppur	Ljótsstaðir	Ríkisfjárhirsla
Málmey	Vita og hafnamálastofnun	Mýrarkot	Ríkisfjárhirsla
Sandfell	Jarðasjóður ríkisins	Þrastastaðir	Ríkisfjárhirsla
Þverá og Klón	Hofshreppur		
Fljótahreppur			
Akrar	Ríkisfjárhirsla	Barð	Ríkisfjárhirsla
Berghylur	Ríkisfjárhirsla	Bergland	Ríkisfjárhirsla
Brúnastaðir	Ríkisfjárhirsla	Fyrirbarð	Ríkisfjárhirsla
Hólavellir	Fljótahreppur	Knappstaðir	Ríkisfjárhirsla
Minni-Reykir	Ríkisfjárhirsla	Móafell	Ríkisfjárhirsla
Nýrækt	Ríkisfjárhirsla	Reykjarhóll (64,2%)	RARIK Reykjavík
Skeið	Ríkisfjárhirsla	Stóra-Holt	Ríkisfjárhirsla
Stóra-Þverá	Ríkisfjárhirsla	Stóru-Reykir	Ríkisfjárhirsla
Tunga	Ríkisfjárhirsla		

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Heimildaskrá

3.2. Lögsögumörk og eignarhald

Lýður Björnsson, 1979: Saga sveitarstjórnar á Íslandi, fyrra og síðara bindi. Almenna Bókafélagið, Reykjavík. Aðallega **Bindi I:** Bls. 15, 26, 28, 32, 48, 57, 74, 84, 91, 93, 108-110, 123, 126, 136, 146-147, 150, 170, 180, 216, 218, 221, 235-236, 240 og 243-244. **Bindi II:** Bls. 14, 28-29, 36-37, 40, 44, 96-101, 132-133, 140, 142, 145, 152, 157, 182, 204, 222-223, 225, 238, 245, 255, 257-259, 261-262, 273-274, 284, 289-290, 305, 320, 329-330, 337, 340, 343, 351-352, 360-361, 365, 375-376, 380 og 384.

3.2.1 Sýslumörk, hreppamörk

Bragi Guðmundsson, 1992: Héraðsstjórn í Húnaþingi. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. 478 bls. Bls. 113-116.
Eggert Briem: Sýslulýsing fyrir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Hæstaréttardómur um mörk Akrahrepps.
Jón Benediktsson: Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakall. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Reykjavík 1954.
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.
Viðtöl:
Bjarni Egilsson, oddviti Skefilsstaðahrepps

3.2.2 Upprekstrarfélög og afréttamörk

Björn Egilsson: Í fyrsta sinn í Vestflokksgöngum. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 148-156.
Pálmi Hannesson: Hofsafrétt. Skagfirðingabók nr. 3. Sögufélag Skagfirðinga 1968. Bls. 43-72.
Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu 1987. Bls. 315-320
Þormóður Sveinsson, 1949: Hofsafrétt. Göngur og réttir II. Norðri, Akureyri.
Viðtöl:
Andrés Helgason, Tungu Skarðshreppi.
Bjarni Egilsson, Hvalnesi Skefilsstaðahreppi
Bjarni Jónsson, Hóli Staðarhreppi.
Gunnar Oddsson, Flatatungu Akrahreppi.
Hermann Jónsson, Lambanesi Fljótahreppi.
Jónmundur Pálsson, Miðmói Fljótahreppi.
Kristján Jónsson, Hofsósi.

3.2.3 Eignarhald á landi

Afmælisrit Gizur Bergsteinsson, níræður 18. apríl 1992. Skákprent, Reykjavík.
Ásgeir Bjarnason: Lög um eignar- og ábúðarrétt. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 215-224.
Byggðastofnun og Félagsmálaráðuneytið, 1990: Fjármál sveitarfélaganna. Byggðastofnun.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.
Forsætisráðuneytið, feb. 1991:Tillögur og greinargerð Byggðanefndar.
Gísli Magnússon: Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. Skagfirðingabók nr. 5. Sögufélag Skagfirðinga 1970. Bls. 95-164.
Þorgeir Örlygsson 1994: Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Í: Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík. Bls. 545-608.

3.3 Byggðir

3.3.1 Staðsetning og sérkenni

Þessum kafla fylgir 7. þemakort, Byggðir og bæir.
Í Skagafirði eru byggðirnar fleiri en sveitarfélögin 12 og félagseiningarnar þá líka. Frá fornu fari hafa þessar byggðir átt venjur og siði sem eru að renna í eitt og félagasvæðin spanna sum allt héraðið. Aðgengilegar upplýsingar miðast við sveitarfélög ekki byggðirnar.

Tafla 3.3.1 Byggðir Skagafjarðar

heiti	norðurmörk	austurmörk	suðurmörk	vesturmörk
Austur- Fljót	Sýslumörk			Hamarinn (fjall)
Almenningar	Sýslumörk		Hraun	Sjór
Kjálki	Hraun		Brúnastaðaá	Miklavatn
Fljótadalur	Brúnastaðaá		Stíflulhöla	
Stífla	Stíflulhólar			
Vestur- Fljót	Sjór	Hamarinn		Stafá
Grindilströnd		Miklavatn		
Barðstorfa	Bæir í kringum Barð			
Víkin	Haganesvík			
Flókadalur	Ystimór			
Bakkar		Haganesvík		Stafá
Sléttuhlíð		Stafá	Hólfdahólar	
Hrolleifsdalur				Róðhöll
Höfðaströnd	Hólfdahólar		Miðhúsahólar	
Unadalur				Ljótsstaðadalur, Hólkot
Deildardalur				Grindur, Stafnshöll
Óslandshlíð	Miðhúsahólar		Hliðarendi	
Kolbeinsdalur	Sleitustaðir			
Hjaltadalur	Neðri Ás,Garðakot			
Viðvíkursveit	Kolkuós	Hjaltadalsá-Kolka	Gljúfurá	
Hofsstaðapláss	Gljúfurá		Kyrfisá	
Út-Blönduhlíð	Kyrfisá		Grundarstokkur	
Brekknapláss	Kyrfisá		Þverá	
Fram-Blönduhlíð	Grundarstokkur		Bólugil	
Norðurárdalur	Bólugil			
Kjálki	Norðurá		Grjótá	Jökulsá
Austurdalur	Grjótá			
Vesturdalur	Hverhólar			
Svartárdalur	Gilhagadalur			
Fremribyggð (Inn með Svartá)	Mælifellsá		Gilhagadalur	
Tungusveit	Vindheimar	Héraðsvötn	Tunguháls	Svartá
Dalspláss	Litlidalur, Laugardalur og Héraðsdalur			
Efribyggð	Kolgröf		Mælifellsá	
Neðribyggð	Grófargilsá		Mælifellsá	
Vallhólmur	Ármót Svartár og Héraðasvatna	Héraðsvötn	Stokkhólmi	Svartá
Viðimýrarhverfi	Bæir kringum Viðimýri, Viðiholt, Viðidalur og Brekka			
Vatnsskarð		Stapi		
Langholt	Sæmundará		Grófargilsá	Sæmundará
Sæmundarhlíð	Geirmundarstaðir	Sæmundará	Fjall	
Staðarbyggð	Birkihlíð		Sæmundará	
Borgarsveit	Gönguskarðsá		Gil	
Eylendið	Nær frá sjó beggja vegna við Hegranes og suður að norðurmörkun Vallhólms. Geldingaholt og Húsabakkafljói tilheyra Eylendinu.			
Hegranes	Landsendi		Eyhildarholt	
Reykjaströnd			Innstaland	
Gönguskörð		Skarð		
Laxárdalur	Sævarlandsvík			
Skagi	Skagatá		Sævarlandsvík	

Íbúðir lýsa nokkuð búsetu í byggðunum Skagafirði enda þótt tölur miðist við sveitarfélög. Á töflunni hér á eftir eru helstu þéttbýlisstaðirnir teknir út úr tölu sveitarfélagsins til þess að greina á milli íbúða í sveit og bæ.

Tafla 3.3.1-1
Íbúðir í Skagfirði

sveitarfélag	heildarfermetrar íbúðarhúsnæðis	fjöldi íbúða	sveitarfélag	heildarfermetrar íbúðarhúsnæðis	fjöldi íbúða
Fljótahreppur	8.710	68	Lýtingsstaðahreppur	11.110	87
Hofshreppur	8.530	29	Seyluhreppur	7.140	47
Hofsós	11.470	107	Varmahlíð	6.100	44
Hólahreppur	3.810	29	Staðarhreppur	5.510	38
Hólar	3.160	25	Skarðshreppur	4.770	30
Viðvíkurhreppur	3.020	20	Sauðárkrókur	118.740	900
Rípurhreppur	4.140	27	Skefilsstaðahreppur	2.200	25
Akrahreppur	11.400	71			

Í dreifbýli	70.220 m^2	503 íbúðir
Í þéttbýli	139.470 m^2	1.076 íbúðir
Í Skagafirði alls	209.690 m^2	1.579 íbúðir

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Auk þeirra þéttbýlisstaða sem tilgreindir eru á töflunni er þéttbýlt í Steinsstaðabyggð og sums staðar standa bæir þétt. Þannig er í Glaumbæjartorfunni, Akratorfunni og Varmalækjartorfunni og allar búa þessar torfur við góðan veg og umferð. Strjálla er byggt á Skaga og í fremri byggðum héraðsins. Áhrif á félagslíf og aðstæður til þess að nýta sér það eru augljóslega misjafnar en aðstæðurnar móta líka fólkið og víst sækja Skagamenn kóræfingar Heimis í Varmahlíð 2 kvöld í viku yfir veturinn.

3.3.2 Þéttbýlisstaðir og þjónustusvæði

Stærð Sauðárkróks á héraðsvísu má líkja við stærð Reykjavíkur á landsvísu. Þjónustusvæði flestra ríkisstofnana þar spannar héraðið allt nema Fljót sem sækja heilbrigðisþjónustu til Siglufjarðar. Heilsugæslustöðin á Sauðárkróki hefur reglulega læknatíma á Hofsósi og í Varmahlíð.
Dagvöruverslanir eru á Ketilási í Fljótum, Hofsósi, í Varmahlíð og á Sauðárkróki en lengst er að sækja í búð af Skaga og úr Vesturdal.
Skólar eru margir í Skagafirði og skólakeyrsla er að sama skapi mikil. Umfangsmesta keyrslukerfið er fyrir Varmahlíðarskóli því þangað sækja börn daglega utan frá Gönguskörðum og Reykjaströnd og framan úr Vesturdal og í byrjun viku utan úr Fljótum. Samþætting skólakeyrslunnar er nokkur og samstarf héraðsstofnana m.a með byggðasamlagi um skólaskrifstofu (1996), þjónustu við grunnskóla í Skagfirði.
Þjónusta við aldraða í héraðinu er vaxandi og félagsstarf þeirra og viðbúið að á því sviði þurfi að efla samstarf um þjónustuna.

Heimildaskrá

3.3 Byggðir
3.3.1 Staðsetning og sérkenni
Bjarni E. Guðleifsson: Forsælubæir á Norðurlandi. Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands 1984. Bls. 52.
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands 1946. Bls. 202-204.
Ísland 2010. Skýrslur framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins.
Ólafur Lárusson, 1944: Byggð og saga, Ísafoldarprentsmiðja.
Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.
Skagfirsk fræði IX. Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. 1.-4. hefti. Sögufélag Skagfirðinga 1959.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.

[illegible]

[illegible]

[illegible]

Viðtöl:
Andrés Helgason, Tungu Skarðshreppi.
Bjarni Egilsson, oddviti Skefilsstaðahrepps.
Björn Ófeigsson, Reykjaborg Lýtingsstaðahreppi.
Elín Sigurðardóttir, oddviti Lýtingsstaðahrepps.
Hermann Jónsson, oddviti Fljótahrepps.
Hjalti Pálsson, safnvörður Sauðárkróki.
Ingibjörg Hafstað, oddviti Staðarhrepps
Sigurður Haraldsson, oddviti Seyluhrepps.

3.3.2 Þéttbýlisstaðir og þjónustusvæði
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Auður Sveinsdóttir: Aðalskipulag Hóla í Hjaltadal.
Haraldur Sigurðsson og Pétur Jónsson: Aðalskipulag Varmahlíðar 1995-2015.
Benedikt Bjarman: Aðalskipulag Steinsstaða
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.

3.4 Íbúar

3.4.1 Mannfjöldi og búseta

3.4.1.1 Íbúar
Þessum kafla fylgir 8. þemakort, Breyting á íbúafjölda.
Á Norðurlandi vestra voru 10294 íbúar 1. des. 1994 samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands og er það um 4% þjóðarinnar. Í Skagafirði er tæpur helmingur íbúa Norðurlands vestra eða 4698 manns. Á Sauðárkróki búa 62% íbúa Skagafjarðar alls 2727 íbúar. Sauðárkrókur er stærsti þéttbýlisstaður Norðurlands vestra og hefur íbúum fjölgað þar stöðugt frá aldamótum þó einkum eftir að staðurinn fékk kaupstaðaréttindi árið 1947. Aðrir þéttbýlisstaðir Skagafjarðar eru Hofsós með 226 íbúa, Varmahlíð með 132 íbúa og Hólar í Hjaltadal með 73 íbúa. Einnig eru víða þyrpingar bæja sem hafa myndast í kringum skóla s.s. á Steinstöðum, Stóru-Ökrum og á Sólgörðum, en auk þess eru þyrpingar á Sleitustöðum, í Glaumbæ og á Varmalæk. Breyting á íbúafjöldanum hefur verið mismikil innan sveita í Skagafirði. Íbúum í Skagafirði fækkaði frá 1920 og fram til 1950 um 12%, en frá þeim tíma hefur íbúum fjölgað, þó aðallega á Sauðárkróki (mynd 3.4.1-1). Miklar breytingar hafa orðið á búsetu og atvinnuháttum á þessari öld, fólk hefur flutt úr sveitum til þéttbýlisstaðanna þar sem atvinna er fjölbreyttari og störf fleiri. Um miðja öldina var fjöldi íbúa í dreifbýli á Norðurlandi vestra nokkuð svipaður og í þéttbýlinu en í Skagafirði var það ekki fyrr en eftir 1970 sem íbúar voru fleiri í þéttbýli en dreifbýli. Síðan hefur fjölgun íbúa í þéttbýlinu farið vaxandi á kostnað dreifbýlisins.

Mynd 3.4.1-1
Íbúafjöldi í sveitarfélögum í Skagafirði 1920-1994



Heimild: Hagstofa Íslands.

Sauðárkrókur og Seyluhreppur eru einu hreppar Skagafjarðar þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað á milli áranna 1920 og 1994 (tafla 3.4.1-1). Á Sauðárkróki hefur íbúum fjölgað um 82% frá árinu 1920 og um 13% í Seyluhreppi. Í Seyluhreppi var íbúafjöldinn nokkuð stöðugur framan af öldinni en frá 1970 hefur hann aukist talsvert og íbúafjöldi Varmahlíðar þrefaldast. Í öðrum hreppum Skagafjarðar hefur orðið veruleg fækkun. Mest fólksfækkun er í Skefilsstaða- og Fljótahreppi svo og í Hofshreppi. Í Hofshreppi hefur fækkun íbúa orðið meiri til sveita en á Hofsósi, en á Hofsós var fjölgun íbúa talsverð fram til 1950 en stóð svo að mestu í stað fram til 1980. Frá 1980 hefur íbúum Hofshrepps fækkað verulega, þó hægar á Hofsósi en til sveita. Í þeim sveitarfélögum sem eru næst Sauðárkróki og Varmahlíð hefur fólksfækkun ekki verið eins hröð og annars staðar til sveita. Í Skarðs- og Staðarhreppi hefur íbúafjöldinn verið nokkuð svipaður frá því 1940 en á tímabilinu 1920-1940 var töluverð fækkun íbúa í þessum hreppum. Í Rípurhreppi hefur íbúafjöldinn verið mjög stöðugur á síðustu áratugum það er

einkum frá 1970 sem íbúum hefur farið hægt fækkandi. Íbúar Viðvíkurhrepps eru 77, íbúum þar fækkaði verulega á fyrri hluta aldarinnar allt fram til 1960 en frá þeim tíma hefur íbúatalan haldist nokkuð. Á Hólum í Hjaltadal hefur byggðakjarni myndast í kringum kirkju- og skólasetur sem þar er. Íbúum hefur fækkað í sveitum Hólahrepps en fjölgun hefur orðið á Hólum og búa þar nú tæpur helmingur íbúa hreppsins. Í Lýtingsstaða- og Akrahreppi hefur orðið talsverð fólksfækkun á tímabilinu 1920-1994. Fækkunar hefur gætt einna mest í innsveitum, á afskekktari stöðum s.s. í Vestur- og Austurdal, á Kjálka og í Norðurárdal.

Tafla 3.4.1-1
Íbúafjöldi í sveitarfélögum í Skagafirði 1920-1994

Sveitarfélag:	Fjöldi íbúa:				Breyting milli 1950 og 1994	
	1920	1950	1980	1994	mismunur	breyting
Sauðárkrókur	504	1023	2188	2727	1704	167 %
Seyluhreppur	268	242	293	307	65	27 %
Hólahreppur	220	165	168	153	-12	-7 %
Skarðshreppur	177	129	109	111	-18	-14 %
Lýtingsstaðahreppur	421	365	305	291	-74	-20 %
Staðarhreppur	214	170	129	130	-40	-24 %
Rípurhreppur	145	113	107	84	-29	-26 %
Akrahreppur	512	327	323	239	-88	-27 %
Viðvíkurhreppur	210	116	90	77	-39	-34 %
Hofshreppur	807	631	524	387	-244	-39 %
Skefilsstaðahreppur	205	88	61	45	-43	-49 %
Fljótahreppur	635	419	189	147	-272	-65 %
Skagafjörður	4318	3788	4486	4698	910	24 %

Heimild: Hagstofa Íslands.

Til athugunar: Hofshreppur: Sameinaðir Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur (1990)
Fljótahreppur: Sameinaðir Haganeshreppur og Holtshreppur (1988)

Í grófum dráttum má því segja að íbúar í sveitum Skagafjarðar hafi flust frá jaðarsvæðum nær eða til þéttbýlisstaðanna, Sauðárkróks og Varmahlíðar og Hóla, sem hafa styrkst á síðustu áratugum á kostnað dreifbýlisins. Í þéttbýlisstöðunum búa nú 67% íbúa Skagafjarðar og í dreifbýli 33%.

3.4.1.2 Aldurs- og kynjaskipting

Íbúar yngri en 29 ára eru helmingur allra íbúa Skagafjarðar (tafla 3.4.1-2.). Í dreifbýli Skagafjarðar eru börn og ungt fólk hlutfallslega færra en á Sauðárkróki. Fólk eldra en 60 ára er 17% íbúa í sveitum Skagafjarðar en 15% á Sauðárkróki. Karlar eru 52% íbúa í Skagafirði en konur 48%. Í sveitum eru karlar töluvert fleiri en konur en á Sauðárkróki er nánast jöfn kynjaskipting.

Tafla 3.4.1-2
Aldurs- og kynjaskipting íbúa í Skagafirði 1994

	Skagafjarðarsýsla			Dreifbýli í Skagafirði			Sauðárkrókur		
Aldur	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
0-14	13%	12%	25%	12%	12%	24%	14%	12%	26%
15-29	13%	12%	25%	13%	11%	24%	13%	12%	25%
30-44	11%	10%	21%	10%	8%	18%	11%	11%	22%
45-59	7%	7%	14%	9%	7%	16%	7%	6%	13%
60-74	5%	5%	10%	7%	5%	12%	4%	5%	9%
75-++	3%	2%	5%	3%	3%	6%	2%	3%	5%
Alls	**52%**	**48%**	**100%**	**54%**	**46%**	**100%**	**51%**	**49%**	**100%**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldursskipting íbúa Skagafjarðar er mjög misjöfn eftir hreppum. Í Skefilsstaða- og Fljótahreppi eru börn hlutfallslega fæst, en hlutfallslega flest eru þau í Lýtingsstaða-, Hóla- og Viðvíkurhreppi. Í Akra- Fljóta-, Skarðs- og Skefilsstaðahreppi er fólk eldra en 60 ára yfir 20% íbúafjöldans, en um 11-14% í Hólahreppi og Seyluhreppi og á Sauðárkróki. Þar sem þéttbýliskjarnar hafa myndast eru íbúar yngri en 45 ára yfir 70% af heildaríbúafjölda hreppsins s.s. í Seyluhreppi, Hólahreppi og á Sauðárkróki. Í Hofshreppi eru íbúar yngri en 45 ára hlutfallslega færri eða 65% íbúafjöldans. Í Skarðs- og Staðarhreppi eru íbúar á aldrinum 15-29 mjög fjölmennir miðað við annars staðar í Skagafirði en íbúar yngri en 29 ára eru um helmingur íbúa þessara hreppa. Í Rípurhreppi eru 47% íbúanna yngri en 29 ára, í Lýtingsstaðahreppi eru það 51% en Viðvíkurhreppur sker sig nokkuð úr með 56% íbúa á þessum aldri en þar eru íbúar fáir og hver íbúi vegur þungt í samanburði sem þessum.

3.4.2 Atvinnuskipting og lífskjör

Ársverk á Íslandi voru 123.152 árið 1992 skv. upplýsingum Byggðastofnunar. Ársverkum hefur fækkað verulega frá árinu 1987, þegar ársverk voru 129.538. Frá árinu 1982 til 1987 fjölgaði ársverkum verulega en árið 1982 voru ársverk á Íslandi 111.177 talsins. Árið 1992 skiptust ársverk á Íslandi þannig á milli atvinnugreina; 5% í landbúnaði, 10% í sjávarútvegi, 22% í iðnaði og byggingum og 63% í öllum þjónustugreinum. Þær breytingar hafa orðið helstar á tímabilinu 1982-1992 að ársverkum í landbúnaði og fiskvinnslu hefur fækkað og er það m.a. vegna þeirra tæknibreytinga sem átt hafa sér stað í þessum atvinnugreinum. Hins vegar hefur ársverkum fjölgað hjá peningastofnunum og í þjónustu. Í öðrum atvinnugreinum hefur fjöldi ársverka breyst lítið á þessu tímabili.
Eins og á landinu öllu hefur landbúnaður dregist mjög saman á Norðurlandi vestra. Samdráttar hefur gætt í greininni allt tímabilið 1982-1992 en fækkun ársverka var mest á milli áranna 1990 og 1991. Ársverkum í iðnaði og byggingum hefur fækkað talsvert en í sjávarútvegi, verslun og samgöngum hefur fjöldi ársverka ekki breyst ýkja mikið á tímabilinu 1982-1992. Þjónusta hefur hins vegar elfst verulega á svæðinu svo og annars staðar á landinu. Landbúnaður er mjög veigamikill í atvinnulífi á Norðurlandi vestra en þar voru 18% ársverka árið 1992. Í sjávarútvegi voru einnig 18%, í iðnaði og byggingum 20% og í þjónustugreinunum voru 44% ársverka á Norðurlandi vestra og er það töluvert lægra en á landinu öllu.

3.4.2.1 Skipting ársverka

Ársverk í Skagafirði voru 2070 árið 1992. Ársverk á Sauðárkróki voru 1173 og í dreifbýli Skagafjarðar voru þau 897 (tafla 3.4.2-2). Ársverkum í Skagafirði hefur fækkað verulega á síðustu árum eða um 17% frá árinu 1987, en þá voru ársverk flest ef miðað er við tímabilið 1981-1992. Frá 1981 hefur ársverkum fækkað í Skagafirði um 9%. Í dreifbýli er fækkun ársverka um 30% en á Sauðárkróki hefur ársverkum fjölgað um 17% frá 1981. Ársverkum fækkaði mest í Hofshreppi milli áranna 1981 og 1992, alls um 93 ársverk, og í Lýtingsstaðahreppi um 79 ársverk. Hlutfallslega hefur þó fækkun ársverka verið mest í Skefilsstaðahreppi, fækkun ársverka um helming, og í Lýtingsstaðahreppi hefur ársverkum fækkað um 46%.

Tafla 3.4.2-1
Ársverk í sveitarfélögum Skagafjarðar 1981, 1987, 1990 og 1992.

Sveitarfélag:	Ársverk: 1981	1987	1990	1992	Breyting milli 1981 og 1992	
Skefilsstaðahreppur	48	38	36	24	-24	-50%
Skarðshreppur	66	58	65	46	-20	-30%
Sauðárkrókur	1003	1230	1211	1173	+170	+17%
Staðarhreppur	77	78	73	63	-14	-18%
Seyluhreppur	158	168	169	145	-13	- 8%
Lýtingsstaðahreppur	173	175	145	94	-79	-46%
Akrahreppur	175	174	152	113	-62	-35%
Rípurhreppur	56	66	53	46	-10	-18%
Viðvíkurhreppur	51	50	45	38	-13	-25%
Hólahreppur	94	87	84	79	-15	-16%
Hofshreppur	271	257	205	178	-93	-34%
Fljótahreppur	114	103	92	72	-42	-37%
Skagafjörður	**2287**	**2485**	**2329**	**2070**	**-217**	**-9%**
Utan Sauðárkróks	**1284**	**1255**	**1118**	**897**	**-387**	**-30%**

Heimild: Byggðastofnun.

Í Skagafirði voru rúmlega fjórðungur ársverka í þjónustu og fimmtungur í landbúnaði árið 1992 (mynd 3.4.2-1). Þær gríðarlegu breytingar sem hafa átt sér stað í landbúnaði á síðustu árum hafa haft veruleg áhrif á atvinnuskiptinguna í Skagafirði. Árið 1981 voru 34% ársverka í landbúnaði og 17% í þjónustu - nú hefur þetta nær snúist við. Hlutur annarra atvinnugreina hefur haldist nokkuð svipaður frá því 1981.
Í sveitum Skagafjarðar er nær helmingur ársverka í landbúnaði, eða 44%. Í þjónustugreinum eru 32%, í sjávarútvegi eru 14% og í iðnaði eru 10% ársverka. Atvinnulíf í sveitum er tiltölulega einhæft, þó svo á síðustu árum hafi atvinnusókn til þéttbýlisstaðanna aukist mikið, þar sem Skagafjörður er nú eitt atvinnusvæði og samgöngur yfirleitt góðar. Á Sauðárkróki er atvinnulíf tiltölulega fjölbreytt miðað við stærð staðarins og starfa flestir við þjónust. Í þjónustugreinum eru 54% ársverka, í iðnaði eru 31%, í fiskveiðum og fiskvinnslu eru 15% og í landbúnaði 1%.
Í landbúnaði hefur fækkun ársverka verið veruleg á síðustu árum. Árið 1987 voru ársverk í landbúnaði 667, og hafði þá fækkað um 103 frá því 1981. Árið 1992 voru ársverk 402 sem er fækkun um 368 ársverk frá árinu 1981, eða um nær helming (mynd 3.4.2-2).
Í sjávarútvegi eru 13% ársverka í Skagafirði, 6% í fiskveiðum og 8% í fiskvinnslu. Á tímabilinu 1981-1992 hefur hlutur sjávarútvegs af heildarársverkum í Skagafirði verið nokkuð svipaður. Ársverkum í fiskveiðum hefur fjölgað aðeins í sveitum Skagafjarðar en fækkað á Sauðárkróki. Þetta má að miklu leiti skýra með vinnusókn úr sveitum Skagafjarðar til Sauðárkróks.

Mynd 3.4.2-1
Atvinnuskipting í Skagafirði 1992



Heimild: Byggðastofnun.

Í iðnaði eru 13% árverka í Skagafirði. Iðnaður var um 19% ársverka á Sauðárkróki árið 1992, en í sveitum Skagafjarðar voru ársverk í iðnaði 6%. Á tímabilinu 1981-1992 hefur breyting í iðnaði aðallega verið sú að ársverkum í steinefnaiðnaði fjölgaði verulega árið 1987 með tilkomu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og í vefjaiðnaði fækkaði ársverkum talsvert frá 1987, aðallega í dreifbýli Skagafjarðar.
Byggingariðnaður sem hluti af ársverkum hafa verið nokkuð svipaðar í Skagafirði á tímabilinu 1981-1992. Sú breyting sem helst hefur orðið á þessu tímabili er að íbúar eru nánast hættir að byggja húsin sín sjálfir heldur kaupa vinnu að. Skýringu má að einhverju leiti rekja til stefnu stjórnvalda á síðustu árum í húsnæðismálum, hvað varðar húsnæðislán og vaxtastefnu.

Mynd 3.4.2-2
Skipting ársverka í Skagafirði 1981, 1987 og 1992



Heimild: Byggðastofnun.

Í verslun voru 9% ársverka í Skagafirði árið 1992 sem er svipað hlutfall ársverka og árið 1981. Í dreifbýli Skagafjarðar hefur hlutur verslunar aukist frá 1981, en á Sauðárkróki hefur hlutur verslunar hins vegar minnkað á þessum tíma. Verslun er 12% ársverka á Sauðárkróki og 6% ársverka í sveitum Skagafjarðar. Í heildverslun hefur ársverkum fækkað um nær helming frá 1987. Smásöluverslun hefur einnig dregist saman frá 1987, en fjöldi ársverka í smásöluverslun er nú nánast sá sami og hann var árið 1981. Talsverð fjölgun ársverka hefur orðið í veitinga- og hótelrekstri frá 1981 þá meira til sveita en á Sauðárkróki.
Samgöngur eru 5% ársverka í Skagafirði og hefur fjöldi ársverka verið mjög svipaður frá 1981, bæði á Sauðárkróki og til sveita í Skagafirði.
Bankar, tryggingar og ýmiss þjónusta við atvinnulífið eru um 4% ársverka. Fjölgun hefur átt sér stað í þessum atvinnugreinum á síðustu árum. Ýmiss þjónusta við atvinnulífið hefur aukist á síðustu árum bæði í þéttbýli og dreifbýli.
Við ýmiskonar þjónustu eru 27% ársverka í Skagafirði. Ársverkum í þjónustugreinum hefur fjölgað talsvert á síðustu árum, svo og annars staðar á landinu. Opinber þjónusta er um 70% ársverka í þjónustu og hefur hún aukist verulega á síðustu áratugum. Árið 1981 voru í Skagafirði 383 ársverk í þjónustustörfum en árið 1992 voru þau orðin 566. Aukningin hefur bæði orðið í dreifbýli og þéttbýli. Á Sauðárkróki fjölgaði ársverkum í þjónustu úr 230 í 376 milli áranna 1981 og 1992 og í dreifbýli fjölgaði þeim úr 153 í 190 á sama tíma.

3.4.2.2 Tekjuskipting

Í Skagafirði voru meðaltekjur á hvern vinnandi mann 1370 þús. kr. árið 1992 skv. tölum frá Byggðastonfun og er það 12% lægri meðaltekjur en á landinu öllu. Meðaltekjur í landbúnaði eru ekki sambærilegar við meðaltekjur í öðrum atvinnugreinum, og eru miklu lægri en í öðrum atvinnugreinum. Á Sauðárkróki eru meðaltekjur talsvert hærri en í dreifbýli Skagafjarðar. Árið 1992 voru meðaltekjur á Sauðárkróki 1580 þús. en í dreifbýli Skagafjarðar voru þær 1094 þús. Ef miðað er við meðaltekjur án landbúnaðar, sem þó gefur ekki rétta mynd í sveitum, þá eru meðaltekjur á Sauðárkóki 1587 þús. og í dreifbýli 1462 þús. Meðaltekjur í landbúnaði, iðnaði og verslun eru 5% undir landsmeðaltali (tafla 3.4.2-2). Fiskveiðar og peningastofnanir eru 12% undir landsmeðaltali, og í samgöngum er frávik frá landsmeðaltali hlutfallslega mest alls 28%. Fiskvinnsla er 7% yfir landsmeðaltali en meðaltekjur í öðrum atvinnugreinum, byggingum og þjónustu, eru nálægt landsmeðaltal. Meðaltekjur í opinberum framkvæmdum, veitum og veitinga- og hótelrekstri eru um 20% yfir landsmeðaltali en flutningar eru 34% undir landsmeðaltali, pappírsiðnaður er 26% og þjónusta við atvinnulíf er 19% undir landsmeðaltali. Meðaltekjur í Skagafirði eru hæstar í fiskveiðum svo og í veitustarfsemi, opinberri stjórnsýslu og steinefnaiðnaði.

Interest

Tafla 3.4.2-2
Ársverk og meðaltekjur eftir atvinnugreinum árið 1992.

Atvinnugrein:	Ársverk í sveitum Skagafj.		Ársverk á Sauðárkróki		Ársverk í Skagafirði		Meðaltekj .þús. kr.	Frávik frá landsm.t.
Landbúnaður	392	44%	10	1%	402	20%	623	-5%
Fiskveiðar	61	7%	64	5%	125	6%	2650	-11%
Fiskvinnsla	59	7%	113	10%	172	8%	1718	+7%
Iðnaður	57	6%	221	19%	278	13%	1520	-5%
Byggingar	34	4%	135	12%	169	8%	1413	0%
Verslun	52	6%	135	12%	191	9%	1328	-5%
Samgöngur	36	4%	56	5%	92	5%	1124	-28%
Bankar o.fl.	16	2%	60	5%	76	4%	1479	-12%
Þjónusta	190	21%	376	32%	566	27%	1465	-1%
Skagafjörður	**897**	**100%**	**1173**	**100%**	**2070**	**100%**	**1370**	**-12%**

Heimild: Byggðastofnun.

Meðaltekjur eru lægstar í Rípurhreppi, 52% lægri en landsmeðaltal, en þar er landbúnaður 75% ársverka. Meðaltekjur eru einnig lágar í Viðvíkur-, Lýtingsstaða-, og Akrahreppi en þar eru ársverk í landbúnaði yfir 60%. Í Hofs-, Hóla- og Skarðshreppi eru ársverk í landbúnaði fremur fá m.v. annars staðar í dreifbýli Skagafjarðar, um 30-40% ársverka og eru meðaltekjur þar því hærri en í öðrum sveitum Skagafjarðar. Á Sauðárkróki eru meðaltekjur 1% yfir landsmeðaltali.

Tafla 3.4.2-3
Meðaltekjur eftir sveitarfélögum árið 1992.

Sveitarfélag:	Meðalt. í landbún. þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Frávik frá Skagaf. %	Frávik frá landsmt. %
Skefilsstaðahreppur	640	968	-29%	-37%
Skarðshreppur	586	1257	-8%	-19%
Sauðárkrókur	745	1580	+15%	+1%
Staðarhreppur	651	1003	-27%	-35%
Seyluhreppur	683	1196	-13%	-23%
Lýtingsstaðahreppur	587	899	-34%	-42%
Akrahreppur	589	909	-34%	-41%
Rípurhreppur	544	744	-46%	-52%
Viðvíkurhreppur	571	863	-37%	-44%
Hólahreppur	782	1262	-8%	-18%
Hofshreppur	638	1305	-5%	-16%
Fljótahreppur	624	1092	-20%	-29%
Skagafjörður	**623**	**1370**	**0%**	**-12%**
Utan Sauðárkróks	**620**	**1094**	**-20%**	**-29%**

Heimild: Byggðastofnun.

3.4.2.3 Atvinnuþátttaka

Helsta breyting á atvinnuþátttöku landsmanna á síðustu áratugum er sú að íbúar yngri en 25 ára eru nú færri úti á vinnumarkaðnum en áður og er það m.a. vegna almennari og lengri skólagöngu. Atvinnuþátttaka hefur einnig minnkað hjá eldra fólki þar sem fólk hættir nú störfum fyrr en áður. Á móti kemur aukin atvinnuþátttaka kvenna á síðustu áratugum. Atvinnuþátttaka í Skagafirði var tæp 55% af heildaríbúafjölda Skagafjarðar árið 1991. Starfandi voru 2526 íbúar árið 1991 en ársverk árið 1992 voru 2070. Þennan mismun má að mestu skýra með hlutastörfum, en einnig getur komið til vinnusókn annars staðar að s.s. úr Húnavatnssýslum. Karlar á vinnumarkaðnum eru töluvert fleiri en konur eða 57% starfandi og þá konur 43%. Á Sauðárkróki voru 54% allra íbúa starfandi, 55% karlar og 45% konur. Í dreifbýli voru hlutfallslega fleiri starfandi en á Sauðárkróki eða 56% íbúa, þ.a. 59% karlar og 41% konur. Karlar eru flestir á vinnumarkaðnum á aldrinum 20-64 ára, um eða yfir 90% af íbúafjölda þessa aldurshóps eru á vinnumarkaðinum. Konur eru flestar á aldrinum 35-59 ára, á bilinu 80-90% af íbúum í aldurshóp eru á vinnumarkaðinum. Konur koma seinna út á vinnumarkaðinn en karlar og hætta fyrr störfum. Oftast er það vegna barneigna sem konur eru færri en karlar á vinnumarkaðnum á aldrinum 20-35 ára, einnig að konur kjósa oftar en karlar að vera heima og hugsa um börn og/eða heimili.

Tafla 3.4.2-4
Atvinnuþátttaka 15-74 ára íbúa árið 1991.

Sveitarfélag:	KARLAR starfandi 15-74 ára	KONUR starfandi 15-74 ára	ALLS starfandi 15-74 ára
Skefilsstaðahreppur	100%	67%	85%
Skarðshreppur	87%	80%	84%
Sauðárkrókur	87%	74%	81%
Staðarhreppur	87%	81%	84%
Seyluhreppur	86%	67%	76%
Lýtingsstaðahreppur	85%	59%	74%
Akrahreppur	80%	73%	77%
Rípurhreppur	90%	79%	84%
Viðvíkurhreppur	81%	65%	74%
Hólahreppur	93%	74%	84%
Hofshreppur	87%	73%	80%
Fljótahreppur	79%	75%	77%
Skagafjörður	**86%**	**73%**	**80%**
Utan Sauðárkróks	**86%**	**71%**	**79%**

Heimild: Byggðastofnun.

Um 80% íbúa á aldrinum 15-74 ára, voru skráðir starfandi í Skagafirði á árinu 1991 (tafla 3.4.2-4). Þetta hlutfall er nokkuð svipað í dreifbýli og þéttbýli. Í nokkrum hreppum í dreifbýli Skagafjarðar er mjög lágt hlutfall kvenna starfandi s.s. í Lýtingsstaðahreppi þar sem einungis 59% kvenna á aldrinum 15-74 ára starfandi. Bóndakonur, svo og heimavinnandi húsmæður, eru enn vanmetinn starfskraftur í opinberum skýrslum þó svo byrjað sé lítillega að taka tillit til þess.

3.4.2.4 Atvinnuleysi

Árið 1994 voru 3265 íbúar í Skagafirði á aldrinum 15-74 ára, þar af voru að meðaltali 114 atvinnulausir eða 3.5%, samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar, og er það nokkuð lægra en landsmeðaltal sem var 4,25%. Atvinnuleysi var fremur lítið í Skagafirði fram til ársins 1989 en þá eykst atvinnuleysi verulega, sérstaklega til sveita samfara samdrætti í landbúnaði (mynd 3.4.2-3). Þessi þróun er í samræmi við það sem átt hefur sér stað á landsvísu. Atvinnuleysi kvenna hefur aukist talsvert á síðustu áratugum og eru þær nú að meðaltali fleiri atvinnulausar en karlar. Í dreifbýli er farið að gæta atvinnuleysis sem nánast var ekki greinanlegt áður.

Mynd 3.4.2-3
Skráð atvinnuleysi í Skagafirði 1981-1994



Heimild: Byggðastofnun.



Atvinnuleysi er töluvert meira yfir vetrarmánuðina, frá nóvember og fram í mars en yfir sumarmánuðina frá maí og fram í september. Sveiflur í sjávarútvegi og iðnaði, þá aðallega byggingariðnaði, hafa veruleg áhrif á atvinnuþátttökuna á hverjum tíma. Einnig má gera ráð fyrir því að atvinnuþátttaka aukist í landbúnaði yfir sumarmánuðina í tengslum við sauðburð, hrossarækt og heyskap. Talsverð lægð virðist vera í atvinnulífi í Skagafirði á síðustu 5-10 árum. Lýsir það sér m.a. í auknu atvinnuleysi og fækkun starfa. Mikilvægt er að gera grein fyrir þessari þróun í svæðisskipulagi þannig að hægt sé að snúa vörn í sókn og efla atvinnulíf á svæðinu samhliða auknum íbúafjölda.

3.4.3 Búferlaflutningar

Á Íslandi hafa búferlaflutningar veruleg áhrif á búsetu og fjölda íbúa á hverjum stað. Stafar það einkum af því að náttúruleg fjölgun er mjög svipuð á landinu öllu og hefur því ekki afgerandi áhrif á búsetuþróunina í einstaka landshlutum. Búferlaflutningar hafa veruleg áhrif á byggð enda mikið um að fólk flytji á milli staða, svæða og landshluta.

Á Norðurlandi vestra fjölgaði íbúum um 4% á tímabilinu 1971-1994, um 377 íbúa og er það fjölgun um 0,16% að meðaltali á ári. Miklir fólksflutningur hafa verið af svæðinu á þessu tímabili. Aðfluttir voru 13913 á þessu tímabili en brottfluttir 16211 eða 2298 fleiri en aðfluttir. Á Norðurlandi vestra hefur fækkunar minnst gætt í Skagafirði, mun meiri í Húnavatnssýslunum og á Siglufirði. Í Skagafirði fjölgaði íbúum um 13%, að meðaltali um 0,5% á ári, eða 663 íbúa, á tímabilinu 1971-1994. Fækkun varð hins vegar vegna búferlaflutninga á þessu tímabili um 565 íbúa, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta. Þetta segir það að fjölgun íbúa hafi verið vegna barnsfæðinga. Á tímabilinu 1981-1994 fæddust um 2000 börn í Skagafirði en dánir voru tæplega 700 á sama tíma. Á Sauðárkróki hefur fjölgun íbúa orðið einna mest á Norðurlandi vestra. Þar hefur íbúum fjölgað um 1078, eða 40%, frá árinu 1971 og er fjölgun vegna búferlaflutninga á þessu tímabili um 21% af íbúafjöldanum. Það eru einungis 5 ár á tímabilinu 1971-1994 sem fjölgun hefur orðið vegna búferlaflutninga í Skagafirði, þ.e. á 8. áratugnum 1973, 1977 og 1978 og á 10. áratugnum 1992 og 1993 (mynd 3.4.3-1). Talsverð uppbygging átti sér stað á landsbyggðinni á 8. áratugnum bæði í atvinnu- og húsnæðismálum. Flutningur fólks var mikill af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina og Skagafjörður var engin undantekning. Fjölgunina á 10. áratugnum má að einhverju leiti skýra með fækkun atvinnutækifæra á landinu öllu. Atvinnuleysi hefur verið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og fólk á höfuðborgarsvæðinu hefur flust út á land í leit að atvinnu.

Mynd 3.4.3-1
Búferlaflutningar í Skagafirði 1971-1994



Heimild: Hagstofa Íslands.

Flutningsjöfnuður var jákvæður á Sauðárkróki yfir tímabilið 1971-1994 og er það eina sveitarfélagið í Skagafirði (tafla 3.4.3-1). Árleg fólksfjölgun á Sauðárkróki var að meðaltali 1,6%. Í sveitum Skagafjarðar hefur hins vegar orðið veruleg fækkun íbúa, frá 1971 um 464 íbúa eða að meðaltali fækkun um 1% á ári. Fólksflutningur hefur orðið verulegur úr sveitum Skagafjarðar, brottfluttir umfram aðflutta voru 1008 frá árinu 1971 sem er um 46% af íbúafjöldanum. Fækkunin vegna fólksflutninga var mest í Skefilsstaða- og Fljótahreppi, yfir 70%. Íbúum fækkaði mest vegna búferlaflutninga í Hofshreppi eða um 261 á tímabilinu 1971-1994.

Tafla 3.4.3-1
Búferlaflutningar eftir hreppum 1971-1994

Sveitarfélag:	Aðfluttir 1971-94	Brottfluttir 1971-94	Flutnings-jöfnuður	% af íbúafjölda
Skefilsstaðahreppur	52	91	-39	-71,5
Skarðshreppur	132	157	-25	-22,9
Sauðárkrókur	3521	3078	+443	+20,8
Staðarhreppur	113	154	-41	-31,3
Seyluhreppur	420	430	-10	-3,9
Lýtingsstaðahreppur	267	401	-134	-45,3
Akrahreppur	234	431	-197	-65,6
Rípurhreppur	84	134	-50	-51,1
Viðvíkurhreppur	75	118	-43	-49,5
Hólahreppur	312	375	-63	-42,3
Hofshreppur	533	794	-261	-56,0
Fljótahreppur	200	345	-145	-75,9
Skagafjörður	**5943**	**6508**	**-565**	**-12,6%**
Utan Sauðárkróks	**3259**	**3443**	**-1008**	**-45,6%**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Búferlaflutningar eru töluverðir innan Skagafjarðar, flestir flytja úr dreifbýli til þéttbýlisstaðanna. Búferlaflutningar eru verulegir á milli Skagafjarðar og Höfuðborgarsvæðisins, flestir sem flytja úr Skagafirði flytja til Reykjavíkur en þaðan koma einnig margir og setjast að í Skagafirði. Nokkuð er um að fólk flytji úr eða til næstu sýslna, Húnavatnssýslna og Eyjafjarðarsýslu, þó er meira um að fólk flytji úr Húnavatnssýslum til Skagafjarðar en öfugt, en úr Eyjafjarðarsýslu koma færri en flytjast þangað, flestir flytja inn á Akureyri. Til og frá öðrum landshlutum eru búferlaflutningar fremur litlir en nokkuð er um flutninga til og frá útlöndum. Aðalástæður þess að fólk flytur er leit að nýjum tækifærum á nýjum stöðum, fólk leitar að fjölbreyttari vinnu, betra húsnæði, menntamöguleikum og/eða nýjum félagslegum aðstæðum. Mjög margir flytjast búferlum á aldrinum 20-29 ára. Ungt fólk er mjög hreyfanlegt, sérstaklega fólk sem ekki hefur stofnað til fjölskyldu eða á ung börn undir skólaaldri. Þegar börnin eru byrjuð í skóla minnka líkurnar á því að fólk flytji. Einnig minnka líkurnar á því að fólk flytji þeim mun lengur sem það dvelst á sama stað.

3.4.4 Íbúaspá

Samkvæmt íbúaspá Byggðastofnunar er gert ráð fyrir að íbúum í Skagafirði fjölgi um 909 fram til ársins 2010 og verði þá 5610 með áhrifum búferlaflutninga á íbúafjöldann en 5384 ef þessi áhrif eru ekki tekin með (mynd 3.4.4-1). Áætlað er að íbúum fjölgi um 1249 á Sauðárkróki en að íbúum fækki annars staðar í Skagafirði um 340 íbúa.

Mynd 3.4.4-1
Íbúaspá til ársins 2010



Heimild: Byggðastofnun.

Framreikningurinn byggir á fólksfjölda Skagafjarðar 1. jan. 1995, meðalfæðingartíðni áranna 1988-1990 og eftirlifendalíkani 1989-1990, meðaltali innanlandsflutninga 1992-1994 svo og ársverkum ársins 1992. Framreikningurinn gerir ráð fyrir að ungu fólki fækki verulega til sveita en að eldri íbúum þar fjölgi nokkuð. Á Sauðárkróki er hins vegar gert ráð fyrir því að íbúum yngri en 59 ára fjölgi verulega. Sú fjölgun sem gert er ráð fyrir að verði í Skagafirði mun skiptast þannig á milli aldurshópa: 35% heildarfjölgunar er áætlaður meðal 45-59 ára íbúa, 22% meðal 30-44 ára, 17% meðal barna yngri en 15 ára, 13% meðal 15-29 ára svo og 13% meðal íbúa eldri en 60 ára. Því er gert ráð fyrir að miðaldra íbúum fjölgi mest svo og yngra fólki en áhrifa búferlaflutninga gætir mest meðal ungs fólks og barna en fremur lítið meðal eldra fólks. Ungt fólk er mjög hreyfanlegt og er tilbúið til að flytja ef þörfum þeirra er ekki fullnægt á þeim stað sem það býr á s.s. hvað varðar atvinnu og atvinnutækifæri, tekjumöguleika, menntun, þjónustu, íþrótta- og félagslíf. Íbúar eldri en 60 ára eru hlutfallslega fleiri í sveitum Skagafjarðar en á Sauðárkróki og skal hafa það í huga þegar málefni aldraða eru skoðuð t.d. í uppbyggingu þjónustu og félagslífs fyrir þennan aldurshóp. Eldra fólk vill oftar en ekki dvelja á heimilum sínum eins lengi og kostur er og er lítt tilbúið til að flytja til annarra staða.

Áætlað er að meðalfjölgun íbúa í Skagafirði verði 1.3% á ári fram til ársins 2010 og er það meiri fjölgun en verið hefur á landsvísu (1,1%) á undanförnum árum. Áætlað er að íbúum á Norðurlandi vestra fjölgi mjög lítið á næstu árum eða um að meðaltali 0,05% á ári. Miðað við þessa fjölgun íbúa er gert ráð fyrir að störfum í Skagafirði þurfi að fjölga um 496 fram til ársins 2010 ef tekið er tillit til flutningsáhrifa. Samhliða fækkun íbúa í dreifbýli mun störfum þar fækka. Áætlað er að fjölgun ársverka verði þeim mun meiri í þéttbýlisstöðunum. Á Sauðárkróki er gert ráð fyrir mestri fjölgun íbúa í Skagafirði, og mikilli fjölgun íbúa á vinnumarkaðnum. Fram til aldamóta er áætlað að ársverkum í Skagafirði þurfi að fjölga um 133 miðað við fjölgun íbúa, frá aldamótum til 2005 um 155 og frá 2005 til 2010 um 207 ársverk.

Heimildaskrá

3.4 Íbúar

Byggðastofnun: Ýmis gögn um íbúafjölda, aldursskiptingu, atvinnuskiptingu, atvinnuleysi ofl.

Eldur er í Norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. (Aðallega: Hugleiðingar um mannfjölda á Íslandi og dreifingu hans. Bls. 425-429).

Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, 1976: Norðurland vestra og Strandir, almenn byggðaþróunaráætlun 1. hluti. Reykjavík. 130 bls.

Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands 1946. Bls. 202-204.

Kristmundur Bjarnason, 1971: Saga Sauðárkróks I og II fyrri og síðari hluti.

Páll Líndal, 1982: Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri Ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur.

Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.

Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Í: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.

Skipulag ríkisins og Framkvæmdastofnun ríkisins, 1984: Landsskipulag og áætlanagerð.

Þróun byggðar, atvinnulíf og stjórnkerfis. Skýrsla byggðanefndar þingflokkanna. Byggðastofnun, Reykjavík 1986.

3.5 Félagsmál

3.5.1 Atvinnumál og atvinnusvæði

Undanfarna áratugi hefur orðið gríðarleg breyting á atvinnuháttum landsmanna. Hlutur landbúnaðar sem áður var uppistaðan í annars einhæfu atvinnulífi hefur minnkað stórum og aðrar atvinnugreinar vaxið að sama skapi. Fyrir blómleg landbúnaðarhéruð líkt og Skagafjörð hefur þessi atvinnu- og búseturöskun verið afgerandi. Íbúum og störfum til sveita hefur fækkað, en að sama skapi hefur íbúum og störfum í þéttbýli fjölgað. Sauðárkrókur er lang stærstur þéttbýlisstaðanna í Skagafirði en þar býr 57% íbúa héraðsins. Einnig er töluvert þéttbýli á Hofsósi, í Varmahlíð og á Hólum. Sé tímabilið frá 1981 til 1992 skoðað kemur í ljós að íbúum í Skagafirði fjölgar um 4% en ársverkum fækkar um 9%. Til sveita fækkar íbúum um 14% og ársverkum um 30%. Á sama tíma fjölgar íbúum á Sauðárkróki um 23% og ársverkum um 17%. Það að íbúafjölgun og aukning ársverka hefur ekki haldist í hendur þýðir einfaldlega að fleiri aðilar er um störfin og því hefur töluvert borið á atvinnuleysi í Skagafirði síðustu ár. (Sjá mynd 3.4.2-3 kafli 3.4.2)

Skagafjörður er eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Margir íbúar í sveitum sækja vinnu og þjónustu til þéttbýlisstaðanna, sér í lagi Sauðárkróks. Samt sem áður hefur fjölgun starfa í þéttbýlinu ekki verið nægjanleg til þess að veita öllu því fólki úr sveitum atvinnu er þess hafa óskað. Auk þess hefur það reynst örðugt fyrir þá íbúa í Skagafirði er lengst búa frá Sauðárkróki að sækja vinnu þangað.

Þrátt fyrir þann samdrátt sem orðið hefur í landbúnaði er hann ennþá mjög veigamikill þáttur á atvinnulífi héraðsins. Þjónusta er fjölbreytt og hefur eflst mjög á síðastliðnum árum, einkum í þéttbýli. Sjávarútvegur er mikilvægur, togaraútgerð er stunduð frá Sauðárkróki og bátar er gerðir út frá Sauðárkróki og Hofsósi. Einnig er smábátaútgerð stunduð á Skaga og í Fljótum. Iðnaður er töluverður, langmestur á Sauðárkróki. Þau fyrirtæki í Skagafirði sem flesta einstaklinga hafa í vinnu eru Kaupfélag Skagfirðinga sem hefur útibú víða í héraðinu og Fiskiðjan sem starfrækir fiskvinnslu bæði á Sauðárkróki og á Hofsósi.

Stéttarfélög eru nokkur í Skagafirði er starfa innan alþýðusambandsins. Verkamannafélagið Fram var stofnað á Sauðárkróki árið 1902 og náði félagssvæði þess þá aðeins yfir Sauðárkrók. Um 1970 þegar fólk úr dreifbýli fór í auknum mæli að sækja í önnur störf en landbúnaðarstörf þá var félagssvæði Fram stækkað, þannig að það náði yfir allan Skagafjörð að undanskildum núverandi Hofshreppi og Fljótahreppi. Síðar eða 1993 voru Fram og verkalýðsfélagið Ársæll í Hofsósi sameinuð. Sameiningin varð með þeim hætti að félagsmenn Ársæls gengu í Vmf. Fram sem þá breytti um nafn og heitir samkvæmt lögum Verkalýðsfélagið Fram og er starfssvæði þess allur Skagafjörður.

Verkakvennafélagið Aldan var stofnað á Sauðárkróki árið 1930, félagssvæði þess nær yfir Skagafjörð að undanskildum Hofs- og Fljótahreppi. Töluverð umræða hefur átt sér stað varðandi sameiningu Fram og Öldunnar en ekkert orðið af. Verslunarmannafélag Skagafjarðar og iðnsveinafélag Skagafjarðar starfa einnig innan alþýðusambandsins. Önnur stéttarfélög í Skagafirði eru starfsmannafélag Sauðárkróksbæjar og vörubílstjórafélag Skagafjarðar, en þau eru bæði utan alþýðusambandsins.

Félagar í verkalýðsfélögunum í Skagafirði greiða í mismunandi lífeyrissjóði. Þannig greiða félagar í Fram í Lífeyrissjóð Norðurlands á Akureyri, félagar í Öldunni greiða í Lífeyrissjóð Verkalýðsfélaganna á Norðurlandi Vestra sem er staðsettur á Siglufirði, starfsfólk Kaupfélagsins greiðir í Lífeyrissjóð Samvinnufélaganna og verslunarmenn greiða í Lífeyrissjóð Verslunarmanna og svo mætti lengi telja.

Búnaðarfélög eru starfandi í öllum dreifbýlishreppunum. Búnaðarsamband Skagafjarðar er samnefnari þessara búnaðarfélaga. Sífellt stærri hluti af starfsemi búnaðarfélagana hefur flust yfir á herðar búnaðarsambandsins. Helstu verkefni búnaðarsambandsins í dag eru; leiðbeiningarstörf, ráðgjöf varðandi landnýtingu, ráðgjöf og þjónusta varðandi bókhald og skattaskil, samskipti og þjónusta við stofnanir landbúnaðarins og ýmsar opinberar stofnanir, margskonar þjónustustörf fyrir einstaka bændur og félög á þeirra vegum og rekstur búfjársæðinga.

3.5.2 Félagsmál og félagasvæði

Félagslíf hefur löngum verið með miklum blóma í Skagafirði. Skagfirðingar hafa ætíð verið taldir með afbrigðum félagslyndir, enda ýmislegt í fari þeirra sem eykur á félagslyndi. Í ferðabók sinni segir Sveinn Pálsson m.a. um Skagfirðinga "*Skagfirðingar eru vanari ferðalögum en öll önnur landsins börn. Og í stað þess að fólk í sumum öðrum sveitum ferðast aldrei og er að kalla má, mannafælið og hefur einhvern heimóttarsvip, þá eru Skagfirðingar manna frjálslegastir, fljótir til og opinskáir í viðmóti.... Þeir eru þannig hugrakkir, opinskáir, örlyndir, alvarlegir og göfuglyndir. Þeir unna réttsýni, og mjög má róma gestrisni þeirra....* " Þó ýmislegt hafi skolast til í áranna rás lifir eflaust sitthvað enn af lýsingu Sveins Pálssonar.

Mörg félagasamtök eru starfandi í Skagafirði, ekki verður þeim öllum gerð skil hér, heldur stiklað á nokkrum helstu félögum.

Kvenfélög eru starfandi í öllum sveitarfélögum Skagafjarðar að undanskildum Viðvíkurhreppi og í Hofshreppi eru starfandi þrjú félög eins og er, en fyrirhugað er að sameina í það minnsta tvö þeirra. Kvenfélögin í Skagafirði hafa með sér heildarsamtök, Kvenfélagasamband Skagafjarðar.
Ungmennafélög eru starfandi í flestum sveitarfélögum, ekkert félag er starfandi í Skefilsstaðahreppi og íbúar Viðvíkursveitar starfa í ungmennafélaginu Hjalta í Hólahreppi. Árið 1995 var gengið frá stofnun ungmennafélags er nær yfir Akrahrepp, Lýtingsstaðahrepp og Seyluhrepp og mun það starfa samhliða þeim ungmennafélögum sem þar hafa starfað áður. Tíminn mun skera úr hvort hið nýja félag verði til þess að þau sem fyrir eru leggist af. Á Sauðárkróki starfa auk ungmennafélagsins Tindastóls, sem er deildaskipt, knattspymufélagið Þrymur, golfklúbbur Sauðárkróks og íþróttafélagið Gróska. Öll þessi félög eru aðilar að Ungmennasambandi Skagafjarðar. Auk þess er starfandi hestaíþróttadeild innan UMSS.
Af öðrum félögum í Skagafirði sem hafa "þröngt" starfssvæði, starfsemin að mestu bundin við ákveðin sveitarfélög má nefna; Flugklúbb Sauðárkróks, lðnaðarmannafélag Sauðárkróks, Skátafélagið Eilífsbúa á Sauðárkróki, Stangaveiðifélag Sauðárkróks, Rotaryklúbb Sauðárkróks, Skákklúbb Sauðárkróks og Bridgefélag Fljótamanna. Þó svo að þessi félög séu bundin við ákveðin sveitarfélög eins og nöfn þeirra gefa til kynna þá eru þau að sjálfsögðu opin fyrir einstaklingum úr öðrum sveitarfélögum innan héraðsins. All mörg félög hafa allt héraðið sem starfssvæði má þar nefna; Ferðafélag Skagfirðina, Skógræktarfélag Skagfirðinga, Sögufélag Skagfirðinga, Kiwanisklúbbinn Drangey, Sálarrannsóknarfélag Skagfirðinga, Bílaklúbb Skagafjarðar og Karlakórinn Heimi.
Hestamannafélög Í Skagafirði eru þrjú, þrjú leikfélög, þrjár björgunarsveitir og þrír lionsklúbbar. Félagssvæði þessara félaga er yfirleitt í kringum þéttbýlið, Sauðárkrók, Hofsós og Varmahlíð.
Af þessari upptalningu má sjá að misjafnt er hversu stórt starfssvæði einstakra félaga er. Algengast er að starfssvæði félaga sé annarsvegar að mestu bundið við ákveðið sveitarfélag eða hinsvegar bundið við allan Skagafjörð. Einnig er nokkuð um að firðinum sé skipt í þrjú félagasvæði, þ.e.a.s að austan vatna er eitt svæði frá Fljótum að Blönduhlíð með Hofsós sem miðstöð, annað svæði er framsveitin með Varmahlíð sem miðstöð og þriðja svæðið er í kringum Sauðárkrók.

3.5.3 Kirkjur, kirkjugarðar og sóknarmörk

Þessum kafla fylgir 9. þemakort, Kirkjusóknir, kirkjur, skólar og söfn.
Í Skagafirði eru 6 prestaköll og innan þeirra eru 21 kirkjusókn. Prestsetur eru á Sauðárkróki, í Glaumbæ, á Mælifelli, á Miklabæ, á Hólum og á Hofsósi. Misjafnt er hversu fjölmennar kirkjusóknimar eru, þannig voru 2838 íbúar í Sauðárkrókssókn en aðeins 1 í Ábæjarsókn 1995. Þá eru þrjár kirkjur í Skagafirði sem eru innan annara kirkjusókna, þær eru á Sjávarborg í Borgarsveit, Gröf á Höfðaströnd og Knappsstöðum í Fljótum. Sjaldan er messað í þessum kirkjum og ekki oftar en einu sinni á ári.

Tafla 3.5.3-1
Prestaköll og kirkjusóknir í Skagafirði 1995

Prestaköll	Kirkjusóknir	Íbúafjöldi
Sauðárkróksprestakall	Sauðárkrókssókn	2838
	Hvammssókn	32
	Ketusókn	18
Glaumbæjarprestakall	Gaumbæjarsókn	111
	Viðimýrarsókn	234
	Reynistaðarsókn	109
Mælifellsprestakall	Mælifellssókn	52
	Reykjasókn	136
	Goðdalasókn	92
	Ábæjarsókn	1
Miklabæjarprestakall	Miklabæjarsókn	85
	Silfrastaðasókn	37
	Flugumýrarsókn	84
	Hofsstaðasókn	63
Hólaprestakall	Hólasókn	153
	Viðvíkursókn	89
	Ripursókn	84
Hofsósprestakall	Hofssókn	73
	Hofsóssókn	226
	Fellssókn	39
	Barðssókn	147

Heimild. Biskupsstofa

Í Skagafjarðarprófastdæmi, að Siglufirði undanskildum, voru 4616 íbúar skráðir í þjóðkirkjuna 1995 eða 98.3% íbúanna í Skagafjarðarsýslu. Í Skagafirði eru 43 íbúar í öðrum trúfélögum en þjóðkirkjunni, utan trúfélaga eru 19 og ótilgreindir eru 20.
Á Hólum í Hjaltadal situr vígslubiskup Hólastiftis, en undir Hólastifti heyra Norður- og Austurland. Dómkirkjan á Hólum er rúmlega 200 ára gömul steinkirkja og þykir ákaflega fallegt hús, kirkjan er ný uppgerð og innanstokks er margt merkra muna. Á Löngumýri í Vallhólma er félags- og fræðslumiðstöð kirkjunnar á Norðurlandi vestra. Löngumýrarskóli er eign þjóðkirkjunnar og er því opinn fyrir kirkjulega starfsemi hvaðanæva af landinu. Við Sauðárkrókskirkju er gott safnaðarheimili, einnig er safnaðarheimili við Hofsstaðakirkju.
Við allar kirkjur í Skagafirði eru kirkjugarðar. Ekki eru ráðgerðar neinar stækkanir eða aðrar breytingar á kirkjugörðum í héraðinu í nánustu framtíð. Líklegast er að einhver stækkun verði á kirkjugarðinum á Sauðárkróki.
Víða í Skagafirði eru heimagrafreitir. Þeir eru á eftirtöldum stöðum: Á Gauksstöðum í Hvammssókn, á Kimbastöðum í Sauðárkrókssókn, á Hafsteinsstöðum í Reynistaðarsókn, í Geldingarholti og á Sólheimum í Glaumbæjarsókn, á Vindheimum í Reykjasókn, í Litluhlíð og á Skatastöðum í Goðdalasókn, á Víðivöllum í Miklabæjarsókn, á Ingveldarstöðum í Hólasókn, í Djúpadal í Flugumýrarsókn, á Grindum og í Bæ í Hofssókn, á Hofsósi, á Höfða í Fellssókn og á Stóraholti í Barðssókn .

Heimildskrá

3.5 Félagsmál
3.5.1 Atvinnumál
Framblaðið 1. tbl. nóv. 1993.
Viðtöl:
Jón Karlsson, formaður Verkalýðsfélagsins Fram.
Anna Halldórsdóttir, starfsmaður Verkakvennafélagsins Öldunnar.
Eiríkur Hansen, starfsmaður Búnaðarbanka Islands.
Egil Bjarnason, ráðanautur Búnaðarsambandi Skagafjarðar.
Hjörtur Geirmundsson, formaður verslunarmannafélags Skagafjarðar

3.5.2 Félagsmál
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1982-2002
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Árni Ragnarsson: Króksbók. Rotaryklúbbur Sauðárkróks 1993.
Ársskýrslur Ungmennasambands Skagafjarðar frá 1993 og 1994.
Ársskýrsla Ungmennafélags Tindastóls 1994.
Afmælisrit Lionsklúbbs Sauðárkróks 1994.
Páll Dagbjartsson: Upplýsingar um hestamannafélög í Skagafirði. Samantekt fyrir "stefnumótun í Skagafirði".
Sveinn Pálsson: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útgáfu Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur.
Viðöl:
Árni Egilsson, sveitarstjóri Hofshrepps.
Bjarni Egilsson, oddviti Skefilsstaðahrepps.
Broddi Björnsson, oddviti Akrahrepps.
Elín Sigurðardóttir, oddviti Lýtingsstaðahrepps.
Haraldur Þór Jóhannsson, oddviti Viðvíkurhrepps.
Ingibjörg Hafstað, oddviti Staðarhrepps.
Simon Traustason, oddviti Ripurhrepps.
Sigurður Haraldsson, oddviti Seyluhrepps.
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri Sauðárkróki.
Úlfar Sveinsson, oddviti Skarðshrepps.
Valgeir Bjarnason, oddviti Hólahrepps.
Örn Þórarinsson, oddviti Fljótahrepps.

3.5.3 Kirkjur, kirkjugarðar og sóknarmörk
Biskupsstofa: Árbók Kirkjunnar 1994. Umsjón útg. Séra Þorbjörn Hlynur Árnason. Bls 137-138.
Dalla Þórðardóttir: Bréf varðandi sóknarmörk í Skagafjarðarprófastdæmi.
Guðmundur R. Sigurðsson: Gögn varðandi kirkjugarða og heimagrafreiti.
Viðtöl:
Guðmundur R. Sigurðsson, starfsmaður kirkjugarðs Sauðárkróks.

3.6 Atvinnuvegir

3.6.1 Landbúnaður

3.6.1.1 Breyting á atvinnuháttum

Samdráttur í frumvinnslugreinunum Íslandi hefur einkennt atvinnuvegi landsmanna síðustu áratugi einkum í landbúnaði en einnig í fiskveiðum. Störfum hefur fækkað í kjölfar tækniframfara og hagræðingar, en á móti hefur komið aukning í þjónustu- og í úrvinnslugreinum. Stefna stjórnvalda í landbúnaði á þessum tíma hefur verið að hagræða, draga úr offramleiðslu og niðurgreiðslum, sem mest hefur beinst að sauðfjárræktinni. Tækniframfarir í landbúnaði hafa leitt til fækkunar starfa í sveitum og aukinnar framleiðni hvers bónda og af þessum ástæðum hefur íbúum til sveita fækkað mikið. Vinnu- og neysluhættir í sveitum hafa breyst, enn fækkar leifum sjálfsþurftabúskaparins og búin hafa sérhæft sig, lífsnauðsynjar verða minni þáttur í heimilisútgjöldum en ónauðsynleg neysla á dýrum tæknivarningi verður stærri þáttur þeirra - eins og í þéttbýlisstöðum. Nú sækir fólk vinnu lengra frá heimili en áður og starfar við þjónustu, iðnað eða sjávarútveg í þéttbýlinu. Með bættum samgöngum og farartækjum verða ferðalög innan Skagafjarðar stöðugt auðveldari og ferðatími hefur styst, algengt að keyrt sé í 10 til 30 mínútur milli heimilis og vinnustaðar eins og í þéttbýli.

Áhersla hefur verið lögð á nýjar atvinnugreinar s.s. loðdýrarækt, fiskeldi og ferðaþjónustu og stuðlað að betri nýtingu hlunninda á jörðum s.s. lax- og silungsveiði, eggja- og fiðurtekju. Þá hafa einstaklingar byrjað að vinna sérvöru úr eigin frumvinnslu á tímabili þegar rekstrareiningar í fisk- og kjötvinnslu virðast vera að stækka og taka yfir fleiri framleiðslueiningar. Þannig hafa bændur á Skaga hafið úrvinnslu og sölu á vatnableikju og hákarli og í Lýtingsstaðahreppi hefur bóndi sett kjötvinnslu á laggirnar. Sem stendur virðast framleiðslufyrirtæki vera að þróast í nánu samráði við sölufyrirtæki - eða eins og sagt er - við markaðinn og þekking á honum virðist ráða æ meiru um viðgang fyrirtækja.

3.6.1.2 Hefðbundinn landbúnaður

Þessum kafla fylgir 10. þemakort, Landbúnaður.

Hefðbundinn búskapur, sauðfjár- og nautgriparækt var stundaður á 265 býlum í Skagafirði 1994. Sauðfjárbú voru 159, nautgripabú 50 og býli með blandaðan búskap 56. Flest þessi bú eru í Lýtingsstaða-, Akra- og Seyluhreppi, og þar eru sauðfjárbú einnig flest. Um helmingur búa sem stunda nautgriparækt, stunda líka sauðfjárrækt.

Þróun í landbúnaði í Skagafirði hefur verið svipuð og annars staðar á Norðurlandi vestra. Í Skagafirði eru um helmingur allra nautgripa og hrossa á Norðurlandi vestra en sauðfé er talsvert fleira í Húnavatnssýslum en í Skagafirði.

Mynd 3.6.1-1
Fjöldi nautgripa, hrossa og sauðfjár í Skagafirði 1975-1994



Heimild: Búnaðarsamband Skagafjarðar.

Nautgriparækt

Nautgripum í Skagafirði fjölgaði nokkuð á tímabilinu 1975-1994 eða um 1067, og eru nú rúmlega 5400 nautgripir í Skagafirði eins og sjá má á mynd 3.6.1-1. Mjólkurkúm fækkaði um 15% á sama tímabili, úr 2768 í 2344. Dregið hefur úr neyslu lambakjöts en neysla annarra kjötvara aukist, s.s. á nauta-, svína og fuglakjöti. Þessi þróun hefur valdið breytingum á einstökum búgreinum í Skagafirði, samdrætti í sauðfjárrækt og fjölgun geldneyta vegna nautakjötssölu og hefur geldneytum og kálfum fjölgað um rúmlega helming.

Fjölgun nautgripa frá 1981 hefur verið mest í Lýtingsstaða-, Rípur- og Akrahreppi, um meira en 200 gripi í hverjum hreppi. Hlutfallslega hefur fjölgun nautgripa verið mest í Viðvíkurhreppi, 97% (tafla 3.6.1-2). Í Skefilsstaða- og Fljótahreppi hefur nautgripum hins vegar fækkað talsvert og í Seylu- og Hofshreppi hefur fjölgun gripa verið mjög lítil milli áranna 1981 og 1994.

Nautgripum hefur fjölgað og nautgripaslátrun hefur aukist eins og sjá má á mynd 3.6.2-2 og ef metið er í prósentum er þessi aukning mikil.

Mjólkurframleiðsla

Í Skagafirði var greiðslumark í mjólk um 8 millj. lítra verðlagstímabillið 1994/95 á 103 búum. Flest bú hafa greiðslumark frá 70 til 100 þúsund lítra mjólkur en þau stærstu hafa 140 til 160 þús. lítra greiðslumark.

Nokkuð dró úr framleiðslu mjólkur á tímabili en hún hefur aukist aftur og sama gildir um framleiðslukvótann í héraðinu. Breytingar hafa átt sér stað í þessari grein og trúlega má tala um þróun í þá átt að mjólkurbúum fækki lengst frá þéttbýlinu og mjólkursamlaginu og líka næst því. Forsenda fyrir kúabú er stórt ræktunarland, tún, eftirsóknarvert er nábýli við aðra framleiðendur og góðar samgöngur skipta líka miklu fyrir starf og afkomu kúabúanna. Mjólkurflutningum er lýst í kafla 3.9.6. Aðal mjólkurframleiðslusvæðin eru Óslandshlíð, Hjaltadalur, Blönduhlíð, Langholt, Sæmundarhlíð, Borgarsveit og Hegranes.

Tafla 3.6.1-1
Mjólkurbú í Skagfirði

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	10	Lýtingsstaðahreppur	14
Hofshreppur	13	Seyluhreppur	8
Hólahreppur	7	Staðarhreppur	15
Viðvíkurhreppur	6	Skarðshreppur	3
Rípurhreppur	8	Sauðárkrókur	0
Akrahreppur	19	Skefilsstaðahreppur	0

Heimild: Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga

Sauðfjárrækt

Mikil fækkun hefur orðið á sauðfé í Skagafirði, 25515 fjár frá 1975 til 1994. Mest var fækkunin á árunum 1980 til 1982 og 1985 til 1987 um rúmlega 9000 fjár hvort tímabil. Í Skagafirði voru 1994 35718 fjár, en voru um 51000 árið 1985 og 61.000 árið 1975. Samanburður á fjölda sauðfjár árin 1981 og 1994 sýnir að samdráttur í sauðfjárbúskap var hlutfallslega mestur í Hofshreppi. Þar fækkaði sauðfé um 59%. Í Skagafirði var þetta hlutfall 38% á sama tíma. Fjöldi sauðfjár er mestur í Lýtingsstaða- og Akrahreppi og fækkaði sauðfé þar mest á árunum 1981 til 1994. Á þessum árum dróst sauðfjárslátrun líka saman hjá sláturhúsum á Sauðárkróki.

Heildargreiðslumark í sauðfjárbúskapnum var 429 þús. kg verðlagstímabilið 1994/95 og flest bú með greiðslumark undir 4000 kg. Fá sauðfjárbú í Skagafirði eru stór, góður einn tugur búa með greiðslumark milli 5000 og 8000 kg og tvö yfir 8000 kg, annað á Skaga og hitt í Fram-Blönduhlíð.

Sala lambakjöts hefur verið í deiglunni um skeið og hugmyndir um lífræna ræktun sauðfjár hafa komið frá erlendum sölufyrirtækjum.

Hrossarækt

Áhugi á hrossarækt vex frá ári til árs, ekki bara í Skagafirði sem hefur lengi verið þekktur af hrossum, heldur á landinu öllu - og jafnvel í útlöndum. Talið er að hrossum á Íslandi hafi fjölgað um 25000 á tímabilinu 1981-1994. og að þeim hafi þannig fjölgað um tæp 50% á rúmum áratug. Hrossum á Skagafiði hefur fjölgað um 3550, eða um 54%, frá árinu 1981 samkvæmt opinberum tölum og voru þau 10180 árið 1994 í héraðinu utan Sauðárkróks og á Sauðárkróki 445. Hrossum hefur fjölgað í öllum hreppum Skagafjarðar nema í Skefilsstaðahreppi þar sem raunar hefur dregið úr öllu búfjárhaldi. Hrossarækt í Skagafirði er mikil á landsvísu og talið er að í héraðinu séu nú um 14% af öllum hrossum á Íslandi. Í

Lýtingsstaða-, Akra- og Seyluhreppi eru flest hross í Skagafirði, í Lýtingsstaðahreppi hefur fjölgaði þeim einna mest á milli áranna 1981 og 1994, um 654 hross og í Akrahreppi um 509. Hlutfallslega hefur fjölgunin þó verið mest í Hólahreppi, 105%, og í Staðar-, Hofs- og Skarðshreppi 76 til 79%.
Íslensk hrossarækt beinist að reiðhestum og kynbótum á þeim en ekki að kjötmarkaði þó hrossakjöt sé góður matur og hafi verið útflutningsvara. Meðal þeirra sem láta sig skipta landvernd og landgræðslu er talið að víða sé ofbeit vegna hrossa, land liggi undir skemmdum af þeirra völdum og hugur þeirra stendur til að hrossum verði stórlega fækkað.
Bent hefur verið á að í Skagafirði kunni að vera góð skilyrði fyrir lífræna ræktun á hrossum með sölu á hrossakjöti að markmiði. Þá hefur verið horft til hrossabeitar á Eylendinu.

Tafla 3.6.1-2
Fjöldi búfjár eftir hreppum árin 1981 og 1994

Sveitarfélag:	Sauðfé 1981	1994	Breyt. %	Nautgripir 1981	1994	Breyt. %	Hross 1981	1994	Breyt. %
Skefilsstaðahr.	4001	2787	-30%	22	15	-32%	225	224	0%
Skarðshreppur	3354	2560	-24%	121	162	34%	382	671	76%
Staðarhreppur	2580	1732	-33%	557	688	24%	434	779	79%
Seyluhreppur	6323	4081	-35%	386	409	6%	978	1389	42%
Lýtingsstaðahr.	12387	8093	-35%	531	772	45%	1020	1674	64%
Akrahreppur	8643	4558	-47%	979	1181	21%	1422	1931	36%
Rípurhreppur	3292	2217	-33%	285	506	78%	429	611	42%
Viðvíkurhreppur	2718	1869	-31%	167	329	97%	697	1018	46%
Hólahreppur	3681	2076	-44%	238	337	42%	315	646	105%
Hofshreppur	5873	2420	-59%	675	677	0%	459	819	78%
Fljótahreppur	4674	3325	-29%	423	325	-23%	267	420	57%
Skagafjörður	**57526**	**35718**	**-38%**	**4384**	**5401**	**23%**	**6628**	**10182**	**54%**

Heimild: Búnaðarsamband Skagafjarðar

3.6.1.2 Annar búrekstur

Sérhæfður búskapur sem byggist á öðru en hrossum, kindum og kúm er lítill í Skagafirði. Eitt svínabú er í héraðinu og loðdýrarækt er stunduð á nokkrum stöðum.
Loðdýrabú eru nokkur í Skagafirði en loðdýraræktin lenti í miklum þrengingum á árunum kringum 1990. Árið 1993 var rúmur tugur ársverka í loðdýrarækt, 3% af ársverkum í landbúnaði. Starfandi loðdýrabú eru á Sauðárkróki, í Hofs-, Lýtingsstaða- og Akrahreppi. Fóðurframleiðslustöð fyrir loðdýrabú var byggð á Sauðárkróki árið 1986, seldi fóður á stóru svæði á meðan gengi loðdýraræktar var mikið. Horfur á markaði fyrir loðskinn eru góðar ef loðdýraræktin þróast í samræmi við hann eru skilyrði til loðdýraræktar góð í Skagafirði í samanburði við önnur héruð m.a. vegna verksmiðjunnar.
Byrjað er átak til að efla loðdýrarækt í Skagafirði og nýta þann sérhæfða tækja- og húsakost sem er að finna í héraðinu, fóðurstöð og bú. Loðdýrahús eru í flestum hreppum, flest í Hofshreppi.

Tafla 3.6.1-3
Loðdýrahús í Skagfirði 1994

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	3	Lýtingsstaðahreppur	5
Hofshreppur	11	Seyluhreppur	9
Hólahreppur	0	Staðarhreppur	2
Viðvíkurhreppur	0	Skarðshreppur	8
Rípurhreppur	2	Sauðárkrókur	1
Akrahreppur	8	Skefilsstaðahreppur	0

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Ylrækt og garðyrkja hefur ekki náð fótfestu í Skagafirði, þrátt fyrir jarðhita sem víða er að finna í héraðinu. Ársverk voru tæplega 6 í greininni 1993, flestöll í Lýtingsstaðahreppi. Þar hefur ylrækt verið stunduð um árabil, gróðurhús verið byggð á svæðinu umhverfis Steinsstaðabyggðina, og framleiðslan mest verið seld innanhéraðs. Að ylrækt hefur ekki breiðst út um héraðið er helst skýrt með fjarlægð frá framleiðslu til stórs markaðar. Í því felst að í stórum bæjarfélögum muni flutningskostnaður gera

skagfirska framleiðslu dýrari en framleiðslu úr nærliggjandi sveitum. Ekki er vitað um kannanir á þessu sviði en ljóst að vöruflutningar eru á breytingaskeiði sem stendur.

Hænsnarækt hefur dregist saman í Skagafirði á síðustu árum. Alifuglarækt hefur varla verið teljandi en allnokkur eggjaframleiðsla. Varphænur voru rúmlega 5000 árið 1981 en tæplega 1000 árið 1994.

3.6.1.3 Hlunnindabúskapur

Lax- og silungsveiði. Veiðihlunnindi eru skráð á 262 jarðir um allan Skagafjörð. Ár og vötn eru nytjuð misjafnlega en margir selja veiðileyfi og nokkur félög veiðiréttareigenda eru starfandi í héraðinu. Dæmi eru um að bændur veiði og verki silung og lax og selji til neytenda.

Tafla 3.6.1-4
Veiðijarðir í Skagfirði

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	56	Lýtingsstaðahreppur	19
Hofshreppur	22	Seyluhreppur	29
Hólahreppur	1	Staðarhreppur	27
Viðvíkurhreppur	6	Skarðshreppur	14
Rípurhreppur	20	Sauðárkrókur	0
Akrahreppur	43	Skefilsstaðahreppur	25

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Reki. Reki er hirtur og nýttur á flestum bæjum sem land eiga að sjó, einkum á Skaga og í Fljótum. Um 40 jarðir eiga reka í Skagafirði og af þeim eru 30 í þessum tveim byggðum. Nýting á reka hefur aukist í landinu öllu aðallega í girðingastaura, eldivið og til smíða en það lakasta í trjábeð og göngustíga á útivistarsvæðum. Lágt verð á innfluttu timbri hefur komið í veg fyrir fulla nýtingu.

Tafla 3.6.1-5
Rekajarðir í Skagfirði

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	10	Lýtingsstaðahreppur	0
Hofshreppur	6	Seyluhreppur	0
Hólahreppur	0	Staðarhreppur	0
Viðvíkurhreppur	1	Skarðshreppur	1
Rípurhreppur	3	Sauðárkrókur	0
Akrahreppur	0	Skefilsstaðahreppur	20

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Skógrækt. Nytjun skóga er lítil í Skagafirði og ekki eru fljótfengnar tekjur af skógrækt á Íslandi. Skógrækt ríkisins rekur skógræktarstöð við Reykjarhól ofan við Varmahlíð og skógræktarsvæði er á Hólum í Hjaltadal. Á báðum þessum stöðum hafa verið seld jólatré og í Varmahlíð skógarplöntur á sumrin. Skógræktarland samþykkt af Skógrækt ríkisins er á þrem bæjum í Skagafirði sem allir eru í Akrahreppi, Kúskerpi, Silfrastöðum og Egilsá.

Útræði. Útvegsbændur eru á Skaga og í Fljótum og útræði er hefðbundin starfi á fornum hlunnindajörðum í þessum byggðum. Þessi hlunnindi byggjast þó nú á höfnum sem gerðar hafa verið í Selvík á Skaga og Haganesvík í Fljótum. Nú er það einkum hrognkelsaveiði sem stunduð er og nokkrir bændur hafa starfa af að verka afla t.d. í harðfisk.

Selveiði. Selveiði lá niðri í landinu um 10 ára skeið en er nú að hefjast á ný. Eftirspurn eftir kópaskinnum hefur aukist og framleitt úr þeim innanlands í Reykjavík. Selveiðar hafa verið stundaðar út af Skaga en aðallega vestan megin, að Húnaflóa.

Æðarvarp og eggjatekja. Æðarvarp er skráð á 25 stöðum í Skagafirði, einkum við Miklavatn og Hópsvatn í Fljótum og Austari- og Vestari-Héraðsvötn en því er lýst í kafla 2.5.3.2. Fugla- og eggjatekja er og hefur verið stunduð í Drangey og Málmey um langt árabil. Einkum hefur verið sigið eftir svartfuglseggjum í Drangey en flekaveiðin sem stunduð var fyrrum hefur verið aflögð og bönnuð. Skotveiði er stunduð á svartfugli inni á Skagafirði, rjúpu til fjalla og gæs á láglendi. Veiði dregur marga ferðamenn til Skagafjarðar.

Heimilisiðnaður. Heimilisiðnaður, framleiðsla á notahlutum og fatnaði með hefðbundnum íslenskum aðferðum, er enn stundaður til sveita og raunar í þéttbýli líka. Með vaxandi fjölda ferðamanna fer eftirspurn vaxandi. Eftir 1990, þegar samdráttur í landbúnaði fór mjög að gæta, hefur athygli beinst að þessu handverki og hópur fólks í Skagafirði hefur nú samræmt sölu- og markaðsmál að einhverju leyti og lagt áherslu á sölu í héraðinu. Konur eru í miklum meirihluta en karlar eru líka með og vinna aðallega muni úr tré s.s. minjagripi og klukkur. Á Sauðárkróki er einn sem smíðar fiðlur. Margar konur prjóna lopapeysur og selja ferðamönnum og nokkrar hafa lagt sérstaka áherslu á gamalt, íslenskt handverk, s.s. tóvinnu. Þær spinna band og lita með jurtalitum og nota í prjón eða vefnað; vinna úr ullarflóka og sauma sauðskinnsskó. Færri eru þeir sem vinna minjagripi úr horni og beini, hrosshári, leðri, fiskroði og leir.

3.6.2 Úrvinnsla landbúnaðarafurða

3.6.2.1 Kjötvinnsla

Búseta í sveitum Skagafjarðar byggir að mestu á framleiðslu hefðbundinna búvara og í þéttbýlisstöðunum í héraðinu byggist hún mjög á úrvinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu við sveitirnar. Samdráttur í landbúnaði hefur því haft áhrif til samdráttar á úrvinnslu og þjónustufyrirtæki þar.

Mynd 3.6.2-1
Sauðfjárslátrun 1989 - 1994



Heimild:
Sláturhúsin á Sauðárkróki

Sláturhús eru tvö starfandi á Sauðárkróki og tvö kjötvinnslufyrirtæki hafa starfað þar um árabil og framleitt úr skagfirsku hráefni. Dæmi eru um að kjötvinnslufyrirtæki hafi byrjað starfsemi til sveita t.d. í Lýtingsstaðahreppi.

Mynd 3.6.2-2
Nautgripaslátrun 1989 - 1994



Heimild:
Sláturhúsin á Sauðárkróki

Mynd 3.6.2-3
Hrossaslátrun 1989 - 1994



Heimild:
Sláturhúsin á Sauðárkróki

3.6.2.2 Mjólkuriðnaður

Mjólkuriðnaður hefur dregist nokkuð saman í landinu og reynt er að sporna við mikilli offramleiðslu eins og verið hefur á undanförnum árum. Í Skagafirði fækkaði mjólkurkúm nokkuð á tímabili og leiddi það til minnkandi innlagnar mjólkur til Mjólkursamlagsins á Sauðárkróki, en hún fer þó aftur vaxandi. Árið 1995 var innvegið magn tæplega 8.5 milljón lítrar af mjólk, en rúmlega 9.5 milljón lítrar 1985.



Mynd 3.6.2-4
Mjólkurframleiðslan 1984-1995



Heimild: Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga

3.6.2.3 Skinna- og ullariðnaður

Á Sauðárkróki er starfandi Loðskinn hf., sútunarverksmiðja, sem framleitt hefur úr íslenskum gærum. Með samdrætti í sauðfjárrækt hefur samkeppni harðnað um óflun hráefnis og verksmiðjan flytur nú inn hráefni og reynir framleiðslu úr nýjum hráefnum, s.s. fiskroði. Verksmiðjan er stór vinnustaður á Sauðárkróki og skiptir bæinn miklu. Sama gildir um ullariðnað og hefur prjónastofa á Sauðárkróki framleitt flíkur úr ull um árabil.

3.6.2.4 Fóðurframleiðsla

Grasککögglaverksmiðjur á Íslandi eru þrjár þ.a. ein í Vallhólmi í Seyluhreppi. Framleiðsla grasککögla hefur dregist saman um 90% frá því 1984 þegar framleiðslan var sem mest og trúlega mest vegna nýrrar tækni við heyskap og heygeymslu, rúllubaggatæknina, sem tryggir líka betur gæði og heyfeng. Verksmiðjan hefur reynt fyrir sér með útflutning á fersku heyi og virðist sú tilraun lofa góðu.
Ein verksmiðja sem framleiðir fóður fyrir loðdýrabú úr hráefni frá fiskvinnslunni er starfandi á Sauðárkróki. Framleiðslan hefur dregist saman og telja verður framtíð verksmiðjunnar ótrygga en hún hefur áhrif á skilyrði fyrir loðdýraræktí í Skagafirði. Fóðurframleiðsla er í Hyrnu í Lýtingsstaðahreppi sem framleiðir fóður fyrir loðdýrabúið á staðnum.

3.6.3 Útgerð og fiskvinnsla

Víkið hefur verið að útræði á Skaga og í Fljótum. Útgerð og fiskvinnsla er aðallega stunduð á Sauðárkróki og Hofsósi. Fjórir togarar eru gerðir út frá Sauðárkróki og aflinn unninn í frystihúsum á báðum stöðum. Saltfisk- og skreiðarvinnsla er á Sauðárkróki og saltfiskvinnsla á Hofsósi. Vandamál hafa verið í landvinnslunni á síðustu árum og hún dregist mikið saman samfara aukinni vinnslu sjávaraflans á hafi úti.

3.6.4 Fiskeldi og fiskeldismöguleikar

3.6.4.1 Bleikjueldi

Bleikjan er laxfiskur og er útbreiðsla hennar um norðurhvel jarðarinnar. Bleikjan dvelur allan sinn æviferil í fersku vatni eða gengur til sjávar sem sjóbleikja í um 6-8 vikur yfir sumartímann. Tegundin er mjög mótanleg og hefur mikla aðlögunarhæfileika. Við uppbyggingu á bleikjueldinu er miðað við að taka tillit til þessara eiginleika og nýta sér þá.

Kvíaeldi

Ekki hefur þótt henta að ala bleikju lengi í fullsöltum sjó, því við það aukast afföll og hún vex illa. Seltuþol bleikjunnar eykst með stærð og því er mögulegt að ala stærri bleikju í sjó í allt að 4 mánuði. Það hefur hinsvegar gefist illa í köldum sjó yfir vetrarmánuðina. Bleikja er helst alin í sjó í lokaáfanga eldis eftir að hafa verið alin í ferskvatni framan af eldisferlinum. Þetta eldisform er sjaldgæft hér á landi en einn aðili stundar slíkt eldi.

Strandeldi

Það þykir gefa góða raun í Noregi að ala bleikju í sjóblöndu á seinni stigum eldisferilsins en þar eru möguleikar til að ala bleikju í ferskvatni lakari en hérlendis. Þó að bleikjueldi í hreinu ferskvatni sé algengasta eldisformið hér á landi þá er þó mesta framleiðslan í sjóblöndu í strandeldisstöðvum og munar þar mest um framleiðslu Silfurstjörnunnar í Öxarfirði. Bleikjan er þá alin í 15-18 prómill seltu. Þar sem skilyrði til að nýta sér sjóblandað vatn eru fyrir hendi gæti sá kostur komið til álíta. Víðast myndi þó dælukostnaður og ýmislegt annað óhagræði mæla gegn þeirri leið. Í Skagafirði myndi þessi kostur helst koma til greina í Fljótum.

Landeldi

Á Íslandi eru mestar vonir bundnar við bleikjueldi í ferskvatni. Sérstaklega á það við um smærri eldiseiningar, svokallað "bændaeldi". Víða er jarðvarmi sem getur komið að góðum notum við bleikjueldið. Það er hinsvegar ekki nóg að hafa jarðvarma. Of hár vatnshiti á sumrin er til að mynda vandamál í bleikjueldi í Svíþjóð. Nægt framboð þarf einnig að vera af lindarvatni. Það er einmitt hið góða framboð af lindarvatni á Íslandi sem skapar okkur góða samkeppnisstöðu gagnvart öðrum þjóðum í bleikjueldi. Ætla má að víða í Skagafirði sé gott lindarvatn að finna. Ekki er nauðsynlegt að hafa aðgang að heitu vatni til þess að geta stundað matfiskeldi á bleikju, þó vissulega geti það verið kostur. Bleikjan hefur þá sérstöðu gagnvart öðrum eldistegundum að mögulegt er að nota lindarvatn eða árvatn eingöngu við eldið. Við seiðaeldið sjálft er þó betra að hafa aðgang að heitu vatni.
Mikilvægt er að gerð sé forathugun á vatnsöflunarmöguleikum áður en ráðist er í einhverjar framkvæmdir. Mæla þarf rennsli reglulega yfir allt árið og mæla um leið lofthita og vatnshita svo fá megi upplýsingar um áhrif veðurfars á vatnshita og rennsli. Þar sem yfirborðsvatn er notað getur það til að mynda þrotið vegna krapastíflna í lækjum eða lögnum að vetri, eða þurrka að sumri. Margvísleg vandamál eru tengd vatnstöku, svo sem varðandi notkun á yfirborðsvatni. Oft hefur orðið mikið tjón vegna þessa. Halda þarf áfram að vinna að tæknilegum lausnum á slíkum vandamálum. Vonir standa til þess að framfarir verði á þessu sviði á næstu árum og gæti það breytt miklu fyrir eldi á ýmsum stöðum sem ekki eru taldir henta til eldis nú. Samhliða könnun á möguleikum til vatnstöku þarf að fara fram umhverfismat og hvernig megi ganga frá frárennslismálum með viðunandi hætti. Á grundvelli þessara upplýsinga er svo hægt að meta hvort að eldismöguleikar eru fyrir hendi og hver hugsanleg umsvif gætu orðið. Möguleikar til þess að stunda bleikjueldi í smáum stíl eru víða góðir í Skagafirði. Hægt er að stunda bleikjueldið eingöngu eða sem aukabúgrein. Hægt er að hefja bleikjueldi með litlum tilkostnaði og er mikilvægt að geta þannig lágmarkað þá áhættu sem fólk er að taka. Gera þyrfti gangskör að því að rannsaka möguleika til bleikjueldis í Skagafirði.

Veiðar á villtri bleikju til eldis

Tilraunir hafa verið gerðar hér á landi og í Noregi með að veiða villta bleikju og ala hana um einhvern tíma áður en henni er slátrað. Hefur bleikja þá aðallega verið tekin úr vötnum þar sem þéttleiki bleikju er mikill og vaxtarhraði lítill. Þar sem eldi af þessu tagi hefur verið reynt í sjó hefur það gefið fremur slæma raun. Vöxtur hefur verið lítill og afföll mikil. Ekki er því mælt með þeirri leið. Í sumum tilfellum virðist hafa náðst þokkalegur árangur með eldi á villtri bleikju í ferskvatni. Það fer þó tvennum sögum af árangri slíkra tilrauna. Þó að ná megi góðum vexti hjá villtri bleikju í eldi þá þarf að taka með í reikninginn allan tilkostnaðinn við að veiða hana og koma henni upp á að éta fóður. Kostnaður vegna fóðurs og eldisaðstöðu getur líka verið umtalsverður. Stundum getur verið betra að slátra bleikjunni og koma henni í sölu um leið og hún er veidd fremur en að reyna að ala hana. Þegar villt bleikja er valin til eldis þarf að gæta þess að flokka frá gamlan, ormasýktan og kynþroska fisk því hann hefur slökustu vaxtarmöguleikana.

Staða og þróun bleikjueldis sem atvinnugreinar
Miklar rannsóknir og þróunarstarf standa nú yfir í bleikjueldi hérlendis og er miðstöð þessara rannsókna við Hólaskóla. Áhersla er lögð á að vinna undirbúningsstarf vel áður en ráðist verður í stórfellt bleikjueldi svo að ekki verði gerð sömu mistökin og í laxeldinu. Til þess að gera bleikjueldi sem hagkvæmast þarf að prófa ýmsa bleikjustofna svo velja megi þá sem best henta til eldis. Jafnframt þarf að stunda kynbætur. Endurbætur á eldisferlinum sjálfum eru ekki síður nauðsynlegar til að árangur náist. Til þessa er það skagfirskur bleikjustofn, ættaður úr Ölvesvatni á Skaga sem best hefur komið út í eldistilraunum hérlendis. Vonir standa til að innan fárra ára megi fara að stunda arðvænlegt bleikjueldi hér á landi. Fyrir þá sem áhuga hafa á bleikjueldi er rétt að fylgjast með því hvernig þróunarstarfinu miðar og varast að fara of geyst af stað. Einnig þarf að standa vel að markaðsstarfinu en svo virðist að fá megi töluvert betra verð fyrir bleikju en lax á erlendum mörkuðum. Líklegt er að bleikjueldið þróist þannig að ákveðnar seiðaeldisstöðvar skaffi þeim sem standa í matfiskeldi seiði af heppilegum eldisstofnum.
Skagafjörður hefur alla burði til þess að verða ein helsta miðstöð bleikjueldis á landinu. Hólaskóli býður upp á öfluga námsbraut í fiskeldi og fiskeldisráðgjöf og er jafnframt eina menntastofnunin á landinu sem það gerir. Miðstöð rannsókna í bleikjueldi er í Skagafirði undir stjórn Hólaskóla og að Hólum er jafnframt ein stærsta bleikjueldisstöð landsins, Hólalax hf. Fyrirtækið hefur jafnt og þétt verið að auka framleiðslu sína og nýtir nú hluta af aðstöðu Fljótalax undir starfsemina. Þar og að Hólum er bæði stundað seiðaeldi og matfiskeldi. Hólalax hefur verið leiðandi í vöru og markaðsþróun fyrir bleikju. Slíkt starf er skilyrði fyrir árangri í bleikjueldi. Skapa þarf ákveðna ímynd fyrir bleikjuna sem náttúruvæna hágæðavöru. Slíkt verður ekki gert nema með því að taka umhverfismálin föstum tökum og með markvissri gæðastjórnun og vöruþróun. Við kynbætur og þróun eldisferla þarf að taka mið af því. Í Skagafirði eru öflug fyrirtæki í matvælaiðnaði sem hafa alla burði til þess að verða leiðandi í þessu þróunarstarfi. Skagfirðingar standa því betur að vígi en margir aðrir til þess að byggja upp öflugan atvinnuveg í tengslum við bleikjueldið.

3.6.4.2 Laxeldi

Atlandshafslaxinn var til skamms tíma útbreiddur í öllum þeim löndum sem eiga að ám sem falla í norður Atlandshaf og Eystrasalt. Lax er nú útdauður víða vegna ýmiskonar framkvæmda og umhverfisspjalla. Algengast er að laxinn dvelji tvö til fjögur fyrstu æviárin í straumvatni en fari þá í sjógöngubúning og gangi til sjávar. Ávallt eru þó einhverjir seiðahængar sem verða eftir í ánum og taka þátt í hrygningu sem kynþroska smáhængar. Laxinn er í sjó frá einu ári upp í nokkur ár en algengast er að hann skili sér í árnar eftir eitt ár eða tvö. Laxinn er annálaður fyrir ratvísi. Laxar í náttúrunni hrygna sjaldnast oftar en einu sinni en það er misjafnt eftir stofnum. Þess þekkjast dæmi að Atlandshafslaxinn ali allan sinn aldur í ferskvatni en það er mjög sjaldgæft og ekki þekkt hérlendis.

Hafbeit
Hafbeit var um tíma stunduð af fyrirtækinu Fljótalaxi hf. í Fljótum. Heimtur voru lélegar auk þess sem sjúkdómar komu upp í stöðinni. Fyrirtækið hætti rekstri fyrir fáeinum árum. Hólalax hf. hefur nú aðstöðuna á leigu og rekur þar seiðaeldisstöð og matfiskeldi á bleikju. Hólalax reyndi í samvinnu við fleiri aðila hafbeit frá ósi Höfðavatns en þær tilraunir gáfu slæma raun og hefur þeim nú verið hætt. Á heildina litið er staða hafbeitar sem atvinnugreinar á Íslandi slæm um þessar mundir og hafbeitarstöðvar hafa verið að leggja upp laupana hver af annari. Heimtur hafa verið hvað verstar á Norðurlandi. Til þess að hafbeit geti orðið atvinnuvegur hérlendis þarf að vinna mikið þróunarstarf. Bæta þarf heimtur og takast á við vandamál sem tengjast blöndun hafbeitarstofna við villta laxastofna. Þegar hafbeitin fór af stað var misbrestur á því að þessi vandamál hefðu verið leyst og svo er enn. Það er hugsanlegt að í framtíðinni geti hafbeit orðið raunhæfur valkostur hér á landi en svo er ekki nú.

Kvíaeldi
Upp og ofan hefur gengið með kvíaeldi við Ísland og hefur þar margt komið til. Válind veður og mikill sjávarkuldi hafa oft valdið skaða og eins hafa mistök í sjálfu eldinu stundum verið til vansa. Ávallt sleppur nokkur hluti eldislaxanna úr kvíunum sem getur blandast náttúrulegum laxastofnum. Ekki hefur verið tekið á þessu vandamáli sem skyldi og eru jafnvel brögð að því að norskur eldislax sé alinn í sjókvíum hérlendis þrátt fyrir að það sé bannað af augljósum ástæðum. Þar sem norskan eldislax má hafa, er það aðeins í lokuðu eldisumhverfi í strandeldi eða annarsstaðar á landi. Þeir aðilar sem eftirlitshlutverki eiga að gegna hafa ekki staðið sig sem skyldi. Innflutningur á norskum eldislaxi er dæmi um það óþol sem einkennt hefur þróun laxeldis á Íslandi. Það eru því ýmis umhverfisvandamál tengd kvíaeldi. Tæpast er talið að kvíaeldi borgi sig og flestar kvíaeldisstöðvar hafa annað hvort hætt rekstri eða farið á hausinn. Kvíaeldið hefur gengið best þar sem það er ekki stundað fyrir opnu hafi. Dæmi um það er kvíaeldi hjá Rifósi í Kelduhverfi. Í Skagafirði hefur kvíaeldi ásamt strandeldi verið stundað við Miklavatn í Fljótum, lengst af fyrirtækinu Miklalaxi hf. Þar er laxeldi nú að leggjast af, allavega um stundarsakir vegna margháttaðra erfiðleika. Ekki fer öðrum sögum af kvíaeldi við Skagafjörð nema fyrir allmörgum árum þegar reynt var að nota sjókvíar við Fornós á Sauðárkróki til þess að sjóvenja gönguseiði sem seld voru til Noregs. Langt er síðan slík sala var úr sögunni.

Strandeldi

Strandeldi er hægt að stunda með ýmsu móti. Vanalega er þá sjó eða sjóblöndu dælt í ker á landi og það blandað fersku vatni eftir þörfum. Þetta var gert í laxeldi við Fornós á Sauðárkróki á meðan þar var stundað laxeldi og hjá Miklalaxi í Fljótum. Báðar þessar laxeldisstöðvar eru nú hættar störfum. Við Fornós var sjó og fersku vatni úr brunnum í sjávarkambinum dælt í ker á landi og blandað þar eftir þörfum. Sveiflur í vatnshita og seltumagni sköpuðu þar nokkurn vanda. Heitt vatn var einnig til staðar en það var selt á fremur háu verði miðað við áætlaða vatnsnotkun við eldið. Þar sem Miklilax reis í Fljótum er heitt vatn til staðar en á stundum hrökk það varla til vegna mikilla umsvifa. Í Miklavatni eru vatn og sjór lagskipt og hitastig og seltumagn mismunandi eftir dýpi og árstíma. Þar er lag af heitum sjó allt árið um kring en einnig pollar af dauðum (súrefnissnauðum) sjó. Við uppbyggingu á Miklalaxi var við það miðað að nota sjó úr þessu hlýja lagi í vatninu til eldisins. Það kom hinsvegar á daginn að eldisstöðin var byggð allt of stór til þess að þessi hlýsjór hrykki til. Var það eitt af þeim vandamálum sem Miklilax átti við að glíma. Töluverðar breytingar hafa orðið á vatninu á síðustu árum hvort sem vatnsnotkun vegna eldis eða einhverju öðru er um að kenna. Þarna gæti því verið um umhverfisvandamál að ræða.
Við Silfurstjörnuna í Öxarfirði hafa menn aðgang að misheitum og söltum sjó úr jarðlögum við stöðina. Þar er einnig heitt vatn og þokkalegt framboð af lindarvatni. Slíkar aðstæður bjóða upp á tiltölulega stöðugt en sveigjanlegt eldisumhverfi. Það er á slíkum stöðum sem strandeldi er líklegast til að geta gengið. Slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi í Skagafirði nema þá helst í Fljótum.
Tveir aðrir kostir eru færir í strandeldi. Sá fyrri er að ala lax í hreinum sjó sem dælt er úr jörðu. Með þeim hætti má oft halda heppilegu hitastigi allt árið um kring. Slíkt eldi fer fram í aðstöðu Íslandslax. Síður er talið borga sig að nota hreinan sjó sem dælt er úr fjöruborði til laxeldis hér á landi. Það er þó gert í ýmsum strandeldisstöðvum. Hinn kosturinn er að nota heitt vatn og lindarvatn eingöngu við eldið. Þetta var reynt á nokkrum stöðum hérlendis, svo sem hjá Árlaxi í Kelduhverfi. Þessi kostur gafst illa meðal annars vegna þess að slíkt eldi veldur ruglingi á þroskastigum hjá laxinum. Þessar laxeldisstöðvar standa nú margar tómar eða hafa verið teknar undir bleikjueldi. Miðað við möguleika til vatnsöflunar í Skagafirði hefðu skilyrði til eldis af þessu tagi víða verið fyrir hendi. Eins og staða laxeldisins er í dag er ekki ráðlegt að velta þessum möguleika mikið fyrir sér, nema þá til seiðaeldis. Þessar aðstæður eru nú líklegri til að skila árangri við bleikjueldi í smáum stíl. Einn aðili í Skagafirði stundar nú laxaseiðaeldi og er það Hólalax að Hólum í Hjaltadal. Fyrir alllöngu var starfrækt klakhús við Sauðárkrók en langt er síðan þeirri starfsemi var hætt.

Staða og þróun laxeldis sem atvinnugreinar
Laxeldi sem atvinnugrein fór af stað með miklum látum hér á landi og má segja að ríkt hafi nokkurskonar gullgrafaraæði. Lítið sem ekkert þróunarstarf lá að baki og þekkingu skorti. Fjármagnseigendur sniðgengu jafnvel þá þekkingu sem til var í landinu og eldisráðgjafar voru oft fremur áhorfendur en þátttakendur. Það var því oft lagt af stað í fyrirfram vonlausar framkvæmdir þar sem óraunhæfar rekstraráætlanir voru lagðar til grundvallar. Í öllum látunum fór lítið fyrir því að tekið væri á umhverfisvandamálum í tengslum við laxeldið með fullnægjandi hætti.
Þrátt fyrir að laxeldi sem atvinnuvegur hafi beðið ákveðið skipbrot á Íslandi, þá eru mörg teikn á lofti um að laxeldi geti átt eftir að dafna í framtíðinni. Til þess verður laxeldið að fá að þróast með eðlilegum hraða. Þá mun tíminn vinna með því. Jafnframt þarf að standa vel að öllu þróunarstarfi og umgjörð um greinina. Þrátt fyrir að laxeldi í umtalsverðum mæli hafi farið mun fyrr á stað en bleikjueldi þá eru menn á margan hátt komnir lengra með að þróa bleikjueldið sem vistvæna atvinnugrein hérlendis. Mistökin sem gerð voru í laxeldinu hafa þannig verið fólki sem starfar að uppbyggingu bleikjueldisins víti til varnaðar.

3.6.4.3 Aðrir fiskeldismöguleikar

Urriðaeldi
Urriðaeldi hefur lítið verið stundað á Íslandi og kemur þar meðal annars til lágt afurðaverð á erlendum mörkuðum. Kaupendur eiga erfitt með að gera greinarmun á urriða og regnbogasilungi sem ekki er talinn nein gæðavara. Það hefur samt gefið góða raun að ala urriða til sleppinga í lokaðar tilbúnar tjarnir þar sem hann er veiddur á stöng. Þetta hefur verið gert að Hólum í Hjaltadal um nokkurt skeið. Miklu skiptir að um lokaðar tjarnir án náttúrulegra fiskistofna sé að ræða svo komið sé í veg fyrir skaða á þeim stofnum.

Álaeldi
Álaeldi er öflugur atvinnuvegur víða erlendis. Óvíst er hvort að á Íslandi séu hagstæð skilyrði til þess að stunda álaeldi. Ef svo er, þá eru aðstæðurnar væntanlega bestar á sunnan og vestanverðu landinu þar sem mest er af ál í náttúrunni. Fóðurmýting ála er slæm en uppistaðan í því álafóðri sem er notað er fiskimjöl. Víða höfum við réttu vatnsskilyrðin og ekki ætti að vera langt að sækja efni í fóður. Tilraunir

með álaeldi eru hafnar að nýju hér á landi en jafnvel þó að þær myndu ganga vel er óvíst að álaeldi gæti orðið að atvinnuvegi alveg á næstunni.

Aðrar tegundir
Mjög varlega þarf að fara í að flytja inn nýjar fisktegundir eða erlenda stofna af okkar eigin tegundum. Tryggt þarf að vera að þessar tegundir geti ekki undir nokkrum kringumstæðum sloppið út í náttúruna og tímgast þar. Eldi á hlýsjávarfiskum eins og barra gæti átt framtíð fyrir sér en tilraunir með slíkt eldi eru nú stundaðar með góðum árangri hjá Máka á Sauðárkróki. Um eldi á sjávardýrum er að öðru leyti fjallað í greinargerð um nýja möguleika við nýtingu sjávarfangs í Skagafirði (sjá kafla 2.5.2).

3.6.4.4 Mengun frá fiskeldisstöðvum

Fóðurleifar og úrgangsefni frá eldisfiski
Vatnsnotkun í fiskeldi er mikil og talið er að um 30-50% af fóðrinu skili sér á endanum út úr stöðvunum með eldisvökvanum. Ef að frárennsli frá eldisstöðvum kemst í læki, ár eða vötn getur það haft í för með sér margháttuð umhverfisspjöll. Vatnsgæði geta rýmað og samsetning fiska og smádýralífs breyst, meðal annars vegna þess að minna verður af uppleystu súrefni. Mengun getur einnig borist með grunnvatni í neysluvatn eða aðrar fiskeldisstöðvar. Miklar vonir eru bundnar við þróun eldiskerfa sem gefa kost á því að endurnýta eldisvökva að einhverju leyti. Mikill árangur á því sviði hefur til að mynda náðst í Barraeldinu hjá Máka á Sauðárkróki. Slík endurnýting eykur því vatnsöflunarmöguleika fiskeldisstöðva. Til þess að ná úr frárennsli sem mestu af lífrænum úrgangsefnum hefur verið skylt að setja upp setþrær þar sem úrgangnum er safnað saman. Seyrunni skal síðan fargað. Samkvæmt nýlegri reglugerð er óheimilt að hafa opið frárennsli frá fiskeldisstöðvum þannig að eldisvökvi geti borist í læki, ár eða vötn. Víða skortir á að þessi skilyrði séu uppfyllt og eru starfsleyfi margra fiskeldisstöðva á landinu nú til gagngerar endurskoðunar.

Efni og lyf
Ýmis hreinsiefni og lyf sem notuð eru í fiskeldisstöðvum geta verið mengunarvaldar. Til þess hefur verið mælst að þessi efni séu notuð eins sparlega og kostur er. Samkvæmt starfsleyfum er fyrirtækjum skylt að halda skrár yfir öll efni og lyf sem notuð eru í eldisstöðvunum. Efni og lyf geta borist út í vatnakerfi með fiskeldisvökva.

Sýklar
Sýklar geta borist út í umhverfið með eldisvökva og fiskum sem sleppa úr eldisstöðvum. Þessir sýklar eiga það til að valda miklum skaða á náttúrulegum fiskistofnum og eins í öðrum eldisstöðvum. Dæmi um sjúkdóma af þessu tagi eru nýmaveiki og kýlaveiki. Þó ekki sé vitað hvernig kýlaveiki barst til Íslands og breiddist hér út, þá er talið að víða erlendis hafi hún borist með eldisfiski á milli landa og í náttúrulega fiskistofna. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með heilbrigði eldisfiska og koma í veg fyrir að þeir sleppi út í umhverfið. Þar sem hafbeit er stunduð er enn ríkari ástæða til þess að halda uppi öflugu sjúkdómaeftirliti því í hafbeit er ekki hægt að koma í veg fyrir samgang við villta fiska.

Erfðamengun
Þáttur erfðamengunar hefur verið vanmetinn við uppbyggingu á fiskeldi hér á landi. Eldisfiskar geta sloppið út í umhverfið og blandast náttúrulegum fiskistofnum, eða nýjar tegundir ýtt þeim til hliðar. Gelding á eldisfiskum er ein leið sem rædd hefur verið í þessu sambandi. Eldisfiskar eru óðru vísi en náttúrulegir fiskar vegna ólíkra valkrafta í eldisstöð og í náttúrunni. Oft er einnig um framandi stofna að ræða á viðkomandi svæði. Erfðamengun vegna fiskeldis er ein helsta umhverfisvá sem af fiskeldinu getur hlotist og hana er ekki hægt að bæta. Það skiptir því miklu máli að þannig sé búið um hnútana að eldisfiskar geti ekki sloppið út í umhverfið. Þó er ekki hægt að koma í veg fyrir einhvern samgang eldisfiska og náttúrulegra fiskistofna þar sem hafbeit eða sjókvíaeldi er stundað. Það þarf að gera skýran greinarmun á því hvort að um lokað eldisumhverfi er að ræða eða ekki þegar fiskeldisfyrirtækjum eru settar starfsreglur. Ekki ættu að gilda sömu lögmál um kynbætur og notkun á framandi stofnum í opnu eldisumhverfi sem lokuðu.

3.6.5 Ferðaþjónusta

3.6.5.1 Ferðaþjónusta sem atvinnugrein

Þessum kafla fylgir 11. þemakort, Ferðaþjónusta, stígar og reiðgötur.
Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein, bæði í þéttbýli og til sveita. Ferðaþjónusta bænda hefur elfst og nú bjóða 127 sveitabæir á Íslandi einhvers konar þjónustu við ferðamenn. Þar af eru 10 í Skagafirði, sem bjóða gistingu, veitingar og ýmiss konar afþreyingu, s.s. lax- og silungsveiði, hestaleigu, sund, náttúruskoðun og leiðsögn um sérstæða náttúru og fræga sögustaði í Skagafirði.
Ferðamenn eru margs konar. Sumir koma langt til þess að skjóta gæs eða fara í Drangey, síga jafnvel, aðrir í stóðréttir eða í golf og enn aðrir vegna starfa síns, til þess að kenna, gera við vélar eða sitja fundi og ráðstefnur eða námskeið á Hólum. Flestir ferðamenn í Skagafirði á sumrin koma þó trúlega til þess að skoða Glaumbæjarsafn og væntanlega mun vesturfarasafnið á Hofsósi verða vel sótt.
Samstarf milli fyrirtækja í Skagafirði í þessari atvinnugrein, ferðaþjónustu, hefur verið nokkurt og þá fyrir atbeina Héraðsnefndar Skagfirðinga en þar er starfandi ferðamálafulltrúi. Þannig er bygging upplýsingastöðvar í Varmahlíð í undirbúningi, vel sett í umferðarmiðstöð héraðsins. Samstarf fyrirtækjanna hefur ekki þróast í sameiginlegt markaðsstarf þannig að þau hjálpuðust að við að fá ferðafólk til Skagafjarðar og kepptu síðan um hylli þeirra þegar þeir kæmu.
Kennsla í ferðaþjónustu hófst við Bændaskólann á Hólum 1996 og setur það Skagfirðinga í góða stöðu til þess að efla þessa grein. Einnig var veturinn 1996-97 leiðsögumannanámskeið við Farskóla Norðurlands vestra.

3.6.5.2 Veitingahús og gistiaðstaða

Veitingahús
Veitingahús eru á Sauðárkróki, Varmahlíð, Hofsósi og Lónkoti í Sléttuhlíð. Á sumrin hefur líka verið rekið veitingahús á Hólum og að Bakkaflöt við Steinsstaðabyggð.

Hótel
Í Varmahlíð er hótel rekið allt árið auk sumarhótels, gistiheimili og sumarhótel á Sauðárkróki, gistiheimili á Hofsósi og sumarhótel á Hólum í Hjaltadal og Bakkaflöt.

Orlofsheimili
Á sumrin hefur þjóðkirkjan starfrækt orlofsheimili fyrir aldraða að Löngumýri í Vallhólmi. Að vetrinum hafa þar verið ráðstefnur og námskeið, bæði á vegum kirkjunnar og stofnana og félaga í Skagafirði. Prestar á Norðurlandi hafa margir komið með fermingarbörn sín að Löngumýri ár hvert til stuttrar félags- og námsdvalar.

Gisting
Bændagisting er á 10 bæjum í Skagafirði. Að auki hefur gisting verið seld í skólum á sumrin, s.s. að Sólgörðum í Fljótum og Steinsstöðum og þar er eftirsóttur ættamótastaður.

Sumarhús
Skipulögð sumarhúsasvæði með lóðir til leigu eru í Neðra-Ási í Hjaltadal og á Steinsstöðum. Sumarhúsasvæði þar sem hús eru til útleigu eru að Vatni á Höfðaströnd og takmarkað þó á Hólum. Sumarbústaðir eru margir í Fljótum, einkum við Miklavatn og Hópsvatn. Alls eru skráðir 115 sumarbústaðir í Skagafirði en auk þeirra eru nokkur hús á Sauðárkróki og Hofsósi aðeins notuð til orlofsdvalar.

Tafla 3.6.5-1
Sumarbústaðir í Skagfirði 1994

sveitarfélag	fjöldi	sveitarfélag	fjöldi
Fljótahreppur	42	Lýtingsstaðahreppur	17
Hofshreppur	15	Seyluhreppur	5
Hólahreppur	6	Staðarhreppur	4
Viðvíkurhreppur	5	Sauðárkrókur	
Akrahreppur	12	Skefilsstaðahreppur	5

Heimild: Fasteignamat ríkisins

Fjallaskálar

nafn	staður	eigandi
Veiðihús:		
1. Arasel (Litlahraun)	við Aravatn á Skagaheiði	Ábúendur á Hrauni o. fl.
2. Ölvesvatn	við Ölvesvatn syðra á Skagaheiði	
3. Aftasel	við Vestra-Hólsvatn í Staðarfjöllum	
Skíðaskálar		
4. Heiði	við Heiði í Gönguskörðum	Skíðadeild UMF Tindastóls
Ferðafélagsskálar:		
5. Tröllá	við Tröllá í Tröllabotnum	Ferðafélag Skagfirðinga
6. Þúfnavellir	austan Viðidalsár í Viðidal, gegnt Litla-Vatnsskarði	Ferðafélag Skagfirðinga
7. Brekkusel	á mótum Sæmundarhlíðar og Vatnsskarðs	Skátafélagið Eilífsbúar
8. Ingólfsskáli	í vesturjaðri Lambahrauns, austan við Vestari-Jökulsá	Ferðafélag Skagfirðinga
9. Laugafell, við mót Eyja- og Skagafjarðarleiða á Sprengisandsleið í eigu Ferðafélags Akureyrar, er hálendismiðstöð samkvæmt tilögum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands.		
10. Hildarsel	við Austari-Jökulsá, ofan við ármót við Geldingsá	Ferðafélag Skagfirðinga og landeig.
11. Tungnahryggur	á Tungnahrygg	Ferðafélag Svarfdæla
12. Skáli	við Stóruvörðu á Heljardalsheiði	Óviss
Gangnamannaskálar:		
13. Rústakofi	við Orravatnsrústir á Hofsafrétti	
14. Skiptabakki	við gljúfur Vestari-Jökulsár á mörkum Lýtingsstaða-Hofsafréttar og Evindarstaðaheiðar og Bólstaðarhlíðarhreppa.	Upprekstrarfélag Seylu-
15. Gráni	austan og ofan við mót Geldingsár og Austar-Jökulsár	Óviss
16. Keldudalskrókur	í Keldudal, vestur af Austari-Jökulsá	Óviss
17. Heiðarland	í Krosslandi í Norðurárdal	Upprekstarfélag Akrahrepps
18. Fjall	að Fjalli í Kolbeinsdal	Upprekstarfélag Kolbeinsdals

Tjaldsvæði
Helstu tjaldsvæði í Skagafirði eru á Hofsósi, Hólum, Sauðárkróki, Varmahlíð, við Steinsstaði og á Bakkaflöt. Í flestum tilvikum hefur rekstur þeirra verið í höndum sveitarfélaga.

3.6.5.2 Afþreying
Skemmtanir í félagsheimilum í héraðinu og veitingahúsum eru mikilvægur þáttur í ferðamálum enda þótt þær dragi ekki ferðamenn til Skagafjarðar einar. Afþreying er hins vegar mikilvæg fyrir ráðstefnu- og námskeiðahald og fyrir þá ferðamenn sem eru á ferðalagi vegna vinnu.

Hestaleigur
Hestaleigur eru nokkrar starfandi í sveit og tvö fyrirtæki á Sauðárkróki selja nokkurra daga ferðir á hestum um Skagafjörð, Norðurland og yfir Kjöl.

Hrossaræktt
Allt árið koma ferðamenn til Skagafjarðar í þeim tilgangi að skoða hross og kaupa og giska má á að einn slíkur hópur komi meðaltali einn einu sinni í viku yfir veturinn frá útlöndum. Staða hrossaræktar í Skagafirði er ótvírætt ferðamál. Göngur og réttir safna ekki bara sauðfé heldur líka fólki og þá einkum stóðréttir í Skagafirði.

Gönguferðir
Ferðafélag Skagfirðinga hefur gengist fyrir gönguferðum, einkum um dali Staðarfjalla og Austurdal en sólstöðuganga út í Glerhallavík er líka árviss. Gönguferðir félagsins miðast nokkuð við fjallaskála þess. Um allan Skagafjörð eru skemmtilegar og fjölbreyttar gönguleiðir sem henta öllu fólki.

Veiði
Góðar lax- og silungsveiðiár eru í Skagafirði (sjá einnig kafla 2.5.1). Laxveiðiár eru Fljótaá, en þar hafa veiðst að meðaltali 180 laxar á ári sl. 15 ár, Laxá á Skaga þar sem hafa veiðst um 130 laxar á ári, Sæmundará um 12, í Húseyjarkvísl 115, í Hallá á Skaga um 90 og í Fossá að meðaltali um 30 laxar á ári. Af silungsveiðivötnum í Skagafirði má nefna Miklavatn, Höfðavatn, Hólsvötn, Ölvesvatn og Selvatn.

Siglingar
Siglingar niður Jökulsárnar á eru nýlunda og lofa góðu. Bátsferðir eru út í Drangey á sumrin, bæði frá Sauðárkróki og Reykjaströnd. Lítillega hafa líka verið ferðir með ferðamenn út í Málmey frá Hofsósi.

Sumaríþróttir
Um sumaríþróttir má segja svipað og um afþreyinguna hér á undan. Íþróttamót barna og unglinga, golfmót og hestamannamót laða þó sjálf marga, keppendur og tilheyrandi, sem þá eru ferðamenn. Svæði fyrir íþróttir eru líka þess vegna eftirsóknarverð.

Vetraríþróttir
Um vetraríþróttir gildir það sama og aðrar íþróttir. Góð svæði fyrir skíða- og skautaiðkun laða til sín ferðafólk og gegna líka hlutverki fyrir íbúana. Í undirbúningi er skíðasvæði að Bjarnargili í Fljótum, þar sem jafnan er nægur snjór og nýtt skíðasvæði í Tindastóli. Með heilsársvegi yfir Þverárfjall mun skapast möguleiki á að Húnvetningar nýttu sér svæðið. Skíðasvæðið að Bjarnargili hefur á sama hátt skilyrði sem byggjast á nábýli við fornfræg skíðasvæði, Siglufjörð og Ólafsfjörð.

3.6.5.3 Almenningssamgöngur
Í Varmahlíð er upplýsingamiðlun ferðamála. Varmahlíð er við vegamót þjóðvegar 1 og héraðsvega í Skagafirði og eiga flestir ferðamenn í Skagafirði leið þar um. Samgöngur í Skagafirði eru tiltölulega vel tengdar öðrum landshlutum, daglegar rútuferðir eru allt árið, 1-2 ferðir á dag yfir vetrarmánuðina en 2-3 ferðir á dag yfir sumarmánuðina og daglegt áætlunarflug er til Sauðárkróks allt árið. Almenningssamgöngur innan Skagafjarðar eru hins vegar litlar. Sjá annars um fólksflutninga í kafla 3.9.5.

3.6.6 Aðrar atvinnugreinar

3.6.6.1 Iðnaður
Með tilkomu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki fjölgaði störfum í iðnaði töluvert og hefur það haft víðtæk áhrif á byggð og atvinnulíf á Sauðárkróki svo og í Skagafirði öllum þar sem íbúar í nærsveitum Sauðárkróks sækja nokkuð vinnu í verksmiðjuna. Sútunarverksmiðja á Sauðárkróki er annað stórt iðnfyrirtæki í Skagafirði. Verksmiðjan hefur átt í töluverðum erfiðleikum í rekstri á tímabilum en sérstakar væntingar eru tengdar sútun á fiskroði með tækni sem fyrirtækið hefur verið að þróa. Í öðrum vefjaiðnaði er starfsemi fremur lítil, helst í prjónaiðnaði. Prjóna- og saumastofur eru á Sauðárkróki og Hofsósi. Mörg störf hafa verið við framleiðslu á púströrum og járnvörum á Hofsósi og fyrirtækið Hofsósi mikilvægt. Þjónustuiðnaður s.s. bíla- og vélaviðgerðir og verktakastarfsemi í ýmsum iðngreinum og flestum sviðum verklegra framkvæmda er að finna á nokkrum stöðum, Hofsósi og Varmahlíð en einkum á Sauðárkróki..

3.6.6.2 Þjónusta
Opinber þjónusta og stjórnsýsla eru veigamestu þættir þjónustunnar í Skagafirði. Opinber þjónusta hefur aukist nokkuð á síðustu árum, þá einkum á Sauðárkróki. Sjúkrahús Skagfirðinga, hjúkrunarheimili og heilsugæslustöð eru á Sauðárkróki og sjúkraskýli á Hofsósi. Skólar og starfsemi þeim tengd er einnig stór hluti þjónustunnar sem og starfsemi sveitarfélaganna (sjá kafla 3.7 og 3.8). Verslanir eru margar á þéttbýlisstöðunum og mörg störf í verslun og bankastarfsemi. Þjónusta einkafyrirtækja er mest á Sauðárkróki, s.s. á sviði fasteignasölu, trygginga, bókhalds og ráðgjafar og heilbrigðisþjónustu af ýmsu tagi.

Heimildaskrá

3.6 Atvinnuvegir
3.6.1 Landbúnaður
Árni Snæbjörnsson, 1994: Jarðrækt og hlunnindi. Í: Búnaðarrit, 107 árg. Reykjavík. Bls. 23-31.
Búnaðarsamband Skagafjarðar: Tölulegar upplýsingar um landbúnað í Skagafirði.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.
Jón Viðar Jónmundsson: Nokkrar niðurstöður úr könnun um búskaparstöðu á bújörðum á Norðurlandi. Ódags. fjölrit. Ræktunarfélag Norðurlands.
Lárus Ágúst Gíslason,1982: Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Prentsmiðjan Leiftur hf. Reykjavík. 334 bls.
Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.
Valdimar Einarsson: Valkostir fyrir íslenskan landbúnað. Erindi flutt á aðalfundi sauðfjárbænda á Flúðum 24. ágúst 1992.
Veiðimálastofnun: Tölulegar upplýsingar um laxveiðiár í Skagafirði.
Viðtöl:
Egill Bjarnason, ráðunautur Búnaðarsambandi Skagfirðinga.

3.6.2 Úrvinnsla landbúnaðarafurða
Árbækur landbúnaðarins (1955-1995).

3.6.3 Útgerð og fiskvinnsla
Byggðastofnun, 1987: Útgerðarstaðir á Íslandi.
Fiskifélag Íslands: Útvegur 1994.

Lúðvík Kristjánsson, 1982-1986: Íslenskir sjávarhættir. Menningarsjóður, Reykjavík.
Sigfús Jónsson, 1984: Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. 307 bls.

3.6.4 Fiskeldi og fiskeldismöguleikar
Allendorf, Fred. 1991: Ecological and genetic effects of fish introductions: Synthesis and recommendations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48(Suppl. 1).
Atsushi, Usui . Eel Culture. England 1979.
Bjarni Jónsson, 1995: Verndun og nýting íslenskra laxastofna. Freyr 6. tbl. 1995.
Einar Svavarsson 1994: Bleikjukynbætur og gæðaímynd bleikjueldisafurða. Eldisfréttir 1. tbl.
Emma Eyþórsdóttir, Þuríður Pétursdóttir og Einar Svavarsson: Samanburður á bleikjustofnum. Ráðunautafundur 1993.
Gausen D. og Moen V. 1991: Large-scale escapes of farmed Atlantic salmon (Salmo salar) into Norwegian rivers threaten natural populations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48.
Gerður Stefánsdóttir: Frárennsli frá fiskeldisstöðvum. Áhrif næringarefna á umhverfið og takmörkun ákomu. Handrit Hólaskóli 1995.
Grotnes, Per og Kristoffersen, Roar, 1989: Ferskvassrøye til oppdrett? Ottar, nr. 176.
Hindar, Kjetil., Ryman Nils. og Utter Fred. 1991: Genetic effects of cultured fish on natural fish populations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48.
Jahnsen Terje Leseth: Sjørøye som oppdrettsfisk. Utvikling og klekking av sjørøyeegg, (Salvelinus alpinus L.) ved forskjellige temperaturer. Hovedoppgave I ressursbiologi (akvakultur). Institutt for fiskerifag Universitetet I Tromsø 1980.
Jónas Jónasson, 1986: Afrit af bréfum sem send voru bændum sem höfðu áhuga á að láta skoða hjá sér aðstæður til fiskeldis. Skýrsla Veiðimálastofnun.
Jón Örn Pálsson, 1995: Aröseni í bleikjueldi. Áhrif vatnshita á hagkvæmni samanburðarathugun. Skýrsla Veiðimálastofnun, Norðurlandsdeild.
Jón Örn Pálsson, 1995: Vatnstaka úr ám og lækjum til fiskeldis. Skýrsla Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild.
Mills, Derek: Ecology and Management of Atlantic salmon. England 1991.
Ólafur Sigurgeirsson: Kennsluhandrit um fisksjúkdóma. Handrit Hólaskóli 1995.
Óskar Ísfeld Sigurðsson: Stofnun fiskeldisfyrirtækis. Handrit 1995.
Reglugerð um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, Stj.tíð. B, nr. 401/1988.
Reglugerð um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, Stj.tíð. B, nr. 403/1986.
Sigurður Guðjónsson, 1991: Occurrence of reared salmon in natural salmon river in Iceland. Aquaculture, 98.
Valdimar Gunnarsson: Bleikjueldi. Handrit Hólaskóli 1989.
Valdimar Gunnarsson: Sjókvíaeldi. Kennsluhandrit Hólaskóli 1991.
Valdimar Gunnarsson: Vatns- og súrefnisnotkun í laxeldi. Kennsluhandrit Hólaskóli 1991.
Þróun fiskeldis. Rannsóknarráð ríkisins rit 1986:1.
Að auki var stuðst við fyrirlestra frá þingi NASF, Kýlaveikiógnunin og villtur lax í brennidepli, ráðstefna í Reykjavík í september 1995, ýmis gögn í fórum Bjarna Jónssonar og munnlegar upplýsingar frá ýmsum aðilum.

3.6.5 Ferðaþjónusta
Árni Reynisson, 1973: Sumarbyggð. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 175-187.
Bragi Þór Haraldsson: Staðsetning og eignarhald á fjallaskálum.
Ferðamálaráð Íslands: Veturinn'94-'95. Skrá yfir gisti- , veiði-, golf-, og sundstaði.
Halldór Halldórsson, 1995: Skýrsla um ferðamál í Skagafirði. Héraðsnefnd Skagfirðinga.
Knud Jeppeson, 1990: Hugleiðingar um sumarbústaði og landslag.
Vilhjálmur Lúðvíksson, 1973: Land til útivistar. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 165-174.

3.6.6 Aðrar atvinnugreinar
Safn iðnsögu Íslendinga: Hið íslenska bókmenntafélag. Ritröð.
Sigurður Snævarr, 1993: Haglýsing Íslands. Heimskringla.
Staðarval um iðnrekstur, 1983: Staðarval fyrir orkufrekan iðnað. Iðnaðarráðuneytið. Bls. 88-89.

3.7 Stjórnsýsla og þjónusta sveitarfélaga

3.7.1 Samstarf og stjórnkerfi

Sveitarstjórnalögin sem tóku gildi 1986 kváðu á um að sýslunefndir skyldu lagðar af. Í stað sýslunefndar stofnuðu sveitarfélögin í Skagafirði Héraðsnefnd Skagfirðinga og er starfssvæði hennar öll Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður. Nefndin tók til starfa um áramótin 1988-1989 og er heimili hennar og varnarþing á Sauðárkróki. Í Héraðsnefnd sitja í dag (1995) 20 fulltrúar, þar af eru átta frá Sauðárkróki, tveir úr Hofshreppi og einn úr hverjum hinna hreppanna, en samkvæmt lögum nefndarinnar kýs sveitarstjórn einn fulltrúa í héraðsnefnd fyrir hverja 350 íbúa. Skipting kostnaðar vegna reksturs héraðsnefndar fer eftir tekjustofnum sveitarfélaganna, Sauðárkrókur greiðir rúmlega 58% kostnaðar við rekstur héraðsnefndar og dreifbýlishrepparnir því tæplega 42%. Af dreifbýlishreppunum greiða Hofshreppur og Seyluhreppur hvað mest, en Hofshreppur greiðir 9.1% og Seyluhreppur 7.1%.
Verkefni héraðsnefndar eru: Eftirlit með fjárreiðum og starfsháttum sveitarstjórna, að semja reglugerðir um afréttir, fjallskil, smalanir og skráning fjármarka, hafa takmarkaða umsjón með vegaframkvæmdum, stýra sjóðum og stofnunum sem áður heyrðu undir sýslunefnd, uppbygging og rekstur sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva, heilbrigðiseftirlit, uppbygging og rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila fyrir aldraða og íbúða fyrir aldraða, almannavarnir og eldvarnir, framhaldsskólar í Skagafirði, skipulags- og byggingamál, rekstur héraðssafna og ýmis verkefni sem varða héraðið í heild. Þá má geta þess að ferðamálafulltrúi Skagafjarðar heyrir undir Héraðsnefnd.
Í Skagafirði eru tólf sveitarfélög: Skefilsstaðhreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur og Fljótahreppur. Nokkrar breytingar hafa orðið á mörkum sveitarfélaga síðustu ár. Árið 1988 sameinuðust Holta- og Haganeshreppar í Fljótahrepp og árið 1990 sameinuðust Hofsós-, Hofs-, og Fellshreppar í Hofshrepp. Í ársbyrjun 1997 hófust viðræður meðal sveitarfélaga um sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Öll sveitarfélögin að undanskildum Akrahreppi taka þátt í þeim viðræðum.
Sauðárkróksbær, Hofshreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Hólahreppur og Staðarhreppur reka bæjar- eða hreppsskrifstofur, en í öðrum hreppum er skrifstofa á heimili oddvita. Aðeins á Sauðárkróki og í Hofshreppi eru sérstakir starfsmenn er sjá um skrifstofurnar en annars staðar eru það oddvitarnir sem sjá um skrifstofuhaldið. Bæjarstjórinn á Sauðárkróki er framkvæmdarstjóri bæjarfélagsins, undir honum starfa síðan yfirmenn ákveðinna sviða. Helstu yfirmenn eru: bæjartæknifræðingur, byggingarfulltrúi, veitustjóri, rafveitustjóri, hafnarstjóri, félagsmálastjóri, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi og bæjarritari.

3.7.2 Heilbrigðisþjónusta

Þessum kafla fylgir 12. þemakort, Heilbrigðisþjónusta og almannavarnir.
Lengi vel var Skagafjörður tvö læknishéruð og höfðu læknar aðsetur á Sauðárkróki og í Hofsósi. Árið 1973 er Hofsóslæknishérað hlutað niður og nyrsta hluta þess Fljótum bætt við Siglufjarðarumdæmi, en að öðru leyti heyrir sýslan undir sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Sauðárkróki.
Sjúkrahús Skagfirðinga er á Sauðárkróki. Fyrst var byggt sjúkrahús á Sauðárkróki árið 1901 en núverandi sjúkrahús var tekið í notkun árið 1961. Heilsugæslustöð var byggð við sjúkrahúsið 1979 og hjúkrunar og dvalarheimili árið 1983. Í dag eru sex starfandi læknar við sjúkrahúsið og sjúkrarúm eru 82. Á Hofsósi er heilsugæslustöð og þar starfar einn hjúkrunarfræðingur, auk þess sem læknir kemur frá Sauðárkróki einu sinni í viku.
Önnur heilbrigðisþjónusta er allnokkur í Skagafirði, t.d. eru þrír tannlæknar starfandi á Sauðárkróki og þar er einnig lyfsala.
Dýralæknishéruð í Skagafirði eru tvö, annarsvegar er dýralæknir á Sauðárkróki sem þjónar vestanverðu héraðinu auk Akrahrepps og hinsvegar dýralæknir á Hofsósi sem þjónar austanverðu héraðinu. Að auki er tveir dýralæknar í héraðinu sem starfa sjálfstætt, annar þeirra starfar við Bændaskólann á Hólum og er starfsemi hans bundin við skólann og Hólastað, en hinn dýralæknirinn rekur dýraspítala að Hjalla í Blönduhlíð.

3.7.3 Þjónusta við aldraða

Þjónustu við aldraða er uppbyggð og rekin af Héraðsnefnd Skagfirðinga. Samkvæmt samningi við sjúkrahúsið sér það um rekstur á hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða á Sauðárkróki, þar er rými fyrir 43, auk þess eru þar 10 þjónusturými. Sauðárkróksbær og héraðsnefnd eiga og reka í sameiningu sex íbúðir fyrir aldraða á Sauðárkróki. Á Hofsósi eru fjórar íbúðir fyrir aldraða og eru þær reknar af héraðsnefnd. Á vegum héraðsnefndar starfar öldrunarnefnd og sinnir hún fyrst og fremst félagsmálum aldraðra. Þá er starfandi á vegum sjúkrahússins og héraðsnefndar þjónustuhópur er annast vistunarmat aldraðra.

Heimilisþjónusta fyrir aldraða er veitt af Sauðárkróksbæ, Hofshrepp, Seyluhrepp, Lýtingsstaðahrepp, Akrahrepp, Skarðshrepp og Viðvíkurhrepp. Í öðrum hreppum þar sem þessi þjónusta er ekki innt af hendi, oft vegna þess að ekki er þörf á, er komið til móts við aldraða með niðurfellingu eða lækkun á ýmsum gjöldum.

3.7.4 Félagsþjónusta og þjónustusvæði

Félagsleg þjónusta er veitt af öllum sveitarfélögum í Skagafirði, en í mismiklum mæli. Á Sauðárkróki er sérstakur félagsmálastjóri er hefur yfirumsjón með þeirri félagslegu þjónustu sem bærinn veitir. Helstu málaflokkar er heyra undir félagsmálastjóra eru: leikskólar og daggæsla, barnavernd, málefni fatlaðra, öldrunarmál, heimilisþjónusta, jafnréttismál og ýmis konar ráðgjöf.

Leikskólar á Sauðárkróki eru tveir. Í ársbyrjun 1995 voru 136 börn í vistun á leikskólunum, verið er að byggja við annan skólann og skapast þá 50 ný pláss. Auk dagvistunnar á leikskólum eru starfandi 6 dagmæður með 24 dagvistunarpláss. Á Hofsósi er rekinn leikskóli og þar er pláss fyrir tæplega 20 börn. Í Varmahlíð reka Akrahrepppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur leikskóla og þar er pláss fyrir 10 börn í heildagsvistun, auk þess greiðir Lýtingsstaðahreppur að hluta starfsemi dagmömmu á Steinsstöðum. Á Hólum í Hjaltadal er leikskóli með aðstöðu fyrir 12 börn. Í Melsgili er leikskóli sem rekinn er af Staðarhreppi og Skarðshreppi og þar hafa verið 11 börn. Í Félagsheimili Rípurhrepps er leikskóli sem er starfræktur hálfan daginn og þjónar hann hreppsbúum. Á Hofsvöllum í Lýtingsstaðahreppi hefur verið dagvistun.

Barnaverndarnefndir sveitarfélaganna í héraðinu voru sameinaðar árið 1995 og nú eru öll sveitarfélögin 12 aðilar að barnaverndarnefnd Skagafjarðar. Félagsmálastjórinn á Sauðárkróki er starfsmaður nefndarinnar.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er starfandi á Sauðárkróki og hefur hann yfirumsjón með íþróttastarfsemi og íþróttamannvirkjum, auk félagsmiðstöðvar, vinnuskóla og leikjanámskeiða. Bærinn rekur félagsmiðstöð fyrir unglinga í Gagnfræðaskólahúsinu og hefur hún verið starfrækt síðan 1990.

Vinnuskóli hefur verið starfræktur á sumrin fyrir börn á aldrinum 12 til 16 ára, sömuleiðis hefur bærinn boðið uppá leikjanámskeið, skólagarða og starfsvöll fyrir börnin. Í Hofshreppi hefur hreppurinn starfrækt vinnuskóla fyrir unglinga og í samvinnu við Umf. Neista hefur verið boðið uppá leikjanámskeið. Seyluhreppur hefur starfrækt vinnuskóla fyrir unglinga, einnig Hólahreppur og hefur það verið gert í samvinnu við Bændaskólann.

3.7.5 Skólar og starfssvæði

3.7.5.1 Grunnskólar

Þessum kafla fylgir 9. þemakort, Kirkjusóknir, kirkjur, skólar og söfn.

Átta grunnskólar eru starfandi í Skagafirði 1996. Skóli var starfræktur fram til 1994 í Skefilsstaðahreppi en ekki síðan sökum fámennis, aðeins einn nemandi var skráður í skólann. Skólaselið í Melsgili var lagt niður á vordögum 1996.

Þetta skólaskipulag í Skagafirði komst á í megindráttum fyrir um það bil 25 árum, en Skagfirðingar höfðu lengi velt vöngum yfir skipulagi skólastarfs og því hvernig skipting skólahverfa skyldi vera. Allt frá miðjum fjórða áratugnum höfðu Skagfirðingar uppi hugmyndir um að reisa héraðsskóla í Varmahlíð. Starfsemi unglingaskóla hófst þar árið 1944 og stóð til ársins 1946, en þá var ljóst að ekkert yrði úr fyrirhuguðum stórframkvæmdum. Löngu seinna tókst samstarf meðal dreifbýlissveitarfélaganna í firðinum um byggingu heimavistarskóla í Varmahlíð og var hann tekinn í notkun árið 1973. Um 1950 höfðu Lýtingar byggt veglegan heimavistarskóla á Steinsstöðum og þangað sóttu nemendur víða að úr Skagafirði áður en Varmahlíðarskóli var byggður. Árið 1980 klufu Hofsós-, Hofs- og Fellshreppur sig útúr samstarfinu um Varmahíðarskóla og byrjað var að kenna alla bekki grunnskólans við skólann í Hofsósi.

Eftirfarandi tafla sýnir starfandi grunnskóla í Skagafirði veturinn 1996-1997, hvar þeir eru staðsettir, fjölda nemenda, hvaða bekkjardeildum er kennt og þá íþróttaaðstöðu sem til staðar er.

Tafla 3.7.5-1
Grunnskólar í Skagafirði 1996-1997

Grunnskólar	Bekkir	Fjöldi nemenda	Sveitarfélag	Íþróttaaðstaða
Varmahlíðarskóli	1-10		Seylu- og Skarðshr.	Íþróttahús og sundlaug
			að hluta	
	6-10		Staðarhreppur	
	8-10		Akra- og Fljótahr.	
	10		Hóla- og Viðvíkurh.	
	9-10	105	Lýtingsstaðahr.	
Skólasel Melsgili			aflagt 01.08 1996	
Steinsstaðaskóli	1-9	46	Lýtingsstaðahr	Sundlaug
Grunnsk. Akrahrepps	1-7	22	Akrahreppur	
Grunnsk. Rípurhr.	1-7	9	Ripurhreppur	
Grunnsk. Hólum	1-9	34	Hóla- og Viðvíkurhr.	Íþh. og sundl
Grunnsk. Hofsósi	1-10	66	Hofshreppur	
Grunnsk. Sólgörðum	1-7	10	Fljótahreppur	Sundlaug
Grunnsk. Sauðárkr.	1-10		Sauðárkrókur og	Íþróttahús og sundlaug
			hluti Skarðshr.	
	8-10	487	Rípur- og Skefilsstaðahr-	

Heimild: Skólastjórar í Skagafirði

Þær samgöngubætur sem orðið hafa síðustu 20 árin hafa leitt til þess að tími heimavistarskólanna virðist vera að líða undir lok, þetta á við um heimavistarskólana í Skagafirði líkt og annars staðar. Því er svo komið í dag að aðeins 20 nemendur búa á heimavist í Varmahlíð, en þar var gert ráð fyrir um 50 nemendum. Á Steinsstöðum er heimavistin ónotuð. Skólabílar flytja því nemendur úr öllum dreifbýlisskólunum alla skóladaga á milli heimilis og skóla. Misjafnt er hversu langt skólabílarnir þurfa að aka, mestu vegalengdir eru 25-30 km. Þess má geta að skólastjóri Varmahlíðarskóla hefur þá reglu að búi nemendur í meira en 25 km fjarlægð frá skóla þá skuli þau dvelja á heimavist.

Grunnskólanum á Sauðárkróki er skipt í neðra stig (Barnaskóli) og efra stig (Gagnfræðaskóli). Barnaskólinn, með fimm yngstu bekkina, er til húsa í gamla skólahúsinu við Freyjugötu, en Gagnfræðaskólinn, með seinni fimm bekkina, í skólahúsinu við Skagfirðingabraut. Við Gagnfræðaskólann er starfrækt sérdeild.

Á síðustu árum hefur töluverð umræða verið um breytta skipan skólahverfa í Skagafirði og ljóst er að einhverjar breytingar muni verða þar á komandi árum. Fyrir því eru fyrst og fremst þrjár ástæður; í fyrsta lagi hafa samgögur batnað verulega síðastliðna áratugi, í öðru lagi kallar tilfærsla grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga á ákveðnar breytingar, og í þriðja lagi hefur nemendum í dreifbýlisskólunum fækkað töluvert á síðustu árum.

Skólarnir í Skagafirði heyrðu undir fræðsluskrifstofuna á Blönduósi og nutu þjónustu hennar. Tilfærsla grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga hafði í för með sér að fræðsluskrifstofurnar í kjördæmunum voru lagðar af. Því þurftu sveitarfélögin í Skagafirði að taka ákvörðun um hvernig þeim málaflokkum er skrifstofan hafði á sinni könnu verði skipað í framtíðinni.

3.7.5.2 Skólaskrifstofa Skagafjarðar

Flutningur grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga varð til þess að fræðsluskrifstofan á Blönduósi var lögð af. Stofnfundur byggðasamlags um rekstur skólaskrifstofu Skagafjarðar var þann 2. maí 1996. Að baki skólaskrifstofu Skagafjarðar standa öll sveitarfélög í Skagafirði. Verkefni skólaskrifstofunnar eru að veita grunnskólum Skagafjarðar þá sérfræðiþjónustu sem ætlað er að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Starfsmenn skólaskrifstofunnar eru þrír.

3.7.5.3 Tónlistarskólar

Tónlistarskólar eru tveir í Skagafirði.

Tónlistarskóli Skagafjarðar á Sauðárkróki, rekinn af Sauðárkróksbæ, er þeirra elstur en skólinn tók til starfa árið 1965. Í upphafi voru nemendur við skólann 20 en síðan hefur hann vaxið og dafnað og veturinn 1994-1995 voru nemendur 170 og við skólann störfuðu átta kennarar. Kennt er á flest hljóðfæri.

Tónlistarskóli Skagafjarðarsýslu var stofnaður árið 1976 og starfar víða um héraðið. Í dag er kennt á Sólgörðum, Hofsósi, Hólum, Ökrum, Varmahlíð, Steinsstöðum og í Melsgili. Höfuðstöðvar skólans hafa

lengst af verið í Varmahlíð og á Hofsósi. Veturinn 1994-1995 voru 115 nemendur og við skólann störfuðu sex kennarar. Kennt er á flest hljóðfæri.
Vaxandi samvinna er á milli skólanna, er þar fyrst og fremst um að ræða samnýtingu á kennurum.

3.7.6 Söfn og starfssvæði

Þessum kafla fylgir 9. þemakort, Kirkjusóknir, kirkjur, skólar og söfn.
Safnahús Skagfirðinga er á Sauðárkróki og hýsir það héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn og listasafn ásamt því að vera mikið ættfræðisafn.
Byggðasafn Skagfirðinga er í Glaumbæ og var það opnað árið 1952. Safnið var upphaflega í gömlu bæjarhúsunum í Glaumbæ, en á síðustu árum hafa bæst við safnið tvö hús, Gilsstofan og Áshúsið. Áshúsið var opnað gestum vorið 1995 en ennþá er unnið að uppsetningu Gilsstofu. Á Hofsósi er Drangeyjarsafn og heyrir það undir byggðasafn Skagfirðinga.
Vesturfarasetur var opnað á Hofsósi sumarið 1996 en það safn geymir sögu vesturfaranna, en fjölmargir Íslendingar fluttu til Vesturheims í lok síðustu aldar.
Náttúrugripasafn Skagfirðinga er í Varmahlíðarskóla en það er í eigu Varmahlíðarskóla og Héraðsnefndar Skagfirðinga.
Einkasöfn eru nokkur á Sauðárkróki og má þar nefna iðnaðarsafnið í húsi iðnaðarmannafélagsins. Einnig er minjasafn á Reykjum í Lýtingsstaðahreppi sem er í einkaeign.
Dómkirkjan á Hólum og gömlu bæjarhúsin eru í umsjá þjóðminjavarðar að hluta til.
Bókasöfn eru rekin í öllum hreppum í Skagafirði að undanskildum Skarðshreppi, enda njóta Skarðshreppingar nálægðarinnar við héraðsbókasafnið. Þá er bókasafn í Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki, í Bændaskólanum á Hólum og grunnskólunum á Sauðárkróki.

3.7.7 Almanna- og eldvarnir og löggæsla

3.7.7.1 Almanna- og eldvarnir

Þessum kafla fylgir 12. þemakort, Heilbrigðisþjónusta og almannavarnir.
Almannavarnarnefnd er starfandi í héraðinu og lögum samkvæmt eiga öll sveitarfélögin aðild að henni, nefndin hefur aðsetur á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki og á Hofsósi eru starfandi björgunarsveitir og flugbjörgunarsveit er í Varmahlíð.
Brunavarnir Skagafjarðar sjá um eldvarnareftirlit og rekstur slökkviliðs í allri Skagafjarðarsýslu. Höfuðstöðvar slökkviliðsins eru á Sauðárkróki, en útibú eru á Hofsósi og í Varmahlíð, einnig er slökkvibúnaður í Fljótum. Slökkviliðið er nokkuð vel tækjum búið, reyndar eru mörg tækjanna töluvert komin til ára sinna en samt sem áður í ágætu ásigkomulagi. Slökkvistöðin á Sauðárkróki hefur yfir að ráða þremur slökkvibílum, tveir bílar eru staðsettir í Hofsós og einn í Varmahlíð. Einungis dælubúnaður er í Fljótum.
Rauðakrossdeildin í Skagafirði á og kostar rekstur þriggja sjúkrabíla, tveir eru staðsettir á Sauðárkróki og sér slökkvistöðin þar um bílana en Rauði krossinn rekur sjálfur bílinn í Hofsósi.

3.7.7.2 Löggæsla

Lögreglustöð er á Sauðárkróki og þjónar hún öllu héraðinu. Löggæsluna annast sjö fastráðnir lögreglumenn, auk yfirstjórnar, sem er sýslumaður og löglærðir fulltrúar hans. Þá eru ráðnir átta héraðslögreglumenn, sem hægt er að kalla út þegar þörf krefur og ellefu hreppstjórar, sem sinna að hluta löggæslustörfum. Auk almennrar löggæslu sér lögreglan um tollvörslu skipa er koma erlendis frá að Sauðárkrókshöfn. Lögreglan hefur til umráða tvær bifreiðar.

3.7.8 Íþróttamannvirki, félagsheimili og þjónustusvæði

Þessum kafla fylgir 13. þemakort, Félagsheimili, íþróttamannvirki og sorphirða.
Sundlaug er á Sauðárkróki sem byggð var árið 1953, endurbætt 1971 og nýverið var bætt við aðstöðu laugarinnar tveimur nuddpottum. Í Varmahlíð er sundlaug sem fullgerð var 1940 og síðan endurbætt 1992. Á Steinsstöðum, Hólum í Hjaltadal og á Sólgörðum í Fljótum eru sundlaugar.
Íþróttahús var tekið í notkun á Sauðárkróki árið 1983 en aðeins er lokið við fyrri hluta hússins en áætlað er að ljúka síðari hluta á næstu árum og verður gólfflötur hússins 46x29m. Íþróttasalurinn við Barnaskólann er ennþá mikið notaður. Í Varmahlíð var íþróttahús tekið í notkun 1995 og er gólfflötur hússins 33x18m. Á Hólum í Hjaltadal er lítið íþróttahús en gólfflötur þess er 15x8m.

Íþróttavellir á Sauðárkróki er afbragsgóðir og við aðalvöllinn er góð aðstaða fyrir áhorfendur. Á Hofsósi er nýr íþróttavöllur í byggingu með aðstöðu fyrir áhorfendur og stórt æfingasvæði fyrir knattspyrnumenn. Á Steinsstöðum er nýr knattspyrnuvöllur og í Varmahlíð er íþróttavöllur í byggingu.
Skíðasvæði Sauðkrækinga er við Heiði í Gönguskörðum, aðeins ein toglyfta er á svæðinu. Fyrirhugað er að flytja svæðið ofar í Tindastólinn og jafnframt að bæta alla aðstöðu til muna.
Skeiðvellir eru á Sauðárkróki, Vindheimamelum, Hofsósi og á Hólum. Þá er nýleg reiðskemma á Hólum. Á Vindheimamelum hafa hestamannafélögin í Skagafirði byggt upp skeiðvelli og þar er einhver fullkomnasta aðstaða landsins til iðkunnar hestamensku.
Niu holu golfvellir eru á Sauðárkróki og Lónkoti í Sléttuhlíð.
Félagsheimili eru í flestum sveitarfélögum í Skagafirði. Þau er víða notuð undir fjölbreytta starfsemi og notuð til iðkunnar íþrótta í Höfðaborg á Hofsósi og Árgarði í Steinsstaðahverfi.
Flest þessara félagsheimila eru í eigu sveitarfélaganna, oft eiga félagasamtök s.s. ungmennafélög og kvenfélög einhvern hluta. Undantekning er Hlíðarhúsið í Óslandshlíð sem er alfarið í eigu ungmennafélagsins Neista.
Víða eru skólahús notuð til samkomuhalds, má þar nefna grunnskólahúsið á Hólum sem hefur verið nýtt sem félagsheimili fyrir Hjaltadal og Viðvíkursveit, þá hafa bóknámshús Fjölbrautarskólans og Safnahúsið á Sauðárkróki töluvert verið notuð undir fundi og aðrar samkomur. Safnaðarheimilin við Sauðárkrókskirkju og Hofsstaðakirkju eru töluvert notuð til fundahalda. Ýmis félagasamtök á Sauðárkróki hafa eigið húsnæði sem þau oft á tíðum leigja út til funda og samkomuhalds, má þar nefna hús Golfklúbbsins, verkalýðsfélagsins Fram, iðnaðarmannafélagsins, hús stjórnmálaflokkanna og hestamannafélagsins Léttfeta.

Tafla 3.7.8-1
Félagsheimili í Skagafirði

	staðsetning	fullgert	stærð m²
Skagasel	Hvalnesi Skaga	1986	297,8
Bifröst	Sauðárkróki	1925/53	610,0
Ljósheimar	Borgarsveit	1992	343,4
Melsgil	Staðarsveit	1942/90	461,3
Miðgarður	Varmahlíð	1967	
Árgarður	Steinsstaðahverfi	1974	547,6
Héðinsmynni	Blönduhlíð	1920/62/90	386,3
Félagsh. Rípurhr.	Hegranesi	1969	278,1
Hlíðarhúsið	Óslandshlíð	1926	99,8
Höfðaborg	Hofsósi	1973	
Ketilás	Fljótum	1964/92	341,8

Heimild: Fasteignamat rikisins

Heimildaskrá

3.7 Stjórnsýsla og þjónusta sveitarfélaga
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Kristmundur Bjarnason 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, 1. bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 322 bls.
Kristmundur Bjarnason 1989: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, 2. bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 438 bls.
Viðtöl:
Árni Egilsson, sveitarstjóri Hofshrepps.
Bjarni Egilsson, oddviti Skefilsstaðahrepps.
Broddi Björnsson, oddviti Akrahrepps.
Elín Sigurðardóttir, oddviti Lýtingsstaðahrepps.
Haraldur Þór Jóhannsson, oddviti Viðvíkurhrepps
Ingibjörg Hafstað, oddviti Staðarhrepps.
Magnús Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Skagfirðinga.
Símon Traustason, oddviti Rípurhrepps.
Sigurður Haraldsson, oddviti Seyluhrepps.
Úlfar Sveinsson, oddviti Skarðshrepps.
Valgeir Bjarnason, oddviti Hólahrepps.
Örn Þórarinsson, oddviti Fljótahrepps.

3.7.1 Samstarf og stjórnkerfi
Héraðsnefnd Skagfirðinga: Samþykktir og fundarsköp héraðsnefndar ásamt skipuriti nefndarinnar.
Viðtöl:
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri Sauðárkróki.

3.7.2 Heilbrigðisþjónusta
Birgir Gunnarsson: Ársskýrsla Sjúkrahúss Skagfirðinga og heilsugæslustöðvar 1994.
Birgir Gunnarsson: Ýmisleg skrifleg gögn um starfsemi Sjúkrahúss Skagfirðinga
Viðtöl :
Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Skagfirðinga.

3.7.3 Þjónusta við aldraða
Viðtöl:
Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Skagfirðinga.
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri Sauðárkróks.
Gestur Þorsteinsson, fjárhaldsmaður dvalarheimilisins á Sauðárhæðum.

3.7.4 Félagsþjónusta og félagssvæði
Regína Ástvaldsdóttir: Samantekt um félagsmálasvið Sauðárkróksbæjar.

3.7.5 Skólar
Byggðastofnun 1991: Skipting landsins í sveitarfélög.
Feykir 21. tbl. 31. maí 1995.
Feykir 30. tbl. 30. ágúst 1995.
Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra: Tölulegar upplýsingar um grunnskóla í Skagafirði.
Könnun meðal skólastjóra í Skagafirði. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði".
Viðtöl:
Anna Jónsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu.

3.7.6 Söfn og starfssvæði
3.7.7 Byggðasafn Skagfirðinga: Söfnunarstefna.
Ögmundur Helgason: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Skagfirðingabók nr. 7. Sögufélag Skagfirðinga 1975. Bls. 201-207.

3.7.7 Almanna- og eldvarnir og löggæsla
Brunavarnir Skagafjarðar: Ársskýrsla 1994.
Halldór Þ. Jónsson. Samantekt um löggæslu. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði".
Viðtöl:
Óskar Óskarsson, slökkviliðstjóri Sauðárkróki.

3.7.8 Íþróttamannvirki, félagsheimili og þjónustusvæði
Páll Kolbeinsson: Upplýsingar um íþróttamannvirki á Sauðárkróki.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.
Viðtöl:
Pálmi Rögnvaldsson, útibússtjóri Búnaðarbankans Hofsósi.

3.8 Stjórnsýsla og þjónusta ríkisstofnana

3.8.1 Framhaldsskólar, starfssvæði

Í Skagafirði eru starfandi tveir framhaldsskólar, Bændaskólinn á Hólum og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

3.8.1.1 Bændaskólinn á Hólum er einn elsti framhaldsskóli landsins, hann var stofnaður árið 1882. Í upphafi var skólinn rekinn af Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, seinna gerðust hinar sýslur norðuramts, Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjasýsla aðilar að skólanum en síðan 1907 hefur ríkissjóður séð um rekstur skólans. Við skólann eru þrjár námsbrautir; almenn búfræðibraut sem skiptist í búfræðilínu og hrossaræktarlínu, fiskeldisbraut og ferðamálabraut sem tók til starfa haustið 1996. Unnt er að ljúka stúdentsprófi frá skólanum en það krefst þess að viðkomandi hafi lokið hluta af almennu stúdentsnámi. Skólaárið 1993-1994 voru 44 nemendur í skólanum. Þeir komu víða að af landinu, en aðeins tveir voru úr Skagafirði. Þar hefur orðið mikil breyting á því löngum voru Skagfirðingar fjölmennir í hópi nemenda og tæpur fjórðungur þeirra nemenda er luku prófum frá skólanum fyrstu hundrað starfsár hans voru Skagfirðingar. Nemendur búa á námsgörðum.

3.8.1.2 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er á Sauðárkróki. Skólinn tók til starfa árið 1979 og yfirtók þá lönskóla Sauðárkróks sem hafði starfað frá árinu 1946, og framhaldsdeild gagnfræðaskólans sem hafði verið við lýði í tvö ár. Öll sveitarfélögin í kjördæminu eru aðilar að rekstri skólans, en íbúafjöldi sveitarfélags og fjarlægð þess frá skólanum stýra því hversu stóran hluta kostnaðar þau greiða. Við upphaf skólans voru nemendur 82 en síðan hefur fjöldi þeirra vaxið jafnt og þétt og árið 1994 voru þeir 476, þar af voru 279 úr Skagafirði. Fjöldi námsbrauta er í boði við skólann, má skipta þeim í þrjá aðalflokka: Í fyrsta lagi eru það stúdentsprófsbrautir, en þær eru; félagsfræðibraut, hagfræðibraut, íþróttabraut, náttúrufræðibraut, málabraut og tæknibraut. Í öðru lagi svokallaðar styttri námsbrautir sem veita ákveðið starfspróf, þær eru; fiskvinnslubraut, sjúkraliðabraut, uppeldisbraut, viðskiptabraut, vélstjórnarbraut og atvinnulífsbraut. Í þriðja lagi eru það iðnfræðslubrautir, þær eru þrjár; grunndeild málmiðna, grunndeild rafiðna og samningsbundið iðnnám. Við skólann er heimavist og þar er rými fyrir 140 nemendur, auk þess hafa nemendur verið vistaðir á útibúi og þar voru 8 nemendur 1994.

3.8.2 Eftirlitsstofnanir

Sífellt margbrotnara samfélag kallar á aukið eftirlit með hinum ýmsu þáttum þess. Þetta hefur orðið til þess að ýmsar stofnanir hafa verið settar á laggirnar til að sinna eftirliti. Þær stofnanir sem hafa útibú í Skagafirði og sinna eftirlitsstörfum eru: Heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit og bifreiðaskoðun.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og starfsmaður þess þjónar öllu kjördæminu. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefnda kjördæmisins, sér um að framfylgja heilbrigðis-, matvæla- og mengunarreglugerð, en flest fyrirtæki og stofnanir heyra undir einhverja þessara reglugerða og þurfa því starfsleyfi heilbrigðisnefnda.
Vinnueftirlit ríkisins hefur útibú á Sauðárkróki. Starfssvæði þess er Norðurlandskjördæmi vestra. Hjá vinnueftirlitinu eru tveir starfsmenn.
Bifreiðaskoðun Íslands opnaði skoðunarstöð á Sauðárkróki 1989. Þar er einn starfsmaður sem þjónustar bifreiðaeigendur í Skagafjarðarsýslu.

3.8.3 Aðrar ríkisstofnanir

Ýmsar ríkisstofnanir hafa aðsetur í Skagafirði og þjónusta bæði íbúa héraðsins og oft á tíðum íbúa kjördæmisins alls eða jafnvel Norðurlandsfjórðungs.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki þjónustar öllum Skagfirði. Auk þess að vera yfirmaður löggæslu og tollgæslu í héraðinu þá innir sýslumaðurinn af hendi margskonar þjónustu á vegum ríkisvaldsins s.s. útgáfu flestra þeirra leyfa og skírteina sem menn þurfa á að halda í einkalífi og vegna starfa og atvinnurekstur, er umboðsmaður Tryggingarstofnunar ríkisins og sér um alla innheimtu á vegum ríkissjóðs. Lögreglan á Sauðárkróki þjónar öllum Skagafirði og með héraðslögregluþjónum eru lögreglumenn u.þ.b. 20 talsins. Lögreglan sér um alla almenna löggæslu, umferðargæslu og umferðarfræðslu auk tollgæslu sem hefur verið vaxandi þáttur á síðustu árum með tíðari löndunum togara úr erlendum höfnum.
Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki. Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er tóku gildi 1992 var dómsvaldið skilið frá sýslumannsembættunum og tók því héraðsdómurinn til starfa það ár. Héraðsdómur fer með dómsvald í kjördæminu.

Byggðastofnun opnaði útibú á Sauðárkróki 1993. Þar er einn starfsmaður sem sér um þau mál sem upp koma á vegum Byggðastofnunar á Norðurlandi vestra.
Sjúkrahús Skagfirðinga er á Sauðárkróki, Heilsugæslustöðvar eru á Sauðárkróki og Hofsósi. Starfsemi sjúkrahússins hefur aukist á síðustu árum þrátt fyrir að dregið hafi úr fjármagni til stofnunarinnar. Þar voru 122 stöðugildi 1994, þar af 6 læknar. Að meðaltali leitar hver Skagfirðingu þrisvar sinnum til læknis á ári.
Skrifstofa svæðisstjórnar fatlaðra á Norðurlandi vestra er á Sauðárkróki. Svæðisskrifstofan starfrækir tvö sambýli og iðju fyrir fatlaða á Sauðárkróki, svo og víðar á Norðurlandi vestra. Auk þess sér skrifstofan um ýmis konar ráðgjöf og afgreiðslumál.
Unglingaheimili á vegum ríkisins er rekið Bakkaflöt í Steinsstaðahverfi. Vistmenn þar eru mismargir.
Vegagerð ríkisins á Norðurlandi vestra er með sínar höfuðstöðvar á Sauðárkróki.
Póstur og sími rekur þrjú pósthús í Skagafirði; á Hofsósi, í Varmahlíð, og á Sauðárkróki. Pósthúsinu á Ketilási í Fljótum var lokað 1996.
Starfsmaður flugmálastjórnar er á Sauðárkróki og hefur hann eftirlit með flugvellinum við bæinn.
Ríkisútvarpið er með skrifstofu á Sauðárkróki og þar starfar einn fréttamaður sem sinnir öllu kjördæminu.
Vita og Hafnamálastofnun rekur fjóra vita í Skagafirði; á Hrauni á Skaga, í Hegranesi, í Málmey og á Straumnesi í Sléttuhlíð. Með öllum þessum vitum eru sérstakir eftirlitsmenn heima í héraði.
Veðurstofa Íslands rekur þrjár veðurathugunarstöðvar í Skagafirði; á Hrauni á Skaga, á Bergsstöðum í Borgarsveit og á Nautabúi í Neðribyggð.
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar er staðsett á Hólum í Hjaltadal. Verkefni hennar eru rannsóknir og leiðbeiningar í ræktun og nýtingu vatnafisks í straum- og stöðuvötnum á Norðurlandi. Jafnframt sinnir deildin ráðgjöf og rannsóknum á eldi laxfiska.
Skógrækt ríkisins rekur gróðurstöð og plöntusölu í Varmahlíð.
Starfsmaður Skattstofu Norðurlands vestra er á Sauðárkróki en Skattstofan er staðsett á Siglufirði.
Rafmagnsveitur ríkisins eru með skrifstofu og starfslið á Sauðárkróki og við Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, en höfuðstöðvar Rarik í kjördæminu eru á Blönduósi.
Ýmsar ríkisstofnanir sem íbúar Skagafjarðar þurfa að leita til eru með útibú á Akureyri, má þar nefna Fasteignamat ríkisins og Siglingamálastofnun.

Heimildaskrá

3.8 Stjórnsýsla og þjónusta ríkisstofnana
3.8.1 Framhaldsskólar, starfsvæði
Bændaskólinn á Hólum: Námsvísir 1993-1994.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, 1994: Nokkrar tölulegar upplýsingar.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, 1995: Sóknaráætlun 1992 - 2002.
Jón Hjartarson: Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Sveitarstjórnarmál 1991, 1. tbl. Bls 16-19.
Sölvi Sveinsson, 1982: Bændaskólinn á Hólum 1882-1982. Bændaskólinn á Hólum. 286 bls.
Viðtöl:
Magnús Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Skagfirðinga.

3.8.2 Eftirlitsstofnanir
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Heilbrigðiseftirlitið: Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits.
Sigurjón Þórðarson: Ársskýrsla heilbrigðiseftirlits 1993.
Viðtöl:
Sigurjón Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi Sauðárkróki.
Bjarki Sigurðsson, bifreiðaeftirlitsmaður Sauðárkróki.

3.8.3 Aðrar ríkisstofnanir
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Bændaskólinn á Hólum: Námsvísir 1993-1994.
Halldór Þ. Jónsson, 1995: Samantekt um sýslumannsembættið. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði."
Viðtöl:
Ingvar Guðnason, Svæðisstjórn fatlaðra Sauðárkróki.

3.9 Samgöngur

3.9.1 Vegakerfi og umferð

Þessum kafla fylgja 14. þemakort, Fjöldi bíla á vegum 1993 og 15. þemakort, Vegflokkar og umferðaóhöpp.
Vegakerfið er flokkað í stofn-, tengi,- safn,- og landsvegi og kostar vegagerðin þá vegi, ásamt brúargerð. Vegagerðin gerir í samráði við þingmenn tillögur um stofn- og tengivegi sem þarf samþykkt Alþingis. Ákvarðanir um safnvegi tekur Héraðsnefnd í samráði við Vegagerðina og Vegamálastjóri gerir landsvegaskrá sem samþykkt er af samgöngumálaráðherra. Fjármagn í hvern vegflokk skal nota innan hans og er því ekki um færslu fjármagns milli vegflokka að ræða. Fjármagn til brúargerðar skal einvörðungu notað innan þess málaflokks. Í flokki stofnvega verður 1997-1998 aðaláherslan lögð á Siglufjarðarveg, frá Hrauni og að sýslumörkum en í flokki tengivega verður aðaláherslan lögð á viðhald vítt og breitt um héraðið.
Aðalvegir, stofnvegir, um Skagafjörð er hringvegurinn af Vatnsskarði yfir á Öxnadalsheiði. Sauðárkróksbraut milli Sauðárkróks og hringvegarins í Varmahlíð og Siglufjarðarvegur frá Almenningsnöf að hringveginum á Grundarstokk. Frá Sauðárkróki liggur vegur um Hegranes að Siglufjarðarvegi í Viðvíkursveit. Þessir vegir eru allir klæddir bundnu slitlagi nema tveir kaflar á Siglufjarðarvegi, milli Hofsár og Stafár og Hrauns og Almenningsnafar. Þá er bundið slitlag á Hólavegi, frá Siglufjarðarvegi í Viðvíkursveit, um Hjaltadal að Hólum og frá hringveginum í Varmahlíð fram að Steinsstaðabyggð.
Hugmyndir hafa lengi verið um að byggja upp greiðfæran veg yfir Þverárfjall, þar sem er gömul leið og greiðfær á sumrin, af Skagavegi í Laxárdal vestur á Skagastrandarveg milli Skagastrandar og Blönduóss. Sýslunefnd Skagfirðinga samþykkti þennan veg sem aðalveg eftir vígslu brúar yfir Vesturósinn 1926. Þá hafa komið fram hugmyndir um að leggja veg frá hringveginum í Norðurárdal vestur yfir Héraðsvötn að veginum í Tungusveit við Tunguháls.
Vegagerðin sér um allan snjómokstur á þjóðvegum og greiðir allan kostnað við snjómokstur á mikilvægum samgönguleiðum. Samkvæmt snjómokstrrreglum frá 1997 er snjómokstur í Skagafirði alla daga á leiðinni milli Sauðárkróks og Varmahlíðar, Sauðárkróks og Almenningsnafar og Vatnsskarðs og Öxnadalsheiði. Þrjá daga í viku er mokað heim í Hóla og frá vegamótum Norðurlandsvegar og Siglufjarðarvegar í Blönduhlíð að vegamótum Sauðárkróksbrautar og Siglufjarðarvegar í Viðvíkursveit. Skagafjarðarvegur fram í Steinsstaði er mokaður tvo daga í viku. Aðrir vegir eru mokaðir sjaldnar og í vissum tilfellum greiðir Vegagerðin hluta kostnaðar við þann snjómokstur.
Mikil umferð er á sumum vegum í Skagafirði, mest á Norðurlandsvegi og Sauðárkróksbraut milli Varmahlíðar og Sauðárkróks. Mesta umferð árið 1993 var þann 4. júlí. Þann dag óku 1729 bílar á Sauðárkróksbraut við Varmahlíð, á Norðurlandsvegi við Húseyjarkvísl 2514 bílar og á Siglufjarðarvegi við Grundarstokk 759. Og á Skagafjarðarvegi við vegamót Norðurlandsvegar hjá Víðimel keyrðu 1837 bílar þennan dag.
Slys á skagfirskum vegum hafa verið allmörg á síðustu árum. Á mynd 3.9.1-1 má sjá aldursdreifingu tjónavalda í umferðinni í dreifbýli Skagafjarðar 1993 og 1994. Þá voru skráð umferðaóhöpp 73 og olli fólk á aldrinum 20-29 ára og 40-49 ár tæplega helming þeirra slysa. Á mynd 3.9.1-2 er tegund umferðaróhappa í dreifbýli Skagafjarðar. Algengustu slys eru útafakstur sem oft veldur miklu tjóni og að bakkað er á bifreið sem veldur minniháttar tjóni.

Mynd 3.9.1-1
Aldursskipting tjónavalda umferðaróhappa í dreifbýli Skagafjarðar 1993-1994



Heimild: Vegagerðin



Mynd 3.9.1-2
Tegund umferðaróhappa í dreifbýli Skagafjarðar 1993-1994



Heimild: Vegagerðin

3.9.2 Stígar og reiðgötur

Þessum kafla fylgir 11. þemakort, Ferðaþjónusta, stígar og reiðgötur.

Frá fornu fari lágu margar leiðir að Skagafirði um dali og skörð, sumar kunnar af atburðum sem áttu sér stað þegar þær voru alfaravegir s.s. Hólamannavegur, Hjaltadalsheiði og Heljardalsheiði að ekki sé minnst á Kjalveg. Aldagamlar alfaraleiðir um héraðið hafa lagst af sem slíkar s.s. leiðin fram með Vestari-Héraðsvötnum. Þessar leiðir liggja þó enn á sínum stað, fjallaleiðirnar sumar varðaðar. Þær eru ekki fjölfarnar lengur en áhugi ferðamanna fyrir þeim fer þó vaxandi. Sumar þessar leiðir hafa hestamenn merkt inn á reiðleiðakort, einkum þær sem liggja um Staðarfjöll og dalina milli Langadals og Skagafjarðar. Hér á eftir eru taldar upp nokkrar af göngu- og reiðleiðum ásamt helstu alfaraleiðum innan héraðsins á síðustu öld.

Leiðir á Skaga

Foss á Skaga-Hrafndalur. Ein af mörgum leiðum sem farnar eru yfir Skaga.

Kolugafjall. Áður var þetta alfaraleið norðvestur frá Heiðarseli, beint vestur yfir Laxárdal og svo norðvestur Engjadal og Þverárbungur til Hallárdals.

Leiðir í Vesturfjöllum

Staðarsneiðingur-Gyltuskarð-Litla Vatnsskarð. Þessi leið var einkum farin á sumrin. Greiðfær leið en nokkuð brött upp frá Reynisstað.

Reykjaskarð. Greiðfær leið milli Sæmundarhlíðar og Laxárdals.

Vatnsskarð. Hefur verið frá örófi alda alfaraleið milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslna. Áður fyrr lá leiðin sunnan Vatnshlíðarvatns

Kiðaskarð. Mælifellsdalur-Kiðaskarð- Svartárdalur. Greiðfær leið og akfær yfir sumarið.

Leiðir fram á hálendið

Mælifellsdalur var um aldir ein fjölfarnasta leið úr Skagafirði til Suður- og Suðvesturlands. Frá Mælifellsdal má velja um tvær leiðir, Kjalveg og Stórasand. Leiðin um Mælifellsdal þótti jafnan grýtt og ill yfirferðar. Í dag er þessi leið bílfær.

Gilhagadalur. Ein af aðalleiðunum inn á hálendið ásamt leiðinni um Mælifellsdal.

Vesturdalur-Giljamúli-hálendið. Mjög greiðfær leið upp á Giljarmúla í um 700 m hæð og inn á hálendið. Fært er flestum bífreiðum þessa leið að sumarlagi.

Austurdalur-hálendið. Fljótfarin og greiðfær leið.

Leiðir yfir í Eyjafjörð

Nýjabæjarfjall. Austurdalur-Ytri-Hvítárdalur-Leyningsdalur. Þessi leið er erfið og torsótt enda liggur hún hæst í um 1100 m hæð yfir sjó og er trúlega hæsti fjallvegur á Íslandi sem farinn hefur verið eitthvað að ráði hér áður fyrr.

Hörgárdalsheiði. Norðurárdalur-Hörgárdalsheiði-Hörgárdalur. Áður fyrr var þetta ein fjölfarnasta leiðin milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Liggur hæst í um 650 m hæð.

Hjaltadalsheiði. Hjaltadalur-Hjaltadalsheiði-Hörgárdalur. Auðfarin leið, hestfær og liggur hæst í 1030 m hæð.

Héðinsskörð. Héðinsdalur-Héðinsskarð-Barkárdalur. Strembin leið sem getur verið nokkuð hættusöm í Héðinsskörðum sem liggja í 1250 m hæð.

Hólamannavegur. Hóladalur-Hólamannaskarð-Barkárdalur. Þessi leið mun hafa talsvert verið farin á árum áður þegar Hólar var höfuðsetur Norðurlands. Erfið og torrötuð leið og yfir jökul að fara. Hólamannnaskarð er í 1210 m hæð.

Tungnahryggsleið. Tungnahryggur Kolbeinsdal-Tungnahryggsjökull-Tungnahryggur Barkárdal. Nokkuð mikið farin fyrrum og talin hestfær en yfir jökul er að fara. Liggur hæst í 1150 m hæð.

Skíðadalur-Þverárdalur. Skíðdælingar í Eyjafirði áttu sér áður fyrr stutta og tiltölulega auðfarna leið, jafnvel á hestum, yfir til Skagafjarðar. Á stuttum kafla er yfir jökul að fara, Þverárjökul.

Heljardalsheiði. Heljardalur-Heljardalsheiði-Svarfaðardalur. Aðalleiðin milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar svo öldum skiptir alveg þangað til akvegur kom yfir Öxnadalsheiði. Greiðfær leið fyrir bæði riðandi og gangandi umferð. Liggur hæst í 870 m hæð yfir sjó.

Deildardalur-Heljardalsheiði. Þessi leið þykir frekar auðveld og hestfær alla leið. Mikið farin áður fyrr.

Unadalur-Skallárdalur. Þessi leið var mikið farin af Svarfdælingum á fyrri öldum er þeir fóru í verslunarferðir til Hofsóss. Þykir auðveld, er vel hestfær, en brött.

Lágheiði. Mjög auðfarin leið og hefur um aldir verið fjölfarin leið milli Fljóta og Ólafsfjarðar.

Ólafsfjarðarskarð. Ólafsfjarðardalur-Ólafsfjarðarskarð-Kvíabekknadalur. Greiðfær leið en brött efst. Ólafsfjarðarskarð liggur hæst í 743 m hæð.

Siglufjarðarskarð var um aldir aðalleiðin til og frá Siglufirði. Liggur hæst í 630 m hæð yfir sjó og er akfær á sumrin.

Leiðir innan héraðs sem voru alfaraleiðir um miðja 19. öld

Skagi-Gönguskörð. Um Heiðardal var alfaraleið eftir svonefndum Hróarsgötum og yfir Laxárdalsheiði, eftir Laxárdal vestanverðum og út að sjó. Meðfram sjó út að Selá, þar ofan bæja út að Kleif er vegurinn færðist aftur nær sjónum og lá neðan bæja.

Kálfárdalur-Víðidalur. Greiðfær og fjölfarin leið hér áður fyrr er Víðidalur var í byggð.

Borgarsveit-Neðribyggð. Um Borgarsveit var vegur meðfram bæjum, um Sæmundarhlíð og Langholtið og svo fram með bæjum í Efri- og Neðribyggð. Önnur alfaraleið meðfram Vatnabökkum, eftir Holts- eða Glaumbæjareyju. Yfir Vötnin var víðsvegar farið eftir því sem hægt var að forðast sandbleytur og má þar nefna Hellulands-, Kárastaða- og Eggjarvöð. Einnig var svo ferjað yfir Vesturósinn.

Neðribyggð-Skagafjarðardalir. Inn með Svartá lá vegur og inn í alla dalina að bæjum sem þar voru. Á milli Vestur- og Austurdals var svokallaður Annexíuvegur sem þótti einhver erfiðasti vegur innansveita í Skagafirði, liggur hann yfir báðar Jökulárnar, einnig yfir hið bratta Hlíðarfjall frá Bjarmastaðahlíð yfir til Skatastaða, um þriggja tíma ferð milli bæja. Yfir Goðdalafjall var svo vegur vestur í Svartárdal sem var messuvegur úr þeim dal í Goðdalakirkju.

Kjálki-Blönduhlíð. Milli Kjálka og Blönduhlíðar lá slóð yfir Norðurá, rétt sunnan Silfrastaða. Um Norðurárdal var slóð meðfram bæjum sem þar voru. Greiðfær slóð lá yfir Dalsáreyrar og meðfram neðri bæjarröð í Út-Blönduhlíð. Mestar torfærur í Út-Blönduhlíð voru yfir mýrlendið á Hjaltastöðum sem þótti víða strembið og illt yfirferðar. Ferjur yfir Vötnin voru hjá Miðgrund, Réttarholti og Lóni.

Viðvíkursveit-Hjaltadalur. Eftir Hjaltadal lá greiðfær vegur allt norður yfir Kolbeinsdalsá á Miklabæjarvaði í Óslandshlíð. Yfir Hjaltadalsá lá alfaraleið yfir Tittlingseyri, neðan við Efri-Ás, og þaðan vestur yfir Hrísháls til Blönduhlíðar. Milli Kolbeinsdals og Hjaltadals var farið um Hálsagróf sem liggur hjá Viðinesi. Alfaraleið um Viðvíkursveit lá eftir sjávarbökkum, milli Gljúfurár og Kolkuóss, og yfir Grjótvað hjá Kolkuósi yfir í Óslandshlíð.

Óslandshlíð-Sléttuhlíð. Eftir Óslandshlíð var erfið og slitrótt leið innantil en betri utar og á Höfðaströnd lá vegur yfir Grafarár og Hofsá fyrir neðan Hvammskotsvöll og þaðan út og fyrir ofan Mýrarkot, neðan við Mannskaðahól meðfram Höfðavatni og út yfir Höfðahóla og Sandvík. Yfir Hrolleifsdalsá var farið yfir á Hólmavaði skammt frá Tjörnum. Þaðan lá leiðin lítið eitt til vesturs og lá vestan við Fellið og út yfir Stafárós. Inn í dalina voru slitróttir vegir að bæjum sem þar voru.

Fljót. Í Fljótum lá leið eftir Bökkum, yfir Móshöfða eftir Haganessandi yfir Hraunsós og þaðan að Siglufjarðarðarskarði. Alfaraleið lá einnig inn með Fljótaá að austanverðu, inn í Stíflu og upp á Lágheiði.

[illegible]

Leiðir í Blönduhlíðarfjöllum. Aðallega gönguleiðir
Kotabotnar. Stutt og greiðfær leið syðst í Blönduhlíðarfjöllum, milli Kota og Miklabæjar í Blönduhlíð.
Djúpidalur-Grjótárdalur. Erfið og seinfarin leið sem liggur mest í um 1100 m hæð.
Suðurárdalur-Norðurárdalur. Stutt en seinfarin leið sem liggur mest í yfir 1000 m hæð.
Akradalur-Suðurárdalur. Erfið og brött á köflum og liggur í um 1000 m hæð.
Ranghali-Hvammsdalur. Liggur hæst í um 1000 m hæð, allgreiðfær gangandi fólki en brött.
Vindárdalur-Hvammsdalur. Greiðfær gönguleið en nokkuð bratt upp úr Hvammsdalnum.
Umferð ríðandi manna er mikil á og meðfram skagfirskum akvegum. Reiðvegir hafa ekki verið lagðir þar sem umferð er mest eins og milli Sauðárkróks og Varmahlíðar. Aðgreining akandi og ríðandi manna er eftirsóknarverð með tilliti til öryggis og raunar líka sem ferðamál.

3.9.3 Hafnir

Sauðárkrókshöfn hefur aldrei þótt mjög góð en útgerð hefur ætíð verið ein styrkasta stoðin í atvinnulífi Sauðkrækinga. Gamla bryggjan var smíðuð árið 1916 og öldubrjótur var hlaðinn árið 1917. Á árunum 1925-30 var reistur alllangur sjóvarnargarður frá bryggju til norðurs og árið 1939 var lokið við byggingu hafnargarðsins sem þá var mikið mannvirki. Hafnarnefnd Sauðárkróks var ekki skipuð fyrr en árið 1935 og var krafa um gerð Eyrarvegar eitt að fyrstu verkum hennar, en sá vegur var ein af forsendum fyrir gerð hafnarinnar. Þrátt fyrir miklar endurbætur á hafnaraðstöðunni var ekki komist hjá miklum sandburði inn í höfnina. Fyrsti sandfangarinn var gerður í sjó fram árið 1945 en þrátt fyrir það átti sandurinn enn allgreiðan aðgang að höfninni og hefur ómældu magni af sandi verið dælt upp úr höfninni síðan og efnið verið notað sem uppfylling, til stækkunar á hafnarsvæðinu undir Gránumóum. Árið 1993 var svokallað Syðraplan rifið og byggður nýr hafnargarður fyrir viðgerðir togara og viðlegu smábáta.
Hofsóshöfn hefur ekki, frekar en Sauðárkrókshöfn, þótt góð og lengi vel var ekki unnt að treysta því að skipum væri óhætt í höfninni allan ársins hring. Ástand hennar skánaði er öflug grótvörn var sett við norðurgarðinn 1983 og 1984. Endurbætur voru svo gerðar á höfninni, 1996, er sett var grjótfylling út frá Syðraplaninu og dregur það mjög úr sjávargangi inn í höfnina.
Aðrar hafnir í Skagafirði eru í Haganesvík í Fljótum og í Selvík á Skaga. Þær eru báðar litlar og ætlaðar fyrir smábáta.

3.9.4 Flugvellir

Eini áætlunaflugvöllurinn í Skagafirði er á Sauðárkróki, Alexandersvöllur, með um 2000 metra flugbraut. Lendingar og flugtök voru 1622 árið 1994 þ.a. voru lendingar vegna áætlunar- og leiguflugs 1.226. Til samanburðar voru lendingar vegna áætlunar- og leiguflugs 4154 á Egilsstöðum, 1190 á Húsavík og 3176 á Akureyri. Lengi var til umræðu að Alexandersvöllur yrði varaflugvöllur fyrir millilandaflug en svo varð ekki heldur var flugbrautin stytt. Lenging hennar til suðurs er annmörkum háð og skerðir friðlandið við Miklavatn. Alexandersvöllur hefur verið varavöllur fyrir Siglufarðarflug og nokkuð nýttur sem slíkur.
Hugmyndir um langa flugbraut á Alexandersvelli efldu hugmyndir um vöruflug með skagfirska framleiðslu á erlendan markað, fisk og grænmeti sem ræktað væri við jarðhita í héraðinu.
Flugbraut er við Lambahraun skammt norðan við Ingólfsskála og þar geta minni flugvélar athafnað sig. Flugbrautir á hálendinu eru einkum nýttar í þágu ferðamennsku, veiðinytja og landgræðslu. Einnig hafa þeir hlutverk sem öryggisvellir ef slys ber að höndum.

3.9.5 Fólksflutningar

3.9.5.1 Almenningsvagnar

Norðurleiðarrútan fer um Skagafjörð að sunnan einu sinni á dag og einu sinni á dag að norðan. Um helgar eru tvær ferðir hvora leið allt árið og alla daga yfir sumarið. Norðurleið hefur um árabil stansað í Varmahlíð og tekið varning og farþega. Milli Varmahlíðar og Sauðárkróks keyrir lítil rúta í sambandi við dagferðir Norðurleiðarrútunnar en ekki kvöldferðirnar. Rútuferðir eru ekki tengdar áætlunarflugi og Alexandersvöllur er ekki tengdur við Sauðárkrók með rútuferðum. Yfir sumarmánuðina, 1997, frá 20. maí til 3. september eru ferðir með Suðurleiðum, frá Siglufirði um Sauðárkrók suður til Reykjavíkur. Þær ferðir eru suður sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga og norður mánudaga, miðvikudaga og föstudaga.
Engin eiginleg umferðarmiðstöð er á Sauðárkróki en frá Verslun Haraldar Júlíussonar fara rútur í tengslum við Norðurleið.

3.9.5.2 Skólakeyrsla

Þessum kafla fylgir 16. þemakort, Skólabarnaflutningar.
Ekið er með skólabörn í alla skóla í Skagafirði, heiman og heim, í mörgum tilvikum tvisvar á dag. Akstur í skólana er samhæfður eins og skilyrði leyfa. Umfangsmestur er skólaakstur fyrir Varmahlíðarskóla enda skólahverfi hans víðáttumikið.

A. Grunnskólar skólakeyrsla 1996-1997

1. Sólgarðar. Einn bíll keyrir hring um Austur-Fljót að morgni og að Sólgörðum. Fer síðan í Flókadalinn og aftur að Sólgörðum. Sama ferð síðdegis.
2. Hofsós. Einn bíll keyrir um Óslandshlíð út í Hofsós, annar kemur úr Deildardal til Hofsóss og sá þriðji fer frá Hrauni í Sléttuhlíð um Höfðaströnd og inn á Hofsós.
3. Hólar. Einn bíll fer úr Viðvíkursveit upp Hjaltadal vestanverðan að Hólum, annar frá Neðra-Ási í Hjaltadal og upp austanverðan Hjaltadal og sá þriðji ofan frá Reykjum.
4. Stóru-Akrar. Keyrslan er tvinnuð saman við skólakeyrslu í Varmahlíð.
5. Varmahlíðarskóli. Einn bíll keyrir úr Norðurárdal að morgni um Kjálka og Blönduhlíð að Stóru-Ökrum. Annar fer út Blönduhlíð og snýr við hjá Hjarðarhaga og mætir fyrsta bíl hjá Stóru-Ökrum eða við mót hringvegarins og þá áfram með börn að Stóru-Ökrum. Fyrsti bíll heldur áfram upp í Varmahlíð. Þriðji bíll fer frá Heiði í Gönguskörðum að Fagranesi á Reykjaströnd um Sauðárkrók að Ljósheimum í Borgarsveit þar sem hann mætir fjórða bíl sem kemur frá Sjávarborg og keyrir fram í Varmahlíð. Í Melsgili eða við vegamót við Sæmundarhlíðarveg mætir hann fimmta bíl sem fer um Sæmundarhlíð og í veg fyrir fjórða bíl. Sjötti bíll ekur frá Húsabakka og mætir þeim fjórða á vegamótum norðan við Glaumbæ. Sjöundi bíll fer að Vatnshlíð og Vatnsskarðsbæjum um Víðimýrartorfu niður í Varmahlíðarskóla. Áttundi bíll keyrir frá Steinsstaðaskóla út í Varmahlíð. Níundi bíll fer um Vallhólm. Fyrir helgarfrí keyrir bíll með börn sem búa í heimavist frá Varmahlíð í Viðvíkursveit og Hjaltadal og mætir bíl úr Fljótum við Sleitustaði sem snýr við með þau börn sem búa í Fljótum. Að loknu helgarfríi er sama rúta til baka.
6. Steinsstaðir. Bíll keyrir frá Giljum að bíl í Bjarnastaðahlíð. Sá heldur áfram að Steinsstaðaskóla og mætir bíl frá Bústöðum við vegamótin hjá Goðdölum. Annar fer um Efribyggð að Steinsstaðaskóla, út að Saurbæ og aftur í skólann. Þriðji bíll keyrir um Dalspláss og að Steinsstöðum. Bíll frá Bjarnastaðahlíð ekur síðan með börn í Varmahlíðarskóla sem þangað sækja eins og nefnt er hér að framan.
7. Hegranes. Einn bíll ekur hring í Hegranesi með börn í skólann þar.
8. Sauðárkrókur. Einn bíll keyrir hring í Hegranesi og síðan upp á Sauðárkrók. Annar bíll kemur með börn utan af Skaga.

Auk þessa "hefðbundna" skólaaksturs er ekið með börn á vegum sveitarfélaganna í sérdeild Svæðisstjórnar fatlaðra. Sú keyrsla er svo sérhæfð að í flestum tilvikum aka aðstandendur börnunum sjálfir nema á Sauðárkróki þar sem þessir farþegar eru fluttir í sérstökum bíl.

B. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Fyrir aðra hvora helgi ekur einn bíll frá Sauðárkróki til Siglufjarðar og annar vestur í Vestur- Húnavatnssýslu. Og aftur til baka að helgarfríi loknu.

3.9.5.3 Áætlunarflug

Flesta daga eru tvær ferðir milli Sauðárkróks og Reykjavíkur á vegum Flugleiða hf., og á árinu 1996 í samstarfi við Íslandsflug hf., oft þó samtvinnað við Húsavíkurflug og árið 1996 líka við Siglufjarðarflug. Veturinn 1996-1997 voru tvær ferðir á dag mánudaga, miðvikudaga, fimmtuaga og föstudaga en þriðjudaga og sunnudaga ein ferð. Ekkert flug á laugardögum. Fjöldi farþega í áætlunarflugi um Alexandersflugvöll hefur verið á bilinu 10-11 þús. á síðasta áratug. Árið 1994 voru 9829 farþegar í áætlunarflugi til og frá Sauðárkróki, 1280 í leiguflugi og 27 í sjúkraflugi. Talsverður fjöldi viðkomu-farþega er vegna Reykjavíkurflugs um Húsavík. Breytingar á áætlunarflugi í kjölfar þess að sérleyfi hverfa um mitt ár 1997 verða eflaust, þó ekki sé hægt að sjá þær fyrir, enda samkeppnismál. Ætla verður að að þjónustan rýrni ekki mjög.

3.9.6 Póst- og vöruflutningar

3.9.6.1 Póstflutningar

Þessum kafla fylgir 17. þemakort, Póstflutningar.

1. Póstur milli Skagafjarðar og Reykjavíkur og Akureyrar er fluttur frá Sauðárkróki og Varmahlíð einu sinni á sólarhring í báðar áttir. Póstbíll kemur að kvöldi til á norðurleið og að morgni á suðurleið.
2. Daglega er póstur fluttur með bíl milli Sauðárkróks og Siglufjarðar um Hofsós og Ketilás í Fljótum. Og pósti er dreift daglega um þéttbýlisstaðina í héraðinu.

3. Póstflutningar um sveitir Skagafjarðar eru þrisvar sinnum í viku. "Tvíkeyrsla" er óhjákvæmileg og hringvegur fremra því æskilegur af hagkvæmnisástæðu. Með tvíkeyrslu er átt við að bíll keyri án flutnings aðra leiðina.
   1. bíll fer frá Sauðárkróki að morgni áleiðis fram í Varmahlíð og hirðir póst og dreifir á póstsvæði 551, sem nær fram fyrir Páfastaði á Langholti. Keyrir síðan áfram fram í Varmahlíð. Þar tekur hann póst á svæði 560 keyrir fram að Giljum og síðan aftur út Langholt að Páfastöðum.
   2. bíll ekur frá Sauðárkróki beint fram í Varmahlíð og tekur póst til dreifingar á svæði 560 austan Vatna, fram á Kjálka og Norðurárdal. Síðan ekur hann út Blönduhlíð að mörkum svæðis 560 og 551 en heldur áfram út Viðvíkursveit, upp Hjaltadal og niður að Sleitustöðum að mörkum svæðis 565. Þar snýr bíllinn við upp á Krók með hring um Hegranes.
   3. bíll fer frá Hrauni á Skaga inn til Sauðárkróks og aftur út að Hrauni og hirðir póst og skilar í Laxárdal og á Skaga.
   4. bíll fer frá Hofsósi inn Óslandshlíð að Hlíðarenda við suðurmörk svæðis 565 og upp í Deildardal og Unadal. Hann keyrir áfram út Höfðaströnd og Sléttuhlíð að Reykjarhóli við norðurmörk svæðis 565 og snýr til baka til Hofsóss.
   5. bíll fer frá Ketilási um Fljót, vestur að Reykjarhóli um Haganesvík, Flókadal, Stíflu og Austur-Fljót að Hrauni, norðurmörkum svæðis 570.

3.9.6.2 Mjólkurflutningar

Þessum kafla fylgir 18. þemakort, Mjólkurflutningakerfið 1995.
Flutningakerfi mjólkur, frá kúabúunum til mjólkurvinnslustöðvar, er umfangsmikið. Áður lögðu mjólkurbílar upp að morgni í sveitinni með mjólkurbrúsana, höfðu pláss fyrir farþega og fluttu vörur heim á brúsapall síðdegis. Nú leggja bílar upp frá Sauðárkróki að morgni og flytja í mesta lagi unnar mjólkurvörur í sveitina. "Tvíkeyrsla" er mikil. Mjólkursamlagið skiptir héraðinu í 8 mjólkurflutningasvæði sem eru þó nokkuð misjöfn. Í sum svæðin er mjólk sótt þrisvar á dag, sum tvisvar á tímabilum en flest einu sinni á dag. Mjólkurbúin standa þétt sums staðar, einkum í sveitum með bestu og stystu leið að mjólkursamlagi á Sauðárkróki. Þannig er í Óslandshlíð, Viðvíkursveit, Hegranesi, Blönduhlíð og í Sæmundarhlíð, á Langholti og Borgarsveit. Annars staðar er gisið. Fyrir vikið verður mjólkumagn á hvern ekinn kílómetra mjólkurbílsins býsna misjafnt eftir svæðum og hagkvæmni flutninganna skerðist. Ekkert mjólkurbú er á Skaga.

Mynd 3.9.6-1
Mjólkurflutningar:
Mjólkurlítrar á ekna km mjólkurbíls MKS 1995



Heimild: Mjólkursamlag KS

3.9.6.3 Vöruflutningar

Vöruflutningar milli Skagafjarðar og annarra landshluta eru í höndum þriggja fyrirtækja á Sauðárkróki sem reka vöruflutningabíla. Með þeim eru átta fastar ferðir í viku milli Sauðárkróks og Reykjavíkur og tvær milli Sauðárkróks og Akureyrar. Milli Hvammstanga, Blönduóss og Sauðárkróks eru tvær ferðir flutningabíls á viku. Ferðir vöruflutningabíla eru þó mun tíðari og ferðatíðnin eykst stöðugt. Þannig hefur hluti af skipaflutningunum færst yfir á flutningabíla sem skipafélögin reka og fiskflutningur bíla milli fiskmarkaða og vinnsluhúsa hefur margfaldast á skömmum tíma.
Innanhéraðs flytur Fóðurstöð K.S. fóðurbæti um héraðið í sérstökum tankbílum. Flutningabíll K.S. flytur matvörur í K.S.-verslun í Varmahlíð einu sinni á dag, tvisvar í viku til Hofsóss og einu sinni í viku yfir veturinn í Ketilás.

3.9.6.4 Vöruflutningar með flugvélum

Vöruflutningar með flugi eru á undanhaldi vegna bætts vegakerfis. Póstflutningar með flugi eru nú úr sögunni eftir að farið var að nota sérstaka póstbíla. Árið 1994 voru flutt um 140 tonn af vörum til og frá Sauðárkróki með flugi, þar af voru 60% til staðarins og 40% frá staðnum.

Heimildaskrá

3.9 Samgöngur
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982. Bls 7-55
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Kristmundur Bjarnason, 1974: Jón Ósmann ferjumaður. Sýslusjóður og Sögufélag Skagfirðinga. 232 bls.
Samgöngurðuneytið, 1986: Skipulag samgangna á Norðurlandi. 16 bls.
Sölvi Sveinsson: Samgöngur í Skagafirði 1874-1904. Skagfirðingabók nr. 8. Sögufélag Skagfirðinga 1977. Bls. 58-183.
Viðtöl: Gunnar Guðmundsson, umdæmistjóri vegagerðarinnar Norðurlandi vestra.

3.9.1 Vegakerfi
Eymundur Runólfsson og Þórður Tyrfingsson: Vegaskrá 1995. Norðurland vestra. Vegagerð ríkisins, Áætlanadeild. Reykjavík 1995.
Tryggingafélögin: Tölulegar upplýsingar um umferðaróhöpp í Skagafirði.
Vegagerð ríkisins, Áætlanadeild: Umferð á þjóðvegum 1993. Reykjavík 1994.

3.9.2 Stigar og reiðgötur
Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla. 204 bls.
Angantýr H. Hjálmarsson, 1991: Frá Möðrufelli til Torfufells. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 135-184.
Bjarni E. Guðleifsson, 1990: Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 93-220.
Björn Þór Ólafsson, 1990: Ólafsfjarðarfjöll. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 39-62.
Einar Þ. Guðjónsson: Gönguleiðir á Íslandi. Ritröð AB.
Hjörtur E. Þórarinsson, 1973: Gönguleiðir úr Svarfaðardal. Árbók Ferðafélags Íslands 1973. Bls. 94-113.
Hjörtur E. Þórarinsson, 1990: Byggð í tröllagreipum. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 63-92.
Kristinn Guðlaugsson: Yfir Héðinsskörð og Hjaltadalsheiði. Hrakningar og heiðavegir. Bókaútgáfan Norðri 1950. Bls. 188-192.
Sigríður Sigþórsdóttir: Reiðleiðir á Íslandi. Norðurlandsumdæmi vestra. Framkvæmdaáætlun 1994. Leiðaheiti og kort. Vegagerð ríkisins, Sauðárkróki.
Stefán Jónsson: Vöð á Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 21. Sögufélag Skagfirðinga 1992. Bls. 140-153.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. I: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, I bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 103-154.
Sverrir Páll Erlendsson: Fljót í Skagafirði á 19. öld. Skagfirðingabók nr. 7. Sögufélag Skagfirðinga 1975. Bls. 106-183.
Þorlákur Hjálmarson, 1984: Hugleiðingar um Eyfirðingaveg. Ferðir 43. Bls. 15-24.
Viðtöl: Bjarni Egilsson, oddviti Skefilsstaðahrepps.

3.9.3 Hafnir
Ófeigur Gestsson, 1987: Hofsóshreppur. Sveitarstjórnarmál , 2. tbl. 1987. Samband íslenskra sveitarfélaga. Bls. 52-56.

3.9.4 Flugvellir
Viðtöl: Sigurður Guðmundsson, flugumferðarstjóri Alexandersflugvallar.

3.9.5 Fólksflutningar
Viðtöl: Björn Björnsson, skólastjóri Sauðárkróki.
Jón Sigurðsson, bílstjóri Sleitustöðum Hólahreppi.
Kristján Kristjánsson, skólastjóri Steinsstöðum.
Ólafur Jónsson, skólabílstjóri Hellulandi Ripurhreppi.
Páll Dagbjartsson, skólastjóri Varmahlíð.
Sigríður Angantýsdóttir, skólastjóri Hólum.

3.9.6 Póst- og vöruflutningar
Viðtöl: Bjarni Ragnar Brynjólfsson, matvælaverkfræðingur Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga.
Bjarni Haraldsson, Vöruflutningar Bjarna Haraldssonar, Sauðárkróki.
Gunnar B. Flóventsson, Vöruflutningasvið Kaupfélags Skagfirðinga.
Magnús Svavarsson, Vöruflutningar Magnúsar, Sauðárkróki
Reynir Kárason, stöðvarstjóri Pósts og síma, Sauðárkróki.
Snorri Evertsson, framkvæmdastjóri Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga.

3.10 Veitur

3.10.1 Rafveitur, virkjanir og veitusvæði

3.10.1.1 Virkjanir

Núverandi virkjanir

Aðalraforkuver í Skagafirði eru tvær vatnsaflsvirkjanir, Skeiðsfossvirkjun í Fljótum og Gönguskarðsárvirkjun á Sauðárkróki.

Gönguskarðsárvirkjun. Vatnasvæði Gönguskarðsár með Kallá og Lambá er 172 ferkílómetrar. Áin var stífluð 2.5 km fyrir vestan Sauðárkrók og var virkjunin gangsett 1949. Fallhæð er 64 m, miðlun er lítil, og uppsett afl rúmlega 1100 kílówött. Meðal ársorkuvinnsla er 8 gígawattstundir. Eigandi er RARIK.

Skeiðsfossvirkjun. Vatnasvæði Fljótaár ásamt Skeiðsá er 120 ferkílómetrar. Áin var stífluð við Stífluhóla með 114 m langri og 30 m hárri þungastíflu. Ofan hennar myndaðist uppistaða sem rúmar um 42 gígalítra. Fallhæðin er 30-42 m, fer eftir vatnsstöðu í lóninu. Skeiðsfoss I var gangsett 1945 og Skeiðsfoss II 1976. Samtals er uppsett afl í virkjunum 5400 kílówött og árleg orkuvinnsla um 20 gígawattstundir. Eigandi er RARIK.

Aðrar vatnsaflsvirkjanir eru á þremur stöðum, á Sleitustöðum í Kolbeinsdal, á Fagranesi á Reykjaströnd og á Fremrikotum í Norðurárdal. Á Sleitustöðum er virkjun, tekin í notkun 1985, með uppsett afl 200 kílówött. Fallhæð er 10 m, úr miðlunarlóni við Kolbeinsdalsá. Heimilisnotkun á Sleitustöðum er 70-80 kílówött og eru seld 100 kílówött inn á línu RARIK. Önnur virkjun er á Sleitustöðum, tekin í notkun 1948 með uppsett afl 15 kílówött og er við Úlfslæk. Á Fagranesi og Fremrikotum eru virkjanirnar eingöngu til heimilisnotkunar.

Helstu virkjunarkostir, sem gögn eru til um, stærri en 350 kílówött:

Jökulsár austari og vestari. Möguleikar á virkjum fallvatna í Skagafirði eru ekki miklir, nema í Jökulánum austari og vestari. Um beislun þeirra hafa komið fram margar hugmyndir sem hafa breyst eftir því sem virkjunartækni hefur fleygt fram, frá því að vera margar smávirkjanir í ánum með litla sem enga vatnsmiðlun, upp í virkjun alls vatnssvæðisins að mestu í einu lagi með vatnsmiðlunum á hálendinu. Ekki hefur endanlegt fyrirkomulag virkjana á svæðinu verið ákveðið, en til eru frumáætlanir sem eru í skoðun. Nýtanlegt afl vatnasvæðis beggja jökulánna er 200-300 megawött.

Samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands dags. 11. ágúst 1982 og lögum um Landsvirkjun nr. 42 frá 23. mars 1983 á Landsvirkjun að reisa og reka Villinganesvirkjun með allt að 40 megawatta afli að fengnu leyfi ráðherra orkumála. Fyrir liggja tillögur samvinnunefndar um svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands um lón og stöðvarhús Stafnsvatnavirkjunar og stöðvarhús ofan við Merkigil.

Reykjafoss í Svartá í Neðribyggð. Virkjunarskilyrði eru allgóð. Vatnasvæðið er u.þ.b. 360 ferkílómetrar, nýtanleg fallhæð 25-30 m, meðalrennsli áætlað 11.2 rúmmetrar á sekúndu, lágmark 3 rúmmetrar á sekúndu. Áætlun um rúmlega 800 kílówatta virkjun var fyrst gerð 1932 af Steingrími Jónssyni og Aðalsteini Guðjónssen, byggð á athugunum Jóns Ísleifssonar. Síðar var gerð endurbætt áætlun um stærri virkjun.

Mælifellsá. Vatnasvæði er 88 ferkílómetrar. Í neðsta hluta Mælifellsár, á tveggja km kafla, er 140 m fall í ánni. Áætluð stærð er 880-1250 kílówött með eða án miðlunarlóns.

Egilsá. Vatnasvæði um 90 ferkílómetrar og fallhæð um 140 m. Áætluð stærð 880-1250 kílówött með eða án miðlunarlóns.

Djúpadalsá. Vatnasvæði um 90 ferkílómetrar og fallhæð 120 m. Áætluð stærð 500-1000 kílówött.

Hjaltadalsá og Kolbeinsdalsá. Vatnasvæði 485 ferkílómetrar, þar af 8% jöklar, og fallhæð um 40 m. Áætluð stærð er 1470-2030 kílówött. Gert er ráð fyrir stíflu, einum km fyrir ofan ármót, og vatni veitt í skurði gegnum tunguna á milli ánna til Hjaltadalsár.

Grafará með veitu frá Hofsá. Vatnasvæði er 190 ferkílómetrar og nýtanleg fallhæð 30 m. Lágmarksrennsli er 1.5 rúmmetrar á sekúndu. Áætluð stærð með miðlunarlóni er rúmlega 450 kílówött. Til er áætlun um hönnun frá 1942 eftir Höskuld Þráinsson og Ólaf Tryggvason. Ennfremur eru til áætlanir um virkjanir í ánum frá 1920 eftir Halldór Guðmundsson raffræðing.

3.10.1.2 Veitur

Þessum kafla fylgir 19. þemakort, Rafveitukerfi.

Tvö veitusvæði rafmagns eru í Skagafirði, Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK), og Rafveitu Sauðárkróks. Rafveita Sauðárkróks kaupir rafmagn af RARIK og veitir því um Sauðárkrók. Veitusvæði RARIK er allur Skagafjörður utan Sauðárkróks.

Raflagnakerfi RARIK eru loftlínur og jarðstrengir sem greina má í eftirtalda 6 flokka auk heimtauga, eftir spennu. Á þemakorti er hver flokkur táknaður sérstaklega.

1. Byggðalína 132 kílóvolt sem er í eigu í Landsvirkjunar. Hún liggur frá Blönduvirkjun að spennustöð ofan við Varmahlíð og þaðan yfir í Blönduhlíð, um Norðurárdal í Eyjafjörð.
2. Stofnlína 66 kílóvolt
3. Stofnlína 33 kílóvolt
4. Stofnlína 22 kílóvolt.
5. Dreifilína 11 kílóvolt.
6. Dreifilína EVJ 11 kílóvolt.

Rafveita Sauðárkróks var stofnuð árið 1925. Fyrst var keypt vélarrafstöð en Sauðárvirkjun var tekin í notkun 1. desember 1933 og Gönguskarðsárvirkjun, forsenda fyrir auknum iðnaði á Sauðárkróki, 8. desember 1949. Sauðárvirkjun var síðar aflögð.

Rafveitan fær raforku frá RARIK úr aðveitustöð á Sauðárkróki og Gönguskarðsárvirkjun. Hún kaupir 11 kílóvolta spennu í heildsölu og dreifir á 230-400 voltum innan orkuveitusvæðisins. Spennustöðvar eru 19 á Sauðárkróki á vegum Rafveitunnar, 13967 m af 11 kílóvolta háspennustrengjum og 3 km af 11 kílóvolta háspennuloftlínum. Uppsett afl hjá veitunni var 9905 kílówattstundir árið 1993.

Mynd 3.10.1-1 Íbúafjöldi og rafmagnsnotkun á Sauðárkróki



Heimild: Rafveita Sauðárkróks.

Í raforkusölu hefur tvisvar gætt verulegrar uppsveiflu frá árinu 1960, þegar skuttogaraöldin hófst eftir 1970 og þegar Steinullarverksmiðjan tók til starfa árið 1985 (mynd 3.10.1-1). Heildarorkukaup Rafveitu Sauðárkróks árið 1993 voru 25680200 kílówattstundir og var umframorka 1.317.402 kílówattstundir. Heildarorkusalan var 24362798 kílówattstundir og skiptist þannig; 41,2% orkufrekur iðnaður, 34,7% til Steinullarverksmiðju, 24,5% til heimilisnota, verslunar og iðnaðar. Steinullarverksmiðjan hefur mikil bein áhrif á raforkukaup Rafveitunnar en sérsamningur er við RARIK um kaup á raforku til verksmiðjunnar.

3.10.2 Hitaveitur, veitusvæði

3.10.2.1 Hitaveita Sauðárkróks

Framkvæmdir hjá Hitaveitu Sauðárkróks hófust fyrst árið 1948 þegar borað var eftir heitu vatni við Áshildarholtsvatn. Boraðar voru 4 holur í upphafi og þær nefndar SK-0 til SK-3. Þessar holur voru frá 17,5 metrum að dýpt niður í 120 metra. Byrjað var að leiða vatn að Sjávarborg og síðan til Sauðárkróks og var heitu vatni hleypt á fyrsta húsið að Bárustíg 1, 1. febrúar 1953.

Lindasvæði Hitaveitu Sauðárkróks er á einu af öflugri lághitasvæðum Íslands og hefur sjálfrennandi vatn úr borholum þar verið nægjanlegt fyrir Sauðárkrók. Fjórtán holur voru boraðar fram til ársins 1981, sú dýpsta 1981, SK-13, 667 metrar að dýpt. Níu holur eru við Áshildarholtsvatnið, SK-0 til SK-9, en árið 1965 var farið að bora norðan við þetta svæði í landi Sauðárkrókskaupstaðar. Þar eru holurnar SK-9 til SK-13. Árið 1993 voru holur SK-10 til SK-13 nýttar sem vinnsluholur en hola SK-9 sem eftirlitshola. Fyllt hefur verið upp í aðrar holur við Áshildarholtsvatn. Árið 1993 seldi veitan 1029 notendum á Sauðárkróki

heitt vatn. Tekjur vegna almennrar sölu um hemla voru 65% heildartekna eða 3641 mínútulítrar en sala eftir mælum var 35%, tæpir 600000 rúmmetrar, aðallega notað til iðnaðar. Ársmeðalvinnslan hefur verið 75-80 sekúndulítrar á síðustu árum. Árstíðasveiflur eru töluverðar og getur vinnslan farið upp í um 100 sekúndulítra yfir vetrarmánuðina. Árið 1993 var dælt inn á dreifikerfið 2329 þús. rúmmetrum af um 70°C heitu vatni og er meðalvatnshiti til notenda 68°C. Hitaveitan hefur yfir að ráða 19,74 megawöttum af uppsettu afli eða um 140 sekúndulítrar.
Dreifikerfið er einfalt, 24 km langt auk 3 km í safn- og aðveituæðum. Dælistöðvar eru fjórar, aðalstöðin við borholusvæðið, tvær stöðvar eru í Hlíða- og Túnahverfi og ein dælustöð þjónar Eyrinni. Til umræðu hefur verið að færa út veitusvæði Hitaveitu Sauðárkróks fram í Borgarsveit og jafnvel Sæmundarhlíð. Þá hefur sameining Hitaveitu Sauðárkróks og Hitaveitu Seyluhrepps komið til tals (1997).
Á næstu árum er áætlað að breyta sölufyrirkomulagi Hitaveitunnar og setja upp mæla en með því er talið að hægt verði að nýta sjálfrennsli úr núverandi vinnsluholum næstu tvo til þrjá áratugi, þó gert sé ráð fyrir vaxandi notkun eftir breytinguna. Búið er að finna holum SK-14 og SK-15 stað en óliklegt er að þær verði boraðar fyrr en eftir skipulagstímabilið.

3.10.2.2 Hitaveita Seyluhrepps
Varmahlíð er austan í Reykjarhóli á jarðhitasvæði og hús hafa verið hituð með heitu vatni frá upphafi byggðar. Borað var eftir heitu vatni árið 1972 þegar Varmahlíðarskóli var byggður og hitaveita lögð í framhaldi af því. Árið 1986 var boruð 416 metra djúp hola sem gefur 20 sekúndulítra af 90°C vatni. Hitaveita var lögð um Víðimýrartorfu sama ár en tveim árum síðar um Langholt. Haustið 1996 var enn borað og þá norðan í Reykjarhóli. Milli 85 og 90% af íbúðum í Seyluhreppi eru hitaðar með jarðhita.

3.10.2.3 Hitaveita Hjaltadals
Hitaveitan var lögð fyrir Hólalax og Hólaskóla um 1980. Hólahreppur á veituna að 6% og Ríkissjóður að 94%. Virkjað er jarðhitasvæði að Reykjum, innst í Hjaltadal. Þaðan eru 9 km niður að Hólum og nýtir einn bær meðfram stofnlögninni hitaveituna og eldisstöðin Hólalax. Aðalveitusvæðið er Hólastaður sjálfur og þar kemur vatnið um 56-58°C í hús og því er talið að hér sé kaldasta hitaveita á landinu. Neðsta hús sem tengt er veitunni er grunnskólinn og ekki er talið að hitaveitan geti þjónustað stærra svæði. Jarðhitasvæðið að Reykjum hefur þó ekki verið fullrannsakað. Hins vegar er talið líklegt að með nýrri tækni væri hægt að ná vatninu heitara í hús á Hólum.

3.10.2.4 Hitaveitan í Steinsstaðabyggð
Megnið af heitu vatni á Steinsstöðum kemur upp austan við gömlu sundlaugina og í sundlaugarbotninum sjálfum. Á Laugarhvammi, syðst í Steinsstaðabyggðinni, kemur hiti upp á nokkrum stöðum. Samanlagt rennsli á Steinsstöðum er um 20 sekúndulítrar, og hiti þess 58-60°C. Öll hús á Steinsstöðum eru hituð upp með heitu vatni og lögn er þaðan til Fitja.

3.10.2.5 Aðrar hitaveitur
Mikið heitt vatn er í Lýtingsstaðahreppi og víða er það notað til upphitunar. Má þar nefna á Daufá, Vindheimum, Reykjavöllum, Reykjum, Varmalæk, Ytri-Mælifellsá, Starrastöðum, Hafgrímsstöðum, Hofsvöllum og Litlu-Hlíð. Á Varmalæk eru nokkur heimili saman með hitaveitu. Í Fljótum er víða jarðhiti og heitt vatn notað til upphitunar. Á nokkrum stöðum eru veitur sem þjóna meira en einu heimili. Stóru- og Minni-Reykir eru saman með hitaveitu einnig Sólgarðar og Barð. Á Lambanesreykjum er hitaveita sem notuð er í fjögur hús og í laxeldið á Hrauni. Á Reykjarhóli á Bökkum (einnig notað í laxeldi), Laugalandi, og Reykjarhóli í Austur-Fljótum eru hitaveitur fyrir hvert heimili.

3.10.3 Sími og boðveitur, veitusvæði
Þessum kafla fylgir 20. þemakort, Símaveitukerfi.
Aðalsímstöð Pósts og síma er við Kirkjutorg á Sauðárkróki. Póstafgreiðslur eru líka í Varmahlíð og á Hofsósi en á Ketilási var póstafgreiðslan lögð niður um áramótin 1996-97.
Talsímafélag Sauðárkróks var stofnað upp úr aldamótum en félagsaðild var dýr. Póstur og sími er aftur orðið hlutafélag en samt í eigu ríkisins. Því hefur dreifikerfið ekki verið viðfangsefni sveitarfélaga á sama hátt og aðrar veitur og raunar hefur Póstur og sími komist framhjá áhrifum sveitarfélaga á staðsetningu línanna með því að grundvalla línulagnir á fjarskiptalögum.
Þróunin síðustu ár hefur verið mjög ör og möguleikarnir orðnir margir einkum eftir að ljósleiðarar voru lagðir um héraðið.
Um boðveitu ná Skagfirðingar þrem útvarpsstöðvum, einni svæðisútvarpsstöð, og tveim sjónvarpsstöðvum auk þess sem skermar til móttöku sjónvarpsefnis um gervihnött sjást æ víðar. Miklar breytingar hafa líka orðið í fjölmiðlun og fyrir dyrum stendur breiðbandsvæðing á vegum Pósts og síma.
Póstflutningakerfið er sýnt á 17. þemakorti og símalínur á 20. þemakorti.

3.10.4 Vatnsveitur, veitusvæði

3.10.4.1 Vatnsveita Sauðárkróks
Framkvæmdir við Vatnsveitu Sauðárkróks hófust árið 1912 en þá var vatnsleiðsla lögð frá Hlíðarenda. Vatninu var veitt í þró úr lindum og holræstum mýrum. Þetta sama ár var fyrst lögð vatnslögn í hús á Sauðárkróki en áður fengu menn vatn úr lindum undir Nöfunum. Hraksíðuárveitan var byggð árið 1940 í tengslum við gerð hafnargarðsins en varð síðar nýtt fyrir allan bæinn. Nú er vatn þaðan eingöngu notað í iðnað á Eyrinni sem ekki gerir miklar kröfur til vatnsgæða. Sauðáin var virkjuð og tengd inn á vatnsveituna árið 1950 en þá var rafstöðin við Sauðá lögð niður og Gönguskarðsárvirkjun tekin í notkun. Neysluvatn Hlíðahverfis var fyrst tekið úr Sauðá en það er yfirborðsvatn, uppfyllir ekki kröfur um vatnsgæði og er nú aðeins notað af sútunarverksmiðjunni.
Vatnsöflun Vatnsveitu Sauðárkróks er að mestu leiti úr borholum við Veðramót í Gönguskörðum og úr lindum í Molduxaskarði og Sandskarði. Veðramótsveitan þjónar neðri bæjarhlutunum að mestu en Molduxa- og Sandskarðsveitan, Hlíða- og Túnahverfinu. Miðlunargeymar eru tveir, 1000 rúmmetra tankur á Grænumóum fyrir Veðramótsveitu og 200 rúmmetra tankur sunnan við Sauðárgil fyrir Molduxa- og Sandskarðsveitur. Reglulegar mælingar hafa ekki verið gerðar á rennsli veitnana en ef tekið er meðaltal af þeim mælingum sem hafa verið gerðar á tímabilinu 1981-1994, þá fær Vatnsveitan um 25 sekúndulítra úr Veðramótsveitu og 12 sekúndulítra úr Sandskarðs- og Molduxaveitunni. Rennslið er þó mjög misjafnt eftir árstímum og getur farið niður í 2 sekúndulítra seinnihluta vetrar. Vatn í Veðramótsveitunni er nokkuð stöðugt en mun breytilegra í hinum veitunum tveim. Á vatnstökusvæðinu í Gönguskörðum eru skilyrði til meiri vatnstöku en þó ekki auðveld.
Á næstu árum er áætlað að halda áfram við uppsetningu mæla í fyrirtæki og á heimili og endurnýja dreifikerfi veitunnar og nýta þannig betur það vatn sem til umráða er.

3.10.4.2 Vatnsveitufélag Varmahlíðar
Árið 1943 byrjuðu framkvæmdir fyrir vatnsveitu í Varmahlíð vegna fyrirhugaðra skólabygginga og þá nytjaðar lindir í Norðurmýrum í landi Víðimýrar. Vatnsveitufélag Varmahlíðar var stofnað á 8. áratugnum. Varmahlíð fær í dag vatn úr lindum í jökulseti austan Vatnsskarðs í landi Brekku nálægt Sæmundará og við Víðimýrará. Vatnsgeymir er um 1 km vestan við Varmahlíð. Fyrirhugað er að virkja fleiri lindir til þess að fá nægilegt vatn og þá í landi Brekku eða Íbishóls.

3.10.4.3 Vatnsveita Hofsóss
Hofsós fær vatn sitt úr lindum í framhlaupi í fjallinu rétt fyrir ofan Engihlíð og munu þar fást um eða yfir 5 sekúndulítrar. Asbestlögn, 4 tommu lögð um 1950, liggur frá lindunum í vatnsmiðlunargeymi sem stendur á hæð rétt austan við Siglufjarðarveg. Þaðan liggja tvær 6 tommu lagnir niður í þorpið, sitthvoru megin Hofsá. Á næstu árum eru fyrirhugaðar endurbætur á lögninni ofan frá Engihlíð.

3.10.4.4 Vatnsveitan á Hólum í Hjaltadal
Vatnsveitur voru nokkrar á Hólum fram til 1995. Þegar umsvif jukust hjá Hólalaxi 1993 voru lindir ofan við Hof virkjaðar og vatnsveita lögð þaðan niður að Hólum 1995 og lindir í Hólabyrðunni milli Hóla og Hofs virkjaðar til viðbótar og veitt í Hólalögnina. Hólahreppur lagði veituna en Hólaskóli hefur síðan yfirtekið hana. Vatn er gott og vatnsmagn nægilegt.

3.10.4.5 Vatnsveitan í Steinsstaðabyggð
Vatn Steinsstaðabyggðar er tekið ofan við Álfgeirsvelli í Efribyggð og leitt þaðan til Steinsstaða. Miðlunartankur, 24.000 lítra, er við Skíðastaði og liggur úr honum 3,5 tommu lögn til Steinsstaða. Laugarbakki, Ljósaland, Reykjaborg og Reykir fá einnig vatn sitt úr sömu lögn.

3.10.4.5 Vatnsveita til sveita
Nákvæm úttekt á einkavatnsbólum liggur ekki fyrir. Verður því ekki glöggt frá þeim greint. Á bæjum þeim, er liggja undir fjallahlíðum, má víða fá vatn úr lindavætlum, sem safnast sennilega úr skriðum, ysta byrði bergs og jafnvel jarðvegi. Spretta seytl þessi víða upp úr jarðvegi og er stundum votlent eða jafnvel mýrlent í kringum vatnsbólin. Lindir í þykkum jarðvegi renna oft neðanjarðar um langan veg, oftast við botn jarðvegslagsins, og eru þá iðulega lítt mengaðar af mýrlendi því, sem þær spretta upp í. Allur er þó gangur á gæðum þeim. Vatnsöflun er yfirleitt erfiðari á flatlendi eða óðru láglendi. Þarf þar víða að vinna vatn úr brunnum eða borholum. Eru líklega nokkuð víða vandkvæði á þeirri vatnsöflun og vatnsgæði ekki alltaf fyllilega viðunandi. Erfiðast mun vera með vatnsöflun á Langholti og í Hegranesi.
Langflest býli fá sitt vatn úr lindum, nokkur úr lækjum í Hjaltadal og í Fljótum, sex úr brunnum þar af fimm í Hegranesi og átta býli fá vatn sitt úr borholum þar af sex í Hegranesi. Á nokkrum stöðum til sveita eru tveir eða fleiri bæir saman með vatnsveitu.

3.10.5 Fráveitur, veitusvæði

3.10.5.1 Fráveita Sauðárkróksbæjar

Holræsakerfið er í talið í góðu ástandi og meirihluti kerfisins yngri en 20 ára. Það er um 29 km langt auk 10 km langra heimæða. Einfalt holræsakerfi er í eldri bæjarhlutum en í Túnahverfi og Hlíðarhverfi er tvöfalt holræsakerfi þ.e. skólp er leitt í sjó en regnvatn í Sauðána. Alls eru 12 útrásir í sjó fram og eru þær með nokkuð jöfnu millibili frá Borgargerði út á Eyri. Tvær útrásir eru stærstar, önnur niður af Hegrabraut og hin niður af Borgargerði.
Fyrirhugað er að sameina útrásir á næstu árum og hugsanlegt er að skólp verði grófhreinsað en nú fer það óhreinsað til sjávar. Rannsóknir hafa verið gerðar á mengun sjávar við Sauðárkrók og er hún allsstaðar lítil, undir mörkum. Borgarsandur og fjaran eru mikilvægir staðir fyrir útivist bæjarbúa, stangveiði og náttúruskoðun.

3.10.5.2 Fráveita Varmahlíðar

Fráveitulagnir í Varmahlíð voru endurnýjaðar árið 1991 og lagðar að nýrri rotþró austan við þjóðveg, Sauðárkróksbraut. Rotþróin á að geta annað allri Varmahlíðarbyggðinni. Æskilegt er talið að koma fyrir fullnægjandi hreinsibúnaði og leggja afrennsli frá rotþrónni í Húseyjarkvísl.

3.10.5.3 Fráveita Hofsóss

Fráveitukerfi Hofsóss skiptist í nokkra hluta, annað hvort tengt við rotþrær eða útrásir í sjó. Sunnan Hofsár skiptist fráveitukerfið í tvo hluta. Uppi á Bökkum er kerfið nýlegt og ástand gott en mestöll íbúðabyggðin auk fyrirtækja og stofnana er tengd því fráveitukerfi. Útrás í sjó var gerð 1996. Fráveitukerfið í Kvosinni er frá 1992 og tengt við rotþró. Norðan við Hofsá skiptist fráveitukerfið í fjóra hluta. Eitt þeirra er nýlegt, frá frystihúsinu, en hin eru gömul og liggja tvö þeirra beint í Hofsá.
Við breytingar á fráveitukerfi Hofsóss er gert ráð fyrir að í Hofsá renni ekkert skólp nema úr sitrulögn úr rotþróm frá húsum á Brekkunni og Kvosinni norðan Hofsár. Allt annað skólp fari í sjó.

3.10.5.4 Fráveita Hóla í Hjaltadal

Á Hólum er fráveita í nokkrar rotþrær. Tvær þeirra eru stærstar, fyrir Hólastað sjálfan, önnur norðan við skólahúsið, hin vestan við suðurhluta byggðarinnar og vestan við Hjaltadalsveg. Yfirföll frá þessum rotþróm eru leidd út í jarðveginn. Hús ofar í dalnum sem tilheyra Hólaskóla hafa hvert sína rotþró eins og önnur jarðahús og íbúðarhús í dalnum.

3.10.5.5 Fráveita Steinsstaðabyggðar

Fráveitukerfi Steinsstaða er í ágætu ástandi, og liggur frá allri byggðinni í eina rotþró sem sett var upp 1990.

3.10.5.6 Fráveita til sveita

Allur gangur er á fráveitum til sveita. Allvíða eru rotþrær en víða liggur þó frárennsli í næsta skurð, á eða í sjó. Í tveimur sveitarfélögum, Skarðshreppi og Rípurhreppi, eru komnar rotþrær við alla bæi. Í Viðvíkurhreppi er verið að setja rotþrær við alla bæi (1997). Á nokkrum stöðum til sveita eru tveir eða fleiri bæir með sameiginlega fráveitu. Má þar nefna Lambanesreyki og Skeiðsfoss í Fljótum. Samkvæmt lögum nr. 53 um frárennslismál eru endurbætur á fráveitum í dreifbýli sem unnar verða til ársloka 2005 styrkhæfar. Skilyrði eru um að framkvæmdin sé heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélagsins.

3.10.6 Sorpveita og sorpsvæði

3.10.6.1 Sorpflutningar

Sorp er flutt frá Sauðárkróki og úr öðrum byggðum Skagafjarðar og grafið á sorpsvæði Sauðárkróks. Flutningamir eru á vegum verktaka, ÓK, á Sauðárkróki, sem rekur sorpflutningabíla og sorpgáma. Þjónusta verktakans byggist á að leigja út gáma, hirða um þá og tæma þá í samráði við sveitarfélög. Á hans vegum hefur 27 sorpgámum verið komið fyrir í Skagafirði, auk 5 gáma á Sauðárkróki. Gámamir á Sauðárkróki eru fyrir endurvinnanlegt efni s.s. timbur og pappír og tæmdir þrisvar í viku. Þessir sorpgámar eru notaðir af almenningi en á Sauðárkróki notfæra fyrirtæki sér þessa þjónustu þannig að 12-15 stórir fyrirtækjagámar eru leigðir út og þjónustaðir og nýbyrjuð er útleiga á minni plastkerjum, sem taka 1000 og 660 lítra og henta litlum iðnfyrirtækjum og verslunum. Fyrirtæki þar þurfa sjálf að koma sorpi sínu og úrgangi á sorpsvæðið. Af gámunum 27 utan Sauðárkróks eru 11 tæmdir með einnar viku bili, 14 með 2 viku bili og 3 á 3 vikna bili. ÓK hefur tekið að sér að þjónusta Siglufjörð á sama hátt frá 1. júlí 1996.

3.10.6.2 Sorpsvæðið í Skarðslandi

Sorpsvæði Sauðárkróks er á Skarðsmóum, syðst á Reykjaströnd, í landi Skarðs í Skarðshreppi, sem Sauðárkróksbær leigir til þessara nota. Þangað er flutt sorp og grafið af öllu þjónustusvæði ÓK. Af leigusamningi Sauðárkróks og Skarðs lifa nú tvö ár (1996) og hafa bæjaryfirvöld hugað að nýju sorpsvæði um nokkurt skeið. Í athugun hafa líka verið aðrar aðferðir við förgun sorps en að grafa það t.d. brennsla og þá verið horft til þess að nýta hitann til húshitunar. Þessi aðferð virðist þó dýr og óhagkvæm og enn finnast ekki betri förgunaraðferðir en að grafa sorp. Sérfræðingar sem Sauðárkróksbær hefur fengið til að leita landa fyrir sorp hafa einkum horft á landið milli Kolkuóss og Brimness þar sem skilyrði eru ákjósanleg. Fyrir liggur að á þessu svæði mætti koma fyrir öllu sorpi úr Skagafirði um langan tíma. Önnur svæði sem þykja vænleg eru í Hegranesi og á Reykjaströnd.
Slátúrúrgangur hefur verið grafinn í Sauðárkrókslandi, sunnan við Gönguskarðsá, vestan við brú og er ekki fyrirkomulag til framtíðar. Á þetta svæði hefur brotajárni einnig verið safnað. Brotajárninu hefur verið pakkað og það síðan flutt til Reykjavíkur og mun sá háttur verða haföur á áfram.

3.10.6.3 Spilliefni

Sauðárkróksbær hefur tekið við rafgeymum og spilliefnum til flutnings og förgunar annars staðar, aðallega í Reykjavík. Önnur sveitarfélög í Skagafirði hafa ekki tekið upp slíka þjónustu og ekki hefur verið leitað eftir samstarfi sveitarfélaganna.

Heimildaskrá

3.10 Veitur
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Haraldur Sigurðsson og Pétur Jónsson: Aðalskipulag Varmahlíðar 1995-2015. Bls 26-28.
Sigurjón Þórðarson, 1995: Greinargerð um heildaráætlun fráveituframkvæmda á Hofsósi í Hofshreppi í Skagafirði. 2 bls.
Umhverfisráðuneytið ,1993: Skýrsla fráveitunefndar umhverfisráðuneytis. Umhverfisráðuneytið. 108 bls.
Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannesson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-84050/JHD-09. Reykjavík, 111 bls.
Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson og Þórólfur H. Hafstað, 1991: Skagafjörður, jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-91047/JHD-08, Reykjavík, 96 bls. Bls. 7-34 + kortablöð.
Viðtöl:
Björn Ófeigsson, Reykjaborg Lýtingsstaðahreppi.
Elín Sigurðardóttir, oddviti Lýtingsstaðahrepps.
Haraldur Þór Jóhannsson, oddviti Viðvíkurhrepps.
Jóhann Svavarsson, veitustjóri RARIK í Skagafirði.
Sigurjón Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi Sauðárkróki.
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri Sauðárkróks
Valgeir Bjarnason, oddviti Hólahrepps.
Þorvaldur G Óskarsson, bifvélavirki Sleitustöðum Hólahreppi.

4.0 Markmið

Markmið fyrir vinnu við svæðisskipulag Skagafjarðar eru eftirfarandi:

4.1 Náttúru- og söguminjavernd

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Staðsetningu og gerð náttúruminja og hvernig verndun þeirra er nú háttað.
- Staðsetningu og gerð sögustaða og fornleifa og hvernig verndun þeirra er nú háttað.
- Staðsetningu og gerð vatnsbóla og vatnasvæðum þeirra, og hvernig verndun þeirra er nú háttað.
- Staðsetningu og ástand opins fjalllendis, verndarsvæða, þjóðgarða.
- Staðsetningu og gerð hættusvæða vegna náttúruhamfara.

Gerð grein fyrir áætlunum sem gerðar hafa verið og áform eru um.

Mótaðar tillögur og afstaða til verndunarsvæða í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi, til náttúru-, minja-vatnsbóla- og gróðurverndar og vegna náttúruhamfara.

4.2 Byggð

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Byggðirnar, hvernig byggðin er vaxin í Skagafirði og hvar fólkið býr í héraðinu og hvernig íbúafjöldinn hefur þróast síðustu áratugi (kyn, aldur, flutningar).
- Sérkenni byggðanna, kosti og galla, atvinnu- og félagslega, og m.t.t. skóla, veitna, heilbrigðisþjónustu, samgangna, sorphirðu og annarrar opinberrar þjónustu.
- Félagslegar einingar, (sem ekki þurfa að standast á við stjórnsýslueiningar), frístundafélög, safnaðarstarf, æskulýðsstarf, félagslíf, bæði í dreifbýli og þéttbýli.
- Eignarhald almenningsstofnana á landi.

Gerð grein fyrir þeim skipulags- og byggðaáætlunum sem gerðar hafa verið og áform eru um.

Mótaðar tillögur og afstaða til byggðar í Skagafirði næstu tvo áratugi einkum til þéttingar á byggð milli Sauðárkróks og Varmahlíðar.

4.3 Atvinnuvegir

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Þróun og ástand í landbúnaði, sérstöðu og aðstæður til landbúnaðarframleiðslu.
- Uppbyggingu skagfirsks landbúnaðar, atvinnulegum (búgreinum og staðsetningu) og félagslegum (upprekstrarfélögum, búnaðarfélögum, sameignar- og samvinnufélögum og áætlunum sem gerðar hafa verið og áform eru um).
- Staðsetningu á bústofni, ræktar- og beitilandi.
- Skilyrði fyrir aukabúgreinar t.d. ferðaþjónustu í ýmsum myndum, fiskeldi, ylrækt, hrossarækt og hugsanlegar aðrar landnytjar
- Atvinnuvegi í Skagafirði, staðsetningu, þróun og ársverkafjölda.
- Ferðaþjónustu séstaklega, staðsetningu, gerð og uppbyggingu eftirsóttra ferðamannastaða og starfsemi sem tengist þeim.
- Sérstök skilyrði atvinnuvega í Skagafirði.

Gerð grein fyrir áætlunum sem gerðar hafa verið og nýjum áformum.

Mótaðar tillögur og afstaða til uppbyggingar atvinnuvega í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

4.4 Félagsmál, útivist og íþróttir

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Núverandi orlofs- og sumarbústaðasvæði.
- Staðsetningu núverandi sérhæfðra (byggðra) útivistar- og íþróttasvæða; golf-, íþrótta- og skeiðvalla, skógræktarsvæða og skíðasvæða.
- Staðsetningu núverandi gangnamanna- og fjallaskála.
- Staðsetningu veiðisvæða, ár og vötn og veiðihús.

Gerð grein fyrir áætlunum sem gerðar hafa verið og áform eru um.

Mótaðar tillögur og afstaða til byggðar "frístundahúsa" og sérhæfðra útivistar- og íþróttasvæða í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

4.5 Opinber stjórnsýsla og þjónusta

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Staðsetningu sveitarfélaga, lögsögumörk og starfsemi.
- Staðsetningu og starfsemi félagsþjónustu, samstarf og sérstakar aðstæður.
- Staðsetningu og starfsemi skóla, samstarf og sérstakar aðstæður.
- Staðsetningu og starfsemi félagsheimila, samstarf og sérstakar aðstæður.
- Staðsetningu og starfsemi heilbrigðisstofnana.
- Staðsetningu kirkna, kirkjusóknir, og kirkjugarða
- Fyrirkomulag almanna- og brunavarna og löggæslu.
- Staðsetningu og starfsemi safnastofnana.
- Staðsetningu og starfsemi eftirlits- og þjónustustofnana fyrir atvinnuvegi.

Gerð grein fyrir gerðum áætlunum og áformum.

Mótaðar tillögur og afstaða til opinberrar þjónustu og samstarfs sveitarfélaga í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

4.6 Samgöngur

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Staðsetningu og gerð vega, hafna og flugvalla og staðsetningu og gerð reiðleiða, fjallvega og upprekstrarleiða.
- Flutninga um héraðið, póst,- fóður- og mjólkurflutninga og aðra vöruflutninga og fólksflutninga þ.á.m. almenningsflutninga, og flutninga að héraðinu og frá því.
- Umferð á vegum og umferðaröryggi.

Gerð grein fyrir áætlunum og áformum á sviði samgangna og flutninga.

Mótaðar tillögur og afstaða til samgöngukerfis í Skagafirði næstu tvo áratugi.

4.7 Veitur

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Staðsetningu og gerð orkulinda og mögulegri nýtingu, einkum jarðhita m.t.t. til hitaveitu um sveitir í héraðinu.
- Staðsetningu og gerð aðveitna og lagnakerfa, ókostum þeirra og möguleikum sem þau bera með sér - og áhrifum - fyrir byggðina.
- Staðsetningu og gerð sorpveitna, sorpförgunarstaða og fráveitna og áhrifum á "gerð" byggðarinnar.

Gerð grein fyrir áætlunum sem gerðar hafa verið og áform eru um.

Mótaðar tillögur og afstaða fyrir næstu tvo áratugi til orkuvinnslusvæða, að- og fráveitulagna og sorpförgunar í Skagafirði.

4.8 Náttúrufar

Í svæðisskipulaginu verði skrár um:

- Helstu náttúruauðlindir og náttúrueinkenni í Skagafirði, dýrlíf, jarðfræði og vatna-, gróður- og veðurfar.

Fram þarf að koma í svæðisskipulagi hvort meta þurfi áhrif á umhverfi af einstökum framkvæmdum sem gerðar eru tillögur um.

5.0 Tillögur

Tillaga að svæðisskipulagi fyrir Skagafjörð felur í sér margar tillögur á ýmsum sviðum sveitarstjórnarmála, settar fram á uppdrætti og í þessum tillögukafla. Tillögurnar miðast við samstarf sveitarfélaganna 12 í Skagafirði, sameiginlega stefnu fyrir landnotkun og umferðarkerfi í héraðinu og í nokkrum áherslumálum sem hæfa í svæðisskipulagi. Í tillögunni eru teknar inn nokkrar tillögur varðandi miðhálendishluta Skagafjarðar frá Svæðisskipulagi miðhálendisins eins og mælt var fyrir um í upphafi verks. Tillaga í Svæðisskipulagi miðhálendisins um veitu úr Vestari-Jökulsá í Haugakvísl og Blöndulón er þó undanskilin.

5.1 Íbúðarsvæði

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Ný íbúðarsvæði verði í þéttbýlisstöðum sem fyrir eru.
2. Að leyfð verði þétting íbúðarbyggðar til sveita þar sem áhugi er og aðstæður leyfa.
3. Gert verði sérstakt aðalskipulag fyrir svæði þar sem byggð þéttist mest til sveita, á milli Varmahlíðar, Sauðárkróks og Hofsóss, til þess að samræma stefnu sveitarstjórna til byggðar og landnotkunar, setja reglur um bústofn og hlut í afrétt og afmarka reið- og lagnaleiðir. Aðalskipulagið nái yfir hluta Hofshrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Rípurhrepps, Skarðshrepps, Staðarhrepps og Seyluhrepps og verði samstarfsverkefni þeirra. Þetta svæði er sérstaklega auðkennt á tillöguuppdrætti.

5.2 Landbúnaður

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Mjólkurframleiðsla verði studd í héraðinu t.d. með vegabótum.
2. Svæði á láglendi utan við þéttbýlisstaðina verði landbúnaðarsvæði en afrétt ofar, nema sérstaklega auðkennd svæði.
3. Skilgreindir verði staðir sem henta fyrir uppbyggingu á loðdýraræk t.t.t. þess að auðvelda eigendaskipti, samvinnu og lágmarka kostnað við aðdrætti, truflun frá annarri starfsemi og lyktarmengun.
4. Skilgreindir verði staðir sem henta fyrir uppbyggingu á ylræk m.t.t. þess að auðvelda eigendaskipti, samvinnu og markaðssetnigu.
5. Farið verði yfir kosti og takmarkanir vistvænnar ræktunar og eldis í Skagafirði, á hrossum, sauðfé, nautgripum, vatnableikju og grænmeti.
6. Veiðar og vatnanytjar verði skipulagðar í samvinnu stofnana á Hólum.
7. Stofnsett verði sameiginleg stofnun, "Héraðsskógar", með aðsetri á Hólum í Hjaltadal sem annist rannsóknir og ráðgjöf á sviði skógræktar í héraðinu í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Starfsemi í Varmahlíð verði ekki skert.
8. Gerð verði tilraun með héraðssölufyrirtæki, sem leiti markaða og selji skagfirskar afurðir.
9. Kannaðir verði möguleikar á samstarfi og fjármögnun á rannsóknum og ráðgjöf á ofangreindum sviðum samkvæmt ESB-reglum.

5.3 Fiskeldi

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Að efla rannsóknir og ráðgjöf á sviði fiskeldis á Hólum.
2. Að staðir með góð skilyrði fyrir fiskeldi verði skipulega skilgreindir í samvinnu við stofnanir á Hólum.
3. Að staðir með góð skilyrði fyrir hlýsjávareldi verði skipulega skilgreindir í samvinnu við Máka hf. og stofnanir á Hólum.

5.4 Ferðaþjónusta

4. Ný svæði fyrir orlofs- og sumarhúsabyggð verði að Hólavöllum og Sólgörðum í Fljótum, við Hofsós, að Ásgarði við Kolku og Hóla í Hjaltadal eins og sýnt er á tillöguuppdrætti.

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

5. Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð hafi með höndum auk upplýsingamiðlunar, samræmingu og umboðssölu á gistingu, ferðum innanhéraðs, aðgangi að tjaldsvæðum, söfnum og sundlaugum, veiði, hestaferðum, bátsferðum, og annarri afþreyingu.
6. 3 ferðamiðstöðvar, "Héraðssel", verði starfræktar í endabyggðunum í sambandi við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð, við skóla eða félagsheimili og leiðir í héraðið, að

Sólgörðum, Steinsstöðum og Skagaseli. Tjaldsvæði verði við þessi "Héraðssel" og þjónusta seld í samstarfi við Upplýsingamiðstöð ferðamála.

7. Byggingu sumarbústaða verði beint á skipulögð sumarhúsasvæði.
8. Orlofsheimili aldraðra verði þáttur í ferðaþjónustu í Skagafirði með miðstöð að Löngumýri.
9. Stutt verði við hótel- og gistihús sem starfandi eru og samstarf aukið.

5.5 Önnur atvinnusvæði

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Ný atvinnusvæði verði ekki skipulögð utan við þéttbýlisstaðina nema fyrir orlofs- og sumarhús og hinar ýmsu greinar landbúnaðar.
2. Leyfðar verði einstakar nýbyggingar og breytingar á húsum á bújörðum fyrir fyrirtæki í öðrum greinum en landbúnaði og fyrir stofnanir sem slík staðsetning kann að henta.

5.6 Þjónusta ríkis og sveitarfélaga

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Að fleiri aðhlynningar- og gæslustofnanir ríkisins komi sér fyrir í Skagafirði.
2. Sett verði á laggirnar "Héraðsþjónusta" sameiginleg stofnun sveitarfélaganna með aðsetri á Sauðárkróki. Stofnunin annist félagsaðstoð fyrir sveitarfélögin, barnavernd og þjónustu við aldraða.
3. Heilbrigðisstofnanir taki þátt í mótun ferðamála og sérstaklega því sem lýtur að "heilsuferðalögum", endurhæfingu fólks, orlofsheimilum fyrir aldraða og notkun heita vatnsins
4. Stofnað verði "Héraðsskipulag", ein byggingar- og skipulagsnefnd fyrir Skagafjörð með aðsetri á Sauðárkróki og fjalli um byggingar- og skipulagsmál í héraðinu öllu í framhaldi af staðfestingu svæðisskipulagsins, framhald þess og túlkun í nánu samstarfi við byggingarfulltrúa.
5. Stofnsett verði "Héraðssöfn", til að samræma starf safna í Skagafirði með aðsetri á Sauðárkróki.
6. Byggðasafn Skagfirðinga hafi ásamt landeigendum umsjón með söguminjum sem eru á skrá í svæðisskipulagi og viðhaldi þeirra, rannsaki þau og kveði á um vernd þeirra.

5.7 Samgöngur

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir eftirfarandi forgangsröð í vegabótum, að:

1. Innanhéraðsvegir verði byggðir upp og bættir, safn- og tengivegir.
2. Lokið verði við að byggja upp veg fram að Hofi í Vesturdal og fyrir Skaga.
3. Nýr vegur verði lagður um Kjálka- og Villinganesvegi frá hringveginum í Norðurárdal á Skagafjarðarveg við Tunguháls og brú yfir Héraðsvötn. Núverandi veglínur verði endurskoðaðar.
4. Nýr vegur verði lagður yfir Lágheiði um Stíflu.
5. Nýr vegur verði lagður um Þverárfjall, frá Sauðárkróki, úr Skarðskróki um Laxárdal að Skagastrandarvegi.
6. Reiðleiðir verði um héraðið eins og sýnt er á tillöguuppdrætti, um gömlu vegina eftir því sem kostur er en meðfram Sauðárkróksbraut allri og Siglufjarðarvegi og öðrum héraðsvegum á köflum.
7. Reiðleiðir úr Skagafirði verði um gömlu leiðirnar um fjallaskörð á Tröllaskaga og dali vesturfjallanna eins og sýnt er á tillöguuppdrætti og með aðlfjallvegi fram á Sprengisand og Eyfirðingaleið norðan Hofsjökuls.
8. Vegur frá Hofi í Vesturdal upp á Sprengisandsveg verði aðalfjallvegur í samræmi Svæðisskipulag miðhálendisins.
9. Kjalvegur frá Efribyggðarvegi um Mælifellsdal í átt að Blöndustíflu og úr Vesturdal að Lambahrauni og Ingólfsskála verði fjallvegir til samræmis við fjallvegareglur og Svæðisskipulag miðhálendisins.
10. Flugbraut verði við Lambahraun á miðhálendishluta Skagafjarðar, í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendisins.
11. Ný brú verði byggð yfir Vestari-Héraðsvötn við Húsabakka með tilheyrandi vegtengingum við Hegranesveg og Sauðárkróksbraut. Á tillöguuppdrætti er brúin sérstaklega auðkennd.
12. Auk vegabóta verði gerð tímabundin tilraun með "Héraðsrútur" í samráði við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð, um bætta almenningsflutninga milli Varmahlíðar, Sauðárkróks og Hofsóss.

5.8 Veitur og virkjanir

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

1. Sorpsvæði verði í landi Brimness í Viðvíkursveit. Á tillöguuppdrætti er svæðið sérstaklega auðkennt.

2. Stofnlagnaleiðir um héraðið, nýjar og þær sem verða endurnýjaðar, fylgi aðalvegum. Í sameiginlegu aðalskipulagi svæðisins milli Varmahlíðar, Sauðárkróks og Hofsóss verði lagnaleiðir um svæðið nánar skilgreindar.
3. Stofnaðar verði "Héraðsveitur" með aðsetri á Sauðárkróki sem samræmi starfsemi veitustofnana í héraðinu, virkjanir og dreifikerfi. Starfsemi "Héraðsveitna" verði á sviði 1) hitaveitna og jarðhitasvæða, 2) vatnsveitna og lindasvæða, 3) rafveitna og virkjana, 4) fráveitna, 5) sorphirðu og sorpförgunar.
4. "Héraðsveitur" annist ásamt heilbrigðisyfirvöldum rannsóknir og eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem sýnd eru á tillöguuppdrætti og setji umferðar- og umgengnisreglur í samræmi við lög og framfylgi þeim í samvinnu við sveitarstjórnir og landeigendur.
5. "Héraðsveitur" annist rannsóknir, framkvæmdir á og eftirlit með jarðhitasvæðum í héraðinu og beiti sér fyrir virkjunum þeirra og stækkuðu dreifikerfi hitaveitu eða rafveitu eftir því sem hagkvæmt reynist.
6. "Héraðsveitur" annist rannsóknir og framkvæmd á fráveitum í héraðinu og beiti sér fyrir vönduðum, vistvænum og hagkvæmum framtíðarlausnum.
7. "Héraðsveitur" safni úrgangi og spilliefnum af þjónustusvæðinu sem þarf að flytja til förgunar utan héraðsins.
8. Vatnsorka Héraðsvatna verði virkjuð. Á tillöguuppdrætti verði stöðvarhússvæði við Flatatungu og miðlunarlón í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendisins sérstaklega auðkennd.
9. Miðlunarlón Stafnsvatnavirkjunar í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendisins og svæði stöðvarhúss neðan við Þorljótsstaði verði sérstaklega auðkennt á tillöguuppdrætti.
10. Svæði stöðvarhúss við Merkigil vegna virkjunar Austari-Jökulsár verði sérstaklega auðkennt á tillöguuppdrætti.

5.9 Félagsmál, útivist og íþróttir

11. Nýir skálar í fjalllendi Skagafjarðar verði á skíðasvæði í Tindastóli og Fljótum.
12. Skálasvæði á miðhálendishluta Skagafjarðar verði í Lambahrauni í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendisins.

- Sveitarfélög beiti sér í samstarfi fyrir því að:

13. Aðalskeiðvöllur verði á Vindheimamelum og skeiðvellir hestamannafélaga verði á félagssvæðum þeirra.
14. Skíðasvæði verði í Lambárbotnum í Tindastóli og Bjarnargilslandi og Holtsdal í Fljótum og sérstaklega auðkennd á tillöguuppdrætti.
15. Nýir skálar við gönguleiðir s.s. á Tröllaskaga frá Móafellsdal að Kolbeinsdal og á Skagaheiði verði niðri í dölum og drögum og heimild til að byggja þá verði háð umsögn "Héraðsskipulags" og Náttúruverndarnefndar Skagafjarðar. Skálar sem nú standa í fjalllendi Skagafjarðar verði auðkenndir á tillöguuppdrætti.

5.10 Landvernd

16. Friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjaskrá samkvæmt lögum um náttúruvernd verði sérstaklega auðkennd á tillöguuppdrætti. Með þau verði farið eins og lög segja fyrir um.
17. Vatnsverndarsvæði í fjalllendi nálægt þéttbýlisstöðunum, brunn og grannsvæði, verði auðkennd á tillöguuppdrætti og verndað samkvæmt reglugerð um neysluvatn.
18. Efnivinnsla á nýjum svæðum verði háð mati á efnisgæðum, hagkvæmni og framlögðu skipulagi á efnistöku sem taki til eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni. Efnisnám á skráðum athyglisverðum svæðum í svæðisskipulaginu verði skilyrt umfjöllun í Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar. Sveitarstjórnir annist leyfisveitingar að fenginni umsögn og eftirlit með námum og frágangi að vinnslu lokinni.
19. Óbyggð svæði, önnur en verndarsvæði verði auðkennd á tillöguuppdrætti, afréttur og heimalönd, ýmist í umsjá sveitarfélaga, upprekstrarfélaga eða landeigenda.
20. Drög Austari-Jökulsár, Ásbjarnarvötn og Orravatn á miðhálendishluta Skagafjarðar og svæði frá Fjórðungskvísl að Austari-Jökulsá og Pollagili verði verndarsvæði í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendisins.
21. Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar fylgist ásamt sveitarstjórnum og landeigendum með athyglisverðum náttúruminjum í Skagafirði sem skráðar eru í kafla 2.8 í svæðisskipulagsgreinargerð og verndarsvæðum á miðhálendishluta Skagafjarðar. Í þessu samráði verði ákveðnar sérstakar aðgerðir eða vernd ef þurfa þykir og í samráði við sérfróðar stofnanir á sviði gróðurverndar verði settar reglur um umferð og umgengni. Á sama hátt verði settar reglur fyrir afréttarsvæði samkvæmt tillöguuppdrætti.

6.0 Samantekt

6.1 Markmið

Markmið með svæðisskipulaginu er að lýsa verkefnum sem samstarf gæti orðið um á héraðsvísu á vettvangi sveitarfélaga, samstarf á þeim grundvelli að Skagfirðingar gaumgæfðu og ræddu saman af ábyrgð skagfirska byggð í heild - við þær aðstæður að samdráttur er í landbúnaði - og beittu sameiginlegu afli og frumkvæði til þess að nota þá kosti sem hún hefur umfram aðrar byggðir til þess að skjóta stoðum undir þróun byggðarinnar til lengri tíma.
Markmið voru mótuð á grundvelli stöðumats, "Ástandslýsing og áhersluþættir", sem Samvinnunefnd um svæðisskipulag fyrir Skagafjörð fjallaði um í upphafi verks. Áhersla er á að skrá upplýsingar um náttúru og byggðir Skagafjarðar, þannig að haldgóð lýsing fáist, á tillögur um samstarf sveitarfélaga, mögulega samstarfsverkefni og -vettvanga til sóknar og á sameiginlega stefnu í landnotkun og umferðarkerfi. Í upphafi var ljóst að fullkomin skráning á öllum sviðum yrði umfangsmeira, tímafrekara og dýrara en sveitarfélögin treystu sér til að standa að. Þannig var það markmið í sjálfu sér að skráningin yrði byrjun á verki sem bætt yrði við í framhaldinu, unnt yrði á grundvelli svæðisskipulagsins að skilgreina nánari skráningu og rannsóknir. Markmið fyrir vinnu í einstökum efnisþættum eru sett fram í kafla 4.0 og samandregin hér á eftir:

6.1.1 Náttúru- og söguminjavernd

Skráð verði staðsetning og gerð náttúruminja, sögustaða og fornleifa, vatnsbóla og vatnasvæða þeirra og verndun þeirra, staðsetning og ástand opins fjalllendis, verndarsvæða og þjóðgarða og staðsetning og gerð hættusvæða vegna náttúruhamfara. Lýst verði áætlunum og áformum og mótaðar tillögur og afstaða til verndarsvæða í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

6.1.2 Byggð

Skrár verði um byggðir Skagafjarðar, sérkenni þeirra og íbúaþróun, kosti og galla, atvinnu- og félagslega, og m.t.t. þjónustu almenningsstofnana, um félagseiningar og eignarhald almenningsstofnana á landi. Gerð verði grein fyrir skipulags- og byggðaáætlunum og mótaðar tillögur og afstaða til byggðar í Skagafirði næstu tvo áratugi einkum til þéttingar á byggð milli Sauðárkróks og Varmahlíðar.

6.1.3 Atvinnuvegir

Skráð verði þróun og ástand í landbúnaði og sérstaða, uppbygging skagfirsks landbúnaðar, atvinnuleg og félagsleg, bústofn, ræktar- og beitiland og skilyrði fyrir aukabúgreinar og aðra atvinnuvegi í Skagafirði, staðsetning, þróun og ársverkafjöldi, einkum fyrir ferðaþjónustu, lýst sérstöðu atvinnuvega í Skagafirði og áætlunum og nýjum áformum og mótaðar tillögur og afstaða til uppbyggingar atvinnuvega í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

6.1.4 Félagsmál, útivist og íþróttir

Skrár verði um orlofs- og sumarbústaðasvæði, sérhæfð útivistarsvæði, golf-, íþrótta- og skíðasvæði, skeiðvelli og skógræktarsvæði, gangnamanna- og fjallaskála, veiðisvæði, ár og vötn og veiðihús. Gerð verði grein fyrir áætlunum og áformum og mótaðar tillögur og afstaða til byggðar "frístundahúsa" og sérhæfðra útivistar- og íþróttasvæða í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

6.1.5 Opinber stjórnsýsla og þjónusta

Skrár verði um staðsetningu sveitarfélaga, lögsögumörk og starfsemi, félagsþjónustu, skóla, félagsheimili, heilbrigðisstofnanir, kirkjur, kirkjusóknir, og kirkjugarða, almanna- og brunavarnir og löggæslu, safnastofnanir og eftirlits- og þjónustustofnanir. Gerð verði grein fyrir áætlunum og áformum og mótaðar tillögur og afstaða til opinberrar þjónustu og samstarfs sveitarfélaga í Skagafirði fyrir næstu tvo áratugi.

6.1.6 Samgöngur

Skrár verði um vegi, hafnir og flugvelli, reiðleiðir, fjallvegi og upprekstrarleiðir, flutninga um héraðið, póst,-fóður- og mjólkurflutninga og aðra vöruflutninga og fólksflutninga þ.á.m. almenningsflutninga, og flutninga að héraðinu og frá því, umferð á vegum og umferðaröryggi. Gerð verði grein fyrir áætlunum og áformum á sviði samgangna og flutninga og mótaðar tillögur og afstaða til samgöngukerfis í Skagafirði næstu tvo áratugi.

6.1.7 Veitur

Skrár verði um orkulindir og mögulega nýtingu, einkum jarðhita, veitur og lagnakerfa, kosti og ókosti og möguleikum og áhrifum fyrir byggðina, sorpveitur, sorpförgunarstaði og fráveitur. Gerð verði grein fyrir

áætlunum og áformum og mótaðar tillögur og afstaða fyrir næstu tvo áratugi til orkuvinnslusvæða, að- og fráveitulagna og sorpförgunar í Skagafirði.

6.1.8 Náttúrufar

Skrár verði um helstu náttúruauðlindir og náttúrueinkenni í Skagafirði, dýrlíf, jarðfræði og vatna-, gróður- og veðurfar og því lýst hvort meta þurfi áhrif á umhverfi af einstökum framkvæmdum sem tillögur eru um.

6.2 Forsendur

6.2.1 Almennt

Hér á eftir eru forsendukaflar greinargerðarinnar, kaflar 2.0 og 3.0 dregnir saman í styttra mál. Kafli 2.0 um náttúrufar Skagafjarðar er hér dreginn saman í kafla 6.2.2. og kafli 3.0 um byggð og samfélag er hér dreginn saman í kafla 6.2.3.

6.2.2 Náttúrufar

6.2.2.1 Landslag og jarðfræði

Skagafjörður, allbreiður fjörður og mikið og breitt flatlendi upp frá botni fjarðarins, liggur milli tveggja meginfjallabálka. Er Tröllaskagi að austan, víða upp í 1.000 - 1.200 hæð yfir sjó, en lægri fjöll og slitróttari að vestan, mörg 800 - 1.000 m há yfir sjó. Vesturfjöllin enda á lágum heiðalöndum úti á Skaga, en í háum heiðalöndum inn til jökla, í 600 - 800 m hæð yfir sjó. Renna þau þar saman við flatt hálendið inn af Tröllaskaga. Dalir eru margir djúpir og dalahlíðar yfirleitt brattar, en hásléttur með hnjúkum og kollum, þegar upp á fjöllin kemur. Situr snjór lengi á hálendum þessum, enda eru jökulskæklar víða um miðjan hrygginn á Tröllaskaga.
Berggrunnur meginhluta Skagafjarðar er víðast hvar forn, 8-10 milljónir ára, og tilheyrir því blágrýtissvæði landsins. Inn til landsins, og á nokkrum stöðum í úthéraðinu, er bergrunnurinn mun yngri og við Hofsjökul eru hraun runnin eftir að ísöld lauk þ.e yngri en 10.000 ára. Setfylling í megindal Skagafjarðar er mjög mikil og víða tugir metrar á þykkt.
Allgóð þekking er á jarðfræði Skagafjarðar, einkum í tengslum við jarðhita- og vatnsaflsvirkjana-rannsóknir.

6.2.2.2 Ár, vötn og vatnasvæði

Berggrunnur er víðast allþéttur og eru því flestar ár í Skagafirði dragár og flóðavötn, og virðist þessi þétti bergrunnur yfirleitt vera tregur á vatn. Mestu fallvötn Skagafjarðar eru Héraðsvötn sem renna um miðhéraðið. Jökulvatn er mikið í Héraðsvötnum svo og nokkrum fleiri ám. Stöðuvötn eru nokkur í byggð í Skagafirði en allmörg á Skagaheiði.
Núverandi þekking á ýmsum þáttum vatnafars í Skagafirði er ærið mismikil og misgóð. Víða mætti þar bæta úr þar sem þörfin um viðbót á þekkingu knýr fastast á, s.s. kortlagningu lausra jarðlaga, samantekt á helstu flóðasvæðum og nákvæmari rannsóknir á lindum og lindasvæðum.

6.2.2.3 Veðurfar

Fjölbreytni veðurfarsins má líkja við fjölbreytni landslagsins innan héraðs. Það er langt og umgirt háum fjöllum þannig að víða eru skil á veðri og veðursvæði mörg. Einkanlega er þetta áberandi yfir vetrarmánuðina, í norðlægum áttum með fannkomu. Þá snjóar oft mikið í úthéraðinu, þó ekkert snjói innar. Reyndar er framhérað Skagafjarðar með snjóléttari svæðum landsins. Úrkoma er að öllu jöfnu ekki mikil í sveitum héraðsins, en þó er hún mjög mismikil. Eins er farið með vindstefnur og vindstyrk, fjölbreytni þess er með ólíkindum. Vindasamt er á annnesjum og svæðum er næst liggja sjó en víða mun hægari vindur er lengra kemur frá opnu hafi.
Veðurstöðvar í Skagafirði eru dreifðar og gefa þær allgóða mynd af veðurlagi í héraðinu. Úrkomumælingar vantar helst í Blönduhlíð og ekki væri til skaða þó vindmælingar væru víðar.

6.2.2.4 Gróðurfar

Gróðri hefur hnignað mikið á Íslandi á umliðnum öldum og er Skagafjörður þar engin undantekning, einkanlega hálendið sem víða er örfoka. Á láglendi er gróður nokkuð fjölbreyttur, en mikið land er búið að ræsa fram og þurrka og þannig breyta hinum upprunalega gróðri. Á nokkrum stöðum innan héraðs hefur land verið mikið beitt af búpeningi og á einhverjum stöðum er um ofbeit að ræða.
Skilyrði til skógræktar eru víða ágæt, einkum er lengra kemur frá sjó, og eru þrír bæir í framhéraðinu byrjaðir á nytjaskógrækt.
Hjá Búnaðarsambandi Skagafjarðar er verið að kortleggja gróður á bújörðum í héraðinu, og bætir það úr áður brýnni nauðsyn á heildaryfirliti gróðurfarsins.

6.2.2.5 Dýralíf

Fjölbreytni fuglalífsins, á sumum svæðum, er með því mesta sem gerist á landinu og Miklavatn í Borgarsveit verið friðlýstir vegna þess og nokkur svæði verið sett á Náttúruminjaskrá. Þannig er t.d. mikið og fjölbreytt fuglalíf í Drangey, á Skaga og á Austara-Eylendinu.
Annað dýralíf Skagafjarðar er svipað því er annars staðar gerist en benda má á að víða eru fiskauðug vötn og ár.



Þekking á dýralífi héraðsins er mismikil, allviðamiklar rannsóknir hafa verið gerðar á straum og vatnafiskum en á öðru dýralífi eru rannsóknir mikið bundnar við áhugamennsku einstaklinga í héraðinu.

6.2.2.6 Jarðhiti og orkulindir

Jarðhita er víða að finna í Skagafirði, mest í Lýtingsstaða-, Akra- og Fljótahreppum en minna annars staðar. Fallvötn er mörg hver mikil á Skagafirði en virkjunarmöguleikar mestir og bestir í Jökulánum austari og vestari. Hugmyndir eru um virkjanir á þessu vatnasviði og fyrir liggja tillögur samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands.
Allviðamiklar rannsóknir eru til um jarðhitann í framhéraðinu, einnig við Sauðárkrók og í Hjaltadal. Mikið vantar þó á að þessi auðlind og möguleg nýting hennar sé fullrannsakað t.d. vantar viðameiri rannsóknir á tengslum jarðhitans við berggrunninn.

6.2.2.7 Aðrar auðlindir

Malarnámur er víða um héraðið, flestar neðan fomra sjávarstöðumarka er liggja hæst í 40-50 m hæð ofan núverandi sjávarmáls.

6.2.2.8 Minjar og vernd

Miklavatn í Borgarsveit og svæði umhverfis það er eina friðlýsta svæðið í Skagafirði samkvæmt Náttúruverndarlögum. Á Náttúruminjaskrá eru 11 svæði og 2 til viðbótar á væntanlegri skrá. Þjóðminjar í vörslu þjóðminjavarðar eru 10 og friðlýstar fornminjar samkvæmt þjóðminjalögum eru 21.
Einu svæðin þar sem fornleifar hafa verið skoðaðar nokkuð ítarlega eru Austurdalur, Vesturdalur og hluti Kjálka. Mikið vantar því á að menningarminjar Skagafjarðar séu fullrannsakaðar, og eftirsóknarverð er ítarlegri fornleifaskrá en gerð hefur verið í vinnunni við svæðisskipulagið. Slík vinna er dýr, tíma- og mannaflafrek og vart raunhæf nema sem verkefni til margra ára.
Tillögur um náttúruverndarsvæði á miðhálendishluta Skagafjarðar liggja fyrir frá samvinnunefnd um svæðiskkipulag fyrir miðhálendi Íslands.

6.2.2.9 Hættusvæði

Byggðum Skagafjarðar stafar mest hætta af snjóflóðum, og þá mest undir hlíðum austurfjalla. Aðrar hættur eru að sjálfsögðu alltaf fyrir hendi. Jarðkjálftar, sem eiga upptök sín í mynni fjarðarins, geta valdið tjóni í útsveitum og jafnvel innar ef þeir eru sterkir. Berghlaup og aurskriður geta komið úr flestum fjöllum ef þannig skilyrði skapast. Flóð geta komið í flestar ár og valdið hættu á þeim bæjum sem næstir eru. Óveður geta valdið tjóni, ekki hvað síst undir bröttum hlíðum.

6.2.2.10 Örnefni

Nákvæm örnefnaskráning er ekki viðfangsefni svæðisskipulags en er á verkefnaskrá annarra. Í kafla 3.3 er hins vegar skrá er yfir byggðaheiti Skagafjarðar.

6.2.3 Byggð

6.2.3.1 Sögulegt yfirlit

Skagafjörður byggðist snemma á landnámsöld og varð fljótt þéttbýll og lagði sinn skerf til sögu landsins enda var höfuðsetur Íslendinga um fimma alda skeið á Hólum og lágu þá alfaraleiðir um Skagafjörð. Síðan hnignaði veldi kirkjunnar og hún missti stöðu sína sem valdastofnun. Skagfirðingar hafa alla tíð byggt afkomu sína á landbúnaði og hann er enn ein af undirstöðum atvinnulífs í héraðinu þó dregið hafi úr vægi hans en vægi atvinnuvega í þéttbýlisstöðunum hafi aukist, þjónustu, sjávarútvegs og iðnaðar en þar á meðal er þjónusta við landbúnað og úrvinnsla úr landbúnaðarafurðum.

6.2.3.2 Lögsögumörk og eignarhald

Sýslumörk Skagafjarðarsýslu eru víðast hvar glögg og um þau er nánast allsstaðar sátt, eins og mörk sveitarfélaganna. Aðalskipulag hefur verið gert fyrir Steinsstaði, Varmahlíð, Sauðárkrók og Hóla. Eignarhald á landi er víðast, til sveita, í höndum einstaklinga en flestar jarðir í eigu almenningsstofnana eru í Hofs- og Fljótahreppi.

6.2.3.3 Byggðir

Í Skagafirði eru byggðirnar fleiri en sveitarfélögin 12. Frá fornu fari höfðu þessar byggðir sínar venjur og siði, þær voru félagseiningar sem eru að renna saman og félagasvæðin spanna sum allt héraðið.
Þéttbýlisstaðir í Skagafirði hafa flestir verið í vexti en föli fækkað í sumum byggðum og byggð farið í eyði, t.d. í dölum Staðarfjalla. Byggð er að þéttast í sumum sveitum, einkum í Borgarsveit og á Langholti, milli Varmahlíðar og Sauðárkróks.

6.2.3.4 Íbúar

Íbúum í Skagafirði hefur fjölgað lítið á síðustu árum, árleg fjölgun um 0.5% síðastliðin 25 ár. Í grófum dráttum má segja að íbúar í sveitum Skagafjarðar hafi flust frá jaðarsvæðum nær þéttbýlisstöðunum eða til þeirra, Sauðárkróks, Varmahlíðar, Hofsós og Hóla, sem hafa styrkst á síðustu áratugum á kostnað dreifbýlisins. Í þéttbýlisstöðunum búa nú 67% íbúa Skagafjarðar og í dreifbýli 33%.
Lægð í atvinnulífi í Skagafirði sem virðist hafa verið síðustu 5-10 ár lýsir sér m.a. í auknu atvinnuleysi og fækkun starfa um tæplega 400 á tímabilinu 1981-1992.
Samkvæmt íbúaspá Byggðastofnunar er gert ráð fyrir að íbúum í Skagafirði fjölgi um 909 fram til ársins 2010 og verði þá 5610 með áhrifum búferlaflutninga á íbúafjöldann en 5384 ef þessi áhrif eru ekki tekin með. Áætlað er að íbúum fjölgi um 1249 á Sauðárkróki en að íbúum fækki annars staðar í Skagafirði um 340.

6.2.3.5 Félagsmál

Félgslíf er mikið í Skagafirði og hestamennska, ferðalög og söngur virðast íbúunum í blóð borin. Með bættum vegasamgöngum hafa félagssvæði stækkað og spanna nú sum allan Skagafjörð, framan úr Vesturdal og út á Skaga með virkri þátttöku. Íþróttahús eru sótt til æfinga yfir tugi kólómetra nokkur kvöld í viku. Íþróttamannvirki nýtast betur, félagsheimili og alls kyns félags- og frístundaþjónusta og aðstaða sem veitt er. Þetta er mikil breyting á fáum árum og yfir virðist standa tímabil með sameiningu félaga. Útivist af öllu tagi hefur færst í vöxt og tengist ferðaþjónustu. Í kjölfar fylgja óskir um alls kyns aðbúnað og aðstöðu s.s. um fjallaskála og reiðvegi.

6.2.3.6 Atvinnuvegir

Landbúnaður hefur sætt þrengingum, einkum sauðfjárbúskapur, sem hefur fært með sér erfiðleika fyrir byggð í Skagafirði sem annars staðar á landi hér og eftirsóknarvert að sveitarfélög beiti sér til þess að fólk geti áfram lifað og starfað í skagfirskri sveit.
Áhersla hefur verið lögð á nýjar atvinnugreinar s.s. loðdýraræekt, fiskeldi og ferðaþjónustu og betri nýtingu hlunninda á jörðum s.s. lax- og silungsveiði, eggja- og fiðurtekju. Þá hafa einstaklingar byrjað að vinna sérvöru úr eigin frumvinnslu á tímabili þegar rekstrareiningar í fisk- og kjötvinnslu virðast vera að stækka og taka yfir fleiri framleiðslueiningar. Sem stendur virðast framleiðslufyrirtæki vera að þróast í nánu samráði við sölufyrirtæki og einnig við markaðinn en þekking á honum virðist ráða æ meiru um viðgang fyrirtækja.

Fiskeldi hefur verið reynt í Skagafirði eins og víðar en erfiðleikar steðjað að. Rannsóknir og ráðgjöf eru brýn verkefni og Skagafjörður býr vel að þekkingu á þessu sviði og skilyrði teljast góð. Ný hlýsjávareldisstöð, Máki hf., sem lofar góðu sýnir fram á nýja möguleika. Fjármunir hafa fengist til rannsókna úr sjóðum ESB og nú leiðir fyrirtækið fjölþjóðlegt rannsóknarverkefni þessu sviði og Hólaskóli annað á fiskeldissviði.

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein í Skagafirði sem annars staðar og uppbygging á alls kyns aðstöðu verið allvíða í héraðinu. Möguleikar hafa einkum verið taldir felast í skagfirska hestinum, sögunni og náttúrunni, ám og eyjum.

Önnur atvinnusvæði en til landbúnaðar og ferðaþjónustu hafa þéttbýlissveitarfélög afmarkað í aðalskipulagi, mótað nánar í deiliskipulagi og gert byggingarhæf. Þar er að finna lóðir fyrir iðnfyrirtæki, verslanir og stofnanir.

6.2.3.7 Stjórnsýsla og þjónusta sveitarfélaga

Samstarf og stjórnkerfi sveitarfélaga er í deiglunni og samstarf þeirra hefur aukist á flestum sviðum, einkum á vettvangi Héraðsnefndar. Stofnanir sveitarfélaga veita mikilvæga þjónustu og mörg störf.

6.2.3.8 Stjórnsýsla og þjónusta ríkisstofnana

Stofnanir ríkisins veita mikilvæga og fjölbreytta þjónustu og mörg störf. Mest af þeirri starfsemi er á Sauðárkróki.

6.2.3.9 Samgöngur

Vegir í snjóléttu miðhéraði Skagafjarðar eru góðir og þar með samgöngur. Í Fljótum er snjóþungt og aðalvegir innansveitar ekki byggðir upp. Í framsveitum og á Skaga er smám saman verið að byggja upp aðalvegi. Laxárdalsheiði er þröskuldur á Skagavegi á veturna. Vegurinn í framdalina er langur leggur án hringtengingar. Hringvegurinn um Vatnsskarð og Öxnadalsheiði er endurbættur og góður þó umferð í vetrarveðrum sé viðsjál. Aðrir vegir að Skagafirði, um Þverárfjall af Skagaströnd, um Lágheiði úr Ólafsfirði og af Sprengisandi eru sumarvegir, sem ekki hafa verið byggðir upp úr landinu.

6.2.3.10 Veitur og virkjanir

Rafveitur og virkjanir. Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka tvær virkjanir í Skagafirði, Skeiðsfossvirkjun í Fljótum og Gönguskarðsárvirkjun á Sauðárkróki. Lög hafa verið sett um Villinganesvirkjun á Kjálka en óljóst hvort og þá hvernig virkjað verður. Fyrir liggja tillögur samvinnunefndar um svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands um lón og stöðvarhús Stafnvatnavirkjunar og stöðvarhús ofan við Merkigil. Byggðalínan þverar Skagafjörð af Vatnsskarði að Öxnadalsheiði um Vallhólm, Blönduhlíð og Norðurárdal, með tengivirki við Brekku, ofan við Varmahlíð. Stofnlínur liggja einnig frá Skeiðfossvirkjun um Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
Rafmagnsveitur ríkisins eiga dreifiveitur í Skagafirði og selja rafmagn beint til neytenda nema á Sauðárkróki. Þar selur RARIK rafmagn til Rafveitu Sauðárkróks sem selur aftur til neytenda. RARIK setur upp og rekur götulýsingu í öðrum þéttbýlisstöðum en Sauðárkróki.

Hitaveitur og virkjanir. Hitaveitur eru í eigu sveitarfélaga, Hitaveita Sauðárkróks sem starfar innan bæjarmarka, Hitaveita Seyluhrepps, Hitaveitan á Steinsstöðum og Hitaveita Hólahrepps sem ríkið á þó að mestu leyti og starfrækt er á Hólum. Litlar veitur eru á nokkrum stöðum og jarhiti nýttur, t.d. við Reykjarhól á Bökkum. Hitaveita Seyluhrepps í Varmahlíð nær til austurs að Löngumýri og grasköglaverksmiðju í Vallhólma og til norðurs að mörkum hreppsins. Áform eru um að leggja hitaveitu frá Hitaveitu Sauðárkróks norðan við þau, í Borgarsveit í Skarðshreppi og Staðarhrepp.
Ylrækt er einkum stunduð í Tungusveit en áður var hún líka nokkur í Varmahlíð og Fljótum.

Sími og boðveitur. Símstöð er á Sauðárkróki og endurvarpsstöðvar í veitukerfum sjónvarps og útvarps eru á nokkrum stöðum. Lagnakerfi símans er lagt með heimild í fjarskiptalögum og því erfitt að hafa áhrif á lagnaleiðir á grundvelli skipulagslaga.

Vatnsveitur og virkjanir. Neysluvatn er eitt af undirstöðuatriðum fyrir byggð manna og mikilvægi góðra vatnslinda getur aðeins vaxið með tímanum - ekki minnkað. Vatnslindir og uppsprettur eru víða í Skagafirði en héraðið þó ekki rannsakað nægilega að þessu leyti.
Vatnsveitum er svipað komið í Skagafirði og fráveitum. Vatnsveitur fyrir þéttbýlisstaðina eru reknar af sveitarfélögum og lindasvæðin í nærliggjandi fjöllum. Vatnsveitur og brunnar eru hins vegar bundnar við einstakar bújarðir til sveita. Nokkuð skortir á um yfirsýn yfir vatnsból til sveita, einkum einkavatnsból.

Fráveitur og mengunarvarnir. Fráveitur í sveitum Skagafjarðar eru með ýmsum hætti og raunar má lýsa fráveitum þéttbýlisstaðanna á svipaðan hátt og ástandið getur víðast batnað mikið.

Sorpveita og sorpsvæði. Einn verktaki hirðir sorp í Skagafirði, dreifbýli og þéttbýli, og á árinu 1997 mun Siglufjörður bætast við þjónustusvæði hans. Verktakinn leigir sveitarfélögum sorpgáma og hirðir úr þeim reglulega. Sauðárkróksbær hefur leigt land á Reykjaströnd til þess að grafa sorp og það hefur þessi vertaki notað fyrir sorp af öllu því svæði sem hann þjónustar. Leigusamningur rennur út 1998 og þá verður svæðið væntanlega fullnýtt. Bæjaryfirvöld á Sauðárkróki hafa leitað eftir landi fyrir nýtt sorpsvæði.

6.3 Stefnumörkun

6.3.1 Íbúðarsvæði

Sveitarfélög í Skagafirði sameinist um að styrkja þéttbýlisstaðina sem fyrir eru og svæðisskipulag miði að því. Íbúðarbyggð til sveita, þétting byggðarinnar, verði studd.

6.3.2 Landbúnaður

Samstarf sveitarfélaganna og svæðisskipulag miðist við að landkostir verði nytjaðir á skynsamlegan hátt, kostir þéttrar byggðar í miðhéraðinu og góðra samgangna. Áhersla verði lögð á að verja mjólkurframleiðslu í héraðinu og stuðla að aukinni hagkvæmni greinarinnar í héraðinu með vegabótum og á að efla loðdýrarækt. Áhersla verði á að rannsaka skilyrði til ræktunar á ýmsum sviðum sem semja má að sauðfjárbúskap, einkum fiskeldi en líka tengdum loðdýrarækt og ylrækt. Stefnt verði að samþættingu landnytja og landverndar.

6.3.3 Fiskeldi

Sveitarfélög í Skagafirði stuðli að rannsóknum og ráðgjöf á sviði fiskeldis til þess að efla þær og greinina sjálfa í héraðinu og nýta landkosti einkum þar sem sauðfjárrækt virðist henta með fiskeldi.

6.3.4 Ferðaþjónusta

Í svæðisskipulagi og í öðru samstarfi styðji sveitarfélögin uppbyggingu ferðaþjónustu sem atvinnugreinar með áherslu á jaðarbyggðirnar.

6.3.5 Önnur atvinnusvæði

Atvinnusvæði, önnur en fyrir landbúnað og orlofshús, verði ekki skipulögð utan þéttbýlisstaða fyrr en skilgreind starfsemi og þörf liggur fyrir. Þetta fyrirbyggir ekki að jarðarhúsum verði breytt til þess að rúma stök fyrirtæki á bújörðum.

6.3.6 Þjónusta ríkis og sveitarfélaga

Sveitarfélög í Skagafirði efli með sér samstarf á svið félagsaðstoðar og þjónustu við aldraða, hvetji til þess að þjónustustofnanir ríkisins á þessu sviði setjist að í Skagafirði og styrki framtíðarstarfsemi Sjúkrahúss Skagfirðinga. Sveitarfélögin tryggi að svæðisskipulag Skagafjarðar haldist gangandi og virki ekki hamlandi á uppbyggingu í héraðinu.

6.3.7 Samgöngur

Samgöngur eru meginatriði í svæðisskipulagi og þróun byggðar. Vegi innan Skagafjarðar þarf að bæta til þess að "pétta byggðina", auka hagkvæmni og samnýtingu. Af sömu ástæðum er áhersla á að kanna skilyrði fyrir bættar almenningssamgöngur í héraðinu.

6.3.8 Veitur og virkjanir

Með sameiginlegri veitustofnun sveitarfélaganna verði starfsemi veitnanna bætt og skilyrði sveitarfélaganna til þess að beita sér fyrir hagkvæmum lausnum á orkuþörf um allan Skagafjörð til framtíðar, með rannsóknum, virkjunum og lögnum um leið og sérþekkingu innan héraðsins verður efld. Með sameiginlegu sorpsvæði og skilvirkri sorphirðu munu sveitarfélögin finna framtíðarlausn til þess að farga sorpi á vandaðan, hagkvæman og vistvænan hátt.

6.3.9 Félagsmál, útivist og íþróttir

Með samnýtingu félagsheimila og íþróttamannvirkja og með svæðisskipulagi sveitarfélaga í Skagafirði verði reynt að ná fram hagkvæmum stuðningi við félagsstarfsemi ýmis konar, íþróttafélög og útivist og um leið að styðja ferðaþjónustu í héraðinu. Með framkvæmd á samgöngutillögum verði leitast við að gefa fleirum færi á að notfæra sér þá aðstöðu sem fyrir er og byggð verður upp þótt þeir búi ekki í næsta nágrenni.

6.3.10 Landvernd

Í svæðisskipulaginu felst að sveitarfélög í Skagafirði sameinist um að samræma stefnu um landvernd og landnytjar til þess að tryggja varðveislu náttúruminja og lífríkis og styðja tillitssama umferð almennings um skagfirsk náttúrusvæði. Áhersla verði lögð á að tengja saman sögugildi, menningarminjar og náttúruminjar. Vatnslindasvæði verði sérstaklega rannsökuð og settar verndarreglur til þess að tryggja Skagfirðingum gott neysluvatn til framtíðar.

6.4 Stutt lýsing á svæðisskipulagstillögu

Markmið með tillögunum er að lýsa verkefnum sem samstarf gæti orðið um á héraðsvísu á vettvangi sveitarfélaga í héraðinu. Grunnurinn fyrir tillögur í svæðisskipulaginu er hin þétta byggð og góða samgönguskilyrði í miðhéraðinu sem skapar byggð í Skagafirði sérstöðu. Svæðisskipulagstillagan er sett fram í tillögutexta í kafla 5.0, í tíu undirköflum eftir efni, og á tillöguuppdrætti. Þó tillögur séu um starf og efnisflokka, það sem ætlunin er að gera, leiða þær af sér tillögur um landnotkun og umferðarkerfi sem er bakgrunnurinn og fest á tillöguuppdráttinn. Hér á eftir eru tillögurnar dregnar saman á annan hátt en í tillögukaflanum 5.0 og þeim lýst stuttlega.

Samstarf um stjórnsýslu og opinbera þjónustu

Í grófum dráttum eru tillögurnar um formlegt samstarf á flestum sviðum sveitarstjórnarmála, nokkrar sameiginlegar stofnanir. Tillögurnar eru um að dreifa samstarfinu í nokkra kjarna, þangað sem sveitarfélögin beindu kröftum og fjármagni til uppbyggingar samkvæmt svæðisskipulaginu. Í þessum kjörnum yrði komið fyrir rannsóknar- og þjónustustofnunum og samgöngur efldar milli þeirra í þeim tilgangi að bæta samstarf kjarnanna í milli - og skilyrði þeirra til að dafna - og til þess aftur að auðvelda sókn í launastörf og þjónustu í héraðinu. Hugmyndin er sú að efld rannsóknar- og ráðgjafarstarfsemi í kjörnunum muni skila sér út í starfsemi fyrirtækja í héraðinu. Segja má að tillögurnar feli það í sér að um

leið og starfsemi sveitarfélaganna verður dreift um héraðið verður hún "miðjuð" í nokkrum kjörnum, einkum Sauðárkróki, Hólum í Hjaltadal og Varmahlíð.
Í tillögunum felst t.d að samstarfi á sviði náttúrunytja og -fræða er beint til Hóla í Hjaltadal, starfsemi á sviði samgangna, kynningar og sölu beint í Varmahlíð, starfsemi á sviði stjórnsýslu-, heilbrigðis- og menntamála er beint til Sauðárkróks.
Tillögur eru um að samstarf sveitarfélaga beinist að því að fá fleiri aðhlynningar- og gæslustofnanir ríkisins í Skagafjörð, að sameiginleg stofnun sveitarfélaganna á Sauðárkróki annist alla félagsaðstoð í héraðinu, að heilbrigðisstofnanir taki þátt í mótun ferðamála, að starf safna verði samræmt með einni yfirstjórn og stofnuð verði ein byggingar og skipulagsnefnd Skagafjarðar og fjalli um skipulagsmál í héraðinu öllu í framhaldi af staðfestingu svæðisskipulagsins. Þá eru tillögur um meira samstarf á sviði veitna, um stofnun eins veitufyrirtækis sem spanni alla veitustarfsemi, að sveitarfélögin beiti sér fyrir virkjun Héraðsvatna og að eitt sorpsvæði verði fyrir héraðið í landi Brimness í Viðvíkursveit.
Á tillöguuppdrætti eru tillögur um staðsetnigu á sameiginlegum starfssviðum og stofnunum.

Samgöngumál

Í samgöngutillögum er áhersla á að innanhéraðsvegir verði byggðir upp og bættir, safn- og tengivegir. Þá eru tillögur um nýja vegi á gömlum vegslóðum, Lágheiðarveg og Þverárfjallsveg og hringveg í framhéraðinu á brú yfir Héraðsvötn við Villinganes. Hringvegurinn mun styrkja stöðu landbúnaðar í framhéraðinu, ekki síst mjólkurframleiðslu og skilyrði til þess að samnýta aðstöðu. Áhersla er á að reiðleiðir verði bættar um héraðið, um gömlu vegina og fjallaskörðin eins og kostur er og meðfram aðalvegum á löngum köflum. Reiðleiðir eru auðkenndar á tillöguuppdrætti og gönguleiðir í fjalllendi eru oft þær sömu. Loks er tillaga um nýja brú yfir Vestari-Héraðsvötn við Húsabakka, með tilheyrandi vegtengingum.

Náttúruvernd

Í 3. tillögu að svæðisskipulagi eru ekki gerðar tillögur um ný verndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum. Þau svæði sem eru þegar friðlýst samkvæmt lögum og á Náttúruminjaskrá í Skagafirði halda að sjálfsögðu þeirri stöðu og eru auðkennd á tillöguuppdrætti. Þó eru teknar inn tillögur frá Svæðisskipulagi miðhálendisins varðandi ný verndarsvæði á miðhálendishluta Skagafjarðar eins og mælt var fyrir um í upphafi verks. Eins er um tillögur varðandi virkjunarsvæði, skálasvæði og fjallvegi í Svæðisskipulagi miðhálendisins en tillaga um veitu úr Vestari-Jökulsá í Haugakvísl og Blöndulón er þó undanskilin.

Samstarf um landbúnað og önnur atvinnumál

Tillögur eru um að sveitarfélögin auki samstarf á flestum sviðum sveitarstjórnarmála eins og fyrr er vikið að en líka að þau sinni atvinnumálum, einkum að þau beini samstarfi að landbúnaði. Þó sveitarfélögin sýsli ekki með landbúnað hafa ákvarðanir þeirra, aðgerðir og framkvæmdir á öðrum sviðum s.s. samgöngum, mikil áhrif á greinina sjálfa og búsetuskilyrði. Þetta hefur verið áherslupáttur í umræðunni um svæðisskipulagið. Tillögur eru um að sveitarfélögin beiti samstarfi til þess að efla rannsóknir og ráðgjöf á sviði fiskeldis, ekki síst hlýsjávareldis sem skotið hefur rótum á Sauðárkróki, loðdýraræktar og ylræktar, kanni skilyrði fyrir sölufyrirtæki sem seldi skagfirska vöru og skilyrði fyrir ESB-samstarfi og styrkjum á þeim sviðum sem nefnd hafa verið.
Á tillöguuppdrætti er svæði á láglendi utan við þéttbýlisstaðina að mestu leyti landbúnaðarsvæði en óbyggt svæði, afrétt á hálendi. Á Skaga er landbúnaðarsvæðið 2 - 3 km breið ræma meðfram sjónum og mörk gagnvart afrétti ekki glögg enda er engin afrétt utan heimalanda á Skaga og heimalönd ná líka víða upp á eggjar byggðafjalla í Skagafirði. Á landbúnaðarsvæði svæðisskipulagsins er gert ráð fyrir öllum greinum landbúnaðar en líka stökum fyrirtækjum í öðrum greinum og stofnunum sem betur hentar að vera í strjálli byggð. Annars er tillaga um að svæði fyrir aðra starfsemi en landbúnað og sumarhús verði ekki skipulögð utan við þéttbýlisstaðina heldur að skipulögð svæði á þéttbýlisstöðunum verði nýtt. Þar með er ekki í svæðisskipulagstillögu gert ráð fyrir stóriðju í Skagafirði.
Tillaga er um að gert verði aðalskipulag sem spanni landbúnaðarsvæði nokkurra hreppa í miðhéraðinu, milli Hofsóss, Sauðárkróks og Varmahlíðar. Byggð hefur þéttst mikið síðustu ár á þessu svæði og virðist munu halda áfram að þéttast. Tillögur eru um að ný íbúðarsvæði verði ekki skipulögð utan þéttbýlisstaðina en þó að byggð verði þétt um allt hérað þar sem áhugi er.
Ástæða er til að undirstrika að markmið með tillögunum er **ekki** að banna eða takmarka starfsemi einstaklinga eða fyrirtækja heldur um að skilgreina sameiginlegar áherslur sveitarstjórnanna, sameiginleg átakamál. Tillögur eru heldur **ekki** um að jafna aðstöðu, dreifa aflinu til að gera aðstöðu á jaðarsvæðum eins góða og í miðhéraðinu til að sækja þjónustu, vinnu og félagslíf. Tillögur fela þó í sér endurbætur á þessum svæðum í gegnum efldar starfsemi í kjörnunum og bættar samgöngur.

Ferðaþjónusta og sumarhús

Tillögur eru um ný svæði fyrir sumar- og orlofshús að Hólavöllum og Sólgörðum í Fljótum, við Hofsós, að Ásgarði við Kolku og Hóla í Hjaltadal, að sumarhúsabyggð verði beint á skipulögð svæði og að Upplýsingamiðstöð sveitarfélaganna í Varmahlíð hafi með höndum auk miðlunar á upplýsingum, samræmingu og umboðssölu á gistingu, héraðsferðum, aðgangi að söfnum og sundlaugum, veiði, hestaferðum, bátsferðum, og annarri afþreyingu í héraðinu. Þá er lagt til að gerð verði tímabundin tilraun með bætta almenningsflutninga milli Varmahlíðar, Sauðárkróks og Hofsóss á vegum Upplýsingamiðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að aðalskeiðvöllur verði á Vindheimamelum og skíðasvæði í Tindastóli og Fljótum og að á þessum skíðasvæðum verði nýir skálar í fjalllendi Skagafjarðar en að skálar við gönguleiðir í óbyggðum verði niðri í dölum.

6.5 Umhverfismat

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum sem tóku gildi þann 1. maí 1994 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæði þeirra hafi verið gætt. Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrihuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess. Þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum eru tilgreindar í 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og í fylgiskjali með lögunum.
Í Viðauka II með reglugerð um mat á umhverfisáhrifum eru dæmi um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er hægt að óska úrskurðar umhverfisráðherra um matsskyldu slíkra framkvæmda.
Eftirtaldar framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum eru tilgreindar í 5. gr. laganna:

- Vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 megawött eða meira og vatnsmiðlanir þar sem meira en þrír ferkílómetrar lands fara undir vatn.
- Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 megawött eða meira og önnur varmaorkuver.
- Háspennulínur.
- Efnistökustaðir á landi sem eru 50.000 fermetrar eða stærri eða þar sem efnistaka er 150.000 rúmmetrar eða meiri.
- Þjónustustaðir fyrir ferðamenn utan byggða.
- Förgunarstaðir fyrir eitraðan og hættulegan úrgang og almennar sorpeyðingarstöðvar.
- Steypujárn-, stál- og álbræðsluverksmiðjur.
- Efnaverksmiðjur.
- Nýir vegir, járnbrautir og flugvellir.
- Hafnir og skipgengar vatnaleiðir sem stærri skip en 1350 tonn geta siglt um.
- Olíuhreinsistöðvar.
- Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar og mannvirki til geymslu á geislavirkum úrgangi.
- Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu úr asbesti.

Matsskyldar framkvæmdir

Í Svæðisskipulagi Skagafjarðar eru tillögur um eftirtaldar matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum:

1. Virkjun í Héraðsvötnum við Flatatungu.
2. Stafnsvatnavirkjun, (framkvæmd samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálendisins).
3. Sorpsvæði í landi Brimness.
4. Brú yfir Héraðsvötn við Villinganes ásamt tilheyrandi vegi.
5. Brú yfir Héraðsvötn við Húsabakka ásamt tilheyrandi vegi.
6. Breytt veglína Þverárfjallsvegar.
7. Breytt veglína um Lágheiði og Stíflu.
8. Skagafjarðarleið frá Giljum um Vesturdal að Laugafelli.

Í Svæðisskipulagi miðhálendisins er gerð tillaga um matsskylda framkvæmd á skagfirska hálendinu sem ekki er gerð tillaga um í Svæðisskipulagi Skagafjarðar: Veita úr Vestari-Jökulsá í Haugakvísl (hugsanleg framkvæmd samkvæmt Svæðisskipulagi miðhálendisins).

Aðrar framkvæmdir en tilgreindar eru hér að framan geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum ef talið er að þær hafi umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Í skipulagi geta viðkomandi sveitarstjórnir markað stefnu um að ekki skuli ráðast í tilteknar framkvæmdir eða í framkvæmdir á tilteknum svæðum fyrr en að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Þar má nefna skíðasvæði í Tindastóli, þar sem unnið er (1997) að frummati á umhverfisáhrifum vegar og lyftumannvirkja og skíðasvæði í Bjarnagilslandi og Holtsdal í Fljótum.

6.6 Framkvæmdaáætlun

Sveitarfélög eru skipulagsskyld, á þeim hvílir bæði skylda og réttur til að skipuleggja land innan sveitarfélagsmarka. Ábyrgð á því að farið sé að skipulagi, að það komi til framkvæmda eða að því sé breytt að lögum hvílir líka á viðkomandi sveitarfélagi, sveitarstjórn. Svæðisskipulag er að því leytinu frábrugðið deili- og aðalskipulagi að það spannar mörg sveitarfélög og ábyrgðin á framkvæmdinni hvílir sameiginlega á þessum sveitarfélögum. Því þarf að vera ljóst þegar tillögur eru samþykktar hver á standa að framkvæmd þeirra og hvernig, að framkvæmdaáætlun sé hluti af svæðisskipulaginu.

6.6.1 Íbúðarsvæði

Í framhaldi af samþykkt svæðisskipulags geri Hofshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur, Rípurhreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur og Seyluhreppur sameiginlegt aðalskipulag fyrir svæði sem auðkennt er á svæðisskipulagsuppdrætti. Skipulagsvinna af þessu tagi hvetur til að sett verði á laggirnar skipulagsnefnd fyrir héraðið, "Héraðsskipulag", sem tillögur eru um.

6.6.2 Landbúnaður

Tillögur í svæðisskipulagi eru að hluta um frumkvæði og samstarf sveitarfélaga. Héraðsnefnd skipi samstarfshóp um þessi verkefni með fulltrúum þeirra stofnana sem nefndar eru í tillögunni og Búnaðarsambandi Skagafjarðar til að gera nánari tillögur til sveitarstjórnanna.

6.6.3 Fiskeldi

Sveitarfélög í Skagafirði bindist samtökum um að fá í samvinnu stofnanir á Hólum og Máka hf. til þess að skilgreina staði með góð skilyrði fyrir fiskeldi og hlýsjávareldi. Héraðsnefnd skipi samstarfshóp um þessi verkefni með fulltrúum frá þessum stofnunum og fyrirtækjum sem geri nánari tillögur til sveitarstjórnanna.

6.6.4 Ferðaþjónusta

Tillögur í svæðisskipulagi á sviði ferðaþjónustu eru að hluta um frumkvæði og samstarf sveitarfélaga. Héraðsnefnd skipi samstarfshóp þeirra stofnana og fyrirtækja sem nefndar er í tillögum um ferðaþjónustu til að vinna úr tillögunum eða gera nánari tillögur til sveitarstjórnanna. Til þessa verks heyri líka tímabundin tilraun með "Héraðsrútur" í samráði við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð um bætta almenningsflutninga milli Varmahlíðar og Sauðárkróks í samræmi við tillögu í kafla 5.7 (kafla 6.6.7 í framkvæmdaáætlun).

6.6.5 Önnur atvinnusvæði

Á þéttbýlisstöðum í Skagafirði hafa sveitarstjórnir haldið þannig á skipulagsskyldu og ábyrgð á framkvæmd skipulags að gera deiliskipulag fyrir svæði sem henta fyrirtækjum, iðnaðarsvæði, verslunarsvæði og stofnanasvæði, í samræmi við skipulagslög, og byggt upp þjónustu fyrir þau, götur og lagnir, í samræmi við lög og reglugerðir. Í svæðisskipulaginu er ekki gert ráð fyrir sérstökum slíkum svæðum nema fyrir landbúnað og sumarhús. Starfsemi á borð við loðdýrarækt, fiskeldi og ylrækt falla undir landbúnað og þó ekki sé gert ráð fyrir sérstökum svæðum til deiliskipulags fyrir aðrar greinar en landbúnað og sumarhús kemur það ekki í veg fyrir að starfsemi í einstökum jarðarhúsum sé breytt eða ný hús byggð. Um slíkar breytingar og byggingar fjallar viðkomandi byggingarnefnd þannig að framkvæmd liggur ljós fyrir.

6.6.6 Þjónusta ríkis og sveitarfélaga

Héraðsnefnd skipi samstarfshópa með aðild stofnana í héraðinu á sviðum sem nefnd eru í tillögunni til að gera nánari tillögur til sveitarstjórnanna.

6.6.7 Samgöngur

Héraðsnefnd skipi starfshóp til þess að gera tímabundna tilraun með "Héraðsrútur" í samráði við Upplýsingamiðstöð ferðamála um bætta almenningsflutninga milli Varmahlíðar og Sauðárkróks í samræmi við framkvæmdaáætlun í tillögukafla 5.4 (kafla 6.6.4 í framkvæmdaáætlun) og gera nánari

tillögur til sveitarstjórnanna. Sveitarstjórnir ásamt Héraðsnefnd afli samgöngutillögum svæðisskipulagsins fylgis Vegagerðar ríkisins og þingmanna kjördæmisins.

6.6.8 Veitur og virkjanir

Þegar hætt verður að grafa sorp á svæðinu á Reykjaströnd þurfa afnot af nýju sorpsvæði að vera tryggð, nákvæm staðsetning á svæði og samningar um það, umhverfismat þarf að hafa farið fram og undirbúningsframkvæmdir s.s. vegagerð og jarðvinna. Tillaga um "Héraðsveitur" er ekki nauðsynleg forsenda fyrir sameiginlega sorpveitu

1997: 1)Stofnun félags, sorpveitu. 2) Undirbúningsrannsóknir. 3) Niðurstöður, staðarval fyrir sorpsvæði.
4) Samningar um svæði. 5) Umhverfismat

1998: 1) Niðurstöður á umhverfismati. 2) Undirbúningsframkvæmdir.

Bæjarstjórn Sauðárkróks kalli saman fulltrúa hverrar sveitarstjórnar í Skagafirði til undirbúningsfundar um stofnun sorpveitu. Héraðsnefnd skipi samstarfshópa með fulltrúum starfandi veitustofnana í héraðinu til að yfirfara tillögu um "Héraðsveitu" og gera nánari tilögur til sveitarstjórnanna.

6.6.9 Félagsmál, útivist og íþróttir

Héraðsnefnd skipi samstarfshóp með fulltrúum Vegagerðar ríkisins og hestamannafélaga í héraðinu til að yfirfara tillögu um reiðleiðir í svæðisskipulaginu og gera nánari tilögur til sveitarstjórnanna.

6.6.10 Landvernd

Náttúruverndarnefnd sveitarfélaganna fylgist í samráði við landeigendur og sveitarstjórnir með athyglisverðum náttúrusvæðum sem skráð hafa verið í vinnunni við svæðisskipulagið, verndarsvæðum á miðhálendishluta Skagafjarðar og afréttarsvæðum samkvæmt tillöguuppdrætti. Í þessu samráði verði ákveðnar sérstakar aðgerðir eða vernd í samráði við sérfróðar stofnanir ef þurfa þykir og settar reglur um umferð og umgengni.

6.7 Korta-, töflu- og heimildaskrár

6.7.1 Töflu-og myndaskrá

Töfluskrá

Myndaskrá

6.7.2 Þemkortaskrá

Eftirtalin þemakort eru prentuð í lit og fylgja ekki þessari útgáfu greinargerðarinnar. Þau eru aðgengileg hjá byggingarfulltrúa.

nr.	heiti
1.	Jarðfræði og jarðhiti
2.	Veðraskil og snjóflóð
3.	Jarðvegur og skógrækt
4.	Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar
5.	Þjóðminjar
6.	Lögsaga og afréttir
7.	Byggðir og bæir
8.	Breyting á íbúafjölda
9.	Kirkjusóknir, kirkjur, skólar og söfn
10.	Landbúnaður
11.	Ferðaþjónusta, stígar og reiðgötur
12.	Heilbrigðisþjónusta og almannavarnir
13.	Félagsheimili, íþróttamannvirki og sorphirða
14.	Bílafjöldi á vegum
15.	Vegflokkar og umferðaóhöpp
16.	Skólabarnaflutningar
17.	Póstflutningar
18.	Mjólkurflutningakerfið
19.	Rafveitukerfið
20.	Símaveitukerfið

6.7.3 Heimildaskrá

1.0 Inngangur

Skipulag ríkisins, 1992: Lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. 160 bls.
Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997: Skipulags- og byggingarlög.

2.1 Landslag og jarðfræði

2.1.1 Landslag

Guðmundur Davíðsson: Fljót í Skagafjarðarsýslu. Skagfirðingabók nr. 1. Sögufélag Skagfirðinga 1966. Bls. 109-163.
Guðmundur P. Ólafsson (ritstjóri), 1990: Perlur í náttúru Íslands. Drangey. Reykjavík. Bls. 224-227.

Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.
Trausti Einarsson, 1958: Landslag úr Skagafjallgarði, myndun þess og aldur. Náttúrufræðingurinn 28. árg. Bls. 1-25.

2.1.2 Jarðfræði

Evert, P., 1975: Die Geologie von Skagi und der Ost-Küste des Skagafjörds (Nord-Island). Sond Geol. Inst. der Universitat Köln. Wilhelm Stoflfuss Verlag, Bonn.
Haukur Jóhannesson, 1991: Yfirlit um jarðfræði Tröllaskaga. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 39-56.
Helgi Björnsson, 1991: Jöklar á Tröllaskaga. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 21-37.
Helgi Hallgrímsson, Jóhann Pálsson, Hálfdán Björnsson, Hjörleifur Kristinsson og Þórir Haraldsson, 1982: Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Orkustofnun, Reykjavík 1982. OS-82047/VOD-08. Bls 9-48.
Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannsson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, Reykjavík. OS-84050/JHD-09. 111 bls
Landmælingar Íslands: Jarðfræðikort af Íslandi.
Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson, Þórólfur Hafstað: Skagafjörður. Jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, Reykjavík 1991: OS-91047. 96 bls.
Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5. útg. 1985. Mál og Menning. 233 bls.
Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Reykjavík 1992. OS-92017/VOD-03. Bls 16-21.

2.1.3 Jarðskjálftasvæði

Páll Halldórsson, 1984: Skagafjarðarskjálftinn 1963, (27. mars kl. 23:26 að íslenskum staðaltíma). Veðurstofa Íslands, Reykjavík. 152 bls.
Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson,: Jarðskjálftar. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981 Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 121-155. Aðallega bls. 121-123 og 144-145.
Sveinbjörn Björnsson, 1975: Jarðskjálftar á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 45. árg. Bls. 110-133.
Sigurður Thoroddsen og Sigurður Þórarinsson, 1958: Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahættu á Íslandi. Tímarit Verkfr. Ísl. 43. árg. Bls. 81-97.
Trausti Einarsson, 1959: Jarðeldasvæðið um norðanverðan Skagafjörð. Aldursákvörðun á landslagi á Mið-Norðurlandi. Náttúrufræðingurinn. 29. árg. Bls.113-133.

2.2 Ár og vötn, vatnasvæði

Árni Hjartarson, 1993: Vatnsveitur og vatnsból, samantekt um vatnsveitumál. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík. OS-93061/VOD-04.
Eldur er í Norðri 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. Aðallega: Flóð og flóðahætta bls. 369-386.
Freysteinn Sigurðsson, 1990: Groundwaters from glacial areas in Iceland. Jökull 40. árg. Bls. 119-146.
Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson, 1988: Groundwater resources of Iceland. Availability and demand. Jökull 38. árg. Bls 34-35.
Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989: Stöðuvötn á Íslandi. skýrsla Orkustofnunar OS-89004/VOD-02.
Hörður Svavarsson, 1982: Jökulsár í Skagafirði, forathugun á virkjunarkostum. Orkustofnun, Reykjavík. OS-82086/VOD-13. 34 bls. og 2 kort.
Ingibjörg Kaldal, 1978: The deglaciation of the area north and northeast of Hofsjökull, Central Iceland. Jökull 28. árg. Bls. 18-31.
Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 1978: Jökulsár í Skagafirði I, jarðfræði. Orkustofnun, Reykjavík. OS-ROD 7805.
Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 1979. Jökulsár í Skagafirði II, jarðgrunnskort. Orkustofnun, Reykjavík. OS-79044/ROD-16.
Jóhann Pálsson, Þórir Haraldsson, Bergþór Jóhannsson og Hörður Krisinsson, 1991: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Gróðurfar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Reykjavík. OS-91051/VOD-04. 55 bls.
Jón Kr. Gunnarsson, 1992: Íslenskir fossar. Skuggsjá, Hafnarfjörður. 352 bls. Aðallega bls. 183-189.
Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Bls. 320-322.
Ólafur Jónsson, 1957: Skriðuföll og snjóflóð. Fyrsta bindi. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri. 586 bls. Aðallega bls. 28, 30-31, 33, 151-159 og 564-577.
Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365, 422.
Sigurður Reynir Gíslason, 1993: Efnafræði úrkomu, jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns á Íslandi. Náttúrufræðingurinn, 63. árg. (3-4 tbl.). Bls. 219-236. Aðallega kort af styrk klóríðs í íslensku grunnvatni bls. 224.
Sigurjón Rist, 1990: Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 248 bls. Aðallega bls. 61-74, 108, 125-126, 217-219, 234.
Skúli Víkingsson, 1978: The deglaciation of the southern part of the Skagafjörður district, Northern Iceland. Jökull 28. árg. Bls. 1-17.
Stefán Jónsson: Flóð í Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 23. Sögufélag Skagfirðinga 1994. Bls. 161- 169.
Stefán Vagnsson: Annáll úr Skagafirði 1932-35. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 168-171 og 175.
Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson, 1992: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík OS-92017/VOD-03. 46 bls.
Þórólfur H. Hafstað, 1992: Heiðarhnjúkur í Gönguskörðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, Reykjavík. OS-92056/VOD-15B. 17 bls.

2.3 Veðurfar

Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Eldur er í Norðri 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. Aðallega: Áhrif loftslags á búfjárfjölda og þjóðarhag bls 283-294.
Bændaskólinn á Hvanneyri, 1977: Veðurfar í Skagafirði og áhrif þess á jarðargróður. Bændaskólinn á Hvanneyri, fjölrit nr. 19.
Markús Á. Einarsson (ritstjóri), 1969: Hafísinn. Almenna Bókafélagið, Reykjavík. 552 bls. Aðallega bls. 86-91, 267-294, 389-399.
Markús Á. Einarsson, 1971: Veðurfar á Íslandi. Iðunn, Reykjavík. 150 bls.
Markús Á. Einarsson, 1989: Hvernig viðrar. Iðunn, Reykjavík. 152 bls.
Sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873: II Skagafjarðarsýsla. Bókaútgáfan Norðri 1954. 204 bls.
Veðurstofa Íslands: Veðrátta, Tímarit Veðustofu Íslands.

2.4 Gróðurfar

Ingvi Þorsteinsson, 1972: Gróðurvernd, byggð á hóflegri nýtingu og ræktun lands. Rit Landverndar 2. 128 bls.

2.4.1 Jarðvegur

Björn Jóhannesson, 1960: Íslenskur jarðvegur. Með yfirlitskorti. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 134 bls. Aðallega bls. 62-68 og kort.

Björn Jóhannesson: The soils of Iceland.

Grétar Guðbergsson, 1974: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. B.S. ritgerð í jarðfræði við Háskóla Íslands. 44 bls.

Grétar Guðbergsson, 1975: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir, 7. árg. (1.-2. tbl.) Bls. 20-45.

Grétar Guðbergsson: Viðarkol í jarðvegi í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1985. Bls. 52.

Landgræðsla ríkisins: Jarðvegseyðing í Skagafirði, greining gerð sumarið 1995.

Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls. 136-140 og 144-152.

2.4.2 Gróðurlendi

Arnþór Garðarsson (ritstjóri), 1975: Votlendi. Rit Landverndar 4. 238 bls. Aðallega bls. 210-238.

Grétar Guðbergsson, 1992: Skógar í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1992. Bls.74-85.

Guðni Þorvaldsson, 1993: Gróðurfar og nýting túna á Norðurlandi. Fjölrit RALA 164, 37 bls.

Guðbrandur Magnússon, 1982: Jurtaskrár úr Drangey, Málmey og Þórðarhöfða. Týli, 12. árg (2. tbl.) Bls. 60-68.

Guðbrandur Magnússon, 1988: Háplöntuflóra Skagafjarðarsýslu. Skagfirðingabók 17, Sögufélag Skagfirðinga 1988. Bls. 99-134

Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.

Hörður Kristinsson, 1991: Gróður. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 7-20.

Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins, 1969 og 1985. Gróðurkort af Íslandi. Blað nr. 227, 228 og 248. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Menningarsjóður.

Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins: Gróðurkort af Íslandi.

Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.

2.4.3 Ræktarland

Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.

2.4.4 Skógar og skógræktarsvæði

Aðalsteinn Sigurgeirsson, 1988: Stafafura á Íslandi, Vöxtur, ástand og möguleikar. Sérprentun úr Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1988. 36 bls.

Arnór Snorrason, 1987: Lerki á Íslandi. Samanburður á tegundum, kvæmum og vaxtarstöðum. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1987. Bls. 3-20.

Grétar Guðbergsson, 1992: Skógar í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1992. Bls. 74-85.

Haukur Ragnarsson, 1977: Um skógræktarskilyrði á Íslandi. Í: Skógarmál. Reykjavík. Bls. 224-247.

Páll Bergþórsson, 1986: Loftslag og skógrækt. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1986. Bls. 67-71.

Sigurður Blöndal, 1987: Nýtjaskógar á bújörðum. Sérprentun úr Árbók bóndans 1987. 18 bls.

Sigurður Blöndal, 1977: Innflutningur trjátegunda til Íslands. Í: Skógarmál. Reykjavík. Bls. 173-223.

2.5 Dýralíf

2.5.1 Straum og vatnafiskar

Bjarni Jónsson: Ýmis gögn frá árunum 1990-1995.

Stefán Einarsson og Unnsteinn Stefánsson, 1983. The sources of alkalinity in Lake Miklavatn, north Iceland. Limnological eanography, 28(1). Bls. 50-57.

Unnsteinn Stefánsson og Björn Jóhannesson, 1978. Miklavatn í Fljótum. Náttúrufræðingurinn, 48 (1-2). Bls. 24-51.

2.5.2 Sjávardýr og nytjar, innfjarðarmið

Björn Björnsson, 1995. Fóðrun á villtum þorski í Stöðvarfirði. Kimblaðið 1. tbl. 8. árg. 4. bls.

Guðrún G. Þórarinsdóttir, 1992: Tilraunaeldi á hörpudiski, Chlamys islandica (O.F. Muller), í Breiðafirði. I. Kynþroski, hrygning og söfnun lirfa. Náttúrufræðingurinn 61 (3-4). Bls. 243-252.

Guðrún G. Þórarinsdóttir, 1995: Ræktun skelfisks. Náttúrufræðingurinn 64 (3). Bls. 187-192.

Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Kúfskeljarannsóknir á Austur- og Norðurlandi maí til júní 1994. Skýrsla Hafrannsóknastofnun.

Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Kúfskeljarannsóknir á Norðurlandi janúar til mars 1994. Skýrsla Hafrannsóknastofnun.

Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: Distribution, abundance, population structure, meat yield, size of sexual maturity and sex ratio of Ocean quahog, Artica islandica, in Icelandic waters. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1994/K:39. 15 bls.

Hrafnkell Eiríksson: Hörpudiskurinn, Clamys islandica, Muller. Hafrannsóknir, 35. hefti. Bls. 5-40.

Sigmar A. Steingrímsson og Guðrún Þórarinsdóttir, 1995: Age structure, growth and size at sexual maturity in ocean quahog, Arctica islandica (Mollusca: Bivalvia), off NW- Iceland. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1995/K:54. 17. bls.

Sigurður Einarsson og Vilhjálmur Þorsteinsson, 1995: Eldi á smáþorski (Gadus morhua). Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. 43. rit. 17 bls.

Sólmundur Tr. Einarsson, 1992: Ígulkerarannsóknir. Ægir 4. tbl. Bls. 180-193.

Sólmundur Tr. Einarsson, 1994: The distribution and density of Green Sea urchin (Strongylocentrotus droebachiensis) in Icelandic water. International Council for the Exploration of the sea. C.M. 1994/K:38. 20 bls.

2.5.3 Fuglar

Bliki: tímarit nr. 1 til 17.

Fasteignamat ríkisins, 1995: Fasteignaskrár sveitarfélaga í Skagafirði.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar.

Arnþór Garðarsson (ritstjóri), 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Fuglar. Rit Landverndar 8. Bls. 77- 116.

Grímur Sigurðsson: Málmey. Skagfirðingabók nr. 2 . Sögufélag Skagfirðinga 1967. Bls 43-58.

Helgi Hallgrímsson, Jóhann Pálsson, Hálfdán Björnsson, Hjörleifur Kristinsson og Þórir Haraldsson, 1982: Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Orkustofnun, Raforkudeild. OS82047/VOD08. Reykjavík.

Jón Jóhannesson: Lítið eitt um Þórðarhöfða. Skagfirðingabók nr. 6. Sögufélag Skagfirðinga 1973. Bls 172-175.

Jón Pálmason: Eigin athuganir.

Þóroddur F. Þóroddsson, Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson, 1992: Jökulsár í Skagafirði - Hofsafrétt. Staðhættir og náttúrufar á áætluðum virkjunarsvæðum. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, OS-92017/VOD-03. Reykjavík. 46 bls.

2.5.4 Villt spendýr

Árni Einarsson (ritstjóri),1980: Villt spendýr. Rit Landverndar 7. Reykjavík 1980.

Bjarni Sæmundsson. Spendýrin. Reykjavík 1932.

Lárus Ágúst Gíslason, 1980: Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Reykjavík 1982.

Náttúruverndarráð, 1987: Villt spendýr og fuglar. Árekstrar við hagsmuni mannsins. Ráðstefna Náttúruverndarráðs 7.-8. október 1984. Fjölrit nr. 16. Reykjavík 1987.

Páll Hersteinsson og Guttormur Sigurbjarnarson (ritstjórn), 1993: Villt íslensk spendýr. Hið íslenska Náttúrufræðifélag og Landvernd. Reykjavík.

2.6 Jarðhiti og orkulindir

2.6.1 Jarðhitasvæði

Haukur Jóhannesson og Ragna Karlsdóttir,1976: Jarðhitakönnun í Hjaltadal sumarið 1976. Orkustofnun, OSJHD7653. 14 bls.

Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannesson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-84050/JHD-09. Reykjavík. 111 bls.

Jón Jónsson: Jarðhiti. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 175-200. Aðallega bls. 182, 186-187, 196-197.

Jón Benjamínsson, 1988: Jarðhiti í sjó og flæðarmáli við Ísland. Náttúrufræðingurinn, 58 (3). Bls. 153-169. Aðallega kort bls. 154 og 162-163 (Reykir á Reykjaströnd og út af Reykjarhóli í Skagafirði).

Kristján Sæmundsson, 1976: Hitaveitur í þéttbýli. Staða rannsókna 1976 og framtíðarhorfur. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS JHD 7621. Reykjavík.

María J. Gunnarsdóttir, 1984: Hitaveitur fyrir Varmahlíð-Sauðárkrók og Seyluhrepp. Endurskoðun á fyrri áætlun. Orkustofnun OS 84079/JHD-33B. Reykjavík. 7 bls.

María J. Gunnarsdóttir og Kristján Sæmundsson, 1985: Hitaveita á Hofsós. Frumathugun á kostnaði og hagkvæmni. Orkustofnun, OS 85042/JHD-12B. Reykjavík. 10 bls.

Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson og Þórólfur H. Hafstað, 1991: Skagafjörður, jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-91047/JHD-08, Reykjavík, 96 bls. Bls. 7-34 + kortabiöð

Orkustofnun, Jarðhitadeild, 1989: Jarðhitarannsóknir fyrir hitaveitur. Yfirlit um eðli jarðhitasvæða, jarðhitaleit og vinnslu jarðvarma.

Orkustofnun (Jón Steinar Guðmundsson ritstjóri), 1982: Nýting jarðhita við garðyrkju. Ráðstefna á Hótel Loftleiðum 2.12.1980. OS82027/JHD03. Reykjavík.

Stefán Arnórsson, 1993: Jarðhiti. Náttúrufræðingurinn 63 (1-2). Bls. 39-55.

Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls. 63-68.

2.6.2 Vatnsorkulindir

Jón Ingimarsson og Þóroddur F. Þóroddsson, 1976: Vatnsþörf. Orkustofnun, Jarðkönnunardeild, OSJKD7602. Sérprent úr Sveitarstjórnarmálum, 4 tbl. Bls. 175-183.

Sigurjón Rist: Vötn. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 277-302. Aðallega bls. 288-289.

Arnþór Garðarsson, 1978: Vatnavernd. Íslensk vatnakerfi og verndun þeirra. Náttúruverndarráð, Reykjavík.

Freysteinn Sigurðsson og Guðrún Halla Gunnarsdóttir, 1991: Vatnsvernd í skipulagi. Greinargerð ásamt viðaukum. Skipulag ríkisins.

Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson, 1989: Ferskvatn og neysluvatn á Íslandi. Eiginleikar og útflutningshæfni. Orkustofnun, FS- GS-89/01. 6 bls.

2.7 Aðrar auðlindir

Eymundur Runólfsson og Þórður Tyrfingsson, 1995: Vegaskrá 1995 Norðurland vestra. Vegagerðin, Áætlanadeild, Reykjavík. 23 bls.

Tómas Tryggvason og Freysteinn Sigurðsson: Hagnýt jarðefni. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 175-200.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 1984: Vegagerðarefni á Norðurlandi vestra V-131, Keldnaholt.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 1978: Olíumalarnámur á Norðurlandi vestra, Áfangaskýrsla, Rannsókn H78/464.

Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 5 útg. 1985. Mál og Menning. Bls 175-223.

2.8 Minjar og vernd

Gunnar G. Schram Prófessor,1985: Umhverfisréttur, um verndun náttúru Íslands. Úlfljótur, Reykjavík. 249 bls.

Hjörleifur Guttormsson, 1973: Vernd og skráning náttúruminja. Rit Landverndar nr. 3. Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 153-164.

Skagfirðingabók nr. 1-20. Sögufélag Skagfirðinga.

Stefán Már Stefánsson, 1973: Almannaréttur. Rit Landverndar nr. 3. Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 205-214.

2.8.1 Friðlýstar náttúruminjar

Arnþór Garðarsson, 1975. Íslenskir votlendisfuglar. Votlendi. Rit Landverndar nr. 4. Bls.100-134.

Arnþór Garðarsson, 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Fuglar. Rit Landverndar nr. 8. Bls. 77-116.

Helgi Hallgrímsson, 1977. Yfirlit um mýravernd á Norðurlandi. Týli, 8 (1). Bls. 7-14.

Helgi Hallgrímsson og Haukur Hafstað, 1977. Friðland við Miklavatn í Skagafirði. Í: Friðlýsingar 1976-1977. Týli, 8 (1). Bls. 31-32.

Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson, 1990: Fuglalíf í Skógum, Skagafirði, og nágrenni, 1987. Bliki 9. Bls. 49-66.

R. F. A. Grimmett og T. A. Jones (ritstjórn): Important bird areas in Europe. ICBP Technical puplication No. 9. Cambridge 1989.

Ævar Petersen, 1969: Fuglalíf í Skógum á óshólmasvæði Héraðsvatna í Skagafirði. Náttúrufræðingurinn 39 (2). Bls. 26-46.

Ævar Petersen, 1988: Votlendisvernd. Bliki 6. Bls. 28-31.

2.8.2 Náttúruminjar á náttúruminjaskrá

Grímur Sigurðsson: Málmey. Skagfirðingabók nr. 2. Sögufélag Skagfirðinga 1967. Bls. 43-58.

Jón Jóhannesson: Lítið eitt um Þórðarhöfða. Skagfirðingabók nr. 6. Sögufélag Skagfirðinga 1973. Bls. 172-176.

Leifur A. Símonarson, 1981: Íslenskir steingervingar. Í: Náttúra Íslands, 2.útg. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 157-173. Aðallega bls. 157-159.

Kolbeinn Kristinsson: Örnefni í Drangey. Skagfirsk fræði VIII. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 5-16.

Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar. Fundargerðir.
Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 6. útg. Reykjavík. 62 bls. og kort.

2.8.3 Aðrar náttúruminjar

Náttúruverndarráð: Náttúruminjaskrá. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 6. útg. Reykjavík. 62 bls. og kort.
Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365 og 422.

2.8.4 Menningarminjar

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir, 1991: Manngerðir hellar á Íslandi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 332 bls. Aðallega bls. 309.
Björn Hróarsson og Sigurður Sveinn Jónsson, 1991: Hverir á Íslandi. Mál og Menning. Reykjavík. 160 bls. Aðallega bls. 12, 28-32, 34 og 44.
Kristján Eldjárn, 1953: Fundinn forn silfursjóður í Ketu á Skaga. Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Bls. 86-90.
Skagfirðingabók nr. 1-23. Sögufélag Skagfirðinga.

2.9. Hættusvæði

Ragnar Sigurbjörnsson og Trausti Valsson, 1996: Náttúruvá á Íslandi. Í: Arkitekt verktækni skipulag. 1. tbl 1996, 17. árg. Bls 15-39.

2.9.1 Vatnsflóðasvæði

Eldur er í Norðri, 1982. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur, 462 bls. Aðallega: Flóð og flóðahætta bls. 369-386.
Ingibjörg Kaldal, 1978: The deglaciation of the area north and northeast of Hofsjökull, Central Iceland. Jökull 28. Bls. 18-31.
Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Bls. 320-322.
Stefán Jónsson: Flóð í Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 23. Sögufélag Skagfirðinga 1994. Bls. 161- 169.
Stefán Vagnsson: Annáll úr Skagafirði 1932-35. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 168-171 og 175.

2.9.2 Jarðskjálftasvæði

Iðntæknistofnun Íslands, 1989: Jarðskjálftar, álag og hönnunarreglur. Íslenskur staðall, ÍST 13, 2. útgáfa 1989. Iðntæknistofnun Íslands. 19 bls.
Páll Halldórsson, 1984: Skagafjarðarskjálftinn 1963, (27. mars kl. 23:26 að íslenskum staðaltíma). Veðurstofa Íslands, Reykjavík. 152 bls.
Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson: Jarðskjálftar. Í: Náttúra Íslands, 2. útg. 1981. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 121-155. Aðallega bls. 121-123 og 144-145.
Sveinbjörn Björnsson 1975: Jarðskjálftar á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 45. Bls. 110-133. Aðallega bls. 127-128.
Sigurður Thoroddsen og Sigurður Þórarinsson, 1958: Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahætu á Íslandi. Tímarit Verkfr. Ísl. 43. Bls. 81-97.
Trausti Einarsson, 1959: Jarðeldasvæðið um norðanverðan Skagafjörð. Aldursákvörðun á landslagi á Mið-Norðurlandi. Náttúrufræðingurinn 29. Bls. 113-133.

2.9.3 Aurskriðu- og berghlaupasvæði

Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist, 1971: Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. Jökull, 21. Bls. 29-44.
Ólafur Jónsson, 1957: Skriðuföll og snjóflóð. Fyrsta bindi. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 bls. Aðallega bls. 28, 30-31, 33, 151-159 og 564-577.
Ólafur Jónsson, 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 623 bls. Aðallega bls. 13, 14, 102, 110, 111, 313-365 og 422.

2.9.4 Snjóflóðasvæði

Almannavarnir Skagafjarðar, 1995: Snjóflóð í Skagafirði til ársins 1995. Samantekt úr Ársriti Jöklarannsóknafélags Íslands, 21. árg. 1971.
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason: Skriðuföll og snjóflóð. Snjóflóðaannáll 3. bindi. Skjaldborg, Reykjavík, 1992.

2.10 Örnefni

Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Torfi Jónsson, 1979: Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar. Skuggsjá 1979. Bls. 178.
Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, 1980-1985: Landið þitt Ísland I-V. Örn og Örlygur, Reykjavík.
Örnefnastofnun þjóðminjasafns. Örnefnaskrár, skráðar af Margeiri Jónssyni o.fl. eftir ýmsum heimildarmönnum.

3.1 Sögulegt yfirlit

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstjórn), 1989, 1992 og 1993: Sögu Atlas, frá öndvegi til 18. aldar 1. bindi, frá 18. öld til fullveldis 2. bindi, saga samtíðar - 20 öldin - 3. bindi. Almenna bókafélagið og Iðunn, Reykjavík.
Hannes Pétursson, 1973: Rauðamyrkur. Iðunn, Reykjavík, 1973. Bls. 57- 84.
Jón Espólín og Einar Bjarnason: Saga frá Skagfirðingum 1685-1847. I-IV bindi. Umsjón útg. Kristmundur Bjarnason, Ögmundur Helgason og Hannes Pétursson. Iðunn.
Kristmundur Bjarnason, 1987 og 1989: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrri og seinni hluti. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 322 og 438 bls.
Kristmundur Bjarnason, 1971: Saga Sauðárkróks I og II fyrri og síðari hluti.
Páll Líndal, 1982: Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri Ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur.
P.E. Kristian Kálund, 1984-1986: Íslenskir sögustaðir I-IV. Örn og Örlygur, Reykjavík.
Saga Íslands I-IV. Hið íslenska bókmenntafélag. Sögufélag.
Skagfirðingabók nr. 1-23. Sögufélag Skagfirðinga.
Sveinn Pálsson: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur.

Zóphónías Pálsson, 1990: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988. Skipulag ríkisins. Reykjavík. 233 bls. Aðallega bls. 23 og 130-140.
Þormóður Sveinsson, 1974: Vesturdalur sunnan byggðar. Ferðir 33. Bls. 20-34.
Þorvaldur Thoroddsen, 1960: Norðurland (Vatnahjalli og Hofsafrétt) 1986. Ferðabók IV bindi. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Snæbjörn Jónsson & Co. Bls. 50-66.
Þórir Bergsson. Endurminningar. Umsjón útg. Hannes Pétursson og Kristmundur Bjarnason. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri 1984. 212 bls.

3.2. Lögsögumörk og eignarhald

Lýður Björnsson, 1979: Saga sveitarstjórnar á Íslandi, fyrra og síðara bindi. Almenna Bókafélagið, Reykjavík. Aðallega **Bindi I:** Bls. 15, 26, 28, 32, 48, 57, 74, 84, 91, 93, 108-110, 123, 126, 136, 146-147, 150, 170, 180, 216, 218, 221, 235-236, 240 og 243-244.
Bindi II: Bls. 14, 28-29, 36-37, 40, 44, 96-101, 132-133, 140, 142, 145, 152, 157, 182, 204, 222-223, 225, 238, 245, 255, 257-259, 261-262, 273-274, 284, 289-290, 305, 320, 329-330, 337, 340, 343, 351-352, 360-361, 365, 375-376, 380 og 384.

3.2.1 Sýslumörk, hreppamörk

Bragi Guðmundsson, 1992: Héraðsstjórn í Húnaþingi. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. 478 bls. Bls. 113-116.
Eggert Briem: Sýslulýsing fyrir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982.
Hæstaréttardómur um mörk Akrahrepps.
Jón Benediktsson: Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakall. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Reykjavík 1954.
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.

3.2.2 Upprekstrarfélög og afréttamörk

Björn Egilsson: Í fyrsta sinn í Vestflokksgöngum. Skagfirðingabók nr. 10. Sögufélag Skagfirðinga 1980. Bls. 148-156.
Pálmi Hannesson: Hofsafrétt. Skagfirðingabók nr. 3. Sögufélag Skagfirðinga 1968. Bls. 43-72.
Kristmundur Bjarnason, 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu 1987. Bls. 315-320
Þormóður Sveinsson, 1949: Hofsafrétt. Göngur og réttir II. Norðri, Akureyri.

3.2.3 Eignarhald á landi

Afmælisrit Gizur Bergsteinsson, níræður 18. apríl 1992. Skákprent, Reykjavík.
Ásgeir Bjarnason: Lög um eignar- og ábúðarrétt. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 215-224.
Byggðastofnun og Félagsmálaráðuneytið, 1990: Fjármál sveitarfélaganna. Byggðastofnun.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.
Forsætisráðuneytið, feb. 1991:Tilögur og greinargerð Byggðanefndar.
Gísli Magnússon: Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. Skagfirðingabók nr. 5. Sögufélag Skagfirðinga 1970. Bls. 95-164.
Þorgeir Örlygsson 1994: Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Í: Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík. Bls. 545-608.

3.3 Byggðir

3.3.1 Staðsetning og sérkenni

Bjarni E. Guðleifsson: Forsælubæir á Norðurlandi. Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands 1984. Bls. 52.
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands 1946. Bls. 202-204.
Ísland 2010. Skýrslur framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins.
Ólafur Lárusson, 1944: Byggð og saga, Ísafoldarprentsmiðja.
Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.
Skagfirsk fræði IX. Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. 1.-4. hefti. Sögufélag Skagfirðinga 1959.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.

3.3.2 Þéttbýlisstaðir og þjónustusvæði

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Auður Sveinsdóttir: Aðalskipulag Hóla í Hjaltadal.
Haraldur Sigurðsson og Pétur Jónsson: Aðalskipulag Varmahlíðar 1995-2015.
Benedikt Bjarman: Aðalskipulag Steinsstaða
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla.

3.4 Íbúar

Byggðastofnun: Ýmis gögn um íbúafjölda, aldursskiptingu, atvinnuskiptingu, atvinnuleysi ofl.
Eldur er í Norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Sögufélag Reykjavíkur. 462 bls. (Aðallega: Hugleiðingar um mannfjölda á Íslandi og dreifingu hans. Bls. 425-429).
Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, 1976: Norðurland vestra og Strandir, almenn byggðaþróunaráætlun 1. hluti. Reykjavík. 130 bls.
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands 1946. Bls. 202-204.
Kristmundur Bjarnason, 1971: Saga Sauðárkróks I og II fyrri og síðari hluti.
Páll Líndal, 1982: Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri Ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur.
Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Í: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 615-648.
Skipulag ríkisins og Framkvæmdastofnun ríkisins, 1984: Landsskipulag og áætlanagerð.
Þróun byggðar, atvinnulíf og stjórnkerfis. Skýrsla byggðanefndar þingflokkanna. Byggðastofnun, Reykjavík 1986.

3.5 Félagsmál

3.5.1 Atvinnumál

Framblaðið 1. tbl. nóv. 1993.

3.5.2 Félagsmál

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1982-2002
Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Árni Ragnarsson: Króksbók. Rotaryklúbbur Sauðárkróks 1993.
Ársskýrslur Ungmennasambands Skagafjarðar frá 1993 og 1994.
Ársskýrsla Ungmennafélags Tindastóls 1994.
Afmælisrit Lionsklúbbs Sauðárkróks 1994.
Páll Dagbjartsson: Upplýsingar um hestamannafélög í Skagafirði. Samantekt fyrir "stefnumótun í Skagafirði".
Sveinn Pálsson: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, II bindi. Umsjón útgáfu Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur.

3.5.3 Kirkjur, kirkjugarðar og sóknarmörk

Biskupsstofa: Árbók Kirkjunnar 1994. Umsjón útg. Séra Þorbjörn Hlynur Árnason. Bls 137-138.
Dalla Þórðardóttir: Bréf varðandi sóknarmörk í Skagafjarðarprófastdæmi.
Guðmundur R. Sigurðsson: Gögn varðandi kirkjugarða og heimagrafreiti.

3.6 Atvinnuvegir

3.6.1 Landbúnaður

Árni Snæbjörnsson, 1994: Jarðrækt og hlunnindi. Í: Búnaðarrit, 107 árg. Reykjavík. Bls. 23-31.
Búnaðarsamband Skagafjarðar: Tölulegar upplýsingar um landbúnað í Skagafirði.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.
Jón Viðar Jónmundsson: Nokkrar niðurstöður úr könnun um búskaparstöðu á bújörðum á Norðurlandi. Ódags. fjölrit. Ræktunarfélag Norðurlands.
Lárus Ágúst Gíslason,1982: Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Prentsmiðjan Leiftur hf. Reykjavík. 334 bls.
Schuler, Martin, 1994: Búsetuþróun á Íslandi 1880-1990. Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og Hagstofa Íslands. Bls. 121-142.
Valdimar Einarsson: Valkostir fyrir íslenskan landbúnað. Erindi flutt á aðalfundi sauðfjárbænda á Flúðum 24. ágúst 1992.
Veiðimálastofnun: Tölulegar upplýsingar um laxveiðiár í Skagafirði.

3.6.2 Úrvinnsla landbúnaðarafurða

Árbækur landbúnaðarins (1955-1995).

3.6.3 Útgerð og fiskvinnsla

Byggðastofnun, 1987: Útgerðarstaðir á Íslandi.
Fiskifélag Íslands: Útvegur 1994.
Lúðvík Kristjánsson, 1982-1986: Íslenskir sjávarhættir. Menningarsjóður, Reykjavík.
Sigfús Jónsson, 1984: Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. 307 bls.

3.6.4 Fiskeldi og fiskeldismöguleikar

Allendorf, Fred. 1991: Ecological and genetic effects of fish introductions: Synthesis and recommendations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48(Suppl. 1).
Atsushi, Usui . Eel Culture. England 1979.
Bjarni Jónsson, 1995: Verndun og nýting íslenskra laxastofna. Freyr 6. tbl. 1995.
Einar Svavarsson 1994: Bleikjukynbætur og gæðaimynd bleikjueldisafurða. Eldisfréttir 1. tbl.
Emma Eyþórsdóttir, Þuríður Pétursdóttir og Einar Svavarsson: Samanburður á bleikjustofnum. Ráðunautafundur 1993.
Gausen D. og Moen V. 1991: Large-scale escapes of farmed Atlantic salmon (Salmo salar) into Norwegian rivers threaten natural populations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48.
Gerður Stefánsdóttir: Frárennsli frá fiskeldisstöðvum. Áhrif næringarefna á umhverfið og takmörkun ákomu. Handrit Hólaskóli 1995.
Grotnes, Per og Kristoffersen, Roar, 1989: Ferskvassrøye til oppdrett? Ottar, nr. 176.
Hindar, Kjetil., Ryman Nils. og Utter Fred. 1991: Genetic effects of cultured fish on natural fish populations. Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences, 48.
Jahnsen Terje Leseth: Sjørøye som oppdrettsfisk. Utvikling og klekking av sjørøyeegg, (Salvelinus alpinus L.) ved forskjellige temperaturer. Hovedoppgave I ressursbiologi (akvakultur). Institutt for fiskerifag Universitetet I Tromsø 1980.
Jónas Jónasson, 1986: Afrit af bréfum sem send voru bændum sem hófðu áhuga á að láta skoða hjá sér aðstæður til fiskeldis. Skýrsla Veiðimálastofnun.
Jón Örn Pálsson, 1995: Arðsemi í bleikjueldi. Áhrif vatnshita á hagkvæmni samanburðarathugun. Skýrsla Veiðimálastofnun, Norðurlandsdeild.
Jón Örn Pálsson, 1995: Vatnstaka úr ám og lækjum til fiskeldis. Skýrsla Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild.
Mills, Derek: Ecology and Management of Atlantic salmon. England 1991.
Ólafur Sigurgeirsson: Kennsluhandrit um fisksjúkdóma. Handrit Hólaskóli 1995.
Óskar Ísfeld Sigurðsson: Stofnun fiskeldisfyrirtækis. Handrit 1995.
Reglugerð um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, Stj.tíð. B, nr. 401/1988.
Reglugerð um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, Stj.tíð. B, nr. 403/1986.
Sigurður Guðjónsson, 1991: Occurrence of reared salmon in natural salmon river in Iceland. Aquaculture, 98.
Valdimar Gunnarsson: Bleikjueldi. Handrit Hólaskóli 1989.
Valdimar Gunnarsson: Sjókvíaeldi. Kennsluhandrit Hólaskóli 1991.
Valdimar Gunnarsson: Vatns- og súrefnisnotkun í laxeldi. Kennsluhandrit Hólaskóli 1991.
Þróun fiskeldis. Rannsóknarráð ríkisins rit 1986:1.
Að auki var stuðst við fyrirlestra frá þingi NASF, Kýlaveikiógnunin og villtur lax í brennidepli, ráðstefna í Reykjavík í september 1995, ýmis gögn í fórum Bjarna Jónssonar og munnlegar upplýsingar frá ýmsum aðilum.

3.6.5 Ferðaþjónusta

Árni Reynisson, 1973: Sumarbyggð. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 175-187.

Bragi Þór Haraldsson: Staðsetning og eignarhald á fjallaskálum.
Ferðamálaráð Íslands: Veturinn'94-'95. Skrá yfir gisti- , veiði-, golf-, og sundstaði.
Halldór Halldórsson, 1995: Skýrsla um ferðamál í Skagafirði. Héraðsnefnd Skagfirðinga.
Knud Jeppeson, 1990: Hugleiðingar um sumarbústaði og landslag.
Vilhjálmur Lúðvíksson, 1973: Land til útivistar. Rit Landverndar 3: Landnýting. Reykjavík 1973. Bls. 165-174.

3.6.6 Aðrar atvinnugreinar

Safn iðnsögu Íslendinga: Hið íslenska bókmenntafélag. Ritröð.
Sigurður Snævarr, 1993: Haglýsing Íslands. Heimskringla.
Staðarval um iðnrekstur, 1983: Staðarval fyrir orkufrekan iðnað. Iðnaðarráðuneytið. Bls. 88-89.

3.7 Stjórnsýsla og þjónusta sveitarfélaga

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Kristmundur Bjarnason 1987: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, 1. bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 322 bls.
Kristmundur Bjarnason 1989: Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, 2. bindi. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri. 438 bls.

3.7.1 Samstarf og stjórnkerfi

Hérðasnefnd Skagfirðinga: Sampykktir og fundarsköp héraðsnefndar ásamt skipuriti nefndarinnar.

3.7.2 Heilbrigðisþjónusta

Birgir Gunnarsson: Ársskýrsla Sjúkrahúss Skagfirðinga og heilsugæslustöðvar 1994.
Birgir Gunnarsson: Ýmisleg skrifleg gögn um starfsemi Sjúkrahúss Skagfirðinga

3.7.4 Félagsþjónusta og félagssvæði

Regína Ástvaldsdóttir: Samantekt um félagsmálasvið Sauðárkróksbæjar.

3.7.5 Skólar

Byggðastofnun 1991: Skipting landsins í sveitarfélög.
Feykir 21. tbl. 31. maí 1995.
Feykir 30. tbl. 30. ágúst 1995.
Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra: Tölulegar upplýsingar um grunnskóla í Skagafirði.
Könnun meðal skólastjóra í Skagafirði. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði".

3.7.6 Söfn og starfssvæði

Byggðasafn Skagfirðinga: Sófnunarstefna.
Ögmundur Helgason: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Skagfirðingabók nr. 7. Sögufélag Skagfirðinga 1975. Bls. 201-207.

3.7.7 Almanna- og eldvarnir og löggæsla

Brunavarnir Skagafjarðar: Ársskýrsla 1994.
Halldór Þ. Jónsson. Samantekt um löggæslu. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði".

3.7.8 Íþróttamannvirki, félagsheimili og þjónustusvæði

Páll Kolbeinsson: Upplýsingar um íþróttamannvirki á Sauðárkróki.
Fasteignamat ríkisins, 1995. Fasteignaskrá sveitarfélaga í Skagafirði.

3.8 Stjórnsýsla og þjónusta ríkisstofnana

3.8.1 Framhaldsskólar, starfssvæði

Bændaskólinn á Hólum: Námsvísir 1993-1994.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, 1994: Nokkrar tölulegar upplýsingar.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, 1995: Sóknaráætlun 1992 - 2002.
Jón Hjartarson: Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Sveitarstjórnarmál 1991, 1. tbl. Bls 16-19.
Sölvi Sveinsson, 1982: Bændaskólinn á Hólum 1882-1982. Bændaskólinn á Hólum. 286 bls.

3.8.2 Eftirlitsstofnanir

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Heilbrigðiseftirlitið: Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits.
Sigurjón Þórðarson: Ársskýrsla heilbrigðiseftirlits 1993.

3.8.3 Aðrar ríkisstofnanir

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Bændaskólinn á Hólum: Námsvísir 1993-1994.
Halldór Þ. Jónsson, 1995: Samantekt um sýslumannsembættið. Unnið fyrir "stefnumótun í Skagafirði."

3.9 Samgöngur

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Eggert Briem: Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72. Skagfirðingabók nr. 11. Sögufélag Skagfirðinga 1982. Bls 7-55
Hallgrímur Jónasson, 1946: Skagafjörður. Árbók Ferðafélags Íslands. 238 bls.
Kristmundur Bjarnason, 1974: Jón Ósmann ferjumaður. Sýslusjóður og Sögufélag Skagfirðinga. 232 bls.
Samgönguráðuneytið, 1986: Skipulag samgangna á Norðurlandi. 16 bls.
Sölvi Sveinsson: Samgöngur í Skagafirði 1874-1904. Skagfirðingabók nr. 8. Sögufélag Skagfirðinga 1977. Bls. 58-183.

3.9.1 Vegakerfi

Eymundur Runólfsson og Þórður Tyrfingsson: Vegaskrá 1995. Norðurland vestra. Vegagerð ríkisins, Áætlanadeild. Reykjavík 1995.
Tryggingafélögin: Tölulegar upplýsingar um umferðaróhöpp í Skagafirði.
Vegagerð ríkisins, Áætlanadeild: Umferð á þjóðvegum 1993. Reykjavík 1994.

3.9.2 Stigar og reiðgötur
Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla. 204 bls.
Angantýr H. Hjálmarsson, 1991: Frá Möðrufelli til Torfufells. Árbók Ferðafélags Íslands 1991. Bls. 135-184.
Bjarni E. Guðleifsson, 1990: Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 93-220.
Björn Þór Ólafsson, 1990: Ólafsfjarðarfjöll. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 39-62.
Einar Þ. Guðjónsson: Gönguleiðir á Íslandi. Ritröð AB.
Hjörtur E. Þórarinsson, 1973: Gönguleiðir úr Svarfaðardal. Árbók Ferðafélags Íslands 1973. Bls. 94-113.
Hjörtur E. Þórarinsson, 1990: Byggð í tröllagreipum. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Bls. 63-92.
Kristinn Guðlaugsson: Yfir Héðinsskörð og Hjaltadalsheiði. Hrakningar og heiðavegir. Bókaútgáfan Norðri 1950. Bls. 188-192.
Sigríður Sigþórsdóttir: Reiðleiðir á Íslandi. Norðurlandsumdæmi vestra. Framkvæmdaáætlun 1994. Leiðaheiti og kort. Vegagerð ríkisins, Sauðárkróki.
Stefán Jónsson: Vöð á Héraðsvötnum. Skagfirðingabók nr. 21. Sögufélag Skagfirðinga 1992. Bls. 140-153.
Sveinn Pálsson: Lýsing Hegranessýslu. Í: Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, I bindi. Umsjón útg. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. 2. útg. 1983. Örn og Örlygur. Bls. 103-154.
Sverrir Páll Erlendsson: Fljót í Skagafirði á 19. öld. Skagfirðingabók nr. 7. Sögufélag Skagfirðinga 1975. Bls. 106-183.
Þorlákur Hjálmarson, 1984: Hugleiðingar um Eyfirðingaveg. Ferðir 43. Bls. 15-24.

3.9.3 Hafnir
Ófeigur Gestsson, 1987: Hofsóshreppur. Sveitarstjórnarmál , 2. tbl. 1987. Samband íslenskra sveitarfélaga. Bls. 52-56.

3.10 Veitur

Árni Ragnarsson: Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014 (endurskoðun).
Haraldur Sigurðsson og Pétur Jónsson: Aðalskipulag Varmahlíðar 1995-2015. Bls 26-28.
Sigurjón Þórðarson, 1995: Greinargerð um heildaráætlun fráveituframkvæmda á Hofsósi Í Hofshreppi í Skagafirði. 2 bls.
Umhverfisráðuneytið ,1993: Skýrsla fráveitunefndar umhverfisráðuneytis. Umhverfisráðuneytið. 108 bls.
Hrefna Kristmannsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Ingi Haraldsson og Haukur Jóhannesson, 1984: Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Frumkönnun jarðhita og hagkvæmniathugun á nýtingu hans til upphitunar. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-84050/JHD-09. Reykjavík, 111 bls.
Ragna Karlsdóttir, Guðmundur I. Haraldsson, Auður Ingimarsdóttir, Ágúst Guðmundsson og Þórólfur H. Hafstað, 1991: Skagafjörður, jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, jarðhitadeild, OS-91047/JHD-08, Reykjavík, 96 bls. Bls. 7-34 + kortablöð.

7.0 Viðaukar

7.1 Athugasemdir við tillögu 3

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Skagafjarðar ákvað á fundi sínum þann 11. september 1997 að senda 3. tillögu að svæðisskipulagi út til umsagnar sveitarstjórna í Skagafirði í október og nóvember 1997 og óskaði heimildar þeirra til þess að auglýsa tillöguna samkvæmt skipulagslögum. Fyrir fund samvinnunefndar þann 5. desember 1997 höfðu allar 12 sveitarstjórnir í Skagafirði veitt skriflegt samþykki til þess að óskað yrði eftir heimild Skipulagsstjórnar ríkisins til að auglýsa tillöguna en þó voru athugasemdir og fyrirvarar frá nokkrum þeirra.
Helstu athugasemdir sem frá sveitarstjórnunum bárust voru frá hreppsnefnd Skefilsstaðahrepps og bæjarstjórn Sauðárkróks sem gerðu athugasemdir við samgöngukaflann, tillögur um forgangsröðun, sem hreppsnefnd Fljóthrepps lýsti hins vegar ánægju sinni með.
Þá gerði bæjarstjórn Sauðárkróks athugasemdir við tillögu 22 um atvinnusvæði og þótti sem sú tillaga væri stefnumarkandi fyrir stóriðju.

7.2 Afgreiðsla

14. fundur framkvæmdanefndar í Skagafirði var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Sauðárkróki mánudaginn 9. mars 1998, kl. 10.00 - 12.45.

Mættir: Árni Bjarnason oddviti Héraðsnefndar, Sigurður Haraldsson Seyluhreppi, Hermann Jónsson Fljótum, Símon Traustason Rípurhreppi, Magnús Sigurjónsson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar, Árni Ragnarsson og Páll Zóphóníasson Lendis, Hermann Guðjónsson formaður og Guðrún Halla Gunnarsdóttir frá Skipulagsstofnun.

1) Auglýsing og athugasemdir.
Innkomnar athugasemdir kynntar sbr. samantekt ráðgjafa 9/3'98. Alls bárust 12 athugasemdir á auglýsingartímanum, en tillagan hékk uppi frá 7. janúar til 5. febrúar 1998 en frestur til að skila skriflegum athugasemdum rann út 18. febrúar 1998 sbr. meðfylgjandi lista.

2) Umsagnir um athugasemdir og afgreiðsla þeirra.
Framkvæmdanefnd samþykkir að leggja efnislega eftirtaldar tillögur að umsögn fyrir samvinnunefnd:
Athugasemdir nr. 1 og 2 eru vegna reiðleiðar í Hegranesi og eru teknar tilgreina þ.e. reiðleið verður tekin út af tillöguuppdrætti. Leiðréttingar verða gerðar á forsenduköflum í samræmi við aðrar athugasemdir.

Athugasemd 3: Orðið er við ósk um að merkja svæði stöðvarhúss við Skatastaði en athugasemd vegna lónastæða á miðhálendi vísað til afgreiðslu svæðisskipulags miðhálendis. Framkvæmdanefnd leggur til að stöðvarhús við Villinganes verði einnig merkt inn á uppdrátt til samræmis við aðrar merkingar.

Athugasemd 4: Leiðréttingar verða gerðar á örnefnum/ staðreyndum í forsenduköflum en að öðru leiti verður ekki orðið við athugasemdinni þ.e. hvorki varðandi staðsetningu stofnana né landnotkun í Brimnesi.
Athugasemd 5: Umrædd athugasemd er ekki talin hafa áhrif á gerð svæðisskipulagsins enda í báðum tilvikum um matsskyldar framkvæmdir að ræða skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir 6 og 7: Samvinnunefndin hefur bókað mótmælin en telur að umræddar athugasemdir hafi ekki áhrif á gerð svæðisskipulagsins.

Athugasemdir 8 og 10: Nefndin telur að hér hafi jafnvel verið staðið faglegar að verki hvað varðar menningarminjar en víða annars staðar á landinu þar sem skipulag hefur verið staðfest. Mótmælin hafa verið bókuð en umræddar athugasemdir hafa ekki áhrif á gerð svæðisskipulagsins.

Athugasemd 9: Lög tryggja rétt landeigenda um afrétt og skiptingu jarða og fullt tillit er tekið í svæðisskipulagstillögunni til þeirra óska sem fram koma í umræddri athugasemd. Lagt er til við samvinnunefndina að sá skilningur sé áréttaður ef þurfa þykir.

Athugasemd 11: Athugasemd/ósk er bókuð en ekki talin hafa áhrif á gerð svæðisskipulagsins.

Athugasemd 12: Á þemakorti 4 sem er hluti skipulagsins eru friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá sérstaklega aðgreind. Nefndin tekur undir athugasemd um nauðsyn þess að fram fari almenn náttúrufarskönnun í Skagafirði. Nefndin telur að athugasemd vegna vega- og brúagerðar yfir Héraðsvötn (úr Hegranesi) hafi ekki áhrif á gerð svæðisskipulagsins enda um matsskylda framkvæmd að ræða skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna athugasemda um efnisnámur telur nefndin hana ekki hafa áhrif á skipulagið en óskar eftir að Vegagerðin og Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar hafi samráð um námaskoðun, kortlagningu og ákvarðanir um frágang náma í Skagafirði og að framgangur mála verði í samræmi við svæðisskipulagstillöguna nr. 59. Bent er á að skrá yfir matsskyldar framkvæmdir er í kafla 6.5.



3) Afgreiðsla og leiðréttingar tillögu
Rætt var um leiðréttingar í framhaldi af afgreiðslu athugasemda, tímasetningar skv. skipulags- og byggingarlögum og útfærsluna. Æskilegt er að ganga frá málinu í dag með því að samþykkja tillöguna og umsagnir umhana.

4) Prentun og útgáfa
Lagt var til að Skipulagsstofnun gangi frá fjármálum varðandi lok samningsins við ráðgjafa og athugi einnig með prentunarkostnað endanlegs skipulags og leggi tillögur fyrir Héraðsnefnd.

5) Önnur mál
Samkvæmt reglum samvinnunefndar rennur starfstími hennar út 1. apríl 1998. Ef tillaga verður afgreidd í dag (9/3'98) má segja að nefndin sé innanmarka en e.t.v. þarf að óska eftir framlengingu vegna frágangs?
Fundargerð samþykkt sbr. viðverulista þegar hún var lesin upp í upphafi samvinnunefndarfundar.

Reykjavík 24. mars 1998
Guðrún Halla Gunnarsdóttir

12. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag í Skagafirði var haldinn 9. mars 1998 í Safnahúsinu á Sauðárkróki kl. 14.00.

Mættir: Sigurður Sigfússon Staðarhreppi, Árni Egilsson Hofshreppi, Bragi Haraldsson og Björn Björnsson Sauðárkróki, Hermann Jónsson og Þorsteinn Jónsson Fljótahreppi, Sigurður Haraldsson Seyluhreppi, Elín Sigurðardóttir Lýtingsstaðahreppi, Símon E. Traustason Rípurhreppi, Einar Svavarsson og Valgeir Bjarnason Hólahreppi, Haraldur Þór Jóhannsson Viðvíkurhreppi, Hermann Guðjónsson formaður, Árni Bjarnason oddviti héraðsnefndar, Ingvar Gýgjar Jónsson og Guðmundur Ragnarsson byggingarfulltrúar, Páll Zóphóníasson og Árni Ragnarsson Lendis og Guðrún Halla Gunnarsdóttir Skipulagsstofnun.

1) Dagskrá og tilhögun fundarins.
Hermann G. fór yfir dagskrá og tilhögun fundarins, auglýsingatíma og lagameðferð til þessa.

2) Auglýsing og innkomnar athugasemdir.
Halla las fundargerð 14. fundar framkvæmdarnefndar sem haldinn var 9/3'98 og var fundargerðin samþykkt af framkvæmdarnefndar-mönnum.

3) Umsagnir og afgreiðsla athugasemda. Árni R. fór yfir tillögur að umsögnum um athugasemdir eins og þær voru afgreiddar af framkvæmdanefnd sbr. samantekt dags. 9/3'98. Samvinnunefnd samþykkti allar umsagnirnar.

4) Afgreiðsla tillögu, ósk um staðfestingu.
Samvinnunefndin samþykkti skipulagstillöguna með áorðnum breytingum (sbr. umsagnir að framan) og óskar staðfestingar umhverfisráðherra. Nefndin fól formanni (ritra/ framkvæmdastjóra Héraðsnefndar) að svara athugasemdum og afgreiða málið til sveitarstjórna með ósk um að umfjöllun þar verði hraðað og einnig að auglýsa niðurstöðu nefndarinnar sbr. skipulags- og byggingarlög. Ráðgjafa var falið að ganga frá leiðréttingu á skipulagsgögnunum. Formanni síðan falið að fara yfir leiðréttu gögnin og safna undirritunum nefndarmanna í greinargerð og á uppdrátt og afgreiða að lokum tillöguna ásamt afstöðu sveitarstjórna til Skipulagsstofnunnar með ósk um staðfestingu svæðisskipulagsins.

5) Prentun og útgáfa.
Halla greindi frá reynslu undanfarinna ára við prentun svæðisskipulags og sagði Skipulagsstofnun hlynta því að skipulagsáætlanir séu gefnar út.
Árni R. sagði frá hugmyndum ráðgjafa um útlit og innihald gagnanna þ.e. brot A3 og tillöguhlutinn ásamt þema uppdrátta í prentuðu formi, en forsenduhluti aðeins í fjölriti. Nefndarmenn tóku undir hugmynd um A3 brot, vegna sérstakrar lögunar svæðisins.
Höllu var falið að gera tillögu að 2 -3 valkostum varðandi prentun þ.e. tíma og kostnað, í samráði við héraðsnefnd og ráðgjafa.

6) Önnur mál.
Ákveðið var að óska eftir tveggja mánaða framlengingar umhverfis-ráðherra á starfstíma nefndarinnar. Menn stóðu síðan upp hver af öðrum, þökkuðu fyrir gott samstarf og ráðgjöfum var sérstaklega þakkað fyrir þeirra framlag.

7) Næsti (loka) fundur.
Magnúsi var falið að ákveða hvort haldinn verði sérstakur lokafundur til undirritunar skipulagsgagnanna.

8) Fundargerðin var síðan lesin upp og samþykkt, sbr. viðverulista.

Fundi slitið kl. 16.40.

Reykjavík 24. mars 1998
Guðrún Halla Gunnarsdóttir

7.3 Bréfaskipti

Við gerð svæðisskipulagsins var leitað umsagna fjölda fyrirtækja og stofnana og bárust svör frá ýmsum og voru sum svörin mikilvæg og nýttust í skipulagsvinnunni. Eftirtöldum einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, fyrir utan öll sveitarfélög í Skagafirði, var send tillaga að svæðisskipulagi fyrir Skagafjörð til kynningar og umsagnar.

Bílstjórar:
- Axel Júlíusson, Sauðárkróki
- Rúnar Gíslason, Sauðárkróki
- Árni Ragnarsson, Hólahreppi
- Ástvaldur Jóhannesson, Hólahreppi
- Sigurmon Þórðarson, Hofshreppi
- Jón Björn Sigurðsson, Hofshreppi
- Stefán Benediktsson, Fljótahreppi
- Ólafur Jónsson, Rípurhreppi
- Steinn Sigurðsson, Staðarhreppi
- Karel Sigurjónsson, Seyluhreppi
- Pétur Sigmundsson, Lýtingsstaðahreppi
- Felix Antonsson, Lýtingsstaðahreppi
- Valdimar Gunnarsson, Akrahreppi
- Jón Gissurarson, Seyluhreppi
- Jón Sigurðsson, Hólahreppi

Héraðsstofnanir:
- Búnaðarsamband Skagfirðinga
- Byggðasafn Skagfirðinga
- Bændaskólinn á Hólum
- Ferðamálanefnd Héraðsnefndar
- Héraðsnefnd Skagfirðinga
- Náttúruverndarnefnd Héraðsnefndar
- Héraðskjalasafn Skagfirðinga
- Sjúkrahús Skagfirðinga
- Skólaskrifstofa Skagfirðinga

Félög:
- Ferðafélag Skagfirðinga
- Hestamannafélagið Léttfeti
- Hestamannafélagið Svaði
- Hestamannafélagið Stígandi
- Skógræktarfélag Skagfirðinga
- Umf. Tindastóll

Alþingismenn:
- Hjálmar Jónsson, alþingismaður
- Páll Pétursson, félagsmálaráðherra
- Ragnar Arnalds, alþingismaður
- Stefán Guðmundsson, alþingismaður
- Vilhjálmur Egilsson, alþingismaður

Ríkisstofnanir:
- Heilbrigðisfulltrúinn á Norðurlandi vestra
- Skógrækt ríkisins
- Skógræktarráðunautur á Norðurlandi
- Vegagerð ríkisins Sauðárkróki
- Veiðimálastofnun, Norðurlandsdeild
- Húsafriðunarnefnd Þjóðminjasafni Íslands
- Þjóðminjavörður Þjóðminjasafni Íslands
- Náttúruverndarráð
- Rannsóknastofnun lanbúnaðarins
- Orkustofnun
- Landgræðsla ríkisins
- Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
- Félagsmálaráðuneytið
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
- Iðnaðarráðuneytið
- Landbúnaðarráðuneytið
- Menntamálaráðuneytið
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Fyrirtæki:
- Hita- og Vatnsveita Sauðárkróks
- Rafveita Sauðárkróks
- Kaupfélag Skagfirðinga
- Trausti Sveinsson, Bjarnargili
- Vöruflutningar Bjarna Haraldssonar
- Vörudreifing hf.

Ríkisfyrirtæki:
- Landsvirkjun
- Rafmagnsveitur ríkisins, Umdæmisskrifstofa fyrir Norðurland vestra
- Rafmagnsveitur ríkisins, Sauðárkróki
- Póstur og sími hf.

Áritanir

Svæðisskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. var samþykkt í samvinnunefnd þann 09.03.98.

Fyrir Akrahrepp:

Broddi Björnsson

Þórarinn Magnússon

Fyrir Fljótahrepp:

Hermann Jónsson

Þorsteinn Helgason

Fyrir Hofshrepp:

Árni Egilsson

Stefán Gunnarsson

Fyrir Hólahrepp:

Davið Jónsson

Einar Svavarsson

Fyrir Lýtingsstaðahrepp:

Björn Ófeigsson

Elín Sigurðardóttir

Fyrir Ripurhrepp:

Simon E Traustason

Sævar Einarsson

Svæðisskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra þann _____

Fyrir Sauðárkróksbæ:

Björn Björnsson

Bragi Haraldsson

Fyrir Seyluhrepp:

Anna S Hróðmarsdóttir

Sigurður Haraldsson

Fyrir Skarðshrepp:

Andrés Helgason

Sigurður Guðjónsson

Fyrir Skefilsstaðahrepp:

Bjarni Egilsson

Jón Stefánsson

Fyrir Staðarhrepp:

Sigurður Sigfússon

Þorsteinn Ásgrímsson

Fyrir Viðvíkurhrepp:

Halldór Steingrímsson

Haraldur Þór Jóhannsson

Svæðisskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann_____

Svæðisskipulag öðlast gildi þegar umhverfisráðherra hefur birt auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

[illegible]

[illegible]

[illegible]